allt

Jón Karl Snorrason:

Willy's-jeppar langflottastir

• bílar

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶

Guns n' Roses:

Enn er beðið eftir næstu plötu

• dýrasta plata sem aldrei hefur komið út

SÍÐA 42 ▶

Veldu ódýrt bensín +ávinning!

Kvittun fylgir ávinningur!

ego Meira fyrir peninginn

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. mars 2005 – 76. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 VÍSIR

LAUGARDAGUR

ÁLFYRIRTÆKI SÝNA ÁHUGA Sex heimsþekkt álfyrirtæki hafa nú sýnt áhuga á að fjárfesta í álverum á Íslandi, að sögn iðnaðarráðherra. Svigrúm er til að reisa eitt álver til viðbótar. **Sjá síðu 2**

EITURLYF Í HÁRKOLLU 64 ára gömul kona var handtekin á Leifsstöð þegar hún reyndi að smygla 800 grömmum af kókaíni til landsins frá Amsterdam. Hún faldi efnið í hárkollu. **Sjá síðu 2**

FISCHER VERÐUR ÍSLENDINGUR Allsherjarnefnd samþykkti í gær einróma að mæla með því að Bobby Fischer yrði veittur íslenskur ríkisborgararéttur. Stefnt er á flýtimeðferð á Alþingi. **Sjá síðu 4**

UPPSVEIFLA Á HÚSAVÍK Hátt í 300 ný störf verða til ef þær þrjár verksmiðjur sem rætt er um að rísi á Húsavík og nágrenni verða að veruleika. **Sjá síðu 6**

VEÐRIÐ Í DAG



NÝTT ÚRKOMUSVÆÐI er á leið yfir landið. Rigning sunnan og vestan til í dag en norðan til í kvöld. Fremur milt í veðri og hiti 2-10 stig, hlýjast syðst. **Sjá síðu 4**

DAGURINN Í DAG

KEFLAVÍK MÆTIR ÍR Undanúrslit Intersport-deildar karla í körfubolta hefjast klukkan 14. Þá tekur Keflavík á móti ÍR. Keflavík sækir ÍS heim í úrslitakeppni 1. deildar kvenna klukkan 17.

Kvikmyndir	54	Myndlist	54
Tónlist	54	Íþróttir	46
Leikhús	54	Sjónvarp	60

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

VARÐSKIPIÐ TÝR ÞRJÁTÍU ÁRA Flaggskip Landhelgisgæslunnar, varðskipið Týr, er 30 ára um þessar mundir. Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, og Sigurður Steinar Ketilsson skipherra héldu ásamt fleiri starfsmönnum Gæslunnar upp á tímamótin í gær. Týr fór í sína fyrstu ferð til björgunar- og landhelgisgæslustarfa frá Reykjavík 29. mars árið 1975 undir stjórn Guðmundar Kjærnested skipherra.

Auðun Georg Ólafsson fréttastjóri:

Málið ekki í mínum höndum

RÍKISÚTVARPIÐ „Málið er ekki í mínum höndum," sagði Auðun Georg Ólafsson, nýráðinn fréttastjóri Útvarps, þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær. Enn hefur ekki verið gengið frá ráðningarsamningi hans, en útvarpsstjóri er í útlöndum.

Auðun hefur ekki viljað ræða við fjölmiðla eftir að hann var ráðinn, en ráðningin hefur sem kunnugt er valdið miklu róti hjá starfsfólki Ríkisútvarpsins. Fréttamenn Útvarps samþykktu tvívegis vantraust á Markús Örn Antonsson útvarpsstjóra og starfsmannafundur samþykkti áskorun um að hann endurskoðaði ákvörðun sína um ráðningu í starf fréttastjóra útvarpsins. Félag fréttamanna hefur skorað á Auðun Georg að taka ekki starfinu.

„Ég hef ekkert að segja við fjölmiðla," sagði Auðun Georg í gær. Spurður hvort hann hygðist sleppa því að ræða þetta hitamál opinberlega og skýra sína afstöðu svaraði Auðun Georg: „Ég mun gera það síðar," og bætti við að málið væri ekki í sínum höndum og sleit samtalinu án þess að skýra það frekar. **- jss**

NÝRÁÐINN FRÉTTASTJÓRI
Auðun Georg Ólafsson sagði við Fréttablaðið í gær að hann myndi ræða fréttastjóramálið síðar á opinberum vettvangi.

Tuttugu milljarða króna fjárfesting í Svíþjóð:

KB banki og Burðarás kaupa í Skandia

VIÐSKIPTI Tvö íslensk fyrirtæki hafa á undanförnum vikum eignast samtals um sex prósent í sænska tryggingafyrirtækinu Skandia. Burðarás á nú um 3,5 prósent í félaginu og KB banki um 2,5 prósent. Verðmæti eignar íslensku fyrirtækjanna í Skandia er tæplega tuttugu milljarðar króna.

Fréttir um kaup KB banka á 2,5 prósenta hlut í sænska fjármálafyrirtækinu fyrir átta milljarða króna vekja mikla athygli. Dagblaðið Dagens Industri í Svíþjóð lýsir atburðarásinni sem stríði milli íslensku viðskiptablokkanna. Forráðamenn íslensku fyrirtækjanna munu ekki líta málið sömu augum þótt fullyrt sé að hjá Burðarási sé takmörkuð hrifning með að KB banki sæki á sömu mið í fjárfestingum í Svíþjóð.

Burðarás hefur verið að kaupa bréf í Skandia frá áramótum. Fjárfestingarbankinn Carnegie hefur séð um kaupin fyrir Burðarás en Burðarás ræður um fimmtungi hluta fjár í fyrrnefnda félaginu.

Í fyrra keypti Burðarás um tíu prósenta hlut í breska bankanum Singer and Friedlander eftir að KB banki hafði keypt um tuttugu prósent og var talinn líklegur til að gera yfirtökutilboð. Fullyrt hefur verið að forsvarsmenn KB banki hafi ekki verið kátir með fjárfestingu Burðaráss í Singer and Friedlander. Nú er það hins vegar KB banki sem eltir Burðarás í fjárfestingum sínum. **- eþa**

Dómur fallinn í einu umtalaðasta morðmáli síðari ára:

Hákon dæmdur í sextán ára fangelsi

DÓMSMÁL Hákon Eydal var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær dæmdur í sextán ára fangelsi fyrir að hafa síðastliðið sumar myrt Sri Rahmawati, barnsmóður sína og fyrrverandi sambýliskonu. Honum var enn fremur gert að greiða börnum Sri tæpar 22 milljónir króna í bætur. Í niðurstöðu dómsins segir að Hákon eigi sér engar málsbætur. Hákon lýsti því yfir eftir að dómurinn var kveðinn upp að hann hygðist áfrýja til Hæstaréttar.

Ragnheiður Harðardóttir saksóknari segir niðurstöðuna í samræmi við það sem hún hafi búist við. Brynjar Níelsson, verjandi Hákonar, segir ljóst að Hákon muni ekki geta staðið skil á bótagreiðslunum enda séu ekki fordæmi á Íslandi fyrir jafnháum bótum og í þessu máli. Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður segir ríkið hlaupa undir bagga og greiða hluta bótanna geri Hákon það ekki. Ef sú verði raunin fái hvert barn 600 þúsund krónur frá ríkinu því ríkið borgi ekki hærri bætur en það.

Auk voðaverks Hákonar ræðst þyngd dómsins af því hvernig hann hagaði sér eftir morðið á Sri. Hákon reyndi að afmá öll sönnunargögn og segir dómurinn meðferð hans á líkinu smánarlega. Hákon hafi einsett sér að vera lögreglunni erfiður en hafi mátt vita að upp um hann kæmist.

Sjá síðu 12

Öryggisráðið:

Davíð vill sækja um

STJÓRNMÁL Davíð Oddsson utanríkisráðherra segir að stefna Íslendinga um að sækjast eftir sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna hafi ekki breyst. Kostnaðurinn við framboðið og þátttökuna, verður á bilinu sex til sjöhundruð milljónir króna. **Sjá síðu 24**

FJÖLSKYLDUDAGAR
Í SAMBÍÓUNUM REYKJAVÍK OG AKUREYRI DAGANA 18. - 22 MARS
250 kr. í BÍÓ
Á VALDAR MYNDIR
SAMBÍÓIN

Jónas Kristjánsson snýr aftur á DV:

Hlakkar til að komast aftur í „ólætin".

SÍÐA 30 ▶

Aldrei fór ég suður:

Hugmynd að tónlistarhátíð kviknaði á fylliríi

SÍÐA 38 ▶

SÓFAVEISLA
ótrúlegt verð!

10.000 kr. viðbótarafsláttur ef settið er keypt saman 3+2

OREGON 3. SÆTA
48.980
verð áður 69.980

OREGON 2. sæta 39.980. Áður ~~59.980~~

HÚSGAGNAHÖLLIN
Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200

SPURNING DAGSINS

Bjarni, er skákinni þá lokið?

„Nei. Endataflið er eftir. Það á eftir að samþykkja málið á Alþingi."

Bjarni Benediktsson er formaður allsherjarnefndar Alþingis, sem samþykkti í gær að mæla með því að skáksnillingnum Bobby Fisher verði veittur ríkisborgararéttur.

Fullorðin kona varð uppvís að óvenjulegri smygltilraun á Keflavíkurflugvelli:

Faldi kókaín í hárkollunni

FÍKNIEFNASMYGL „Þetta er ein djarfasta og ósvífnasta smygltilraun sem við höfum orðið vitni að," sagði Jóhann R. Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli, en 12. mars síðastliðinn var 64 ára gömul kona handtekin þegar hún reyndi að smygla 800 grömmum af kókaíni til landsins frá Amsterdam.

Konan, sem er heyrnarskert, var tekin í úrtaksleit en ekkert fannst á henni við þá leit. Árvökull tollgæslumaður veitti þá hári hennar athygli og viðurkenndi hún þá að vera með hárkollu. Styrktust þar með grunsemdir og var hún handtekin og færð til lögreglunnar í Reykjavík. Þar kom í ljós að konan var með sérsaumaða hárkollu sem var saumuð föst á höfuð hennar en þar undir voru fíkniefnin.

Konan, sem er bandarískur og hollenskur ríkisborgari, hefur verið úrskúrðuð í gæsluvarhald til 1. apríl og beinist rannsókn lögreglu að því að finna samverkamenn hennar hér á landi en telja má nær öruggt að hún hafi ekki verið ein að verki.

Talið er að andvirði efnanna sé á bilinu 15-30 milljónir króna.

- jse

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

JÓHANN R. BENEDIKTSSON
Man varla eftir jafn djarfri og ósvífinni smygltilraun og þessari.

Ísingarveður:

60 staurar brotnuðu

VEÐUR Sextíu rafmagnsstaurar brotnuðu í ísingarveðri sem gerði á Austurlandi í gærmorgun.

Mestur skaði varð á Fljótsdalshéraði, að sögn Ásmundar Erlingssonar, verkfræðings hjá Rafmagnsveitum ríkisins á Austurlandi.

Rafmagnslaust varð að hluta til á Fáskrúðsfirði, Norðfirði, Vopnafirði, Seyðisfirði og Egilstöðum klukkan hálf átta um morguninn en rafmagn var komið á flesta staði um tíuleytið, að sögn Ásmundar.

Viðgerðir hófust strax í gær og taldi Ásmundur allt benda til þess að kerfið yrði komið í lag á mánudaginn. **- sgi**

Sex fyrirtæki vilja fjárfesta í álverum

Iðnaðarráðherra segir svigrúm til að reisa eitt álver til viðbótar á Íslandi. Færri álfyrirtæki komist að en vilji. Hún segir að markaðssetning fyrir orkufrekan iðnað sé að skila sér. Talað sé um Ísland sem best varðveitta leyndarmál Evrópu.

IÐNÞING „Sex heimsþekkt álfyrirtæki hafa nú sýnt áhuga á að fjárfesta í álverum á Íslandi. Það er öllum ljóst að þau komast ekki öll að. Sennilega er svigrúm til að reisa hér eitt álver til viðbótar eða stækka önnur sem því nemur," sagði Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, á Iðnþingi í gær.

Samkvæmt upplýsingum úr iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu eru þetta Alcan og Alcoa sem þegar eru með starfsemi hér á landi, Century frá Bandaríkjunum, BHP Billiton og Rio Tinto Aluminium frá Ástralíu og Rusal frá Rússlandi. Valgerður sagði í samtali við Fréttablaðið að enn fleiri fyrirtæki hefðu aflað sér upplýsinga um rekstrarskilyrði hér á landi.

Ráðherrann sagði að umfangsmikil markaðsvinna á síðasta áratug við að vekja athygli erlendra fjárfesta á ágæti landsins til þess að reisa hér orkufrekan iðnað hefði skilað sér á undraverðan hátt. Nú væri talað um Ísland sem best varðveitta leyndarmál Evrópu meðal álframleiðenda. Væri þá vitnað til þess hve aðstaða hér á landi væri góð fyrir þess háttar framleiðslu.

Valgerður sagði að í lok þessa áratugar, þegar byggingu Fjarðaráls og stækkun Norðuráls yrði lokið, myndi álframleiðsla vera þrefalt meiri en nú er, eða 760 þúsund tonn á ári.

bjorgvin@frettabladid.is

IÐNAÐARRÁÐHERRA Á IÐNÞINGI
Valgerður Sverrisdóttir segir að umfangsmikil markaðsvinna á síðasta áratug hafi vakið athygli erlendra fjárfesta.

Fyrirtæki flýja land

IÐNÞING „Hátt gengi krónunnar, óhóflegur vaxtamunur, sífelld útþensla í ríkisrekstrinum og mjög hátt raungengi um þessar mundir valda því að framleiðslu- og þjónustufyrirtæki leggja upp laupana eða fara úr landi í stórum stíl," segir í ályktun iðnþings sem samþykkt var í gær.

Í ályktuninni segir að nágrannaþjóðir okkar búi í haginn fyrir atvinnulíf sitt með stöðugum gjaldmiðli og aukinni áherslu á hátækniiðnað, menntun og rannsóknir. Haldbesta leiðin til að auka hér kaupmátt og velmegun í framtíðinni sé að feta sömu slóð.

ÞOTA YFIR REYKJAVÍK
Icelandair-þota hljóp í skarðið fyrir Fokkerinn í gær vegna langra farþegalista þar sem ekki var flogið í fyrradag.

Flugfarþegar á Egilsstöðum:

Með þotu til Reykjavíkur

FLUGUMFERÐ Hundrað og fjörutíu farþegar voru fluttir með Boeing 757 þotu Icelandair frá Egilstöðum til Reykjavíkur í gær. Ástæðan var sú að Fokker-vélar Flugfélags Íslands voru allar notaðar til flytja fjölda manns til Akureyrar en farþegalistinn þangað var orðinn býsna langur þar sem ekki var flogið norður í fyrradag vegna óveðurs.

Samkvæmt upplýsingum frá Flugfélagi Íslands kemur það fyrir að þota Icelandair sé notuð í innanlandsflugi þegar ástand sem þetta kemur upp. **- jse**

LÖGREGLUFRÉTTIR

JEPPAR LENTU Í ÁREKSTRI Tveir jeppar skullu saman á Norðurlandsvegi í Hrútafirði um þrjúleytið í gær með þeim afleiðingum að þeir lentu báðir utan vegar. Ökumennina tvo sakaði ekki en önnur bifreiðin er ónýt og hin talsvert skemmd.

ÖLVUNARAKSTUR Á AKUREYRI Þrír menn voru teknir fyrir ölvunarakstur aðfaranótt föstudags á Akureyri. Að sögn lögreglunar er þetta óvenjumikið í miðri viku.

MYND AP

FÁNINN DREGINN AÐ HÚNI
Nokkrir herklæddir sjíar fóru upp á þak sendiráðs Jórdaníu með íraska fánann.

Íraskir sjíar:

Bálreiðir Jórdönum

BAGDAD, AP Yfir tvö þúsund sjíar fóru í mótmælagöngu í Bagdad í gær og brutu nokkrir þeirra sér leið inn í jórdanska sendiráðið. Jórdönsk yfirvöld hafa lýst yfir áhyggjum af uppgangi sjía í Írak og Jórdani er í haldi lögreglu í Írak grunaður um að hafa staðið á bak við sprengjutilræðið í Hillah á dögunum þar sem 125 létu lífið.

Enn ríkir stjórnarkreppa í Írak. Kúrdar og sjíar hafa ákveðið að taka sér frest til 26. mars til að mynda ríkisstjórn. Kúrdar vilja halda peshmerga-hersveitum sínum og fá yfirráð yfir borginni Kirkuk en það vilja sjíar ekki leyfa. ■

BANDARÍKIN

KONA LEIÐIR ÍSLAMSKA BÆNASTUND Amina Wadud, prófessor í New York, leiddi í gær bænastund múslima í samkomuhúsi í borginni. Hún er sögð fyrsta konan sem stýrir bænum fyrir söfnuð sem í eru bæði karlar og konur. Framtakinu var mótmælt harðlega af múslimaleiðtogum víða um heim.

Viðbrögð Sjálfstæðisflokks við áformum R-listans um gjaldfrjálsan leikskóla:

Örvæntingarfullt útspil borgarstjóra

BORGARMÁL „Þetta er örvæntingarfullt útspil borgarstjóra nú þegar barnafólk hefur verið að flýja til nágrannasveitarfélaganna vegna hárra skatta, gjalda og lóðarskorts," segir Guðlaugur Þór Þórðarson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins. Hann bendir á að í stjórnartíð R-listans hafi leikskólabörnum í Reykjavík fækkað um fimm hundruð en á sama tíma hafi þeim fjölgað um fimm hundruð í Kópavogi .

Guðlaugur Þór telur að þessi áform beri vott um valdabaráttu innan R-listans. Steinunn Valdís komi með þetta útspil til að tryggja stöðu sína. Hann segist eiga eftir að sjá nánari útfærslu á gjaldfrjálsum leikskóla og enn eigi eftir að ræða málið í borgarráði. Þó sé ljóst að miðað við það sem hafi verið kynnt eigi síðustu efndir að koma fram þegar R-listinn verði ekki lengur við völd. Vísar Guðlaugur Þór þá til þess að síðasta skrefið í breytingum á gjaldtöku vegna leikskólanna komi eftir borgarstjórnarkosningarnar á næsta ári.

Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi F-listans, segist ánægður með áform R-listans. Hann segist taka undir það með borgarstjóra að leikskólinn eigi að vera almenn grunnþjónusta sem samfélagið eigi að veita án íþyngjandi gjaldtöku.

- jse

GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON
Telur áform borgarstjóra um gjaldfrjálsan leikskóla í framtíðinni vera örvæntingarfullt útspil nú þegar barnafólk hafi flúið há gjöld Reykjavíkurborgar í stjórnartíð R-listans.

39.990
~~54.994~~

Kælir/frystir Electrolux
Electrolux, 150 sm
1835902

17.990

Kaffivél, CaféPresso Crematic
Krups. Venjulegt kaffi, espresso og cappucino.
1850093
- Kaffivél sem sameinar hefðbundna kaffivél og espressovél.
- Thermoblock kerfi
- 15 bar þrýstingur
- Góð áfylling og mikil froða

2.999
~~4.395~~

Útiljós
STELO, veggljós, burstað stál
6010024

Veggljós
Jass
6010421
Verð áður 3.299
2.799

59.990
~~69.995~~

Ofn og Helluborð
Elegance, Stál
1850507

Hárgreiðslusett
Bomann, hárblásari, krullujárn, rúlluburstí með blæstri, hárbusti og greiða
1840879
Verð áður 4.495
3.450

2.990
~~6.785~~

Loftljós, Hang
Magnum, málmur hvítt
6010230

e6 TILBOÐ engin greiðsla í 6 mánuði

Húsasmiðjan býður nú vaxtalaus lán á völdum vörum.
e6 tilboðið stendur fyrir enga útborgun og enga vexti í 6 mánuði.*
*e6 tilboðin gilda aðeins fyrir korthafa Visa.

Raftækja- og ljósadagar
allt að 50% afsláttur

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 18.03.2005

		KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	USD	58,55	58,83
Sterlingspund	GBP	112,26	112,80
Evra	EUR	77,92	78,36
Dönsk króna	DKK	10,46	10,52
Norsk króna	NOK	9,57	9,63
Sænsk króna	SEK	8,56	8,61
Japanskt jen	JPY	0,56	0,56
SDR	XDR	89,70	90,24

Gengisvísitala krónunnar
106,61 +0,05%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Davíð Oddsson um Keflavíkurflugvöll:

Tökum á okkur auknar skyldur

VARNARSAMNINGURINN Davíð Oddsson utanríkisráðherra segir að Íslendingar muni að öllum líkindum þurfa að taka á sig auknar skyldur vegna rekstrar Keflavíkurflugvallar. Viðræður við Bandaríkjamenn um framtíð Keflavíkurflugvallar munu fara fram um miðjan apríl.

„Það er ekki hægt að segja til um hvernig þær fara fyrr en við horfum framan í þá," segir Davíð. „Við vonumst til þess að eftir fundi mína með forseta Bandaríkjanna og fyrrverandi utanríksráðherra Bandaríkjanna og samtöl og símtöl við núverandi utanríkisráðherra sé skilningur á því að hér þurfi að vera lágmarksvarnir."

Davíð segir að jafnframt sé skilningur á því að hlutfall hins viðskiptalega flugvallar annars vegar og varnarflugvallarins hins vegar hafi breyst hinum almennu viðskiptum í hag.

„Við hljótum því að þurfa að taka mið af því," segir Davíð.

- sda



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR Á MIÐNESHEIÐI
Davíð Oddsson segir það líklegt að Íslendingar þurfi að taka á sig auknar skyldur vegna rekstrar Keflavíkurflugvallar.

Bandaríkin:

Milljarður flugfarþega

BANDARÍKIN, AP Yfir milljarður manna mun árlega stíga um borð í flugvél í Bandaríkjunum innan áratugar, að því er fram kemur í spá bandarísku flugmálastjórnarinnar. Þetta er nærri tvöföldun á núverandi fjölda flugfarþega í Bandaríkjunum.

Þetta vekur áhyggjur af því að brátt reyni mjög á þanþol flugumferðarkerfisins vestra. Talsmenn flugmálastjórnarinnar segjast þó bjartsýnir á að meðal annars með tilkomu nýrrar tækni verði unnt að leysa þau vandamál sem fylgja aukningunni. ■

Stúdentaráð:

Elías kosinn formaður

KOSNINGAR Elías Jón Guðjónsson, oddviti Háskólalistans, var kosinn formaður Stúdentaráðs á skiptafundi ráðsins í gær. Átján stúdentaráðsliðar sátu hjá við kosninguna og var hann því kosinn með einungis tveimur atkvæðum.

ELÍAS JÓN GUÐJÓNSSON

Jarþrúður Ásmundsdóttir, fráfarandi formaður SHÍ, segir að í ljósi þeirrar óvenjulegu niðurstöðu sem varð í kosningum til Stúdentaráðs í febrúar, þar sem engin þeirra þriggja fylkinga sem buðu fram náði meirihluta, hafi Vaka ákveðið að styðja formannsefni Háskólalistans með hlutleysi sínu. Það hafi verið illskásti kosturinn í stöðunni.

- sgi

Pattstaða í Slésvík:

Simonis segir af sér

ÞÝSKALAND, AP Heide Simonis, forsætisráðherra norður-þýska sambandslandsins Slésvíkur-Holtsetalands, sagði af sér í gær eftir að henni mistókst að fá meirihlutastuðning á nýkjörnu þingi í Kiel. Þetta gerðist þrátt fyrir að jafnaðarmannaflokkur Simonis hefði verið búinn að gera samkomulag um meirihlutastamstarf við græningja og fulltrúa flokks danska minnihlutans, SSW.

Héraðsleiðtogi kristilegra demókrata, Peter Harry Carstensen, hlaut jafnmörg atkvæði og Simonis í endurtekinni atkvæðagreiðslu í þinginu, 34. Einn þingmaður sat hjá. Kristilegir demókratar vilja mynda samsteypustjórn með jafnaðarmönnum undir forystu Carstensens. ■

Fischer verður Íslendingur

Allsherjarnefnd samþykkti í gær einróma að mæla með því að Bobby Fischer yrði veittur íslenskur ríkisborgararéttur. Stefnt er á flýtimeðferð á Alþingi. Davíð Oddsson telur málið það sérstætt að það sé ekki fordæmisgefandi.

FISCHER Allsherjarnefnd Alþingis samþykkti á fundi sínum í gær að mæla með því við Alþingi að veita skákmeistaranum Bobby Fischer íslenskan ríkisborgararétt.

„Við höfum áður haft málið til umfjöllunar en á því stigi taldi ég ekki fullreynt á það að Bobby Fischer gæti losnað frá Japan á grundvelli dvalarleyfis og ferðaskilríkja frá Íslandi. Í millitíðinni hefur hins vegar verið látið reyna á það og komið hefur í ljós að það dugði ekki til. Það var eðlilegt að beiðnin væri því ítrekuð fyrir nefndinni," sagði Bjarni Benediktsson, formaður allsherjarnefndar.

Hann segir að ákvörðunin í dag hafi byggst á því að fullvissa hafi fengist um það að Fischer losnaði úr haldi fengi hann íslenskt ríkisfang. „Þegar það lá fyrir var ekki annað að gera en að taka ákvörðun í málinu. Margt hafði áhrif á einróma afstöðu manna í nefndinni; í fyrsta lagi tengsl hans við landið, en menn þekkja söguna í því. Í öðru lagi það að stjórnvöld höfðu áður gert tilraun til að greiða leið mannsins til landsins og í þriðja lagi mun íslenskur ríkisborgararéttur verða til þess að Fischer losnar úr haldi, en honum er haldið föngum í innflytjendabúðum í Japan. Því voru ákveðin mannúðarsjónarmið þar að leiðarljósi," segir Bjarni.

DAVÍÐ ODDSSON UTANRÍKISRÁÐHERRA Í GÆR
Davíð Oddsson utanríkisráðherra segir að mál Fischers hafi ekki fordæmisgildi. „Við höfum velt fyrir okkur fordæmissjónarmiðum en teljum að þetta mál sé svo einstakt og njóti slíkrar sérstöðu að það sé ekki hægt að skapa undarlegt fordæmi í því," segir Davíð.

Bjarni vonast til að málið verði tekið fyrir á Alþingi eftir helgi.

„Ég á von á því að frumvarp verði lagt fram á mánudaginn og síðan býst ég við því að þingið verði jákvætt fyrir því að flýta afgreiðslu þessa máls. Fischer gæti því fengið íslenskan ríkisborgararétt strax í næstu viku," segir Bjarni.

Davíð Oddsson utanríkisráðherra segist ekki þekkja nein fordæmi fyrir máli Fischers. „Hugsanlega væri hægt að horfa til þess er Vladimír Ashkenazy var veittur ríkisborgararéttur, en ólíkt Fischer var hann pólitískur flóttamaður. Við höfum velt fyrir okkur fordæmissjónarmiðum en teljum að þetta mál sé svo einstakt og njóti slíkrar sérstöðu að það sé ekki hægt að skapa undarlegt fordæmi í því," segir Davíð.

sda@frettabladid.is

ÞRAUTAGANGA FISCHERS

18. mars Allsherjarnefnd ákveður að mæla með því við Alþingi að Fischer fái ríkisborgararétt.

17. mars Allsherjarnefnd fjallar um ríkisborgararétt með hraðferð fyrir Fischer.

15. mars Fischer kominn í einangrun á nýjan leik.

9. mars Afmæli Bobby Fischer. Stuðningsmenn hans hóta japanska ríkinu lögsókn, verði honum ekki sleppt fyrir föstudag. Mögulega höfðað mál í Bandaríkjunum.

7. mars Lögfræðingur Fischers fær vegabréf hans. Ljóst að hann fær ekki að fara frá Japan.

4. mars Flugmiði fenginn fyrir Fischer. Vonir um að koma honum úr landi fyrir 62 ára afmælisdaginn sinn 9. mars.

3. mars Fischer kominn í einangrun. Fær ekki að hitta neinn.

28. febrúar Sæmundur Pálsson, vinur Fischers, og fleiri stuðningsmenn hans halda til Japans.

18. febrúar Sótt um vegabréf fyrir Fischer.

3. febrúar Stuðningsmenn Fischers senda Alþingi bréf til að vekja athygli á þessu mannúðarmáli.

27. desember 2004 Sæmundur Pálsson, vinur Fischers, ræðir við hann fimm sinnum á dag í síma yfir jólahátíðirnar.

20. desember Stjórnvöld neita Bandaríkjamönnum um að draga til baka landvistarleyfi handa Fischer.

18. desember Fischer þiggur boðið um að koma til Íslands.

17. desember Fischer gæti fengið útlendingavegabréf. Davíð Oddsson segir brot Fischers gegn viðskiptabanni Sameinuðu þjóðanna á gömlu Júgóslavíu fyrnd samkvæmt íslenskum lögum.

16. desember Bobby Fischer fær formlegt boð um landvistarleyfi. Leyfið verður tímabundið og felur ekki í sér atvinnuleyfi.

20. ágúst Japanir neita að fresta framsali Fischers til Bandaríkjanna. Farið er fram á að hann verði ekki framseldur strax.

6. ágúst Bobby Fischer vill afsala sér bandarískum ríkisborgararétti. Vill verða viðurkenndur sem flóttamaður.

3. ágúst Í haldi í þrjár vikur. Bandaríkjamenn fara fram á að Fischer verði framseldur. Sækir um hæli í Japan.

16. júlí Stjórnvöld í Japan handtaka bandaríska skákmanninn Bobby Fischer. Vegabréf hans er útrunnið. Fischer er eftirlýstur eftir að hafa teflt við Boris Spasski í gömlu Júgóslavíu gegn alþjóðalögum. Japan er skuldbundið til að handtaka alla sem eru eftirlýstir af bandarískum stjórnvöldum.

Veðrið

MILT NÆSTU DAGA
Nú einkennast kortin af hlýindum sem ná hámarki á morgun og hinn. Þá gætum við séð 13-15 stiga hita á mælum einhvers staðar á Norðausturlandi. Þessum hlýindum fylgir reyndar vætutíð víða um land síst þó norðaustan til.

TAKIÐ AF YKKUR SKÓNA!
Og talandi um vætu. Svo gæti vel farið að Stuðmenn og tónleikagestir þeirra verði beðnir að taka af sér skóna í Royal Albert Hall á skírdag. Því þá eru horfur á að verði vætusamt þar en hitinn þó um 15 stig.

Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

Í dag um hádegi



Á morgun



Víðast hægur vindur.

Mánudagur



Strekkingur með suðurströndinni annars hægur.

Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	2°C skýjað	París	19°C skýjað	Torrevieja	19°C hálfskýjað
Ósló	-3°C skýjað	Prag	7°C skýjað	Róm	19°C léttskýjað
Stokkhólmur	-5°C alskýjað	Amsterdam	12°C alskýjað	New York	8°C léttskýjað
London	18°C hálfskýjað	Varsjá	1°C skýjað	Miami	26°C heiðskírt

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Framfarir með tækni www.audi.com

Frumsýnum nýjan Audi A4

Frumsýning laugardaginn 19. mars kl. 12-16

Audi

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



KJÖRKASSINN

Notarðu internetið daglega?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	96%
Nei	4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á ekki að kosta neitt að hafa börn í leikskóla?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Listasafn Íslands fær ellefu milljónir til listaverkakaupa:

Þyrfti margfalt hærri upphæð

LISTIR „Fjárveiting til listaverkakaupa fyrir Listasafn Ísland hefur í raun farið minnkandi í áratug og að okkar mati vantar þrefalt hærri upphæð til að safnið geti sinnt hlutverki sínu," sagði Ólafur Kvaran forstöðumaður Listasafns Íslands.

Í ár líkt og í fyrra er ráðstöfunarféð tæpar ellefu milljónir. Að sögn Ólafs er algengt söluverð á nýjum listaverkum starfandi listamanna á bilinu sex hundruð þúsund til ein milljón króna. Hann segir að þar að auki beri safninu skylda til að kaupa eldri verk og því hrökkvi peningarnir skammt.

Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor við Listaháskóla Íslands, tekur dýpra í árinni og segir að það mætti byrja á því að fimmfalda þessa upphæð svo að íslendingar þyrftu ekki að skammast sín en réttast væri að tífalda hana svo að Listasafn Íslands gæti sinnt hlutverki sínu með sóma. Til samanburðar segist hann hafa heimildir fyrir því að safnaðarnefnd við kirkjusókn í úthverfi Óslóar hafi svipaða upphæð til ráðstöfunar í menningarmálum. - jse

LISTASAFN ÍSLANDS
Þyrfti tífalt meira ráðstöfunarfé til að gegna hlutverki sínu með sóma, segir Guðmundur Oddur Magnússon prófesor við Listaháskóla Íslands.

Þúsundir Svía fengu óvæntan glaðning:

Fengu óvart pening

SVÍÞJÓÐ, AP Um tíu þúsund Svíar fengu óvæntan glaðning inn á bankareikninga sína í vikunni þegar tölvuvilla olli því að ríkissjóður greiddi út sem nemur nærri tíu milljörðum íslenskra króna of mikið í vexti af spariskírteinum.

Í gær var gefin út áskorun til allra sem orðið höfðu hins óvænta glaðnings aðnjótandi að skila honum hið snarasta, ellegar ættu þeir „lagalegar aðgerðir" yfir höfði sér. Tölvuvilla olli því að vextirnir voru greiddir út þrisvar. ■

Önundafjörður:

Útihús fuku

VEÐUR Björgunarsveitir víðs vegar um land kepptustu við að bjarga verðmætum í hvassviðrinu sem gekk yfir landið í fyrrinótt.

Björgunarsveitir frá Flateyri og Hnífsdal voru kallaðar út að bænum Sæbóli í norðanverðum Önundarfirði, en þar fauk útihús.Unnu þær fram á nótt við að ferja þakplötur og hluta úr útihúsinu og gekk björgunarstarfið vel. Einnig voru björgunarsveitir á Seyðisfirði og Egilsstöðum kallaðar út og fóru þær á tveimur bílum og hjálpuðu bíl sem var í vandræðum á Fjarðarheiði. - gg

MYND AP

ÓHRESS MEÐ ÚRSKURÐINN
Alessandra Mussolini segist viss um að um pólitískar ofsóknir gegn sér sé að ræða.

Úrskurður:

Mussolini ekki í kjöri

RÓM, AP Áfrýjunardómstóll í Róm hefur úrskurðað að hægriflokkur Alessöndru Mussolini, barnabarns fasistaleiðtogans Benito Mussolini, megi ekki bjóða fram í héraðskosningum í landinu í næsta mánuði. Flokknum er gefið að sök að hafa falsað undirskriftir á meðmælendalistum sem skila verður með framboðinu.

Mussolini hafði mótmælt fyrri úrskurði, sem var á sömu leið, með því að fara í hungurverkfall. Drakk hún einungis þrjá bolla af cappuccino-kaffi á meðan á því stóð. Þegar henni voru tilkynnt tíðindin brást hún reið við og fleygði farsíma sínum í húsbíl sinn. ■

Hátt í 300 ný störf á Húsavík

Hátt í 300 ný störf verða til ef þær þrjár verksmiðjur sem rætt er um að rísi á Húsavík og nágrenni verða að veruleika, að sögn formanns verkalýðsfélagsins. Bjartsýni ríkir á staðnum og fasteignaverð hefur rokið upp að undanförnu.

ATVINNUMÁL Hátt í 300 ný störf verða til ef þær þrjár verksmiðjur, sem nú er rætt um að rísi á Húsavík og nágrenni, verða að veruleika, segir Aðalsteinn Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur.

Þessar þrjár verksmiðjur sem um ræðir eru lyfjaverksmiðjan (glúkósamínverksmiðja), sem greint var frá í Fréttablaðinu í gær, polyol-verksmiðja sem er á teikniborðinu og loks álver.

Polyol er flokkur efna sem unnin eru úr sykri í stað olíu eins og áður var, að sögn Tryggva Finnssonar framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga. Hann sagði að framleiðslan væri í tilraunaferli erlendis eins og er, en mikla orku þurfi til framleiðslunnar. Þar kæmi Húsavík inn í myndina. Bjarni sagði að ríkið myndi verja hluta af andvirði Kísiliðjunnar til þessarar verksmiðju.

„Ef það rís glúkósamínverksmiðja hér er það mjög gott mál," sagði Aðalsteinn Baldursson. „Auk allra annarra kosta þá verður rækjuhratið, sem menn þurfa að urða með ærnum tilkostnaði í dag, notað við framleiðslu á kítíni og síðar glúkósamíni. Við svona verksmiðju skapast atvinna fyrir allan skalann, allt frá sérfræðingum til almennra verkamanna."

Varðandi staðsetningu álvers benti Aðalsteinn á að kjöraðstæður væru fyrir það á Húsavík. Þar væri gott land, góð höfn sem tilbúin yrði á næsta ári, auk þess sem stutt væri í orkuna. Ýmsir hafa sýnt áhuga á því að reisa álver á þessum slóðum, mismikinn þó. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Norðurál talið þar fremst í flokki, en fulltrúar þess hafi verið mikið á ferðinni á Húsavík til að skoða aðstæður, síðast nú í vikunni.

„Við viljum að orkan sé nýtt hér heima fyrir," sagði Aðalsteinn. „Við erum tilbúnir til að taka við þessum fyrirtækjum. Við erum hér með öflugar sveitir og við sjáum fyrir okkur að þau hefðu svo mikil margfeldisáhrif að þau myndu styrkja landbúnaðinn. Með öðrum orðum, menn gætu unnið með búskapnum sem hefur ekki rekstrarlega góða stöðu í dag. Við erum bjartsýnir hér, sem sýnir sig í því að hér er mjög lífleg sala í húsum og fasteignaverð hefur rokið upp að undanförnu." jss@frettabladid.is

MYND/GUÐRÚN KRISTÍN

HÚSAVÍKURHÖFN
Höfnin á stóran þátt í því að laða fyrirtæki að staðnum, en orkan vegur þó þyngst.

MYND/AP

GLATT Á HJALLA
Írar hylltu heilagan Patrek í gær en sumir notuðu tækifærið og blótuðu Bakkus í leiðinni.

Patreksdagur:

Mikil ölvun á Írlandi

DUBLIN, AP Yfir 700 manns voru handteknir víðs vegar um Írland í fyrrakvöld, á degi heilags Patreks, verndardýrlings landsins. Ölvun var afar mikil, slagsmál brutust víða út og eignaspjöll voru unnin. Flestar voru handtökurnar í Dyflinni en ástandið var einnig slæmt í Cork.

Áður fyrr voru hátíðahöld í tilefni dagsins hófstillt enda voru öldurhús lokuð. Batnandi efnahagur og minnkandi ítök kirkjunnar hafa hins vegar valdið því að hátíðin er orðin fjörugri en góðu hófi gegnir. ■

ÁRSKÓGSSTRÖND

VÖXTUR FISKELDIS Framfarafélag Dalvíkurbyggðar stendur fyrir málþingi um líftækni, fiskirækt og sjávarnytjar. Á þinginu mun Skúli Skúlason, rektor Hólaskóla, meðal annars fjalla um vöxt fiskeldis á Íslandi og ný tækifæri til að auka verðmætasköpun úr auðlindum sjávar og vatna. Málþingið er í Árskógi og hefst klukkan 13.30.

Tilboð

stórlúða 1.490,-

humar 1.290,-

rækjur 990,-

Opið LAUGARDAG

Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

Kvartanir til Landlæknisembættisins:

Langmest kvartað vegna Landspítala

HEILBRIGÐISMÁL Ríflega þriðjungur allra þeirra kæra og kvartana sem bárust landlæknisembættinu á árinu 2004 var vegna Landspítala – háskólasjúkrahúss, að því er fram kemur í yfirliti frá embættinu. Næstflestar voru vegna þjónustu á einkastofum sérfræðinga í læknisfræði og heilsugæslustöðvar voru í þriðja sæti.

Alls bárust 244 kvartanir og kærur til Landlæknisembættisins á síðasta ári. Er það nokkru meira en undanfarin ár. Árið 2003 voru þær 220 talsins og 224 árið 2002.

KVÖRTUNARÞOLAR ÁRIÐ 2004

Landspítali – háskólasjúkrahús	84
Einkastofur sérfræðinga	42
Heilsugæslustöðvar	29
Tannlæknastofur	11
Dvalar- og hjúkrunarheimili	11
Einkastofur annarra (sjúkraþjálfun o.þ.h.)	9
Annað	58
Samtals	**244**

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ
Hafðist ekki að í 121 máli af 244.

Um mánaðamót febrúar-mars hafði embættið lokið við að afgreiða 106 kærur, en afgreiðslu var enn ólokið í 38 málum frá síðasta ári. Í 121 máli hafðist embættið ekki að. Það sendi viðkomandi ábendingar í 50 málum og beinar aðfinnslur í 26 málum.

Langflestar kvartanir voru vegna ófullnægjandi eða rangrar greiningar, meðferðar eða eftirlits. Í 27 tilvikum var um samskiptavandamál að ræða. - jss

Skemmtilegt
um helgina

Nýtt
í Hagkaupum

Freyju páskaegg
Rísegg sem hittir í mark. Leikritið Kalli á þakinu er í samstarfi við Freyju.

Sveppi
mun sýna atriði úr leikritinu
Kalli á þakinu

Laugardaginn 19. mars
í Kringlunni kl. 15:00
í Smáralind kl. 16:00

Sunnudaginn 20. mars
í Smáralind kl. 15:00
í Kringlunni kl. 16:00

Frumsýning
á Íslandi:

NÝTT & SYKURLAUST
Engar kalorítur **Engin** sykur **Ekkert** koffein **Engin** kolvetni **Engin** litarefni

7UP FREE

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað heitir nýkjörinn rektor Háskóla Íslands?*

2 *Hvers konar verksmiðju á að reisa á Húsavík?*

3 *Hvaða leikari var sýknaður af að hafa myrt eiginkonu sína?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 62

Ná til bænda frá Hellisheiði eystri að Skagafjarðarsýslu:

Eining um sameiningu mjólkursamlaga

MJÓLKURFRAMLEIÐSLA Sameining Mjólkursamsölunnar og Mjólkurbús Flóamanna var samþykkt á aðalfundum fyrirtækjanna. Fundur Mjólkursamsölunnar var á fimmtudag þar sem sameining var samþykkt samhljóða en á fundi Mjólkurbús Flóamanna samþykktu 36, einn var á móti og tveir fulltrúar sátu hjá.

Bjarni Jónsson, formaður stjórnar Mjólkurbús Flóamanna, segir sameiningu fyrst geta orðið um miðjan apríl. „Þetta gengur þannig fyrir sig að öðru félaginu er slitið og deildir þess félags sem ákveðið er að slíta þurfa að samþykkja samrunann," segir hann.

Deildir Mjólkursamsölunnar sameinast Mjólkurbúi Flóamanna og fær félagið nýtt nafn. Vörumerkin MS og MBF verða áfram notuð. Við sameiningu ná fyrirtækin til allra bænda frá Hellisheiði eystri og út Austur-Húnavatnssýslu. Einungis bændur við Ísafjörð og nágrenni standa utan við samsteypuna. Áætlað er að ársvelta af sameinuðum rekstri verði 7,6 til 8 milljarðar króna.

- gag

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

MJÓLKIN Í MJÓLKURSAMSÖLUNNI
Við sameiningu Mjólkursamsölunnar og Mjólkurbús Flóamanna ná fyrirtækin til bænda frá Vopnafirði og að Blönduósi. Mjólkursamlag Ísfirðinga stendur eitt óhaggað.

Hraðlið ESB:

Vilja stytta viðbragðsfrest

LÚXEMBORG, AP Varnarmálaráðherrar Evrópusambandsríkjanna 25 sátu í gær á rökstólum um þá tillögu að stytta um helming viðbragðstímann sem það tekur að ræsa út sérsveitir sem sambandið á að geta sent til að sinna bráðaverkefnum utan landamæra sambandsins.

Nú þegar hefur verið komið á fót alls 1.500 hermanna hraðliði sem ESB getur ráðstafað til slíkra verkefna. Eins og er á að vera hægt að senda það á vettvang, svo sem til að stilla til friðar á átakasvæði, með tíu daga fyrirvara. Þennan frest vilja menn nú stytta niður í fimm daga. ■

DÓMSMÁL

DEILT UM FJÁRHÆÐ EIGNARNÁMSBÓTA Íslenska ríkið var dæmt til að greiða tæpar 1,3 milljónir króna í bætur vegna verðrýrnunar lands sem tekið var eignarnámi undir vegastæði. Var dómurinn í samræmi við niðurstöðu héraðsdóms í sama máli.

RÍKIÐ SÝKNAÐ Hæstiréttur sýknaði ríkið af bótakröfu manns sem sat um þriggja mánaða skeið í varðhaldi áður en honum var tilkynnt að málið hefði verið látið niður falla. Ástæðan var framkoma mannsins við handtöku og skýrslugerð og það hafi stuðlað að varðhaldinu þótt í lengra lagi hafi verið.

Strandsiglingar:

Jaxlinn til Norðurlands

JAXLINN
Á þeim tíma sem Jaxlinn hefur siglt til hafna á Norðurlandi hefur mest verið flutt til Dalvíkur.

SJÓFLUTNINGAR Jaxlinn, skip Sæskips í Reykjavík, hefur hafið strandsiglingar til hafna á Eyjafjarðarsvæðinu og til Húsavíkur. Ragnar Traustason, framkvæmdastjóri Sæskips, segir Jaxlinn hafa verið í strandsiglingum fyrir vestan í tæpt ár. „Nú ætlum við að lengja rútuna og erum byrjaðir á vikulegum siglingum til Dalvíkur, Siglufjarðar og Húsavíkur en munum sigla á aðrar hafnir fyrir norðan ef það svarar kostnaði," segir Ragnar.

Sæskip hefur ekki uppi áform um að sigla til hafna á Austurlandi.

- kk

RANGFÆRSLUR
Fyrrverandi sjávarútvegsráðherra Færeyja segir úttekt íslenskra fræðimanna á færeyska fiskveiðikerfinu bera þess merki að um áróður sé að ræða en ekki faglega úttekt.

Undrandi á fræðimönnum

Fyrrverandi sjávarútvegsráðherra Færeyja gagnrýnir úttekt fjögurra hagfræðinga við Háskóla Íslands á færeyska sóknardagakerfinu.

SJÁVARÚTVEGUR „Það kemur mér mikið á óvart að heyra að vísinda- og fræðimenn séu ábyrgir fyrir úttekt af þessu tagi," segir Jörgen Niclasen, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra Færeyja. Að hans mati koma fram ýmsar rangfærslur í erindi fjögurra fræðimanna við Háskóla Íslands um muninn á færeyska sóknardagakerfinu og íslenska kvótakerfinu.

Úttektin sem Jörgen gagnrýnir er samantekt fjögurra hagfræðinga við Háskóla Íslands; þeirra Axels Hall, Ásgeirs Jónssonar, Sveins Agnarssonar og Tryggva Þórs Herbertssonar, um staðreyndir og staðleysur um íslenska kvótakerfið. Í úttektinni er gerður samanburður á færeyska sóknardagakerfinu og íslenska kvótakerfinu og þar fara þeir að mati Jörgens með slíkar rökleysur að það minnir á áróður.

„Aðalatriðið er að þeir halda því fram að fiskistofnar við Færeyjar hafi verið ofnýttir allan tíunda áratuginn. Slíka yfirlýsingu geta þeir þó ekki sannað með vísindalegum rökum og málið er alls ekki svona einfalt. Staðreyndin er í stuttu máli að sá fiskur sem veiddist kringum 1990 var afar magur, sem benti til að æti væri af skornum skammti. Á þessu gekk næstu árin, fiskurinn minnkaði og þeim fækkaði þar sem fiskar borða hvern annan ef ekkert annað er á boðstólum. Fyrir því eru aðeins tvær ástæður mögulegar. Í fyrsta lagi að mikill skortur hafi verið á ljósátu, sem er ein aðalfæða ungfiska. Sé það ástæðan er ómögulegt að kenna manninum eða fiskiveiðistefnu um. Hin ástæðan er sú að of margir fiskar hafi verið um hituna og sé það ástæðan er ekki hægt að kenna ofveiði um heldur þvert á móti."

Jörgen segir einnig að aðrar staðreyndavillur séu í málatilbúnaði hagfræðinganna úr Háskólanum. „Þar er sagt að Færeyingar hafi tekið upp kvótakerfi 1992 og sóknardagakerfi ári seinna. Þetta er rangt. Kvótakerfið var tekið upp 1994 og sóknardagakerfið tók við 1996. Mér finnst eðlilegt að fræðimenn hafi slík atriði á hreinu þegar gerð er fræðileg úttekt á málum sem þessum."

albert@frettabladid.is

ENNEMM / SÍA / NM15247

HÓTEL FLÚÐIR
ÞEGAR HALDA Á GÓÐAN FUND

- 100 KM TIL REYKJAVÍKUR
- KYRRLÁTT UMHVERFI
- NÁLÆGÐ VIÐ NÁTTÚRUPERLUR
- GÓÐAR VEITINGAR

Á Flúðum er tilvalið að halda stefnumótunar- og vinnufundi fjarri ys og þys borgarinnar en samt sem áður í þægilegri nálægð við hana. Verið velkomin!

Sími: 486 6630
www.icehotels.is

IH ICELANDAIR HOTELS FLÚÐIR

Nordica • Loftleiðir • Flughótel • Flúðir • Rangá • Klaustur • Hérað

Yfirmanni raforkurisa Rússlands sýnt tilræði:

Hermaður yfirheyrður

RÚSSLAND, AP Rússneska lögreglan yfirheyrði í gær fyrrverandi liðsforinga í hernum vegna tilræðis sem Anatolí Tsjúbajs, yfirmanni rússnesku rafmagnsveitnanna, var sýnt í Moskvu á fimmtudag. Embættismenn, sem ekki vildu láta nafns síns getið, létu hafa eftir sér að svo virtist sem tilgangurinn með tilræðinu hefði verið að skjóta Tsjúbajs skelk í bringu frekar en að ráða hann af dögum.

Tilræðismennirnir sprengdu öfluga sprengju og skutu síðan á bíl Tsjúbajs á leið hans til vinnu. Tilræðið eyddi þeirri tálsýn að stöðugleiki væri að nást í viðskiptaumhverfinu í Rússlandi.

Tsjúbajs, sem komst ómeiddur úr tilræðinu, sagðist hafa átt von á að óvinir sínir reyndu eitthvað slíkt.

ANATOLÍ TSJÚBAJS
Höfundur einkavæðingar í Rússlandi stýrir nú rafveiturisa landsins.

Tsjúbajs stýrði einkavæðingu þjóðnýttra fyrirtækja í Rússlandi fyrst eftir lok sovéttímans fyrir rúmum áratug. Það kerfi hefur sætt harðri gagnrýni fyrir að hafa komið verðmætustu eigum ríkisins í hendur vel valinna einstaklinga – viðskiptajöfra með góð tengsl við ráðamenn – á spottprís. ■

Verðsprengja

Páskaskreyting
299 kr.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS BLO 27751 3/2005

Páskablómin:

Begonía 699 kr.

Páskakrýsi 599 kr.

Sýpris 100 sm
999 kr.

Páskasýpris - lime
499 kr.

PÁSKABLÓMIN

Páskaskraut

Blómstrandi páskagreinar í búnti

499 kr.

blómaval
HEILLANDI HEIMUR

Reykjavík • Kópavogi • Akureyri
Selfoss • Reykjanesbær
www.blomaval.is

Lambakjötið ljúft og gott á páskum

Það er fátt meira við hæfi á páskum en einmitt okkar rammíslenska og ómótstæðilega ljúffenga lambakjöt. Prófaðu þessa uppskrift.

Lambalæri með rósmarínu

1 lambalæri, um 2,2 kg
2–3 rósmaríngreinar, skipt í um 20 búta
3–4 hvítlauksgeirar, afhýddir og skornir í um 20 flísar
nýmalaður pipar
salt
1 laukur, skorinn í þykkar sneiðar
olía

Ofninn hitaður í 180 gráður. Beittum hnífsoddi stungið í lærið á um 20 stöðum og hvítlauksflís og rósmaríngrein stungið í hverja (*best er að stinga hvítlauknum alveg inn en rósmarínnu aðeins að hálfu*). Kryddað vel með pipar og salti.
Lauksneiðunum raðað í olíuborið steikarform og lærið lagt ofan á. Álpappírsörk breidd lauslega yfir lærið og steikt í miðjum ofni í um 1 klst. Þá er álpappírinn tekinn af og steikt í hálftíma í viðbót.
Lærið tekið úr ofninum og látið standa undir álpappír í um 15 mínútur áður en það er borið fram.

Fíton/SÍA F101195 8

lambakjöt – léttur réttur
Uppáhald íslensku þjóðarinnar
Fjöldi uppskrifta á www.lambakjot.is

Utandagskrárumræður á Alþingi:

Óeðlileg samkeppni við Pólverjana

SKIPASMÍÐAIÐNAÐUR Alþingismenn vilja að kannað verði hvort tilboð pólsku skipasmíðastöðvarinnar Morska í endurbætur á varðskipum Landhelgisgæslunnar samræmist reglum á EES-svæðinu. Einnig er vilji fyrir því að Ríkisendurskoðun kanni endanlegan kostnað og fari yfir það hvort endurbæturnar verði hagstæðari þegar upp er staðið en hefði verið á Íslandi.

Þetta kom fram í utandagskrárumræðum um stöðu íslensks skipasmíðaiðnaðar á Alþingi. Jón Bjarnason, þingmaður Vinstri grænna, óskaði eftir umræðunni. Til andsvara var Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra.

Valgerður fór yfir þróunina í skipasmíðaiðnaði síðustu árin og sagði að framkvæmdastjórn ESB hefði samþykkt nýjar reglur 2003 þar sem heimilt var að greiða niður allt að 20 prósent af þróunarkostnaði við nýsmíði. Þetta gæti gert íslenskum skipasmíðastöðvum erfiðara fyrir.

Halldór Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokks, taldi að nýtt styrkjakerfi Evrópusambandsins gæti nýst í óeðlilegri samkeppni við Slippstöðina á Akureyri. - ghs

VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR
Iðnaðarráðherra styður þá hugmynd að kannað verði hvort tilboð Pólverja í endurbætur á varðskipunum samræmist reglum á EES-svæðinu.

Bankaránstilraun tölvuþrjóta

Breska lögreglan kom upp um tilraun tölvuþrjóta til að ræna andvirði milljarða króna af bankareikningum japansks banka í Lundúnum.

BRETLAND, AP Breska lögreglan kom upp um tilraun tölvuþrjóta til að stela andvirði mörg hundruð milljóna króna af reikningum japansks banka í Lundúnum, að því er greint var frá á fimmtudag. Aðferðin sem beitt var við þjófnaðartilraunina var að sögn sú að þrjótarnir brutust inn í tölvukerfi bankans og gátu þannig safnað upplýsingum um bankareikninga með tilheyrandi aðgangs- og lykilorðum.

Lögregla í Ísrael handtók á miðvikudag í samstarfi við breska kollega sína mann sem grunaður er um að hafa með þessum aðferðum reynt að ræna háum upphæðum af reikningum Sumitomo Mitsui-bankans.

Lögregla í Lundúnum staðfesti að gerð hefði verið „misheppnuð þjófnaðartilraun“ í fyrra í Lundúnaútibúi Sumitomo Mitsui, en vildi ekki gefa upp hve háar upphæðir hefði verið um að tefla né hvaða aðferðum hefði verið beitt. Talsmenn bankans staðfestu einnig að tilraun til þjófnaðar hefði verið gerð, en sögðu ekkert nánar um aðferðina. Bankinn hefði ekki orðið fyrir neinu fjárhagstjóni.

Í tilkynningu ísraelsku lögreglunnar segir að hinn handtekni, sem er 32 ára gamall ísraelskur ríkisborgari, væri grunaður um að hafa reynt að „þvo“ 20 milljónir evra, andvirði um 160 milljóna króna. Hátækniglæpadeild bresku lögreglunnar hóf rannsókn í október í fyrra, eftir að tölvuþrjótar brutust inn í tölvukerfi Sumitomo-bankans í Lundúnum. Þeir reyndu að millifæra 219 milljónir evra, um 17,5 milljarða króna, af reikningum bankans á tíu reikninga í bönkum víðs vegar um heim, en handtekni Ísraelinn kvað vera skráður fyrir einum þessara reikninga.

Samkvæmt heimildum breska blaðsins Financial Times reyndu þjófarnir að ræna 220 milljónum sterlingspunda, hátt í 25 milljörðum króna, af reikningum japanska bankans. Að sögn blaðsins notuðu tölvuþrjótarnir laumuforrit sem gerði þeim kleift að fylgjast með öllu því sem notendur netbankaþjónustu bankans slógu inn á lyklaborðið hjá sér. Þannig gátu þeir komist yfir upplýsingar um reikningsnúmer, aðgangsorð og aðrar viðkvæmar upplýsingar.

Steve Purdham, forstjóri SurfControl plc, sem sérhæfir sig í öryggi netnotenda, segir að þessi ránstilraun ætti að verða mönnum áminning um hættuna sem stafi af njósnaforritum. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

SUMITOMO-BANKINN
Einn maður hefur verið handtekinn í tengslum við rannsókn á tilraun tölvuþrjóta til stórfellds bankaráns.

Jackson-réttarhaldið:

Hömlulaus ærsl á Neverland

BANDARÍKIN, AP Fyrrverandi húshjálp á búgarði Michaels Jackson, Neverland, sagði frá því fyrir rétti að hún hefði kallað búgarðinn „unaðseyju Gosa“ vegna þess að börn fengu að ærslast þar hömlulaust án eftirlits fullorðinna.

Húshjálpin, Kiki Fournier, bar vitni í máli Jacksons á fimmtudag, en hann er ákærður fyrir að hafa leitað kynferðislega á ungling. Hún sagðist ítrekað hafa séð börn láta þannig að álykta mætti að þau væru undir áhrifum áfengis. Fournier, sem starfaði á Neverland á tímabilinu 1991-2003, nefndi í þessu sambandi níu drengi, sem allir voru á aldrinum tíu til fjórtán ára. Þar á meðal var barnastjarnan Macaulay Culkin, sem dvaldi mikið á Neverland. Fournier sagðist þó aldrei hafa orðið vitni að því að Jackson gæfi börnum áfengi. Hún lýsti Jackson sem mjög undanlátssömum gestgjafa og gaf í skyn að börnin hefðu fært sér undanlátssemi hans í nyt.

Fournier sagði drenginn, á hvers vitnisburði ákæran gegn Jackson er byggð, og bróður hans hafa gengið berserksgang í herbergjum sínum áður en fjölskylda þeirra flutti af búgarðinum fyrir tveimur árum. Verjendur Jacksons segja drenginn hafa skáldað upp söguna um kynferðislegu áreitnina í hefndarskyni, en fjölskylda hans hefði gert sér vonir um að geta búið til langframa á Neverland þegar henni var gert að flytja þaðan. ■

HÚSHJÁLP BER VITNI
Kiki Fournier mætir í réttarsal í Santa Maria í Kalifornía

Nýtt kortatímabil!

Tískuvika
í Smáralind

Síðasta helgin – nýttu tækifærið!

Dagana 12. til 20. mars stendur yfir tískuvika í Smáralind þar sem öllum konum býðst að bóka tíma í **ókeypis** ráðgjöf hjá tískuráðgjöfum Smáralindar eða persónulegum stílista Debenhams. Bókaðu tíma á þjónustuborði Smáralindar á 1. hæð.

Páskakanínurnar eru komnar í Smáralind – fyrir framan Útilíf á 2. hæð.

Brúðkaupssýningin JÁ er í Vetrargarðinum um helgina. Allt fyrir brúðkaupið!

Verslanir opnar 11-19 virka daga, 11-18 laugardaga og 13-18 sunnudaga / smaralind.is / 528 8000.

ENNEMM / SÍA / NM15624

Sextán ára fangelsi fyrir morð

Hákon Eydal átti sér engar málsbætur og var dæmdur í sextán ára fangelsi í gær. Honum er gert að greiða börnum Sri Rahmawati nær 22 milljónir króna. Verjandi hans segir hann ekki geta borgað. Verði svo fær hvert 600 þúsund krónur frá ríkinu.

Hákon Eydal hlaut sextán ára fangelsisdóm í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær fyrir morðið á Sri Rahmawati, barnsmóður sinni.

Hákoni er gert að greiða börnum Sri tæplega 22 milljónir króna í skaðabætur. Það eru hæstu bætur sem dæmdar hafa verið í morðmáli hérlendis. Verjandi Hákonar telur hann ekki geta staðið skil á kröfunni. Hann eigi hvorki til þess fé né eignir. Ragnheiður Harðardóttir saksóknari segir niðurstöðuna í samræmi við það sem búist var við.

FRÉTTASKÝRING
FANGELSISDÓMUR HÁKONAR EYDAL

GUNNHILDUR A. GUNNARSDÓTTIR
BLAÐAMAÐUR

Dómnum verður áfrýjað til Hæstaréttar. Hákon hafði krafist sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Hákon hefur setið í fangelsi frá því í júlí þegar hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald og dregst sá tími frá dómnum.

Metskaðabætur

Brynjar Níelsson, verjandi Hákonar og hæstaréttarlögmaður, segir ekki fordæmi fyrir svo háum skaðabótum til aðstandenda. Þremur börnum Sri eru dæmdar misjafnlega háar skaðabætur. Það elsta sem er sextán ára fær samkvæmt dómnum um 5,5 milljónir, það næstelsta sem er fjórtán ára fær 6,2 milljónir og dóttur þeirra Sri og Hákonar, sem er þriggja ára, eru dæmdar rétt rúmar tíu milljónir. Brynjar segir að Hákon geti ekki greitt börnunum bæturnar.

Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður segir ríkið hlaupa undir bagga og greiða skaðabæturnar geri Hákon það ekki. „Börnin fá þó ekki þessa fjárhæð frá bótanefndinni því þar er hámarkið sex hundruð þúsund," segir Hilmar. Hægt sé að krefjast fjárnáms í eignir Hákonar. Verði það árangurslaust geti komið til gjaldþrots hans. Við lok gjaldþrotaskipta verði fyrningarfrestur kröfunnar tíu ár. Miðað við dóminn nú megi búast við að Hákon sitji inni í tólf ár.

Ekki slegið af dómnum

Brynjar segir sextán ára fangelsisdómnum áfrýjað þar sem rök séu fyrir því að refsingin ætti að vera vægari.

„Verknaðurinn er framinn í geðshræringu og ákvæði eru í hegningarlögum um að það hafi áhrif á refsingu. Á það var ekki fallist nú," segir Brynjar.

Í dómnum er greint frá niðurstöðu geðlæknis á andlegu ástandi Hákonar. Geðlæknirinn mat hann sakhæfan og ábyrgan gerða sinna. Í áliti læknisins stendur að geðskoðun sýni ekki nein örugg einkenni sturlunar, rugls eða ranghugmynda. Skammvinn einkenni ofsóknarhugmynda og ofskynjanir virðist hafa komið fram á einstaka tímabilum en Hákon hafi þá örugglega verið í umtalsverðri fíkniefnaneyslu.

Geðlæknirinn taldi að lýsing Hákonar á sjálfum sér stangaðist á við álit náinna ættingja hans. Einnig virtist sem Hákon hefði afneitað eða bælt mörg vandamál eða atburði sem yfirleitt trufli samvisku venjulegs fólks. Hann áleit að Hákon hefði skýr almenn skilmerki persónuleikatruflunar og lítið innsæi í eða skilning á hegðun sinni. Það hindraði þó ekki sakhæfi hans.

Iðraðist ekki gjörða sinna

Auk voðaverks Hákonar ræðst þyngd dómsins af því hvernig Hákon hagaði sér eftir morðið á Sri. Hann reyndi að afmá öll merki morðsins og segir dómurinn meðferð hans á líkinu smánarlega. Hann hafi einsett sér að vera lögreglunni erfiður en hafi mátt vita að upp um hann kæmist.

Hákon neitaði sök framan af lögregluannsókninni og reyndi að villa um fyrir lögreglu í leitinni að líkinu eftir að hann hafði játað. Þetta, auk skýrslu hans fyrir dómi og í geðrannsókninni, þykir gefa til kynna að hann hafi ekki verið mjög sakbitinn eftir morðið á Sri.

Sextán ár eða lífið?

Sri Rahmawati var 33 ára gömul þegar hún lést. Hún var frá Indónesíu en hafði ásamt systur sinni og fjölskyldu hennar búið á Íslandi. Hákon og Sri kynntust fyrir fimm árum og bjuggu saman í fimm til sex mánuði. Saman eignuðust þau dóttur.

Fyrir liggur að samband þeirra Sri og Hákonar gekk erfiðlega. Úr dagbók lögreglunnar í Reykjavík má lesa um kærur Sri á hendur Hákoni fyrir ofbeldisverk og hótanir í hennar garð. Einnig eru til skjöl sem greina frá kvörtunum Hákonar vegna deilna þeirra á milli um umgengni við dótturina.

Hákon bar því við fyrir dómi að hann hefði myrt Sri eftir að hún hefði hótað að hann fengi ekki framar að sjá dóttur þeirra. Andleg líðan hans, misgjörðir og ranglæti Sri hefðu ollið því. Héraðsdómur fellst ekki á það sjónarmið Hákonar og segir gögn málsins í engu styðja ásakanir hans.

Hákon ósannfærandi

Niðurstaða héraðsdóms er að ekki verði séð að Sri hafi misboðið Hákoni hinn afdrifaríka morgun þegar hann myrti hana. Lýsing Hákonar á hugarástandi sínu þegar hann framdi morðið sé mótsagnakennd og ósannfærandi.

„Atlaga hans að Sri Rahmawati var heiftarleg og bersýnilegt er, að hann ætlaði sér að svipta hana lífi. Ekki þykir þó sannað, að hann hafi ásett sér það fyrr en skömmu fyrir voðaverkið og verður að byggja á þeim framburði hans að hann hafi ráðist á konuna eftir að þeim varð sundurorða," segir í dómnum. Sextán ár eru því talin hæfileg refsing.

Lík Sri Rahmawati fannst í djúpri og þröngri hraunsprungu í Almenningi fyrir sunnan Hafnarfjörð 3. ágúst, mánuði eftir að Hákon myrti hana. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

HÁKON EYDAL SKAL SITJA INNI Í SEXTÁN ÁR Hákon vonaðist eftir vægari dómi þar sem andleg heilsa hans hefði ekki verið góð. Hann áfrýjar dómnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HUNDRUÐ BJÖRGUNARSVEITARMANNA LEITUÐU SRI Mánudaginn 19. júlí 2004 leituðu þrír kafarar að Sri við Geldinganes en síðar varð ljóst að Hákon hafði afvegaleitt lögregluna.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

TÆKNIDEILD LÖGREGLUNNAR Á VETTVANGI Þriðjudaginn 6. júlí 2004 rannsakaði lögreglan íbúð Hákonar Eydal í Stórholti. Blóðsýni úr íbúð og bíl hans voru send til rannsóknar í Noregi og hann var handtekinn.

Express þýskunámskeið Æfing #3

» Ja, Ich komme! Ich komme schnell!!! «

Já ég kem! Ég kem í snarhasti!!!

Fíton/SÍA

Búðu þig undir brottför til Frankfurt Hahn á www.icelandexpress.is

Verð frá: 7.995 kr.* Barnaverð: 5.995 kr.*

*Aðra leið með sköttum. Börn þurfa að vera í fylgd með fullorðnum.

Iceland Express

Sýningin „Litið um öxl“ eitt ár í KlinK&BanK í „Græna sal“

Listamenn verða með sýningar/tónleika á opnum vinnustofum

Barið á parabólur í „Berlín“

Bíó fyrir börn og fullorðna

Léttar veitingar

KlinK&BanK eins árs

Opið hús

BRAUTARHOLTI 1

Í DAG FRÁ KL. 14 - 18

Klink&Bank er samstarfsverkefni Kling og Bang Gallerís og Landsbankans

410 4000 | landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Tékk Kristall – Kringlunni & Faxafeni

Sparibaukur
1.850 kr.

byggtogbúið – Kringlunni 568 9400, Smáralind 554 7760

Babyliss Funstyle 8 stk. sett
3.999 kr.

Jens

Krossar
2.900–7.600 kr.

Sony Center – SONY

DSC-L1 stafræn myndavél
2.499 kr./mán.
12 mán. vaxtalaust

byggtogbúið – Kringlunni 568 9400, Smáralind 554 7760

Babyliss keramik sléttujárn, mjótt
3.989 kr.

ÚTILÍF

Silva 8x20 vasasjónauki
3.990 kr.

betra LÍF

Ýmis spáspil
1.490 kr.

byggtogbúið – Kringlunni 568 9400, Smáralind 554 7760

Babyliss krullujárn
Press and Curl
4.990 kr.

...með allt fyrir

Jens

Hálsmen/hringur með zirkon
4.900/5.300 kr.

THE BODY SHOP

Herrasnyrtitaska fyrir fermingardrenginn
3.285 kr.

Tékk Kristall – Kringlunni & Faxafeni

Rúmföt
2.990 kr.

byggtogbúið – Kringlunni 568 9400, Smáralind 554 7760

Babyliss keramik sléttujárn.
Wet & Dry – nýjung
4.999 kr.

byggtogbúið – Kringlunni 568 9400, Smáralind 554 7760

PT vinaklukka, 12 mynda
3.499 kr.

Sony Center – SONY

MZ-NH700 mp3-spilari
2.499 kr./mán.
12 mán. vaxtalaust

Jens

Herrahringir
með steini/steinlaus
11.900/5.900 kr.

ÚTILÍF

Kira 3 kúlutjald
með stóru fortjaldi
8.990 kr.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS KRI 27500 03/2005

THE BODY SHOP

Jarðarberjailmandi gjafaaskja

3.280 kr.

Tékk KRISTALL

Swarovski skartgripir

ÚTILÍF

High Peak Sherpa 55+10, frábær göngupoki

8.990 kr.

byggtogbúið Kringlunni 568 9400 Smáralind 554 7760

Rotpunkt hitakanna, 1 ltr.

1.895 kr.

skór.is

Pretty Moon, ýmsir litir

8.995 kr.

byggtogbúið Kringlunni 568 9400 Smáralind 554 7760

Babyliss bartskeri, 2BL 810DE

3.499 kr.

Sony Center SONY

CMT-HPX7 hljómtæki

2.499 kr./mán.

12 mán. vaxtalaust

Jens

Bindisnæla/ermahnappar

7.800/8.600 kr.

ferminguna

Dagskrá á Kringlutorgi

- **Kl. 13.00** Heimsins stærsta kransakaka frá Café Konditori Copenhagen.
- **Kl. 14.00** Leikarar úr Ávaxtakörfunni fara á kostum.

Páskaleikur

Þú gætir unnið **ársafnot af glæsilegum Opel Astra** eða **páskaegg** frá Nóa-Síríusi!

Páskalitasamkeppni fyrir 3ja—9 ára

Teikniaðstaðan er á 1. hæð. Opið 13—17 í dag.
Fyrstu 250 börnin fá nammi og allir sem lita gætu unnið stór Púka-páskaegg.

Nýtt kortatímabil

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

Opið 10–18 í dag

	Mán. til **mið.**	**Fimmtudagur**	**Föstudagur**	**Laugardagur**	**Sunnudagur**
Verslanir	10.00 til 18.30	10.00 til 21.00	10.00 til 19.00	10.00 til 18.00	13.00 til 17.00
Ævintýraland	14.00 til 18.30	14.00 til 19.00	14.00 til 19.00	11.00 til 18.00	13.00 til 17.00

Veitingastaðir og **Kringlubíó** eru með opið lengur á kvöldin.

skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Af hverju er verkalýðshreyfingin að skoða uppsögn kjarasamninga í haust þegar þjóðin hefur sjaldan eða aldrei haft það jafn gott?

Verðbólgan og uppsögn samninga

Það eru fleiri fornir fjendur við sjóndeildarhringinn þessa dagana en hafísinn sem er kominn að landi fyrir norðan. Verðbólgan hefur sótt í sig veðrið undanfarna mánuði og greiningardeildir bankanna spá því nú að hún fari yfir 6 prósent á þessu ári. Fyrir vikið verða endurskoðunarákvæði kjarasamninga á almennum vinnumarkaði virk og frá ASÍ hafa komið skýr skilaboð um að þar á bæ séu menn að skoða af fullri alvöru að segja upp samningum í haust.

Þetta er geggjuð staða.

Á Íslandi ríkja nú einhverjir mestu velmegunartímar sem þjóðin hefur upplifað. Hagvöxtur á árinu stefnir í að verða um sex prósent og er spáð góðum áfram. Kaupmáttur hefur aukist og fólk því með meira fé milli handanna, sem það nýtir óspart til að endurnýja bílaflota sinn, leggja parkett, ferðast til útlanda og kaupa flata risasjónvarpsskerma og annan misnauðsynlegan hégóma.

Við höfum það sem sagt gott. Mjög gott. En verðbólgan kraumar við sjónarrönd og ef hún nær sér á strik fyrir alvöru minnkar velmegunin í réttu hlutfalli við hækkandi afborganir af verðtryggðum lánum landsmanna.

Í því samhengi væri eitt það versta sem gæti gerst að verkalýðshreyfingin ákvæði að standa við hótanir sínar um uppsögn kjarasamninga. Þá gætum við allt eins staðið frammi fyrir gamalkunnum hækkunum launa og verðlags til skiptis og þá fyrst væri verðbólgufjandinn laus fyrir alvöru.

En af hverju er ASÍ að skoða uppsögn samninga ef þjóðin hefur það svona gott? Hér eru rök sem má lesa í nýlegum pistli á vef sambandsins: „Það er ljóst að ef almennt verðlag heldur áfram að hækka líkt og undanfarna mánuði þá eru litlar líkur á því að verðbólgan verði komin niður í 2,5% á haustmánuðum og það mun því reyna verulega á endurskoðunarákvæði kjarasamninga í haust.“

Gott og vel. Ef þetta væri rétt. Í hálf fimm fréttum greiningardeildar KB banka á fimmtudag kemur fram að staðreyndin er sú að almennt verðlag hefur alls ekki hækkað umfram þau 2,5 prósent sem eru verðbólgumarkmið Seðlabankans og verkalýðshreyfingin miðar uppsagnarákvæði kjarasamninga við. Ef hækkun fasteignaverðs undanfarna tólf mánuði er fjarlægð úr neysluvísitölu Hagstofunnar hefur vísitala neysluverðs aðeins hækkað um 2 prósent en ekki 4,7 prósent eins og vísitalan segir til um. Eins og segir í hálf fimm fréttum greiningardeildar KB banka „er því ljóst að verðbólguskotið sem nú gengur yfir á fremur rætur sínar að rekja til hækkandi eignaverðs en að verðlag almennrar framfærslu hafi hækkað“. Hækkun á almennum vörum og þjónustu, öllu öðru en fasteignaverði, er sem sagt vel undir uppsagnarákvæði kjarasamninganna.

Það væri vægast sagt öfugsnúið ef lækkun vaxta húsnæðislána sem hafði í för með sér hækkun eignaverðs, sem er einhver mesta kjarabót íslenskra heimila í seinni tíð, yrði til þess að kjarasamningum væri sagt upp og enn meiri þrýstingur settur á efnahagskerfi landsins. ■

FRÁ DEGI TIL DAGS

Tímanlegt framboð

Alþekkt er að stjórnmálamenn á þingi lenda í mikilli lokatörn við afgreiðslu mála. Í sveitarstjórnarpólitíkinni virðast menn ætla að verða tímanlega á ferðinni. Þannig hafa Frjálslyndir riðið á vaðið og opnað baráttuna í borgarstjórn og tilkynnt framboð í fyrsta og annað sætið fyrir sveitarstjórnarkosningar eftir ár.

Mörgum finnst Frjálslyndir full snemma á ferðinni og að svo löng kosningabarátta sé ekki sérstaklega æskileg. Flokksþing Frjálslyndra gaf til kynna ákveðinn óróa í flokknum og hugsanlegt að Ólafur F. Magnússon og Margrét Sverrisdóttir hafi séð sitt óvænna og ákveðið að loka svæði fyrir þá sem vildu koma sér fyrir í forystunni í Reykjavík. Margir eru þeirrar skoðunar að það sé fremur ástæða þess að Frjálslyndir séu svo snemma á ferðinni, fremur en að þeir séu svona ofurskipulagðir.

Góð mál undirbúin

Fleiri virðast vera í startholunum fyrir komandi borgarstjórnarkosningar. Þannig mun Gísli Marteinn vera opinn fyrir að taka að sér forystu í Sjálfstæðisflokknum. Þá túlka margir áætlun Reykjavíkurborgar um gjaldfrjálsan leikskóla sem undirbúning komandi baráttu. Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri fær ekki langan tíma til að marka sér sess fyrir kosningar og telja menn að útspilið um leikskólana sé eitt af þeim vinsælu málum sem hún muni spila út á næstunni til að festa sig í sessi sem forystumaður Reykvíkinga.

Víst er að ef of mikil orka fer í forystuslag sjálfstæðismanna fyrir kosningarnar, þá gætu nokkur mál eins og ókeypis dagvist skilað R-listanum sterkri stöðu í komandi kosningum.

haflidi@frettabladid.is

Afdrifaríkt val

Reykjavíkurakademían hefur í vetur gengist fyrir vitrænum umræðum um brennandi þjóðfélagsmál og fengið til liðs við sig sérfróða menn og boðið stjórnmálaflokkunum jafnframt til þátttöku. Ein slík fyrirlestraröð hefur farið fram í haust og vetur undir heildarheitinu Virkjun lands og þjóðar. Síðastliðinn laugardag voru þar framsögumenn dr. Jón Ágúst Þorsteinsson, formaður nýstofnaðra samtaka sprotafyrirtækja, og Ásgeir Jónsson, hagfræðingur og lektor við Háskóla Íslands.

Báðir reyndu framsögumenn að forðast pólitík í framsöguerindum sínum. Engu að síður varð vart hjá því komist að álykta af ræðum þeirra beggja að Íslendingar standa nú sem þjóð frammi fyrir vali, þýðingarmiklu og afdrifaríku vali, um það hvernig þeir kjósa að verja mannauði sínum í framtíðinni. Trúa þeir á vaxtarmöguleika frjáls hagkerfis og getu til að skapa ný, fjölbreytt og arðvænleg störf án handleiðslu ríkisvaldsins? Eða telja þeir að eina leiðin til hagsældar sé að ríkisvaldið dragi hingað alþjóðleg málmbræðslufyrirtæki með útsölu á orkulindum og fyrirheitum um lægri kaupgreiðslur en fyrirtæki þessi eiga að venjast í þessum heimshluta?

Sprotafyrirtæki eru hátæknifyrirtæki, sem fyrst og fremst byggjast á þekkingu, sem oftar en ekki er áunnin í nánu samstarfi háskóla eða tækniskóla og atvinnulífs. En til þess að hugmyndir sem þannig verða til skili arði inn í íslenskt þjóðlíf, þurfa þær fyrst að verða að vöru og um framleiðsluna verður að stofna fyrirtæki. Langan tíma tekur að þróa vöruna, ekki er óalgengt að fyrstu árin fari þriðjungur af veltu til vöruþróunar. Þau eru því framan af rekin með bókhaldslegu tapi og þurfa mikið og þolinmótt fjármagn til að lifa af bernskuskeiðið. Áhættan er líka mikil, aðeins fá þeirra lifa af þessi fyrstu ár til að ná þeim milljarði í veltu, sem gjarnan er notaður sem mælikvarði á, hvort fyrirtækið eigi möguleika á framhaldslífi og sjálfbærri tilveru. En ekki er nóg að hafa þróað úrvalsvöru og aflað henni jafnvel einkaleyfa. Varan verður að slá í gegn víðar en á okkar litla og takmarkaða heimamarkaði. Og markaðssetningin reynist raunar mörgum þessum fyrirtækjum ofviða og þau neyðast til annaðhvort að leggja upp laupana eða selja afurð sína erlendum risafyrirtækjum. Hér dugar ekki að hugsa í árum eða kjörtímabilum heldur í áratugum fram í

Í DAG
STÓRIÐJA EÐA ÞEKKINGARIÐNAÐUR

ÓLAFUR HANNIBALSSON

tímann, ekki um skyndigróða og skammtímatarnir, heldur fara fram með seiglu og festu og framsýni. Marel og Össur eru góð dæmi um velheppnuð fyrirtæki, sem byggja á íslensku hugviti og vel heppnaðri alþjóðlegri markaðssetningu.

Ásgeir Jónsson fór í sínum fyrirlestri yfir hagkvæmni stóriðju sem valkost til að byggja upp atvinnulíf framtíðarinnar hér á landi. Hann benti á að fyrir eins og 100 árum var Ísland eitt mesta fátæktarbæli Evrópu, og að til þess að þjóðir gætu rifið sig upp úr slíkri örbirgð þyrfti eitthvert „stórt spark“, sem dygði til að snúa þeim á braut hagvaxtar. Slíku hlutverki hefði sjávarútvegurinn gegnt hér á landi með vélvæðingu bátaflotans og togaravæðingunni. Hefði sjávarútvegurinn ekki náð því forskoti hefðu draumar Einars Benediktssonar í upphafi aldarinnar um nýtingu orkunnar í fallvötnum landsins og orkufrekan iðnað sennilega fengið það hlutverk að rífa Ísland upp úr miðaldaháttum sínum.

En stórfin við stóriðju eru fremur fá, þótt þau séu allvel borguð á íslenskan mælikvarða. Við eigum í keppni við þriðja heims lönd um að fá stóriðjuna til okkar og til þess verðum við að selja orkuna með tapi, eins og sést á því að arðsemi eiginfjár Landsvirkjunar á árunum 1998- 2003 var 2,9%, sem er minni en verðbólga. Auk þess þurfum við að veita stóriðjunni margvísleg skattfríðindi. Því hefur verið haldið fram að stóriðjan skjóti fleiri stoðum undir atvinnuvegi þjóðarinnar og minnki vægi sjávarútvegs og auki fjölbreytni í útflutningi. En ef svo fer fram sem horfir munu 40% af útflutningi landsmanna innan skamms verða ál og þessi afurð vera komin með sömu stöðu í útflutningi landsmanna og sjávarútvegurinn 1980. Áliðnaður er heldur ekki sveiflujafnandi. Ef eitthvað er, er álverð á heimsmarkaði nú mun sveiflukenndara en fiskverð. Íslendingar hafa ætíð þurft að bera stóriðjuna á höndum sér. Árið 1999 seldi Landsvirkjun 66% af framleiddri orku til stóriðju, en aðeins 38% af tekjunum komu þaðan. Stóriðjan er ekki lausn á landsbyggðarvandanum. Hún er fyrst og fremst byggðaþéttingartæki, sem gæti sogað vinnuafl til nokkurra byggðakjarna utan suðvesturhornsins. Sá þjóðhagslegi ábati, sem á undanförnum áratugum kann að hafa verið til staðar vegna stóriðjuframkvæmda á ekki lengur við. Þvert á móti, þær valda skekkju og truflun í hagkerfinu. Stóriðjan er því ekki nauðsyn heldur val, vegna þess að hagvöxtur héldi áfram fyrir eigin vélarafli, þótt hennar nyti ekki við.

Óhjákvæmileg pólitísk niðurstaða mín, eftir að hafa hlýtt á málflutning þessara tveggja ungu manna, er sú að ráðamenn okkar hafi enga trú á vaxtarmöguleikum frjáls hagkerfis og getu til að skapa ný og fjölbreytt störf án handleiðslu ríkisvaldsins. Ellegar þá að Landsvirkjun sé vaxin þeim yfir höfuð og æði bremsulaus og stjórnlaus áfram í átt að hengiflugi. Þjóðin stendur frammi fyrir því vali að eflast af eigin rammleik við gefandi störf í krafti menntunar, hátækni og þekkingar eða selja alþjóðafyrirtækjum líkamskrafta sína við einhæf störf í risavöxnum málmbræðslufabrikkum. Hvora framtíðina kjósum við heldur börnum okkar og barnabörnum? ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Feður sviptir ábyrgð á börnum sínum

GARÐAR BALDVINSSON
FORMAÐUR FÉLAGS ÁBYRGRA FEÐRA
SVARAR LEIÐARA FRÉTTABLAÐSINS

Í skoðun Fréttablaðsins 13. mars sl. tekur höfundur undir það sjónarmið Félags ábyrgra feðra að rétt sé að tekjutengja meðlagsgreiðslur. Ennfremur að nauðsynlegt sé að rannsaka af hverju þriðjungur meðlagsgreiðenda sé í vanskilum og greiðsluerfiðleikum. Því miður telur höfundur einnig að forsjárlausir feður taki enga ábyrgð á börnum sínum, ekki einu sinni hina fjárhagslegu.

Félag ábyrgra feðra berst fyrir fullri ábyrgð beggja foreldra á börnum sínum, bæði í sambúð og eftir skilnað. Félagið vill að samfélagið geri báðum foreldrum það kleift að axla ábyrgð á börnum sínum.

Höfundur telur meðlagsgreiðendur ekki búa börnum sínum heimili og að meðlag sé of lágt enda dugi það ekki nema fyrir leikskólagjöldum. Það þarf ekki að miða meðlag með 9 ára barni við leikskólagjöld eða hvað? Viðurkenningu samfélagsins skortir á að forsjárlausir feður búa börnum sínum heimili – jafnvel þótt þau deili heimilinu aðeins með föðurnum 2 daga af hverjum 14, báðir foreldrar búa barni heimili eftir skilnað.

Félag ábyrgra feðra telur nauðsynlegt að rannsaka af hverju þriðjungur meðlagsgreiðslna er í vanskilum. Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir meðlag af forsjárlausum. Meðlagsskuld fyrnist aldrei. Nú eru meðlagsskuldir allt að 35 ára gamlar (og elstu „börnin“ komin um fimmtugt). Með því að afskrifa aldrei skuld nær Innheimtustofnun að ná vanskilum upp í 30% – enda ekki merkilegt að innheimtuhlutfall af venjulegum meðlagsgreiðslum sé um 90% eins og telja má líklegt að sé núna. Það er þannig kannski innri vandi Innheimtustofnunar sem viðheldur þeirri ímynd að meðlagsgreiðendur skili ekki meðlaginu sínu.

Félagið telur að 90% meðlagsgreiðenda borgi sitt meðlag refjalaust, að 10% eigi í einhverjum erfiðleikum og að hugsanlega muni 5% aldrei geta borgað sitt meðlag. Fyrir þennan síðasttalda hóp þarf að grípa til einhverra aðgerða.

Kerfið skiptir ábyrgð feðra gagnvart börnum sínum í fjárhagslega og aðra ábyrgð. Hina fjárhagslegu tryggir löggjafinn og framkvæmdavaldið með ýmsu móti. Önnur ábyrgð skiptir hið opinbera engu máli. Hið opinbera, þ.e. dómsmálaráðuneytið, sýslumenn með úrskurðum og ráðgjöf, og ekki síður dómstólar, hefur svipt feður í stórum stíl ábyrgð á börnum sínum.

Í skoðun Fréttablaðsins er meðlag borið saman við leikskólagjöld. Félag ábyrgra feðra telur nauðsynlegt að huga líka að því að hið opinbera leggur af mörkum um kr. 30.000 á mánuði með hverju meðlagsskyldu barni í barnabætur og húsnæðis- eða vaxtabætur. Því má segja að meðlagsskyld börn séu í reynd frekar á framfæri hins opinbera en foreldra sinna. Úrskurður um að faðir og barn umgangist einn sólarhring á ári dugir skammt til að hvetja föður til að axla aðra ábyrgð. Félag ábyrgra feðra kallar eftir viðhorfsbeytingu kerfisins. Félagið kallar einnig eftir viðurkenningu á því að önnur ábyrgð föður á barni er eðlilegur hluti af sambandi föður og barns. Loks kallar félagið eftir viðurkenningu hins opinbera á fjölskyldusambandi foreldra og barna.

Félag ábyrgra feðra vill að venjulegum feðrum sé gert kleift að axla þá ábyrgð sem því fylgir að eignast og eiga barn. Eins og nú er vinnur hið opinbera gegn því. Viðhorfsbreyting er forsenda þess að feður fái að axla ábyrgð sína. ■

AF NETINU

Þjóðin gerð að sósíalista

Það þýðir hins vegar lítið fyrir mig og aðra markaðs- og frjálshyggjumenn að hnerra yfir þessu frumvarpi. Þjóðin verður að einum stórum sósíalista þegar kemur að RÚV! Hún lítur á RÚV sem „óskabarn þjóðarinnar“. Mér, eins og flestum öðrum, þykir bæði vænt um fyrirtækið og starfsmenn þess. En ég vil selja fyrirtækið á meðan það er skilgreint sem fjölmiðill. Réttlætið segir mér sem markaðshyggjumanni að ríkisfjölmiðill skekki myndina á frjálsum markaði. Þannig er það bara.

Jón G. Hauksson á heimur.is

Furðuleg framtíðarsýn

Nýjasta grein formanns Eyverja minnir helst á gamla lofræðu um kommúnisma í stað áramótaræðu formanns fulltrúa frelsis í Vestmannaeyjum. Það er furðuleg framtíðarsýn ungra fulltrúa frelsis ef það skiptir höfuð máli hver komi með flestar karamellur í poka til Eyja.

Jóhann Guðmundsson á politik.is

Ríkisrekið hobbí

Búskapur á Íslandi í dag minnir meira á hobbí en atvinnugrein. Ríkisrekið hobbí. Afhverju borgum við ekki bændum bara fyrir að spila golf? Markaðsvæðing landbúnaðarins hlýtur að vera eitt af þessum stóru skrefum sem þið verðið að stíga, það er að segja ef þið steinrennið ekki í drögtunum og jakkafötunum um leið og þið stígið fæti inn í Alþingishúsið.

Hallgrímur Helgason á visir.is

Áróðursgreiningar

Að manni getur óneitanlega læðst sá grunur að stjórnendur bankanna noti greiningardeildirnar í áróðursskyni og til að hafa áhrif á markaðinn, fremur en að greina hann hlutlaust opinberlega. Önnur ráð séu svo gefin innanhúss. Gott dæmi um þetta er umfjöllun þeirra um starfsemi Íbúðalánasjóðs, þar sem þeir hafa grímulaust verið að fjalla um skoðanir sínar á því fyrirbæri, fremur en að greina kosti og galla fjárfestinga í bréfum útgefnum af þeim sjóði og þeim lánum sem þeir bjóða.

Gestur Guðjónsson á timinn.is

Ömurleg hnýsni

Meginatriði málsins er þó vitaskuld það, eins og Sigurður Kári Kristjánsson lagði áherslu á, að þær upplýsingar sem skattstjórar hafa verið að birta árlega, eru einkamál hvers og eins. Sigurður Kári benti réttilega á að hvorki honum né öðrum kæmi við hvað menn úti í bæ væru með í tekjur. Þetta er aðalatriðið. Frumvarpið er þess vegna fagnaðarefni og verður vonandi til þess að sú ömurlega hnýsni – sem sumir telja til fréttamennsku – að birta lista yfir tekjuhæstu einstaklinga tiltekinna landshluta eða atvinnugreina, heyrir brátt sögunni til.

Vefþjóðviljinn á andriki.is

SENDIÐ OKKUR LÍNU
Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

GEFÐU FREKAR **FRAMTÍÐARBÓK** KB BANKA

Framtíðarbók KB banka er góð fermingargjöf, gjafakort fást í næsta útibúi.

Verðtryggður sparireikningur með hæstu vexti almennra innlánsreikninga bankans.
Innstæðan verður laus til úttektar við 18 ára aldur.

KB BANKI

www.kbbanki.is

Framsókn og ESB

GUÐMUNDUR JÓNAS KRISTJÁNSSON
BÓKHALDARI SKRIFAR:

Ljóst er að skiptar skoðanir eru orðnar á afstöðu framsóknarmanna til Evrópusambandsins (ESB) ef marka má niðurstöðu flokksþings Framsóknarflokksins nýverið. Vekur þetta furðu, ekki síst þegar horft er til þess úr hvaða jarðvegi flokkurinn er sprottinn, og hvert hann hefur löngum sótt fylgi sitt.

Hinir fjölmörgu andstæðingar aðildar að ESB og sem stutt hafa Framsóknarflokkinn í þeirri góðri trú að þar væri á ferð ábyrgur og þjóðlegur stjórnmálaflokkur, hljóta því nú að skoða alvarlega stuðning sinn við flokkinn, ef fram heldur sem horfir. Menn hljóta að skipa sér í stjórnmálaflokka meðal annars eftir því hver stefna þeirra er í Evrópumálum. Spurningin um aðild Íslands að ESB á eftir að verða eitt stærsta pólitíska hitamálið á Íslandi á komandi árum. Verður Ísland áfram frjálst og fullvalda ríki, með óskert yfirráð yfir sínum dýrmætu auðlindum? Eða verður það lítil áhrifalaus hjáleiga í komandi Sambandsríki Evrópu? Um þetta verður hart tekist í íslenskum stjórnmálum næstu ár. ■

FRAMSÓKN OG ESB Höfundur telur stuðningsmenn Framsóknarflokksins þurfa að endurskoða afstöðu sína til hans ef fylgjendurm Evrópusambandsaðildar Íslands vex fiskur um hrygg í flokknum.

MAÐUR VIKUNNAR

Nýkjörinn rektor kemur sínu til leiðar

KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR
NÝKJÖRINN HÁSKÓLAREKTOR

Kristín Ingólfsdóttir, nýkjörinn rektor Háskóla Íslands, er ákaflega viðkunnanleg og geðþekk kona. Hún er Reykvíkingur en rekur ættir sínar til Vestmannaeyja, þar sem faðir hennar er fæddur, og norður í Skagafjörð. Faðir hennar er Ingólfur Páll Steinsson, prentari og síðar auglýsingastjóri. Móðir hennar er Sólveig Pálmadóttir en faðir hennar var Pálmi Hannes Jónsson, skrifstofustjóri Kveldúlfs í Reykjavík, fæddur á Nautabúi í Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði, og kona hans Tómasína Kristín Árnadóttir. Faðir Ingólfs var Steinn Sigurðsson, klæðskeri í Vestmannaeyjum og síðar í Reykjavík, og móðir hans, Kristín Hólmfríður Friðriksdóttir, var fædd i Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði. Þannig getur nýkjörinn rektor rakið bæði föður- og móðurætt sína til Lýtinga í Skagafirði.

Fram til þessa hefur ekki mikið borið á Kristínu utan háskólasamfélagsins. Hún er prófessor í lítilli deild og hefur stundað sínar rannsóknir af kappi, en ekki verið mikið í umræðunni innan Háskólans. Hún er afar virkur vísindamaður, sögð heiðarleg og koma því til leiðar sem hún ætlar sér. Í kosningabaráttunni um embætti rektors var hún sögð óákveðin og óörugg í fyrstu, en eftir því sem á baráttuna leið sýndi hún svo sannarlega hvað í henni býr.

Kristín Ingólfsdóttir verður fyrst kvenna til að taka við rektorsstöðu í Háskóla Íslands þegar hún tekur við embættinu af Páli Skúlasyni 1. júlí næstkomandi.

Kristín er fædd 14. febrúar 1954 og fór hefðbundna leið í skólagöngu í Reykjavík. Hún lauk stúdentsprófi frá eðlisfræðideild Menntaskólans í Reykjavík árið 1974. Kristín er gift Einari Sigurðssyni, framkvæmdastjóra hjá Flugleiðum og fyrrum fréttamanni Sjónvarps, og á með honum tvær dætur, 10 og 22 ára.

Að loknu stúdentsprófi stundaði hún nám í frönsku og efnafræði í Frakklandi og nam því næst lyfjafræði við Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi við King's College í London árið 1983 og hefur síðan starfað við Háskóla Íslands og sem prófessor frá árinu 1997.

Kristín þykir hafa verið afar virk í rannsóknum og sást þess glöggt merki í kosningabaráttunni að henni er afar umhugað um framtíð skólans sem rannsóknarháskóla. Helsta stefnumál hennar var að stefna Háskóla Íslands í átt til þess að vera í fremstu röð rannsóknarháskóla á heimsvísu. Til þess að svo megi verða þarf skólinn meira fjármagn og nýr rektor Háskóla Íslands lítur á það sem eitt af meginverkefnum sínum að skapa skilning í samfélaginu fyrir mikilvægi þess að Íslendingar eigi öflugan rannsóknarháskóla. Skilningur fyrir mikilvæginu sé forsenda skilnings á því að auknu fé verði beint til Háskólans.

Kristín hefur bent á það að nær sé að tala um fjárfestingu samfélagsins en fjárveitingu þegar rætt sé um fé sem beint er í menntun og rannsóknir. Sú skoðun mótast af framtíðarsýn hennar og sannfæringu um að Háskóli Íslands gegni lykilhlutverki í mótun framtíðarsamfélags, í framtíðarhagvexti og mótun menningaruppbyggingar í landinu.

Kristín hefur stundað rannsóknir um árabil á virkum lyfjaefnum í íslenskum jurtum, bæði á landi og í sjó. Meðal þess sem rannsóknir hafa verið stundaðar á eru fjallagrös og fleiri jurtir sem Íslendingar hafa notað til lækninga í aldanna rás. Kristín lagði í kosningabaráttunni ríka áherslu á að Háskólinn styrkti þau svið rannsókna þar sem Íslendingar hafa skapað sér sérstöðu og náð afburðaárangri í vísindum. Þar nefndi hún fræðasvið sem tengjast uppruna, menningu og náttúru Íslands. ■

TEIKNING: HELGI SIG. – HUGVERKA.IS

Helgarblað DV

Bjarmar var sjö ára þegar honum var hrint ofan í Glerá þar sem hann drukknaði

Hefur þú séð DV í dag?

OPIÐ SUNNUDAG Í ÖLLUM BÓNUSVERSLUNUNUM

EKKERT BRUDL

Helgartilboðin

FYLGIST MEÐ OKKUR
VIÐ FYLGJUMST MEÐ VERÐINU!

2 tegundir
2 litir

SVARTAR eða BLÁAR
SEVERIN síður vatnið
Á BÓNUSVERÐI!
5999 KR.

BÓNUS
Kjúklingabitar
FERSKIR

BLANDAÐIR BITAR
259 kg KR.

ALI HAMBORGARHRYGGUR
979 kg KR.
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 1398kr.

ALI
Hamborgar
HRYGGUR

30% afsláttur
við kassann

Bónus býður betur!

grafinn
LAX
& reyktur

Reyktur lax og grafinn
959 kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 1599kr.

GÆÐAGRÍS
Bajon
SKINKA

40% afsláttur
við kassann

Bajonskinka
779 kg KR.
40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1298kr.

ERAN/Landlist

DVD spilari fyrir öll kerfin

- 2 Channel
- DVD/CD CDR/CDRW/VCD/SVCD/JPEG/MP3 spilari

3999 KR.

FÆST Í ÖLLUM BÓNUSBUÐUM

- Dolby Digital AC3
- Digital Theatre Sound (DTS)
- Valmyndakerfi
- NTSC afspilun yfir í Pal
- RCA, Scart, Coax og Optical tengi
- Fjarstýring

SERVÖRU VERSLANIR

JDV fjölkerfa DVD spilari með upptöku

- Spilar DVD/DVD+RW/DVD-RW/DVD+R/DVD-R/SVCD/VCD/CD/CD-R/CD-RW/MP3/Kodak Picture CD/JPEG play back. DVD+RW/DVD+R Recording



19900 KR.

- JPG format playback
- Inngangar: DV (tengi fyrir myndbandsupptökuvélar), Scart, SVHS, AV og RF
- Útgangar: Scart, SVHS, AV, RF, VGA
- Coaxal og optical tengi
- Fullkomin fjarstýring
- Allt að 8 tíma upptaka (DVD+R/RW)
- HQ/SP/LP/EP upptökumöguleikar
- Progressive Scan
- Tekur upp í Dolby Digital

SERVÖRU VERSLANIR

Loksins stafræn upptaka!

Verðöryggi
frá upphafi!

EKKERT BRUDL

Páskaegg -sem gleður! 520g — 6 — Mikill er sá sem varðveitt hefur barnshugann. (Kierkegaard) — BÓNUS

Páskaegg -sem gleður! 420g — 5 — Gerðu það sem þú getur, með því sem þú hefur, þar sem þú ert. (Roosevelt) — BÓNUS

Páskaegg -sem gleður! 315g — 4 — Allir hugsa um að breyta mannkyninu en enginn hugsar um að breyta sjálfum sér... (Tolstoy) — BÓNUS

EKKERT BRUDL

NR. 6 - 520g
699 KR.

NR. 5 - 420g
499 KR.

NR. 4 - 315g
399 KR.

179 KR. 2 LÍTRAR

Skynsemin velur Bónus

KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 3.907 **+0,10%** **Fjöldi viðskipta:** 243 **Velta:** 3.714 milljónir

MESTA HÆKKUN		MESTA LÆKKUN	
Kögun	1,52%	**Síminn**	-2,86%
Actavis	0,74%	**Og fjarskipti**	-1,69 %
Straumur	0,49%	**Atorka**	-0,82%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 40,60 +0,74% ... Atorka 6,05 -0,82% ... Bakkavör 31,90 – ... Burðarás 14,00 +0,36% ... Flaga 5,50 – ... Flugleiðir 14,25 -0,35% ... Íslandsbanki 12,10 – ... KB banki 534,00 – ... Kögun 60,10 +1,52% ... Landsbankinn 14,85 +0,34% ... Marel 57,00 – ... Og fjarskipti 4,06 -1,69% ... Samherji 12,00 – ... Straumur 10,20 +0,49% ... Össur 81,50

viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

Peningaskápurinn…

Tilraun til Kauphallarbyltingar

Á yfirborðinu ríkti mikil eindrægni og ánægja á aðalfundi Kauphallar Íslands, enda afkoman góð og Kauphöllin þroskast vel á undanförnum árum. Fyrir fundinn var hins vegar stormur meðal hluthafa Kauphallarinnar. Landsbankinn, sem leynt og ljóst hefur reynt að komast til áhrifa í Íslandsbanka, reyndi að beita sér fyrir því að Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka, yrði ekki endurkjörinn stjórnarformaður Kauphallarinnar. Mikið gekk á þegar af þessu fréttist, en Landsbankamenn leituðu stuðnings meðal annarra hluthafa. Stuðningurinn fékkst ekki og lætin eru fremur talin til þess fallin að veikja stöðu viðskiptabankanna í stjórn Kauphallarinnar en að styrkja hana.

Hrífa í stað vopns

Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson þykir hafa farið nokkra sneypuför með fjárfestingarfélagið Gretti inn í Ker. Í viðskiptalífinu glotta margir yfir því vanmati á Ólafi Ólafssyni sem tilraunin sýndi. Ef Björgólfsfeðgum og Gunnlaugi Sævari hefði tekist að kaupa Árna Vilhjálmsson og Kristján Loftsson út úr Keri hefðu þeir náð yfirráðum yfir Samskipum og Essó og ýtt Ólafi út úr íslensku viðskiptalífi. Telja menn furðulegt vanmat Gunnlaugs Sævars að halda að Árni Vilhjálmsson hefði viljað loka glæsilegum ferli í viðskiptalífinu með því að stinga Ólaf í bakið eftir áralangt samstarf. Niðurstaðan er hins vegar sú að Gunnlaugur leggur Ólafi til tíu milljarða í hlutafé sem Ólafur getur farið með nánast að vild. Ólafi var lítið skemmt við innkomu Grettis og er talinn munu hafa gaman af að pína Gunnlaug Sævar og Björgólfsfeðga í áhrifalausum minnihluta. Er þessu jafnað saman við það þegar Grettir Ásmundarson kom til Íslands og vildi verða hetja, en var í stað vopna rétt hrífa.

MARKAÐSFRÉTTIR...

Dótturfyrirtæki **SH** á Spáni, **Icelandic Iberica**, hefur gert samning um kaup á **Ecomsa S.A.** sem er framleiðslu- og sölufyrirtæki. Kaupverðið er ríflega þrjú hundruð milljónir króna.

Straumur hefur selt víkjandi skuldabréf fyrir fimm milljarða króna. Salan fór fram í lokuðu útboði.

Á aðalfundi **SÍF** í gær var samþykkt að fækka sjórnarmönnum úr sjö í fimm. **Ólafur Ólafsson**, **Aðalsteinn Ingólfsson**, **Guðmundur Hjaltason**, **Hartmut Kramer** og **Nadine Deswasiere** voru kjörin í stjórn.

FTSE-vísitalan í Lundnúnum hækkaði um 0,02 prósent í gær og þýska **Dax** vísitalan um 0,26 prósent. Í Japan hækkaði **Nikkei** um 0,89 prósent.

Opnar á Eystrasalt

Í ræðu Sigurðar Einarssonar, stjórnarformanns KB banka, á aðalfundi félagsins í gær ítrekaði hann þá stefnu bankans að byggja upp starfsemi sína á á núverandi markaðssvæðum bankans.

KB banki hefur einkum beint sjónum sínum að Norðurlöndum og Bretlandi og skilgreinir það sem sinn heimamarkað en í ræðu sinni í gær sagði Sigurður einnig að til greina kæmi að auka starfsemina á svæðum í grennd við helstu markaðssvæði. Þetta gefur til kynna að KB banki líti til dæmis til Eystrasaltsríkjanna eftir hugsanlegum tækifærum til vaxtar.

KB banki skilaði ríflega fimmtán milljarða hagnaði á síðasta ári og í ræðu sinni þakkaði Sigurður starfsmönnum fyrir árangurinn. Hann tilkynnti einnig að ákveðið hefði verið að greiða öllum starfsmönnum, sem ekki njóta nú þegar kaupauka, 220 þúsund króna bónus. Helmingur þeirrar upphæðar verður greiddur út í reiðufé en hinn helmingurinn sem hlutafé í fyrirtækinu. **- þk/- hh**

FORMAÐUR OG FORSTJÓRI Þeir Sigurður Einarsson stjórnarformaður og Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri gerðu á aðalfundi í gær hluthöfum í KB banka grein fyrir rekstrinum.

Lífeyrissjóðir fjárfesti í nýsköpun

Iðnaðarráðherra vill skoða hvort breyta eigi skattalögum til að gera fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum áhugaverðari fyrir lífeyrissjóði.

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, segir að skoða þurfi hvort unnt sé að aðlaga skattaumhverfið þannig að lífeyrissjóðir hafi hvata til þess að fjárfesta í nýsköpun í atvinnulífinu. Kom þetta fram í ræðu hennar á iðnþingi í gær og er í samræmi við yfirlýsingar Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra á flokksþingi Framsóknarflokksins og aftur við opnun Nýsköpunarþings 3. mars síðastliðinn.

Aðspurð segir Valgerður þessa leið vera til skoðunar en engar ákvarðanir hafi verið teknar á vettvangi ríkisstjórnarinnar.

Iðnþingið var helgað fyrirtækjum í hátækniiðnaði. Vilmundur Jósefsson, formaður Samtaka iðnaðarins, sagði sárvanta fjármagn til fjárfestinga í nýsköpun og veikasti hlekkurinn væri að fá fjármagn á fyrstu stigum ferilsins. Efla þyrfti Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og þar hefði ríkið veigamiklu hlutverki að gegna. Fjárfestingar á markaði réðu ekki við nauðsynlegar en áhættusamar nýsköpunar- og sprotafjárfestingar. **- bjg**

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR „Nýr markaður, innan Kauphallarinnar, fyrir óskráð félög er sérstaklega mikilvægur fyrir ný fyrirtæki og lítil og meðalstór fyrirtæki sem þurfa á vaxtarfé að halda."

Sigurvegari í alþjóðlegum gæðakönnunum

Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílás Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanesbæ sími 421 4444
Bifreiðaverkstæðið Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bifreiðaverkstæði Borgþórs Egilsstöðum sími 471 1436

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

TAP Á TRYGGINGASTARFSEMI Tæplega 3,6 milljarða hagnaður Sjóvá í fyrra segir ekki alla söguna því afkoman af vátryggingastarfsemi var óviðunandi.

Slæm afkoma af tryggingarekstrinum

Rekstur tryggingafélaganna af vátryggingastarfsemi var óviðunandi í fyrra og skýrist gríðarlegur hagnaður þeirra fyrst og fremst af hagstæðri tíð á fjármálamörkuðum. Tryggingafélög hagnast annars vegar af því að selja tryggingar og hins vegar af því að kaupa og selja hlutabréf og önnur verðbréf.

Hagnaður Vátryggingafélags Íslands af vátryggingum var þó mun betri en hjá samkeppnisaðilunum, Sjóvá og Tryggingamiðstöðinni. Vátryggingastarfsemi VÍS skilaði 1.077 milljóna króna hagnaði á móti 202 milljónum hjá TM og 77 milljóna tapi hjá Sjóvá.

Tjónaþunginn var mikill og á síðasta fjórðungi 2004 var tap á vátryggingastarfsemi allra félaganna.

Að mati Davíðs Rúdólfssonar, hjá greiningardeild KB banka, skýrist þessi slæma afkoma fyrst og fremst af mikilli samkeppni á tryggingamarkaðnum og hárri tíðni tjóna en auk þess hefur reynslan sýnt að tjónahlutfall tryggingafélaganna er jafnan hátt á þenslutímum sem þessum.

„Það er ljóst að afkoma af sjálfum vátryggingarekstri félaganna er óviðunandi á síðasta ári og fátt sem bendir til þess að veruleg breyting verði í þeim efnum á þessu ári," segir hann.

- eþa

AFKOMA TRYGGINGAFÉLAGANNA 2004

	Afkoma af tryggingastarfsemi	Hagnaður alls
Sjóvá	– 77	3.590
TM	+ 202	1.980
VÍS	+ 1.077	2.525

** Tölur í milljónum*

Traust í viðskiptum

ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

KATRÍN ÓLAFSDÓTTIR

Margir telja að hagfræði og viðskiptafræði snúist einungis um peninga, en það er langt í frá að svo sé. Jú, þessi fræði fjalla að hluta til um peninga, en stór hluti þeirra snýst um mannlegt eðli. Fjármálakerfi heimsins byggir á því að viðskiptavinir treysti því að ef þeir leggja peninga inn í banka geti þeir tekið þá út aftur.

Í fróðlegu erindi sem Gylfi Magnússon hélt nýlega um traust í viðskiptum kom fram að þótt manni finnist augljóst að traust skipti miklu máli í viðskiptum var það ekki fyrr en á sjöunda áratug síðustu aldar að hagfræðingar fóru að taka tillit til þess í líkönum sínum. Fremstur í flokki fór þar Nóbelsverðlaunahafinn Reinhard Selten.

Gylfi ræddi meðal annars um maghrib-kaupmennina. Þetta var hópur gyðinga sem á miðöldum stunduðu verslun við Miðjarðarhaf og náðu ótrúlegum árangri í að koma á viðskiptum milli fjarlægra landa, þar á meðal Vesturlanda og landa í Arabaheiminum. Í stuttu máli komu gyðingarnir sér upp lokuðum félagsskap kaupmanna og umboðsmanna. Þeir áttu síðan viðskipti hver við annan og réðu almennt ekki umboðsmenn utan félagsskaparins. Þar sem viðskiptin gengu vel var hagnaður af því að vera í þessum félagsskap.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Það er fyrirtækjum mikilvægt að orðspor þeirra sé gott. Mörg fyrirtæki leggja mikið upp úr viðskiptavild til að tryggja að viðskiptavinurinn komi aftur og aftur.

Það er fyrirtækjum mikilvægt að orðspor þeirra sé gott. Mörg fyrirtæki leggja mikið upp úr viðskiptavild til að tryggja að viðskiptavinurinn komi aftur og aftur. Í Íslensku ánægjuvoginni er metin ánægja viðskiptavina helstu fyrirtækja í nokkrum atvinnugreinum, en sterkt samband er á milli ánægju viðskiptavinar og tryggð hans við fyrirtækið. Í Íslensku ánægjuvoginni kom Ölgerðin Egill Skallagrímsson best út við síðustu mælingu. Meðal fjármálafyrirtækja fengu Sparisjóðirnir bestu einkunn og meðal smásölufyrirtækja kom Olís best út.

Ég átti nýlega viðskipti við þjónustufyrirtæki hér í bæ. Fyrirtækið, sem auglýsir hraða þjónustu, reyndist ekki standa undir nafni. Þegar ég reyndi að ræða við starfsmenn fyrirtækisins í tilraun til að leysa málið fór lítið fyrir þjónustulund. Þjónustufyrirtæki lifir ekki lengi án trausts, en eftir þessi viðskipti var mitt traust horfið. Við búum hins vegar í markaðshagkerfi þar sem samkeppnin er til staðar og næst vel ég annað fyrirtæki.

Össur selur í Össuri hf.

Össur Kristinsson, frumkvöðullinn á bak við hátæknifyrirtækið Össur hf., seldi í gær um helming hluta sinna í fyrirtækinu. Hann á nú 9,3 prósent í félaginu.

Össur seldi alls þrjátíu milljón hluti í Össuri og fóru viðskiptin fram á genginu 80. Það þýðir að hann fær 2,4 milljarða króna í sinn hlut.

William Demant Invest, sem er einn stærsti hluthafinn í Össuri, keypti þrettán milljón hluti af Össuri. Fjárfestingarfélagið Eyrir, sem Þórður Magnússon á, keypti tvær milljónir hluta og Mycenaean Holding, í eigu Hilmars Janussonar, keypti einnig tvær milljónir hluta.

Eftir þessi viðskipti á William Dement Invest 20,2 prósent í Össuri hf. og Eyrir á 10,5 prósent.

Össur Kristinsson átti um 18,7 prósent í fyrirtækinu áður en viðskiptin í gær áttu sér stað. **- þk**

Nýr valkostur!

Krydduð lambasteik

1.098 kr./kg

35% AFSLÁTTUR

Krónu hamborgarhryggur

844 kr./kg

Verð áður: 1.298

Meira úrval

Höfðingi

229 kr./stk.

Kutchen meister rúllutertur

99 kr./stk.

Frosinn holda kalkúnn

598 kr./kg.

Gráðaostur

169 kr./stk.

Bónda brie

149 kr./stk.

Ananas

249 kr./stk.

Tuc salt kex 3 pakkar

99 kr./pk.

Opið alla daga

ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

KRÓNAN

VIRK SAMKEPPNI

Bautabúrs Bayonneskinka

741 kr./kg

Verð áður: 1.481

50% AFSLÁTTUR

Nóa siríus páskaegg nr. 6

959 kr./stk.

Mónu páskaegg nr. 6

899 kr./stk.

Myllu Marens botnar

298 kr./stk.

Myllu brauðtertu brauð

149 kr./stk.

Verð áður: 229

Tuc beikon og papriku kex

49 kr./pk.

Náttúru maís korn

432g.

29 kr./stk.

Verð áður: 76

Blandaðir ávextir

825g.

149 kr./stk.

Newman´s örbylgjupopp

99 kr./pk.

Egils appelsín 2 l.

155 kr./2l.

Í VERSLUNUM KRÓNUNNAR

UMMÆLI VIKUNNAR

„Ég minnist þess ekki að Framsóknarflokkurinn hafi nokkru sinni um það fjallað að koma einhverjum tilteknum kandidat í stöðu fréttastjóra – hvorki á flokksþingi sínu, innan þingflokks né á öðrum stöðum innan flokks.“

Hjálmar Árnason á heimasíðu sinni 13. mars.

„Stjórnmálamenn er ekki unnt að dæma af framtíðinni, af því að enginn veit, hvað hún ber í skauti sér. Þá er hins vegar unnt að dæma af fortíðinni. Stundum að minnsta kosti hræða sporin.“

Björn Bjarnason á heimasíðu sinni 12. mars.

stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

Úr bakherberginu…

Markús Örn sendiherra

Þeim dásamlegu kenningum er nú haldið á lofti að Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri muni taka við starfi Þorsteins Pálssonar sem sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn. Eins og fram hefur komið hefur Þorsteinn sagt starfi sínu lausu frá og með næsta hausti. Þá losnar staða sem Davíð Oddsson mun skipa í og segir sagan að Markús Örn eigi inni sendiherrastarf. Honum hafi verið lofað því fyrir fjölmörgum árum en Jón Baldvin Hannibalsson hafi á sínum tíma neitað því að ráða Markús Örn sendiherra í nokkru landi. En nú ræður Jón Baldvin engu lengur. Samsæriskenningarsmiðir bæta enn í með því að halda því fram að ákvörðun Markúsar Arnar að ráða Auðun Georg sem fréttastjóra útvarps hafi verið tekin í þessu samhengi. Markús Örn hafi ekki viljað styggja stjórnvöld og hafna Auðuni þegar loks sé komið að því að hann fái að komast á kampavínsspenann eftirsótta.

Þorsteinn á Morgunblaðið

Þorsteinn Pálsson lýsti því yfir í viðtali í Fréttablaðinu í nóvember síðastliðnum að hann ætlaði ekki aftur í pólitík. Þær kenningar eru hins vegar á sveimi að Þorsteinn muni gerast ritstjóri Morgunblaðsins þegar hann lýkur störfum sendiherra. Þorsteinn starfaði sem blaðamaður á Morgunblaðinu áður en hann varð ritstjóri Vísis, en því starfi gegndi hann á árunum 1975 til 1979. Spurningin er aðeins sú, hvort hann hafi fyrirgefið Morgunblaðinu fyrir að hafa gagnrýnt hann í kjölfar ríkisstjórnarslitanna 1987. Hann er einnig sagður hafa orðið sár út í Morgunblaðið fyrir að hafa ekki staðið með sér í aðdraganda slagsins við Davíð um formannssætið 1991.

Það er þó ekki hægt að minnast á endurkomu Þorsteins í íslenskt þjóðlíf í haust án þess að nefna kenningar um að Þorsteinn muni taka við af Markúsi Erni Antonssyni útvarpsstjóra. Það yrði nú aldeilis sniðug flétta.

VIKA Í PÓLITÍK

SIGRÍÐUR DÖGG AUÐUNSDÓTTIR

Hvorki fugl né fiskur

Hvernig í ósköpunum er hægt að eyða jafnmiklum tíma og byggja upp jafnmiklar væntingar í frumvarp sem í ljós kemur þegar það er loksins kynnt að hvorki er fugl né fiskur eins og frumvarp menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið hefur reynst vera?

Menntamálaráðherra hefur algjörlega mistekist helsta ætlunarverk sitt með frumvarpinu, að skilgreina skyldur almenningsútvarps og hverjar þær eru umfram fjölmiðla í einkaeign.

Eins og frumvarpið lítur út nú má halda að skilgreining á skyldum Ríkisútvarpsins sem almenningsútvarps hafi eingöngu verið til þess gerð að friðmælast við ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, sem hefur haft stofnunina til athugunar. ESA hefur bent á það að hugsanlega megi teljast vafasamt að Ríkisútvarpið njóti opinberra styrkja undir því yfirskyni að það þurfi að uppfylla þær skyldur sem almenningsútvarpi beri að gera, þar sem þær skyldur séu hvergi útlistaðar í lagatextum.

Menntamálaráðherra bætti heldur betur úr því í nýja frumvarpinu sínu. Hún setti einfaldlega í lög að Ríkisútvarpið „mætti gera allt“, eins og hún orðaði það sjálf. En hver er tilgangurinn?

Er tilgangurinn einfaldlega sá að komast hjá því að íslenska ríkinu verði stefnt fyrir EFTA-dómstólinn á þeim forsendum að hafa veitt ólögmæta ríkisstyrki – án þess þó að breyta á nokkurn hátt fyrirkomulagi RÚV? Er tilgangurinn sá að spara ríkinu rúmar 800 milljónir króna á ári sem Ríkisútvarpið nær inn í auglýsingatekjur þrátt fyrir að bent hafi verið á að sú upphæð muni að öllum líkindum sparast sjálfkrafa þurfi RÚV ekki að fjárfesta í dýru erlendu afþreyingarefni til að ná sem mestu áhorfi svo stofnunin megi keppa á auglýsingamarkaði?

Eða hvað?

Hvar eru merki hins metnaðarfulla menntamálaráðherra sem hét því að loksins yrði tekið á málefnum Ríkisútvarpsins? Fáum hefur tekist að lesa út úr frumvarpinu neinar breytingar sem tekur að nefna. Enn sitjum við uppi með Ríkisútvarp sem rekið er af opinberu fé en keppir samt sem áður við fyrirtæki í einkaeign. Eina afsökunin fyrir því að reka fjölmiðil fyrir almannafé er sú að honum sé ætlað að sinna hlutverki sem öðrum fjölmiðlum tekst ekki að sinna.

En gerir Ríkisútvarpið það?

Nei, ekki eins og stendur. Vonir stóðu hins vegar til þess að með nýju frumvarpi yrði séð til þess að afsökunin væri réttmæt. Þær vonir urðu þó að engu þegar frumvarpið leit dagsins ljós. Engu hefur verið breytt. Skyldur RÚV eru áfram hinar sömu. Og að auki hinar sömu og allra annarra fjölmiðla.

Davíð vill í öryggisráðið

Davíð Oddsson utanríkisráðherra segir að stefna Íslendinga um að sækjast eftir sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna hafi ekki breyst. Hann segir að talið sé að kostnaðurinn við framboðið og þátttökuna, nái Ísland kjöri, verði á bilinu sex til sjöhundruð milljónir króna.

DAVÍÐ ODDSSON UTANRÍKISRÁÐHERRA Í GÆR Spurður hversu mikla þýðingu það hafi fyrir Íslendinga að ná sæti í öryggisráðinu segir hann að það sé metnaðarmál flestra ríkja. „Það hafa miklu fátækari og minni ríki en við axlað þessar byrðar. Aðeins örfá ríki hafa ekki viljað axla þá ábyrgð sem fylgir setu í öryggisráðinu í tvö ár,“ segir Davíð.

ÖRYGGISRÁÐIÐ „Það er skylda Íslendinga að axla þá ábyrgð sem fylgir því að sitja í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Við erum þátttakendur og nánast stofnaðilar að Sameinuðu þjóðunum og það horfir undarlega við ef við erum nánast eina þjóðin í heiminum sem ekki vill axla þá ábyrgð að eiga þarna setu að minnsta kosti einu sinni,“ segir Davíð.

„Við erum ekki í þessu einir heldur í samráði við hin Norðurlöndin. Ísland er það ríki Norðurlandanna sem sækist eftir setu í ráðinu nú með stuðningi allra hinna. Þetta er ekki okkar ákvörðun einna,“ segir Davíð.

Hann bendir á að ákvörðunin hafi verið tekin 1998. Hugmyndin hafi hins vegar komið frá Geir Hallgrímssyni í utanríkisráðherratíð hans á árunum 1983 til 1986.

„Við höfum verið lengi að hugsa okkur um og erum ekki að ana út í þetta. Það fer hins vegar að líða að þessu og því höfum við verið að fara yfir fjármálin og kanna hverjir möguleikar okkar séu,“ segir Davíð.

Hann segist hafa kynnt í utanríkismálanefnd áætlun yfir kostnað sem hlytist af framboðinu og rekstrarkostnað ef Ísland hlýtur kosningu í ráðið. „Það er afskaplega erfitt að ábyrgjast einhverjar tölur í þessu samhengi þótt kostnaðurinn hafi verið áætlaður á bilinu sex til sjöhundruð milljónir. Ég hef óttast það að talan kunni að hækka þegar við erum komnir í slaginn,“ segir Davíð.

Hann bendir jafnframt á að staða Íslands hafi breyst frá því að ákvörðunin var tekin og því hafi málið verið skoðað vandlega að undanförnu. „Í staðinn fyrir að við töldum að við yrðum aðeins tvær þjóðir frá þessu svæði, þá verða þær þrjár, en auk okkar hafa Tyrkir og Austurríkismenn tilkynnt að þeir muni sækjast eftir sæti,“ segir Davíð.

Spurður hversu mikla þýðingu það hafi fyrir Íslendinga að ná sæti í öryggisráðinu segir hann að það sé metnaðarmál flestra ríkja. „Það hafa miklu fátækari og minni ríki en við axlað þessar byrðar. Aðeins örfá ríki hafa ekki viljað axla þá ábyrgð sem fylgir setu í öryggisráðinu í tvö ár,“ segir Davíð.

„Það er ekki endilega víst að það verði okkur alltaf til framdráttar því fulltrúi okkar yrði að taka ákvarðanir sem yrðu kannski óvinsælar á köflum. Menn geta verið að styggja hina og þessa eftir því hvernig atkvæði myndu falla hverju sinni þannig að það má deila um það hvort við græðum á þessu,“ segir Davíð.

sda@frettabladid.is

UMMÆLI Á ALÞINGI

„Við erum þjóðin sem safnar dótinu. Við erum hin mikla dótaþjóð, eins og einhver sagði, og sá vinnur sem á mest dót þegar hann deyr. Þetta er viðhorfið sem víða er, því miður. Ef við ættum minni bíla og færri, byggjum í minni húsum og ættum minna dót liði okkur miklu betur. Það er hin mikla eyðsla samfélagsins, þessi ofboðslega eyðsla sem er að sliga samfélagið þannig að öll barátta fyrir því að menn eyði minni peningum er sú barátta sem mun hjálpa skuldurunum. Við þurfum mjög á því að halda í þessu mjög svo timbraða samfélagi.“

Einar Oddur Kristjánsson á Alþingi 15. mars í umræðu um afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum.

„Hjá Framsóknarflokknum hefur verið talað um Kasper, Jesper og Jónatan sem meðreiðarsveina hæstvirts forsætisráðherra. Mér sýnast Rip, Rap og Rup vera hér nú sem hafa farið með þessar miklu tillögur sem eru svo ekki neitt neitt.“

Kristján Möller á Alþingi 17. mars í umræðu um sveitarstjórnarlög.

„Var þessi Evrópulopi beint af spunarokkum vikapiltanna í kringum forsætisráðherra og til þess ætlaður fyrst og fremst að draga athyglina frá valdabaráttu og innanflokksátökum og tryggja að ekki yrði rætt of mikið um óþægileg mál eins og Írak eða einkavæðingu Landssímans á flokksþinginu – eða hvað?“

Steingrímur J. Sigfússon á Alþingi 15. mars í umræðu um Evrópumál.

„Við heyrðum hér sjálfskipaðan djúpsálarfræðing þingsins [Ögmund Jónasson] ljúka ræðu sinni. Það var sögulegt upphaf að utandagskrárumræðu sem hófst hér með fleiri „efum“ og „mundi“ og „skyldi“ en ég hef nokkru sinni heyrt áður í utandagskrárumræðu á Alþingi eins og kom fram hér hjá háttvirtum þingmanni, Steingrími J. Sigfússyni. Ef öll þessi ef og kannski og skyldi og einlægur, mér liggur við að segja sjúklegur áhugi hans á Framsóknarflokknum væri tekin burt úr ræðunni ímynda ég mér að hún fjalli eitthvað um Evrópusambandið, hvort við viljum ganga inn í það eða hvort við viljum ekki ganga inn í það.“

Hjálmar Árnason á Alþingi við sama tækifæri.

Helgarsprengja

Öll raftæki fást í Hagkaupum Smáralind, Skeifu, Kringlu og Spöng

Nýtt kortatímabil

United 21" sjónvarp

Sambyggt 21" sjónvarp og DVD spilari

- 21" Black Matrix myndlampi
- Textavarp
- Allar aðgerðir á skjá
- 2xScart tengi
- Fjarstýring
- Fjölkerfa DVD spilari
- Spilar DVD/CD/CDR/CDRW/VCD/SVCD/JPG/MP3

24.990

United DVD spilari DVD5067

DVD/CD/CDR/CDRW/VCD/SVCD/JPEG/MP3 Spilari
Spilar öll kerfi (multi region)
Kareoke fyrir tvo míkrafóna
Dolby Digital AC3
Digital Theatre Sound (DTS)
Valmyndakerfi
NTSC Afspilun yfir í Pal
RCA, Scart, Coax og Optical tengi
Fjarstýring

6.990

United MP3 spilari 256MB

MP3 Spilari í lyklakippustærð!
Innbyggt 256mb Minni
FM útvarp
Diktafónn
LCD Skjár með baklýsingu
Hægt að vista tölvugögn eða MP3 lög
USB Tengi fyrir gagnaflutning
Endist í 12 klukkustundir með 1 AAA rafhlöðu
Heyrnartól og Rafhlöður fylgja

9.990

Olympus C370 digital myndavél

3,2 MegaPixel
3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
Linsa: 5.8 - 17.4mm (35mm samb.: 38 - 114mm)
1,5" LCD Skjár
Autofocus og Auto White Balance
Auto Exposure og þrjár manual stillingar
Hágæða Hreyfimyndataka
Þrjár myndstærðir
Portrait, Self Portrait, Night Scene, Landscape Modes
Auto Flass og Red Eye Reduction
Tímarofi
USB Tenging við tölvu
12mb innra minni
Hugbúnaður fylgir

12.990

27.990

Olympus µ-mini digital myndavél

4 MegaPixel
2x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
Linsa: 5.8 - 11.6mm (35mm samb.: 35 - 70mm)
1,8" LCD Skjár
Autofocus og Auto White Balance
Auto Exposure og þrjár manual stillingar
Hágæða Hreyfimyndataka með hljóði
Sjö myndstærðir
Portrait, Night Scene, Self Portrait, Self Portrait and Self Timer, Beach and Snow, Cuisine, Indoor, Landscape, Landscape with Portrait, Behind Glass, Candle, Sunset og Fireworks Modes
Auto Flass og Red Eye Reduction
Tímarofi
USB Tenging við tölvu
16mb xD kort fylgir
Hugbúnaður fylgir
Litur: Silfur, Svört, Rauð eða Blá

24.990

Philips MX2500 heimabíósett

Fyrirferðalítið og nett Heimabíósett, 400w (5x30w og 1x50w RMS) Digital Magnari
Fjölkerfa DVD Spilari, 5 Hátalarar og Bassabox, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II
Digital Coaxal út, Scart (með RGB), 2 RCA inngangar og 1 RCA útgangur
FM Útvarp með stöðvaminnum, Spilar MP3 og JPG, Fjarstýring

9.990

United hljómtæki

Míkró samstæða með útvarpi með stöðvaminnum, geislaspilara, kasettutæki og fjarstýringu

4.990

Babyliss keramik krullujárn

Einstök ný aðferð til að móta sérstaklega þéttar og kraftmiklar krullur sem haldast lengi í hárinu. Gefur hárinu mikinn glans. Keramik húðað, hitnar strax, snúanleg snúra, ótrúlega einfallt í notkun

Babyliss keramik sléttujárn

Þunnar og mjúkar keramikplötur. Frábært tæki til að slétta og móta hárið. 60 sek. að hitna

3.990

Gildir til 22. mars eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

PÓSTVERSLUN HAGKAUPA
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255

DAVID LIVINGSTONE (1813-1873)
fæddist þennan dag.

„Ég hef ákveðið að ég ætla ekki að nema staðar fyrr en ég hef náð á leiðarenda og markmiði mínu.“

Frægastur er trúboðinn og landkönnuðurinn skoski frá Viktoríutímanum fyrir orðin sem hrutu af vörum Henrys Mortons Stanley þegar fundum þeirra bar saman í myrkviðum Afríku; „Doktor Livingstone, vænti ég“. Dagblaðið New York Herald hafði gert Stanley út af örkinni árið 1869 til að finna Livingstone, sem hafði veikst og misst samband við umheiminn þar sem hann leitaði að uppruna Nílar.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST

Argentíski fáninn á Falklandseyjum

Hópur Argentínumanna flaggaði þjóðfána sínum á bresku nýlendunni Falklandseyjum þennan dag árið 1982.
Viðræður á milli þjóðanna höfðu staðið yfir í New York í tvo mánuði en þeim var ýtt til hliðar og Argentínumenn sögðust ætla að reyna að leysa málið á annan hátt.
Um fimmtíu manna hópur, sem talinn var vera kominn til að hreinsa upp brotajárn á eyjunni Suður-Georgíu, reisti fána og lýsti yfir sjálfstæði eyjunnar. Bresk stjórnvöld töldu í fyrstu að um auglýsingabrellu væri að ræða. Hópurinn var þó bara byrjunin á því sem koma skyldi því tveimur vikum síðar réðst argentínskur her inn í Port Stanley.

FRÁ FALKLANDSEYJUM

Bresk stjórnvöld létu ekki vita af innrásinni í heimalandi sínu fyrr en tveimur dögum eftir hana og nokrum vikum síðar lést fyrsti Bretinn sem búsettur var á Falklandseyjum í átökum við argentínska herinn.
Þann 25. apríl kom breskur her til Falklandseyja og létust 655 argentínskir hermenn og 255 Bretar.
Fyrsta maí sama ár létu Breatar sprengjum rigna yfir Port Stanley og þann 14. júní gafst argentíski herinn upp.
Argentínumenn kalla eyjurnar Islas Malvinas og hafa gert tilkall til þeirra frá því að yfirráðum Spánverja lauk þar. Bretar hertóku Falklandseyjar árið 1833.

MERKISATBURÐIR

1859 Óperan „Faust“ eftir Charles Gounod er frumsýnd í París.
1908 Bríet Bjarnhéðinsdóttir tekur til máls á bæjarstjórnarfundi í Reykjavík, fyrst kvenna. Tillaga hennar um fjárveitingu til sundkennslu fyrir stúlkur var samþykkt.
1917 Hæstiréttur Bandaríkjanna staðfestir að vinnudagurinn við lagningu járnbrauta skuli vera átta tímar.
1925 Hveragos hefst á Reykjanesfjallgarði.
1953 Sjónvarpað er í fyrsta sinn frá Óskarsverðlaunahátíðinni, gamanleikarinn Bob Hope er kynnir.
1971 Tollstöðvarhúsið í Reykjavík tekið í notkun.
1995 Snjóflóð fellur á verksmiðjuhús Vestdalsmjöls á Seyðisfirði. Ellefu starfsmenn sluppu naumlega.

AFMÆLI

Sigurður Björnsson óperusöngvari er 73 ára í dag.

Friðrik Pálsson hótelhaldari er 58 ára í dag.

Leoncia India Martin (Leoncie) söngkona er 52 ára í dag.

Valgerður Matthíasdóttir (Vala Matt) arkitekt og sjónvarpskona er 52 ára í dag.

Jóhanna K. Eyjólfsdóttir, framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International, er 51 árs í dag.

Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði, er 47 ára í dag.

Björgólfur Thor Björgólfsson umbreytingafjárfestir er 38 ára í dag.

Kristján Rúnar Kristjánsson stærðfræðingur er 35 ára í dag.

Sindri Páll Kjartansson kvikmyndagerðarmaður er þrítugur í dag.

Jakobína H. Árnadóttir, verkefnisstjóri tóbaksvarna hjá Lýðheilsustofnun, er 28 ára í dag.

Hjónin **Bogi Pétursson**, fyrrum forstöðumaður á Ástjörn, og **Margrét Magnúsdóttir** bjóða vinum og fjölskyldu til kaffisamsætis í sal Glerárkirkju í dag frá klukkan fjögur til sex, í tilefni af 80 ára afmæli Boga hinn 3. febrúar og 75 ára afmæli Margrétar hinn 5. apríl.

ANDLÁT

Einþór Jóhannsson, bifreiðarstjóri, Heiðarvegi 8, Reyðarfirði, lést þriðjudaginn 15. mars.

Ari Magnússon, frá Miðhúsum, Strandgötu 32, Neskaupstað, lést miðvikudaginn 16. mars.

Helga Sigríður Gísladóttir, Hæðargarði 2, Reykjavík, lést miðvikudaginn 16. mars.

Gréta Emilía Júlíusdóttir, húsfrú, Helgamagrastræti 19, Akureyri, lést fimmtudaginn 17. mars.

JARÐARFARIR

11.00 **Guðmunda Jóhannsdóttir**, Hlíf 2, Ísafirði, verður jarðsungin frá Ísafjarðarkirkju.

11.00 **Hjalti Þórðarson**, frá Reykjum á Skeiðum, Engjavegi 43, Selfossi, verður jarðsunginn frá Selfosskirkju.

13.30 **K. Hartmann Antonsson**, Ljósheimum á Selfossi, verður jarðsunginn frá Selfosskirkju.

14.00 **Freddý Friðrik Þórhallsson**, Ránargötu 10, Grindavík, verður jarðsunginn frá Grindavíkurkirkju.

14.00 **Magnús Pálsson**, Syðri-Steinsmýri, Meðallandi, verður jarðsunginn frá Langholtskirkju.

14.00 **Magnússína Guðbjörg *Nancy* Magnúsdóttir**, frá Stapa í Vestmannaeyjum, Kambahrauni 30, Hveragerði, verður jarðsungin frá Þorlákskirkju.

16.00 **Örn J. Jóhannsson**, vélvirki, Höfðastíg 8, Bolungarvík, verður jarðsunginn frá Hólskirkju í Bolungarvík.

FÆDDUST ÞENNAN DAG

1873
Max Reger, tónskáld.

1936
Ursula Andress, leikkona.

1947
Glenn Close, leikkona.

1955
Bruce Willis, leikari.

1956
Alina Castro, dóttir Fídels.

1969
Michael Bergin, fyrirsæta og leikari.

1976
Rachel Blanchard, leikkona.

HJÖRDÍS GÍSLADÓTTIR Stofnaði Grænan kost fyrir tíu árum. Hér er hún ásamt dóttur sinni, Ölmu Olsen, sem er rekstrarstjóri staðarins.

TÍMAMÓT: VEITINGASTAÐURINN GRÆNN KOSTUR ER TÍU ÁRA Í DAG

Matarvenjur hafa breyst mikið

Grænmetisstaðurinn Grænn kostur er tíu ára í dag. Eigandi staðarins, Hjördís Gísladóttir, segir að margt hafi breyst á þessum tíu árum varðandi mataræði Íslendinga og þeir séu farnir að borða mun meira af grænmeti. Í tilefni af afmælinu ætlar Hjördís að selja rétt dagsins á 450 krónur en það er sama upphæð og skammturinn kostaði fyrir tíu árum síðan. „Ég ætla líka að gleðja starfsfólkið með því að fara með það út að borða. Við ætlum að byrja í fordrykk heima hjá Ölmu Olsen dóttur minni og svo munum við tromma niður á 101 hótel þar sem við ætlum að fá okkur að borða,“ segir Hjördís, sem er mjög stolt á þessum tímamótum. Kúnnarnir á Grænum kosti eru langt frá því að vera allir grænmetisætur heldur fólk sem hefur bætt grænmetisfæði við mataræði sitt. Maturinn á Grænum kosti hefur alltaf verið ger-, hveiti- og sykurlaus og mjólkurvörur hafa ekki verið brúkaðar nema í sósur og þá hefur AB mjólk orðið fyrir valinu. Hjördís segir að grænmetisbuffin hafi í gegnum tíðina verið vinsælasti maturinn á staðnum en segir að brokkolíbaksturinn sé að ná miklum vinsældum núna.

„Í stað þess að nota mjöl í botninn erum við farin að búa hann til úr byggi, linsum og hrísgrjónum sem gerir matinn kolvetnissnauðari. Fólk er farið að spá svo miklu meira í hvað það lætur ofan í sig. Íslendingar eru mjög hrifnir af grænmetisréttum með ítölsku ívafi og því eru þystilhjörtu og sólþurrkaðir tómatar mikið notaðir ásamt ítölskum kryddjurtum,“ segir hún. Uppáhaldsmatur Hjördísar eru próteinbollur með kasjúhnetusósu sem er nýr réttur á matseðlinum. Aðspurð um kúnnahópinn segir Hjördís hann vera mun breiðari núna heldur en hann var þegar staðurinn opnaði. „Eldra fólk sást ekki hérna áður fyrr en núna er það farið að sækja staðinn og unglingsstúlkur eru farnar að koma einar sem voru vanar að koma með mömmum sínum þegar þær voru litlar. Mér finnst það skemmtileg þróun. Lykilinn að velgengninni er að vera alltaf með góðan mat, einhverjar nýjungar og að passa vel upp á hráefnið,“ segir Hjördís, sem lítur björtum augum til framtíðar og er langt frá því að setjast í helgan stein. ■

Íraksstríðinu mótmælt í dag

Í dag verður efnt til mótmæla í Reykjavík og á Akureyri undir slagorðinu „Höfnum stríði!“ Tilefni mótmælanna er að núna um helgina eru liðin tvö ár liðin „frá því að ólöglegt árásarstríð Bandaríkjastjórnar og bandalagsríkja hennar í Írak hófst,“ eins og segir í tilkynningu. Þar kemur fram að um heim allan efni andstæðingar stríðsrekstrs og vígvæðingar til aðgerða af þessu tilefni.

Í Reykjavík verður stutt dagskrá á Ingólfstorgi klukkan tvö, en að öðru eru aðgerðirnar sagðar táknrænar, þar sem athyglinni verður beint að þeim tugþúsundum sem látið hafa lífið vegna stríðsins.

Áréttuð verður krafan um að hernáminu í Írak ljúki tafarlaust, írösku þjóðinni verði falin stjórn eigin mála og refsað verði fyrir þá stríðsglæpi sem framdir hafa verið. „Á sama tíma koma stríðsandstæðingar á Akureyri saman á Restaurant Karólína. Þar verður efnt til fundar, þar sem Kristinn H. Gunnarsson alþingsmaður og Anna Rögnvaldardóttir menntaskólanemi flytja ávörp.“ Frekari upplýsingar um aðgerðir dagsins er að finna á vefsíðunni fridur.is/19mars/. ■

WWW.MARCH19TH.ORG Á þessari vefsíðu er fjallað um mótmæli vegna Íraksstríðsins sem fram fara um allan heim núna um helgina í tilefni af því að tvö ár eru síðan innrásin hófst. Upplýsingar um mótmæli hér er að finna á slóðinni fridur.is/19mars/.

†

Vegna útfarar okkar ástkæra sonar, bróður, barnabarns og frænda,

Árna Jens Valgarðssonar

viljum við þakka innilega fyrir allan þann samhug og kærleik sem okkur hefur verið sýndur á þessum erfiðu tímum.

Með kærri kveðju.

Valgarður, Þóra, Guðmundur Elvar og Daníel frá Sigurðarstöðum
Melrakkasléttu, Brynja Vala, afar, ömmur og aðrir aðstandendur.

GÖNGU-HRÓLFUR Japönum er margt til lista lagt eins og þessi forláta göngubúnaður sýnir. Hver veit nema hér séu fararskjótar framtíðarinnar á ferð.

UM BORÐ Í GOÐAFOSSI Baldur Guðnason og Guðfinna Bjarnadóttir.

Eimskip í háskólanám

Eimskip hefur samið við Stjórnendaskóla Háskólans í Reykjavík um að skólinn taki að sér fræðslu og starfsþróun fyrir starfsmenn fyrirtækisins.

Markmið samningsins er að styrkja innviði Eimskipafélagsins og stöðu þess í ört vaxandi samkeppni. Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips, og Guðfinna S. Bjarnadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík, undirrituðu samstarfssamning á fimmtudag um borð í Goðafossi.

Stjórnendaskóli HR mun starfa náið með Eimskipi við að efla leiðtogahæfni stjórnenda og aðstoða félagið við stefnumótun og ýmsar breytingar í rekstri. Eimskip fær aðgang að breiðum hópi sérfræðinga sem starfa innan Háskólans í Reykjavík.

Samningurinn er liður í umbreytingarferli sem nýir eigendur Eimskips hófu á síðasta ári og miðar að því að efla þjónustu við viðskiptavini, bæta arðsemi félagsins og auka verðmæti þess. Markmið þess verkefnis er að efla og samræma þjónustu Eimskips og auka hæfni starfsmanna til að sinna þörfum viðskiptavina. ■

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

Gefðu rétta tóninn!

eða

Nokia 3100 Nokia 2600

+ 300 SMS*, 50 Myndskilaboð og 5 Java-leikir, hringitónar og veggfóður.

= 9.900 kr.

og vodafone™

Heyrumst!

Komdu í **Og Vodafone** verslun, smelltu þér á **www.ogvodafone.is** eða hringdu í **1414** fyrir nánari upplýsingar.

***Þú færð 500 kr. inneign á símanúmerið þitt mánaðarlega í 6 mánuði.**

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 27344 03/2005

Verðið er líka frábært!

299*

399*

Góður ís – Gott verð!

emmessís

argus – 04-0560

*Algengt verð í matvöruverslunum

FRUMSÝNUM NÝJAN GS UM HELGINA

KOMDU OG REYNSLUAKTU EINUM GLÆSILEGASTA BÍL SEM VÖL ER Á.
OPIÐ LAUGARDAG FRÁ 12.00 TIL 16.00 OG SUNNUDAG FRÁ 13.00 TIL 16.00.

NÝBÝLAVEGUR 6 • 200 KÓPAVOGUR • S. 570 5400 • WWW.LEXUS.IS

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 27710 3/2005

NÝR GS

Við leitum stöðugt að fullkomnun. Nýr Lexus GS færir þig nær takmarkinu. Stíllinn er glæsilegur, yfirbragðið sportlegt, viðbragðið snöggt og kraftmikið og aksturinn engu líkur. Vertu fremstur á þínu sviði. Aktu á nýjum Lexus GS.

LEXUS

The pursuit of perfection

JÓNAS KRISTJÁNSSON
Jónas hefur stundað blaðamennsku í 44 ár, frá því að hann hóf störf á Tímanum 21 árs gamall. Þar varð hann fljótlega fréttastjóri, en árið 1966 var hann orðinn ritstjóri Vísis.

Á heima í ólátunum

Jónas Kristjánsson sest aftur í ritstjórastól DV um miðjan næsta mánuð, en hann var ritstjóri blaðsins frá stofnun fyrir 30 árum síðan og fram til ársins 2001. Jónas, sem varð 65 ára fyrr á árinu, segist hlakka til að komast aftur í „ólætin“ sem fylgja dagblaðarekstri, en hann hefur ekki ritstýrt dagblaði síðan á vordögum árið 2002 þegar hann lét af ritstjórn Fréttablaðsins.

Jónas Kristjánsson í hnotskurn

Fæddur: 5. febrúar 1940.
Maki: *Kristín Halldórsdóttir* stjórnmálakona.
Börn: *Kristján* jarðfræðingur, *Pálmi* fréttamaður og sagnfræðingur, *Pétur* kerfisfræðingur og *Halldóra* líkamsræktarþjálfari.
Menntun: Stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1959 og BA-próf í sagnfræði frá Háskóla Íslands árið 1966.
Starfsferill: Blaðamaður og fréttastjóri á Tímanum 1961 til 1964. Fréttastjóri Vísis 1964 til 1966. Ritstjóri Vísis 1966 til 1975. Ritstjóri Dagblaðsins 1975 til 1981. Ritstjóri DV 1981 til 2001. Ritstjóri Fréttablaðsins 2002. Utgáfustjóri Eiðfaxa ehf. 2003 til 2005.

„Þetta er náttúrlega mjög spennandi verkefni og verksvið sem ég þekki mjög vel,“ segir Jónas Kristjánsson ritstjóri um ástæður þess að hann kýs að snúa aftur í dagblaðahasarinn. „Þetta er mitt fag meðan hestageirinn er svona meira áhugasvið,“ segir hann, en síðustu tvö árin hefur hann sinnt útgáfu hestablaðsins Eiðfaxa. Jónas neitar því ekki að hann hafi verið farinn að sakna þess að vinna á dagblaði. „Til að byrja með er það hvíld að hætta, en svo þegar maður er búinn að ná sér niður á jörðina og farinn að lifa heilbrigðu og eðlilegu lífi fer maður að sakna ólátanna og vill komast í þau aftur. En það tekur kannski svona ár að átta sig á því að maður á heima í ólátunum.“ Spurður hversu langa viðveru hann ætli að hafa á blaðinu svarar Jónas því til að þrjú ár gætu talist hæfilegur tími. „Þetta er náttúrlega stórt spurt og fer eftir ýmsu, heilsufari og öðru slíku. En það tekur nú tíma að ná árangri í lífinu og gerist ekki allt í hvellinum. Ég gæti vel ímyndað mér að gott væri að vera þarna í þrjú ár. Það er líka vont að vera of lengi í starfi,“ segir hann.

Vildi komast ókeypis í bíó

Blaðamennskuferill Jónasar hófst á Tímanum árið 1961 þegar hann var 21 árs gamall, þá háskólanemi í Vestur-Berlín í Þýskalandi. Aðeins hafði hann þó komið að skrifum áður þegar hann ritstýrði skólablaði Menntaskólans í Reykjavík. „Í skólanum var vetrarfrí og ég hafði samband við Óla Gauk gítarkennara, en þá var hann blaðamaður á Tímanum, og spurði hvort þeir vildu ekki taka við greinum frá mér um Björninn, kvikmyndahátíðina í Vestur-Berlín, sem þá þegar var komin af stað. Mig langaði nefnilega til að komast frítt í bíó. Það varð úr og ég fór á bíómyndir allan sólarhringinn og sendi einhverjar greinar í Tímann sem voru birtar.“ Í framhaldinu skrifaði Jónas svo Andrési Kristjánssyni, sem þá var ritstjóri blaðsins, og spurði hvort hann gæti ekki komist að sem sumarafleysingamaður. „Það gekk upp og ég byrjaði því sumarið 1961, en var þá búinn að vera tvö ár í námi. Úr þessum sumarafleysingum fór ég svo aldrei heldur fraus inni og varð fljótlega fréttastjóri.“ Árið 1964 færði Jónas sig svo yfir á Vísi og lauk skömmu síðar sagnfræðinámi frá Háskólanum sem hann stundaði með vinnu. „Á þessum tíma var Gunnar Schram ritstjóri á Vísi og Þorsteinn Thorarensen fréttastjóri, en þeir höfðu nýlega tekið við blaðinu og voru að hressa upp á það. Í þá daga voru blöðin önnur en nú, bæði flokkstengd og ansi grá.“ Árið 1966 tók Jónas svo við ritstjórn Vísis og hélt þeirri stefnu að losa um pólitísk tengsl. „Ég fékk inn góðan framkvæmdastjóra og þetta gekk mjög vel fjárhagslega. Þannig reis Vísir úr hálfgerðri öskustó og varð útbreiddari en Tíminn, sem þá var næstútbreiddasta blað landsins,“ segir hann.

Árið 1975 kom upp ágreiningur milli Jónasar og eigenda Vísis, sem voru kaupsýslumenn úr innsta hring Sjálfstæðisflokksins. Jónas og framkvæmdastjóri Vísis, Sveinn R. Eyjólfsson, stofnuðu þá saman Dagblaðið og lýstu því yfir að það væri óháð öllum stjórnmálaflokkum. Dagblaðið og Vísir voru svo sameinuð árið 1981 þannig að úr varð DV eftir grimmilega samkeppni á síðdegisblaðamarkaði. „Þar hætti ég svo í árslok 2001 og var í nokkra mánuði ritstjóri á Fréttablaðinu, en fór svo yfir í þessa hestaútgáfu sem ég er búinn að vera í í rúmlega tvö ár. Ég þarf svona mánuð til að hreinsa til þar svo að orðið geti góð skipti og þess vegna hef ég ekki störf á DV fyrr en í næsta mánuði.“

Mikael tók fyrstu skrefin hjá Jónasi

Jónas segist hlakka mjög til að starfa með Mikael Torfasyni, sem nú er einn ritstjóri DV eftir að Illugi Jökulsson varð útvarpsstjóri Talstöðvarinnar. „Þannig vill nú til að Mikael byrjaði sína blaðamennsku hjá mér á Fókusi sem gefið var út með DV. Hann var mjög efnilegur í þá daga og hefur komist þetta síðan þannig að ég hlakka mikið til að starfa með svona ungum manni í þessu starfi.“ Þá segir hann að í raun fari betur á því að vera með tvo ritstjóra en einn. „Þetta er of mikið fyrir einn mann,“ segir hann, en lengst af ritstýrði hann Dagblaðinu áður með öðrum. „Ef menn geta unnið saman er þetta allt annað líf. Hitt er eins og mara að vera einn með allt saman og öll þau læti og áreiti sem maður verður fyrir, hvort heldur sem er utan úr bæ eða inni á stofnuninni. Ef það eru tveir er alltaf hægt að ná sér í hvíldartíma.“

> **Á DV hefur orðið breyting, en þegar blaðið var endurreist var tekin upp þessi nýja lína frá norrænu hádegisblöðunum og verið rekin síðan. Margir áttu erfitt með að sætta sig við þessa breytingu, sérstaklega fyrst í stað, en ég held nú að það versta sé afstaðið og fleiri sem átta sig á því að þarna er á ferð ákveðin tegund af blaðamennsku sem fyllir myndina og hjálpar fólki að átta sig á því sem er að gerast í samfélaginu.**

Jónas segir ekki von á breyttri ritstjórnarstefnu hjá DV með aðkomu sinni. „Á DV hefur orðið breyting, en þegar blaðið var endurreist var tekin upp þessi nýja lína frá norrænu hádegisblöðunum og verið rekin síðan. Margir áttu erfitt með að sætta sig við þessa breytingu, sérstaklega fyrst í stað, en ég held nú að það versta sé afstaðið og fleiri sem átta sig á því að þarna er á ferð ákveðin tegund af blaðamennsku sem fyllir myndina og hjálpar fólki að átta sig á því sem er að gerast í samfélaginu.“

UNGUR FRÉTTASTJÓRI Á TÍMANUM
Svona leit Jónas Kristjánsson út þegar hann var fréttastjóri á Tímanum rétt rúmlega tvítugur.

Hann segir þá blaðamennsku sem stunduð er á DV um þessar mundir mjög spennandi og telur að fólki muni falla hún vel þegar fram í sækir. „Ég er mjög sáttur við þessa ritstjórnarstefnu. Auðvitað eru gerð þarna mistök eins og á öðrum fjölmiðlum og kannski sérstaklega erfitt að fóta sig þegar verið er að móta nýja stefnu sem ekki hefur verið farin áður hér á landi, en þá þurfa menn bara að reka sig á og læra af reynslunni,“ segir hann og bætir við að hann hafi gert uppkast að siðareglum fyrir DV, líkt og fyrir Fréttablaðið á sínum tíma. „Munurinn á siðareglunum er reyndar ekki mikill en þó eru hlutir sem þurfa að vera öðruvísi. Í reglum Fréttablaðsins er mjög rækilegur kafli um nafn- og myndbirtingar sem endurspeglar stöðu Fréttablaðsins sem blaðs sem fer inn á öll heimili. Í siðareglum DV verður hins vegar gert ráð fyrir því að yfirleitt séu nöfn og myndir birtar.“ Í þessu segir Jónas endurspeglast helsta muninn á efnisframsetningu DV og Fréttablaðsins. „Hvort tveggja hefur jafn mikinn rétt á sér. Þarna eru bara tveir fjölmiðlar sem koma að blaðaútgáfu með mismunandi hætti.“

Aðkoma stjórnmálaafla tímaskekkja

Jónas bendir á að fyrstu áratugi síðustu aldar hafi blaðamennska hér verið mun frjálslegri en síðar varð. „Þegar ég kem inn í blaðamennsku var komin ansi mikil bóndabeygja í þetta og blaðamenn kýldir niður af stjórnmálaflokkunum sem þá réðu fjölmiðlunum. Alls ekki mátti stuða neinn. Þá voru samdar siðareglur Blaðamannafélagsins og þó að ég hafi á þeim tíma verið virkur í félaginu sem ritari og síðar formaður var ég aldrei sáttur við þær. Siðareglur Fréttablaðsins finnst mér mun betri því þær eru ítarlegri og taka á hlutum sem ekki er minnst á í siðareglum Blaðamannafélagsins,“ segir Jónas og bætir við að við gerð siðareglna Fréttablaðsins hafi verið hafðar að fyrirmynd reglur breska dagblaðsins Guardian og reglur dagblaða á austurströnd Bandaríkjanna. „Það sama þarf að gera fyrir DV þannig að bæði starfsmenn viti á hvaða grunni þeir standa og lesendur blaðsins geti áttað sig á hvers vegna blaðið er eins og það er og eins hvenær það fer út af sporinu.“ Siðareglum af þessum toga segir Jónas að fylgi þannig bæði aðhald og ákveðið gegnsæi. „Fréttablaðið hefur birt sínar siðareglur og það geri ég ráð fyrir að DV geri líka. Þá sjá menn eftir hvaða reglum er unnið og hver fyrir sig meti hverning til hefur tekist,“ segir hann og telur að þannig eigi öfl þjóðfélagsins að vinna, fyrir opnum dyrum.

> **Stofnunin naut virðingar með Kára Jónassyni sem fréttastjóra og sjaldan verið skipt um, heldur höfðu þetta verið stórmenni hver á fætur öðrum. Að lenda svo í þessari súpu er algjört ábyrgðarleysi og furðulegt að stjórnmálamenn skuli leyfa sér þetta.**

Jónas segir greinilegt að þjóðfélagið hafi mjög mikinn áhuga á fjölmiðlum, en segir endurspeglast í lagasetningum um fjölmiðla og ráðningarmál á Ríkisútvarpinu hversu stjórnmálaöflin í landinu hafi einnig á þeim mikinn áhuga. „Sjálfstæðisflokkurinn hefur í nokkuð mörg ár lagt mikla áherslu á að fá sitt fólk inn í stjórnunarstöður á Ríkisútvarpinu og Framsóknarflokkurinn telur sig eiga þarna ákveðið embætti sem núna var úthlutað. Þetta eru náttúrlega leifar af gömlum tíma sem manni finnst nú að ætti að vera liðinn því það hentar ekkert þjóðfélaginu að stjórnmálaöfl séu að ráða einhverjum hluta fjölmiðlunar,“ segir Jónas og telur að nýleg ráðning fréttastjóra Útvarp hafi skaðað stofnunina mikið. „Þeir menn sem ákváðu að ráða þennan fréttastjóra hafa valdið stórtjóni sem þeir eru ekki borgunarmenn fyrir. Stofnunin naut virðingar með Kára Jónassyni sem fréttastjóra og sjaldan verið skipt um, heldur höfðu þetta verið stórmenni hver á fætur öðrum. Að lenda svo í þessari súpu er algjört ábyrgðarleysi og furðulegt að stjórnmálamenn skuli leyfa sér þetta.“

Fjöldi fréttastofa skiptir máli

Þó að hér hafi á árum áður verið gefinn út fjöldi dagblaða telur Jónas ólíklegt að sá verði háttur á aftur. „Þau blöð voru náttúrlega úrelt að því leyti að þau héldu í og dóu í sinni pólitík. En þessi blöð þrjú; Fréttablaðið, DV og Morgunblaðið, standa núna eftir og ákveðið jafnvægi í því. Ég geri ráð fyrir að þótt einhver áföll komi á einhverjum þessara staða verði auðvelt tiltölulega auðvelt að fjármagna umbætur og breytingar og því spái ég öllum þessum dagblöðum frekar löngu lífi. En varla gætu þau samt verið mikið fleiri en þrjú hér í landinu. Það er náttúrlega vel í borið í svona litlu þjóðfélagi að vera með þrjú dagblöð, tvær stórar fréttasjónvarpsstöðvar og eitthvað af útvarpsstöðvum,“ segir hann og áréttar um leið að mestu skipti að hafa nógu margar sjálfstæðar fréttastofur sem hver starfi á sínum forsendum. „Til dæmis væri mjög misráðið ef DV og Fréttablaðið hefðu samstarf um fréttir. Rétt eins og misráðið væri ef Ríkissjónvarp og -útvarp hefðu sameiginlega fréttastofu.“

Stórfelldar breytingar hafa orðið á starfsumhverfi blaða, bæði með tækninýjungum á borð við Internetið og hlutum á borð við stjórnsýslu- og upplýsingalög, sem Jónas telur að hafi skilað sér í auknum gæðum fjölmiðla. „Mér finnst veruleg sígandi lukka hafa verið í þessu og fjölmiðlar hér mjög góðir miðað við það sem áður var,“ segir hann og bætir við að honum sé enda tilhlökkunarefni á hverjum morgni að taka þrjú dagblöð og lesa. „Ég gæti varla verið til öðruvísi.“ Jónas segist þó jafnframt nota netið mikið þegar kemur að erlendum fréttum. „Ég skal játa að innlenda fjölmiðla nota ég ekki til að fá erlendar fréttir heldur skoða útlendu blöðin beint á netinu. Það er svona það fyrsta sem ég geri þegar ég vakna á morgnana að athuga hvað er í fréttum þar. Að vísu hefur maður ekki pappírinn en hann er svo lengi á leiðinni til landsins.“

Tækniframfarir létta störfin

Jónas segir erlendu fréttirnar vandaðri í erlendu miðlunum en íslenskum fjölmiðlum. „Útlend mál eru dálítið flöt hér heima, en það er kannski vegna þess að þeir sem hafa áhuga á slíku eiga svo auðvelt með að ná sér í fréttirnar með öðrum hætti. Þess vegna fyrirgefst kannski íslenskum miðlum því þeir sem eru hugsanlegir notendur efnisins fá það hvort eð er annars staðar. En svo hefur netið hjálpað mikið til upp á vinnubrögð. Núna er hægt að sannreyna staðreyndir og villuhætta er mun minni en áður. Maður fær að vita hvernig heiti eru stöfuð, ártöl og fleira sem áður var fyrirhöfn að hafa rétt. Núna er þetta sáraeinfalt,“ segir hann og fagnar þægindunum sem tækniframfarir hafa haft í för með sér. „Leiðréttingar sem stórmál var að gera þegar skrifað var á pappírsörk eru nú leikur einn.“

Þó svo að Jónas snúi nú aftur í stól ritstjóra DV gerir hann ráð fyrir að sinna eitthvað vefjum þar sem hann hefur birt skrif sín á á netinu, en hann heldur úti vefjunum jonas.is, traveltest.is og hestur.is. „Það sem ég skrifa í DV kemur væntanlega á netinu svona sólarhring síðar og veitingarýni er nú bara svona eftir hendinni. Áhersla er nú samt af þessu og yfir á DV. Þetta hefur meira verið til að halda mér í þjálfun. Svo veit ég ekki hversu mikinn tíma ég hef til að sinna hestamennskunni þegar þetta fer allt í gang. Það verður bara að koma í ljós.“

olikr@frettabladid.is

17

MILLJÓNIR Í FYRSTA VINNING

ENNEMM / SÍA / NM15118

NÝR OG STÆRRI
JÓKER
2 MILLJÓNIR
Í FYRSTA VINNING

4

Nú er potturinn fjórfaldur!

Náðu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is – þú gætir unnið litlar 17 milljónir króna.

Það getur allt gerst.

Lottó

Samráðin um svarta gullið

Samtök olíuframleiðsluríkja, OPEC, ráða lögum og lofum á olíumarkaðnum. Framleiðslukvótar þeirra eru án efa stærsta olíusamráð sögunnar enda græða þau á tá og fingri. *Sveinn Guðmarsson* kynnti sér hvernig olíukaupin gerast á eyrinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

SETIÐ Á RÖKSTÓLUM Sendinefnd Katara lét sig ekki vanta á fund OPEC í Isfahan í Íran í vikunni en þar samþykktu olíumálaráðherrar aðildarríkjanna að auka framleiðsluna um 500.000 föt á dag. Abdullah bin Hamad Al Attiyah, olíumálaráðherra Katar, situr í miðið.

Olíuverð á Íslandi hefur verið með hæsta móti undanfarin ár og því hafa bifreiðaeigendur og aðrir eldsneytisneytendur kvartað sáran. Reiði neytenda magnaðist um allan helming þegar upp komst um ólöglegt verðsamráð íslensku olíufélaganna enda var samráðið bæði umfangsmikið og langvarandi og kostaði almenning stórfé að mati samkeppnisráðs. Í raun hefði þessi samvinna ekki átt að koma neinum á óvart því að olíuframleiðsla heimsins er byggð á grímulausu samráði stærstu olíuríkjanna og er markmiðið aðeins eitt, að græða sem mestan pening.

Umhyggja fyrir neytendum?

Í vikunni funduðu olíumálaráðherrar aðildarríkja Samtaka olíuframleiðsluríkja, OPEC, í Isfahan í Íran. Á fundi sínum ákváðu þau að auka framleiðslu sína um 500.000 föt á dag, upp í 27,5 milljónir fata á dag, með það fyrir augum að lækka olíuverð í heiminum. Ef nauðsyn krefur verður framleiðslan aukin um önnur 500.000 föt síðar á árinu. Ákvörðunin vakti nokkra undrun því þótt verðið á hráolíufatinu hafi verið býsna hátt að undanförnu þá dregst spurnin eftir olíu jafnan saman með vorinu og því hefði verðið sjálfkrafa lækkað. En olíumálaráðherrarnir stóðu fast á sínu. „Okkur er annt um neytendur, sérstaklega í þróunarlöndunum og við viljum ekki skaða þá," sagði Ali Naimi, olíumálaráðherra Sádi-Arabíu, í lok fundarins. Öruggt er að arabíski olíumálaráðherrann talaði þarna gegn sinni betri vitund því hann veit sem er að of hátt eldsneytisverð mun koma þeim í koll.

Tekjurnar hafa margfaldast

Samtök olíuframleiðsluríkja eru öflugur félagsskapur ellefu þjóða sem saman ráða yfir 2/3 af þekktum olíubirgðum heimsins. 40 prósent allrar hráolíu í heiminum er dælt upp í OPEC-löndunum og helmingur allrar olíuverslunar á heimsmarkaðnum er með OPEC-olíu.

Samtökin voru stofnuð árið 1965 og hafa frá upphafi haft aðsetur sitt í Vín í Austurríki. Það var hins vegar árið 1973 sem aðildarríkin svo og heimsbyggðin öll áttaði sig á hvers þau væru megnug. Þá ákváðu OPEC-ríkin að hætta að selja þeim löndum olíu sem studdu Ísrael í Yom Kippur-stríðinu sem háð var sama ár. Afleiðingin var sú að heimsmarkaðsverð á olíu fjórfaldaðist og efnahagskreppa brast á á Vesturlöndum.

Með því að stilla saman strengi sína og takmarka framleiðslu hafa OPEC-ríkin náð að hámarka hagnað sinn í gegnum tíðina. Árið 2004 námu tekjur þeirra af olíusölu 20.280 milljörðum króna, samanborið við 1972 þegar ríkin fengu rúma 1.300 milljarða króna í sinn hlut.

Siglt milli skers og báru

Lykillinn að velgengni OPEC er hvernig aðildarríkin hafa náð að sigla milli skers og báru þegar kemur að því að ákveða framleiðslukvóta. Eins og gefur að skilja vilja þau ekki að framleiðslan sé of mikil því þá minnkar eftirspurnin og þar með verðið. OPEC-ríkin vilja heldur ekki að olíuverð rísi upp úr öllu valdi því þá minnkar eftirspurnin, hvati myndast til að finna upp sparneytnari tæki og nýja orkugjafa á borð við vetni. Auk þess hafa flest olíuframleiðsluríkjanna fjárfest mikið á Vesturlöndunum og því tapa þau fé þegar skóinn kreppir að í iðnríkjum heimsins. Kúvæt er til dæmis í þeirri stöðu að stærri hluti tekna landsins er vegna fjárfestinga erlendis en olíuframleiðslu. Því er það svo að þegar fatið af hráolíu kostar á bilinu 20-30 dali eru olíufurstarnir í OPEC ánægðir.

Alltaf freistast þó einhver ríki til að dæla upp meira en sem nemur kvótunum til að græða meira. Þá koma Sádi-Arabar til bjargar og draga úr sinni framleiðslu en engin þjóð framleiðir meiri hráolíu en þeir. Þessi sveiflujafnandi staða Sádi-Araba er mjög mikilvæg því þeir eru eina OPEC-ríkið sem getur aukið eða dregið úr sinni framleiðslu að verulegu marki. Þannig geta þeir stýrt framboði og þar með verði. Olíuframleiðsluríki utan OPEC fullnýta hins vegar sínar olíulindir og því geta þau ekki tekið þátt í leiknum.

HVERNIG GETUM VIÐ GRÆTT MEIRA? Fahad Al Sabah, olíumálaráðherra Kúvæt og forseti OPEC, var í þungum þönkum yfir pípunni sinni í Isfahan.

Endimörk vaxtarins?

Olíunotkun heimsins hefur vaxið mikið á síðustu árum, ekki síst vegna hagvaxtarskeiðsins í Kína sem hefur staðið yfir í rúm fimmtán ár. Bandaríkjamenn eru enn mestu olíusvelgir heims en í dag kaupa Kínverjar um þriðjung allrar hráolíu sem framleidd er í heiminum. Útlit er fyrir að svipuð þróun sé handan við hornið á Indlandi líka. Nú er svo komið að ónýtt framleiðslugeta OPEC-ríkjanna er aðeins 1-1,5 milljónir fata á dag. Þýðir þetta að sá tími sé í nánd að eftirspurnin fari langt fram úr framleiðslunni og ekki verði lengur hægt að jafna sveiflurnar? Ekki endilega.

Margir óttast að olíukreppa af óþekktri stærðargráðu sé yfirvofandi í heiminum þar sem olíulindir séu að verða uppurnar. Þeir sem eru haldnir slíkum áhyggjum gleyma hins vegar að taka tækniþróunina með í reikninginn. Í dag búa menn yfir tækjum sem ekki voru fáanleg fyrir fáeinum árum, til dæmis fullkomnum jarðsjám og öflugum tölvulíkönum, og því eru áætlaðar olíubirgðir heimsins meiri í dag en þær voru fyrir þrjátíu árum síðan. Framþróun tækni sem gerir olíuvinnslu úr tjörumettuðum sandlögum mögulega lofar einnig góðu.

OPEC-ríkin geta þannig haldið áfram að telja silfrið sem kemur inn í sjóði þeirra enn um sinn. Sérfræðingar eru hins vegar á einu máli um að þau verði að auka framleiðslugetu sína verulega ætli þau að geta aukið og minnkað framleiðslu sína á víxl svo að heimsbyggðin haldi áfram að vera jafn háð gullinu svarta og þau kjósa helst. ■



JOE BOXER GJAFAKORTIN
ÞÚ ÁKVEÐUR UPPHÆÐINA
FERMINGARBARNIÐ VELUR GJÖFINA
NÁTTFÖT NÆRFÖT NÁTTFÖT NÆRFÖT NÁTTFÖT
FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM
FERMINGARGJAFIR
SEM UNGA FÓLKIÐ ÓSKAR SÉR
JOE BOXER®
Skólavörðustíg 2 • Sími 552 1700

allt

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK	7.32	13.35	19.41
AKUREYRI	7.16	13.20	19.26

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er laugardagur 19. mars, 78. dagur ársins 2005.

Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is

Smáauglýsingar
byrja í dag á bls. 6

Flokkar

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is

bílar o.fl.

BMW X5 Shadowline reynsluekinn

BLS. 2

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Ekki bærðist hár á höfði klerksins þrátt fyrir 25 metra vindhraða á sekúndu þegar myndin var tekin.

Stólræður undir stýri

Yfir sumartímann má gjarnan sjá Pétur Þorsteinsson, sóknarprest í Óháða söfnuðinum, hjólandi með hjálminn sinn og bakpokann, en þannig sinnir hann oft sínum embættisverkum.

Pétur lumar þó á æðislegum bíl sem hann notar þegar illa viðrar til hjólreiða. „Þetta er hreint frábær Bens sem ég eignaðist eiginlega fyrir tilviljun. Ég ætlaði aldrei að aka um á eðalvagni af tegund sem margir líta á sem stöðutákn, síður en svo. Málið var bara að ég sat upp með gamlan „Hundaæði Hreim“, eða Hyundai Accent, sem hafði lenti í tjóni. Þegar ég vildi selja fékkst ekki nokkur kaupandi að tíkinni fyrr en eigandi Bensins var tilbúinn að taka hann upp í. Það var tilboð sem ég gat ekki hafnað.“

Bílnúmerið á Bensinum er ÓHÁÐUR, en Pétur segist löngu kominn á þann aldur að geta ekki munað bókstafi og númer.

„Þetta gerir það að verkum að ég þekki alltaf bílinn ef ég týni honum. Ég er ofboðslega ánægður með þennan bíl, hann tryllir með mig milli staða og eyðir ekki nema um það bil níu á hundraði ef maður heldur sig á löglegum hraða.“

Sem presturinn væntanlega gerir?

„Ég upplýsi það hér með að ég hef verið tekinn fyrir of hraðan akstur. Ég gerði að sjálfsögðu iðrun og yfirbót og skammast mín voðalega, en ég er alltaf að reyna að vera skárri í dag en í gær.“

Pétur er ekki mikill bíladellukarl, fékk útrás fyrir það á traktorum í sveitinni í gamla daga.

„Ég lít einfaldlega á bílinn sem samgöngutæki, og svo er reyndar fínt að semja stólræðurnar undir stýri á svona fínum bíl.“ ■

LIGGUR Í LOFTINU

í bílum

Nýr búnaður frá Citroën, svokallaður akreinavari, hefur vakið athygli en um er að ræða búnað sem varar ökumann við ef hann skiptir óviljandi um akrein, án þess að gefa stefnuljós, á meira en áttatíu kílómetra hraða á klukkustund. Búnaðurinn varar ökumann við með því að koma af stað titringi í sæti ökumannsins. Búnaður þessi var frumsýndur á bílasýningunni í Detroit og hlaut þar Auto 1 verðlaunin fyrir tækninýjung. Akreinavarinn er aukabúnaður í nýjustu gerðum Citroën C4 og C5 en ætlunin er að bjóða hann í nýjum gerðum C6 þegar hann fer í sölu.

Nýr vélsleði frá Arctic Cat, CrossFire 700, er kominn í sölu hjá umboðinu B&L. Hann sameinar eiginleika fjallasleða og hefðbundinna vélsleða en hann er ný útfærsla af M7 verðlaunasleðanum frá Arctic Cat. Sleðinn er með 700cc 140 hestafla vél, fimmtán tommu breiðum beltum og tveggja spyrnu gormafjöðrun með gasdempurum.

bilar@frettabladid.is

Á köldum degi
Þegar kalt er í veðri er mikilvægt að fara fyrr út úr dyrunum á morgnana til að nægur tími sé til að skafa af bílnum. Stundum þarf líka að bursta af honum snjó, því það er mikilvægt að allar rúður séu hreinar áður en lagt er í hann.

ALLT Á EINUM STAÐ
- SUMARDEKK
- HEILSÁRSDEKK
- OLÍS SMURSTÖÐ
- BÓN OG ÞVOTTUR
- HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
- RAFGEYMAÞJÓNUSTA
- BREMSUKLOSSAR
- PÚSTÞJÓNUSTA

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

X5 er að sjálfsögðu með BMW-svipinn á grillinu en það er ekki bara grillið sem gerir útlit bílsins þannig að ekki gæti verið um aðra tegund að ræða.

Jeppi, fólksbíll og sportbíll í senn

BMW X5 Shadowline er jeppi sem hefur alla eiginleika fólksbíls. Hægt er að breyta honum í sportbíl með einu handtaki með því að færa sjálfskiptinguna í sportstillingu.

Óhætt er að fullyrða að BMW X5 sé aðlaðandi bíll. Hann er fallegur að utan sem innan og búnaður hans er ekki bara af bestu gæðum heldur líka einstaklega aðgengilegur notandanum. BMW X5 Shadowline er lúxusbíll. Um það ber allur búnaður hans vitni, rafstýrð sæti og stýri, sem auk þess er leðurklætt, álfelgur og hvít stefnuljós eru meðal þess sem er í Shadowline aukahlutapakkanum.

Þegar rætt er um þennan bíl er kraftur þó kannski það fyrsta sem kemur upp í hugann, því á honum er ekki nokkur skortur. Shadowline er undrafljótur að ná mikilli ferð og finnur ekki mikið fyrir brekkum. Einkennandi er þó hversu vel ökumaður finnur fyrir veginum, með öllum misfellum hans. Þetta er því ekki bíll sem gerir hraðahindranir að engu.

Hið svokallaða X-Drive er meginsérkenni bílsins. Það er skynvætt drifkerfi sem virkar þannig að í stað þess að bíða eftir að eitt dekk fari að spóla eða missi grip, tekur það í taumana áður, dreifir vélaraflinu til hjólanna eins og við á og heldur bílnum stöðugum við nánast hvaða aðstæður sem er.

Sjálfskiptingin í bílnum er þeim eiginleikum búin að hún lagar sig að aksturslagi hvers og eins. Þessi eiginleiki gerir skiptinguna einstaklega mjúka. Ef bílstjórinn hins vegar vill fá meiri snerpu í bílinn, eða breyta honum í sportbíl, skiptir hann yfir í sportstillinguna sem gerir skiptinguna einstaklega snarpa og viðbragðsfljóta. Þessi eiginleiki er afar skemmtilegur og segja má að hann breyti þessum annars virðulega bíl í skemmtilegt leikfang.

BMW X5 Shadowline er bíll fyrir þá sem hafa yndi af að aka bíl og efni á að borga fyrir hann 5.890.000 krónur. Þó að um jeppa sé að ræða og það jeppa sem ræður áreiðanlega við ýmislegt þá er hér fyrst og fremst á ferðinni bíll sem nýtur sín á beinum og breiðum vegi, auk þess að vera lipur í borgarumferðinni.

steinunn@frettabladid.is

Mantra 4x4

Ræsir hf. kynnir nýjan bíl á Íslandi í apríl.

Mantra 4x4 er að grunni til Mercedes Benz Sprinter af 300, 400 og 600 seríu. Bílunum er svo breytt í öflugar fjórhjóladrifsbifreiðar hjá fyrirtækinu Achleitner í Austurríki.

Mantra 4x4 er fyrst og fremst ætlað að uppfylla þarfir björgunarsveita, hers, lögreglu, sjúkra- og slökkviliða en einnig verktaka og veitustofnana svo einhverjir séu nefndir. Billinn er sömuleiðis góður kostur fyrir farþegaflutninga í erfiðri færð.

Billinn er væntanlegur hingað til lands í apríl og verður þá hægt að skoða gripinn hjá Ræsi hf. við Skúlagötu. ■

Mantra 4x4 er öflugur bíll sem fyrst og fremst er ætlaður í hjálparsveitarstörf og þess háttar.

Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

Lagt við hlustir

Ég hef heyrt að margir blómaeigendur tali við blómin sín. Halda því fram að þau dafni betur. Ég veit ekki hvort hægt er að nota sömu aðferð á bíla en það margborgar sig hins vegar að hlusta á þá. Ef þú lærir að þekkja hljóðin í bílnum þínum heyrir þú strax ef aukahljóð bætist við. Aukahljóð orsakast af breytingu og breytingar í bílum eru sjaldnast af hinu góða.

Byrjum á einföldu dæmi. Bíllinn startar hægt (nönn...nönn...nönn...). Hljóðið vísar til rafmagnsleysis. Annað dæmi væri ójafn gangur (brumm brumm hóst brumm). Gæti bent á ranga tímastillingu á kveikju eða vitlausa eldsneytisblöndu. Ef gangurinn er hins vegar mjög grófur og ójafn (hósthóst... hóst... hóst) er mótorinn sennilega ekki að sprengja í öllum strokkum. Þá athugar maður fyrst kerti og kertaþræði. Fjórða dæmið væri svo lágvært og ákaft tikkhljóð framan úr vél (gliggliggliggliggligg...). Í sumum vélum er það eðlilegt, í öðrum tilfellum borgar sig að drepa strax á bílnum og athuga stöðu á smurolíu áður en vélin skemmist. Rétt er að taka fram að þetta hljóð getur líka bent á önnur og meiri vandamál ef það hverfur ekki við að bæta smurolíu á vélina.

Önnur hljóð sem gefa til kynna að það sé komið að varahlutakaupum eru til dæmis hvinur eða niður aftan úr bílnum (nnniiiiiiiiiiii), sem er merki um afturhjólalegu sem er á síðasta snúningi, og ískur í bremsum (ÍÍÍÍÍÍÍÍÍÍÍÍÍ), sem getur til dæmis stafað af óhreinindum á bremsuklossum eða þá að klossarnir, bremsudiskarnir eða –skálarnar eru eyddar. Þegar ískrið í bremsunum er farið að breytast í surg (kkkggghrhhrrrr) eru bremsuklossarnir gjörsamlega búnir og ekki öruggt að keyra bílinn neitt nema á næsta verkstæði.

Síðasta dæmið á þessum stutta og ótæmandi lista er gelt frá hjólum bílsins þegar þú keyrir í holur (bonk!) en það stafar oft af ónýtum dempurum.

Næst þegar þú ert að keyra skaltu slökkva á útvarpinu og hlusta á bílinn þinn. Lærðu að þekkja öll hljóð í bílnum þegar hann er í lagi. Þá er ekki ólíklegt að þú komir „eyra“ á bilun áður en hún fer að hafa veruleg áhrif. Það getur sparað þér tíma á verkstæði og stórar fjárhæðir.

AB Bremsur og viðgerðir í Akralind er snyrtilegt verkstæði sem býður upp á góða þjónustu.

Nýtt bílaverkstæði í Kópavogi

Alhliða viðgerðir á öllum bílum.

Nýlega opnaði nýtt bílaverkstæði í Akralind 1 í Kópavogi, AB Bremsur og viðgerðir. Húsnæðið er um það bil 130 fermetrar, bjart og rúmgott, og þar er gert við allar tegundir bíla. Áhersla er lögð á góða og persónulega þjónustu og verkstæðið er opið alla virka daga frá kukkan 8-18 og einnig á laugardögum. ■

Audi A6 hefur sópað til sín verðlaunum í ár og er formlega orðinn heimsmeistari bíla.

Audi bestur í heimi

A6 World Car of the Year

Audi A6 var valinn World Car of the Year, eða heimsmeistari bíla, af dómnefnd 48 þekktra bílablaðamanna. Audi A6 sigraði 35 keppinauta úr öllum stærðarflokkum en verðlaunaathöfnin var haldin í febrúar í tengslum við alþjóðlegu bílasýninguna í Toronto í Kanada.

Í dómnefndinni voru fulltrúar helstu svæða bifreiðamarkaðarins og leiðandi fjölmiðla á sviði bílgreina í heiminum. Bifreiðar voru metnar, bæði á hlutlægan mælikvarða, svo sem eiginleika framleiðslunnar, og vegna „persónutöfra“.

Audi A6 hefur sópað að sér verðlaunum eins og Auto Trophy, Gullna stýrið og besti bíllinn í lúxusbílaflokki. ■

iPod í bílinn

Tónlistin er spiluð hátt í bílum frá General Motors.

Á næstunni mun það verða leikur einn fyrir tónlistarunnendur að taka uppáhaldslögin með sér í bíltúr. Bílaframleiðandinn General Motors er með heila línu af útvörpum í smíðunum sem mun líta dagsins ljós í Chevy HHR og öðrum GM-farartækjum seint á vormánuðum.

Auðveldlega verður hægt að stinga iPod eða öðrum tónlistartækjum í samband við hljómtækin og spila lög af þeim. „Við teljum að þessi tækni muni vekja mikla lukku meðal viðskiptavina okkar,“ segir Paul Nadeau, forstjóri General Motors, á heimasíðu fyrirtækisins.

Nýja útvarpið verður staðalbúnaður í 2006 árgerðunum af Chevy HHR, Impala og Monte Carlo, Saturn VUE og ION, Pontiac Solstice, Buick Lucerne og Cadillac DTS. Á næstu árum verður útvarpinu komið fyrir í fleiri bifreiðum. ■

NÝ
S·P·R·A·U·T·U·N
BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • FRAMRÚÐUÍSETNINGAR
Grófin 7 • Keflavík • Sími: 421 2999 • Fax: 421 2090
Netfang: nysprautun@simnet.is
www.nysprautun.is

Vinnuvélanámskeið
Verð kr. 39.900,-
Ný námskeið vikulega, staðsetning Mjódd
Sími: 894-2737 www.ovs.is
Ökur- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving
Flest verkalýðsfélög styrkja nemendur á vinnuvélanámskeið

Smurþjónusta fyrir allar gerðir bíla
Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla
Komdu með bílinn til okkar!
Frábær verð og góð þjónusta
Alltaf heitt á könnunni!
SMURSTÖÐIN STÓRHÖFÐA
S. 554 3438

www.toyota.is
Með náin kynni í huga

Volvo V70 Cross Country AWD
F.skrd. 10.2002
Ekinn: 60.000 km, vél 2400cc ssk.
Litur: Silfurgrár.
Verð: 3.650.000 kr.
Búnaður: Leður, dráttarb., sóllúga.

Ford Focus Trend
F.skrd. 11.2000
Ekinn: 64.500 km, vél 1600cc ssk.
Litur: Ljósblár.
Verð: 1.120.000 kr.
Tilboð: 890.000 kr.

Lexus LS430 President
F.skrd. 08.2002
Ekinn: 22.400 km, vél 4300cc ssk.
Litur: Silfurgrár.
Verð: 5.500.000 kr.
Einn með öllu

Toyota Landcruiser 100 Bensín
F.skrd. 07.2000
Ekinn: 72.000 km, vél 4700cc ssk.
Litur: Silfurgrár
Verð: 3.990.000 kr.
Búnaður: Leður, lúga og TEMS.

Lexus RX300: Sport
F.skrd. 11.2001
Ekinn: 54.000 km, vél 3000cc ssk.
Litur: Dökkgrænn
Verð: 3.400.000 kr.
Búnaður: Leður, sóllúga, vindskeið.

Toyota Corolla Verso 7 manna
F.skrd. 06.2004
Ekinn: 14.000 km, vél 1800cc MMT
Litur. Silfurgrár.
Verð. 2.250.000 kr.

Volvo S80 Turbo Diesel
F.skrd. 07.2002
Ekinn: 229.000 km, vél 2400cc ssk.
Litur: Silfurgrár.
Verð: 2.790.000 kr.
Tilboð: 2.390.000 kr.
Búnaður: Leður, sóllúga, GSM o.fl.

Mercedes Benz ML270 Dísel
F.skrd. 09.2002
Ekinn 50.000 km, vél 2700cc ssk.
Litur. Gylltur.
Verð. 4.690.000 kr.
Tilboð: 4.390.000 kr.
Búnaður: AMG útlitspakki, leður, 7 sæta, spoiler, litað gler o.fl.

Nissan Patrol Elegance
F.skrd. 06.2002
Ekinn: 140.000 km, vél 3000cc ssk.
Litur: Grænn.
Verð: 3.790.000 kr.
Tilboð: 3.290.000 kr.
Búnaður: 38" breyting, leður o.fl.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

Áhyggjulaus og örugg bílaviðskipti - strangt skoðunarferli, 14 daga skiptiréttur, ókeypis skoðun eftir 1000 km, allt að 1 árs ábyrgð.
Skoðaðu úrvalið á Nýbýlavegi 4, á www.toyota.is eða hringdu í 570 5070.

Traust
dráttarbeisli
Ásetning á staðnum.
VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

VÍKURVAGNAKERRURNAR
ÞESSAR STERKU
Allar gerðir af kerrum
Allir hlutir til kerrusmíða
VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

HÚSBÍLAR
-ALVEG MAGNAÐ ÚRVAL!
56.617
pr. mán. í 84 mánuði*
SLIM 2
*MIÐAÐ VIÐ ÚTBORGUN KR. 950.000
STAÐGREIÐSLUVERÐ 4.748.000,-
KOMDU TIL OKKAR OG KYNNTU ÞÉR EITT FJÖLBREYTTASTA ÚRVAL LANDSINS AF HÚSBÍLUM M.A. FORD, FIAT, BENS, FRAM- OG AFTURDRIFNIR.
"...er lífstíll" " teg. Rio úr svörtu lakki með innleggjum, heilsunnar vegna. stærðir 37-42 kr. 5.985,-Misty Skór Laugavegi 178 S 551-2070.

Flottur ljós sýruborinn Antík eikarskápur til sölu uppl. í síma 565-4154/898-2641

Til sölu
Fatalager til sölu. Þekkt merki, fæst á mjög hagstæðu verði. Fyrstir koma fyrstir fá. Sími 895 6999 eða 552 6993.

Til sölu spænsk húsgögn, borðstofuborð + 8 stólar, skenkur í stíl m/spegli, gamaldags útlit. Uppl. í s. 891 7684.

Til sölu barnakoja úr Ikea með dýnum. Verð 20 þús. Uppl. í s. 846 3837.

Tilvalið í páskamatinn villiendur, grágæsir og alígæsir. Uppl. í s. 895 8325.

Til sölu VN krónur á viðskiptanetinu. Sími 894 3335 & 533 3331.

Blár hornsófi til sölu. Verð 25.000. Upplýsingar í síma 869 3375.

20 feta gámur, einangraður. Verð.180.000 kr. Keramik og glergallerí Garði. S. 422 7935.

Sjókajak úr plasti til sölu, einnig á sama stað 15" álfelgur. Upplýsingar í síma 898 2588.

Vandað og fallegt skrifstofusett, og stór hornhillusamstæða, Antík sófasett og borð, Nýr peningaskápur, nýr skjalaskápur og ýmislegt fl. Hægt að sjá myndir á kassi.is. Uppl. í s. 820 3155.

Til sölu 5 hvítar fulningahurðir með öllu. Uppl. í s. 867 4616 & 565 3620.

Flott gamaldags veggfóður í allsskonar stílum og litum til sölu. Sími 662 8303.

Trimform tæki. 24ja blöðku, lítið notað, í toppstandi. Uppl. í s. 865 6075.

Ekta kana úlpur á kr. 6900. Sjáið fleiri úlpur og fatnað á army.is erum líka í kolaportinu allar helgar 11-17. www.army.is

Allsherjarsala að Stýrimannastíg 9 Rvk um Helgina.
Flygill, húsgögn, búshlutir, bækur, málverk, lampar, ljós, fatnaður, glös, stell, skrautmunir, sjónvörp, borðstofur , stofur, fundarherbergi, rokókó húsgögn ofl. ofl.
Verið velkomin. Heitt á könnunni. Sími 846 3757.

Til sölu nýtt hornbaðkar, sturtuklefi, VW Golf árg. '98 1.6 og Suzuki Sidekick árg. '95, 31" Uppl. í s. 896 6007.

Rúllugardínur. Sparið og komið með gömlu rúllugardínukeflin og fáið nýjan dúk á keflin. Gluggakappar sf. Reyðarkvísl 12, Ártúnsholti, s. 567 1086.

Bílskúrshurðaþjónustan. Bílskúrshurðir og mótorar, varahlutir - viðgerðir. Halldór S. 892 7285.

Barnavagn með tveimur sætum. Fyrir tvíbura eða systkin. Hægt að snúa á marga vegu. Uppl. í síma 693 0128.

Útsala, útsala, útsala erum með útsölu á flísum. 10-50% afsláttur. Verð frá 990 kr. fm. Húsheimar, Lækjargata 34 c. S. 553 4488. www.husheimar.is

Gefins

Óska eftir sófasetti og King Size rúmi, helst gefins. Á sama stað er Pointac Firebird til sölu. S. 691 0282.

Óskast keypt

Óska eftir sólarsellu með geymi og stjórnstöð í sumarbústað. Uppl. í síma 897 2249.

Óska eftir hillum, iðnaðar eða lagerhillum upplýsingar í síma 895-9089

Heimilistæki

Ný og notuð heimilistæki, tökum notuð uppí ný. Kaupum einnig notuð/biluð. Uppl í S 564-4555 694-4555. Búbót. Vatnagörðum 14.

Hljóðfæri

minus

Björn Stefánsson, trommari í Mínus, verður með einkatíma í trommuleik frá og með 24. mars. Áhugasamir skrái sig með því að senda tölvupóst á: bjossiminus@hotmail.com

Get útvegað allar gerðir af harmonikkum. Notaðar og nýjar á frábæru verði. Einnig úrval af harmonikkumúsik og notum. Uppl. í s. 690 2020.

TPM
Æfingarrými til afnota ásamt stökum æfingum. www.tonaslod.is, contact@tonaslod.is. Sími 824 3001 & 824 3002.

Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 (Friðrik). Frá kl 8-23.

Fartölva 3,2 GB, memoryRAM 8 GB, hardur diskur 80 GB, 3 USB port, DVD skrifari, netkort, skjár 15,4". Verð 180.000. Ný kostar 250.000. S. 692 6605.

Til sölu borðtalva 400 mhz, m17gb disk, verð 14 þús. Einnig 4 stk., fartölvur verð frá 20-29 þús. Uppl. í s. 895 7272.

Vélar og verkfæri

Beygjuvél til sölu 2500 mm á lengd, 2mm efnisþykt í beygju, efri bakki í hlutum, ársgömul. Verð 1270 þús. án vsk. Uppl. í síma 822 1717.

Til bygginga

Verkfræði -arkitekta og- rafmagnsteikningar, byggingarstjórn. Uppl. í s. 824 7587 & 863 2520 eða ahlverk@simnet.is

Verslun

Mikið úrval af gjafavöru. Opið frá 10-18 virka daga og 11-14 laugardaga. H-Gallerí Grænatúni 1, Kóp. S. 554 5800.

100% Verðvernd!!!!
Venus erotic store. Nýjar 6 tíma dvd myndir á 2.990. Spólur 1990. 3 á 5.000. Egg frá 990. Venus Freyjugötu 1 sími 552 2525. www.venus6.is. Sendum í póskröfu um land allt.

Gjafir Jarðar

Einstakir skartgripir frá Nepal. Slovensky kristals gjafavara. Reykelsi og Tarotspil í úrvali. Glæsilegt úrval orkusteina, og m.fl. Laugarvegi 85, sími 517 2774.

Fyrirtæki

Teikniskápur til sölu m/20 skúffum br og hæð 101cm og dýft 86cm. Uppl. í s. 5623131.

Ýmislegt

Til sölu glæsilegir uppstoppaðir fuglar, þar á meðal einstakur Afrískur Örn ásamt öðrum tegundum. Uppl. í síma 821 0800.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

Hreinlega - Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur heimilisþrif, flutningaþrif, teppahreinsanir, stigagangar og fyrirtæki. Ellý og Co. S. 898 9930.

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru s. 699 3301.

Garðyrkja

Klippi runna, limgerði og felli tré. Önnur garðverk. Garðaþjónusta Hafþórs. S. 897 7279.

Öll garðyrkju- og lóðavinna er okkar fag. Því nú er rétti tíminn, pantið tímanlega hjá Blómi. S 896 7969.

Bókhald

Framtal 2005
Sérstök þjónusta fyrir kaupendur og seljendur fasteigna. Sæki um frest. Vönduð vinna. Framtalsþjónustan, s. 533 1533.

Þarftu aðstoð við skattframtalið? Verð frá kr 4.500 m/VSK. Uppl í síma 893 0816. Rannv Lena, viðurkenndur bókari

Skattframtöl-Bókhald-Vsk.& launauppgjör-Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta. Sími 692 6910.

Skattfr.töl Einstakl. og smárekstr.a Uppl s. 554 2395 E-p: sudeye@internet.is

SKATTFRAMTÖL-ÁRSUPPGJÖR! Skattframtöl, kærur og frestir. NÚ ERU SÍÐUSTU FORVÖÐ! RÁÐÞING S. 562 1260 & 663 7833.

Framtalsgerð. Tek að mér gerð og skil skattaframtala fyrir einstaklinga. Ódýr og góð þjónusta. S. 696 0646 & 551 7280.

Lögg. endurskoðandi getur bætt við sig verkefnum fyrir einstaklinga og smærri sem stærri fyrirtæki. Framtöl, uppgjör, bókhald og önnur tengd þjónusta. Fast verð eða tímagjald. Saldo endurskoðun, s. 659 2483.

Fjármál

Skattframtal 2005. Einfalt framtal 2.700. Frestir. Framtalsþj. HR s. 6634141

Málarar

Málari, tek að mér smærri verk. Eyjólfur. S. 867 4325.

Húsaviðgerðir
Tökum að okkur málningar og viðgerðir inni sem úti. Gifs, spörslun, lökkun, múr, tré og blikk. Vanir menn og vönduð vinna. Uppl. í s. 867 4167.

Meindýraeyðing

Öll meindýraeyðing fyrir heimili, húsfélög. S. 822 3710.

Búslóðaflutningar

Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð í flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

Húsaviðhald

892 1565 - Húseignaþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. -húsakl. - öll málningarvinna - háþrýstiþv. -þakþéttiefni (500% teygjanl.).

Glerjun og gluggaviðgerðir !
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Móðuhreinsun Glerja !
Er komin móða eða raki á milli glerja? Móðuhreinsun, Ólafur í 860 1180.

SKEMMTANIR

www.k-2.is

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Alm. viðhald húsa, málun, múrun, flísa & parketlagnir og trésmíðavinna. Föst tilboð eða tímavinna. Sími. 6161569

Tek að mér húsaviðgerðir í Rvk. eða á landsbyggðinni. Uppl. í s. 659 5305, Lárus.

Viðvik fasteignaviðhald
Sólpallar, þakrennur, þakjárn, háþrýstiþvottur, steypuviðgerðir, hellur, flísar ofl. Tilboð eða tímavinna. Anton s. 866 5262.

Tek að mér allt viðhald húseigna. Vönduð vinnubrögð. Áralöng reynsla. Uppl. í síma 661 4345, Þórður

Stíflujþónusta

Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stíflujþónusta Geirs, s. 697 3933.

Tölvur

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 (Friðrik). Milli kl 8-23 alla daga.

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

Er vírus í tölvunni eða er hún biluð? Mæti á staðinn. Þekking og reynsla í 20 ár. S. 696 3436. www.togg.biz

Er fartölvan orðin hæg, biluð eða endist rafhlaðan illa. Við komum til þín og skoðum á hana. Við hressum upp á rafhlöður, hreinsum út vírusa og annað rusl. Kvöld og helgar þjónusta. Gerum kostnaðar áætlun sem stenst! Símar 821 6800 og 821 6801 www.fartolvan.is

Spádómar

Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. Hanna. S. 908 6040. Frá kl. 13 til 01.

Spásíminn s. 908 5666. Árasspá 2005. Stjörnuspá, draumráðningar (ást og peningar), andleg hjálp. Trúnaður.

Örlagalínan 908 1800 & 595 2001
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

Spásíminn 902-5055. Tarot - spilaspá Er við frá 18 - 23

Spennandi tími fram undan? Spákonan Yrsa í beinu samb. S. 908 2288 - (129 mín.). Símaspá, draumaráðn. Opið 14 til 23.

Rafvirkjun

Fyrirtæki/Einstaklingar
Rafvirkjameistari getur bætt við sig verkefnum. Stefán Ingi, sími 849 8442 eða stefaningi@simnet.is.

Trésmíði

Húsasmíði frá A-Ö
Tökum að okkur uppsteypu húsa, glugga og hurðasmíði ásamt ísetningu og innveggjauppsetningar. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. Jón 863 3707 & Sveinn 892 8413.

Viðgerðir

PÍPULAGNIR VIÐGERÐAÞJÓNUSTA.
Nýlagnir/ breytingar almennt viðhald.
Sími 897 6613. Gísli Steingrímsson. Löggiltur pípulagningarmeistari.

Pípulagnir. Nýlagnir/breytingar almennt viðhald og viðgerðir. tilboð eða tímavinna GFG pípulagnir s: 8631668 Pípulagningameistari/BS í Byggingafræði

Önnur þjónusta

Myndbandaþjónusta. CD-DVD-VHS-fjölföldun, tökur-klippingar-prentun á diska. o.m.f.l. Jenna film s. 896 3785.

HEILSA

Heilsuvörur

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Líkamsrækt

Fit - Pilates
Alhliða styrktaræfingar sem þjálfa djúpvöðva líkamans og gefa flatan kvið. Komdu í prufutíma. Uppl. í s. 896 2300 og á www.einka.is

Óska eftir Crosstrainer/stigvél. Uppl. í síma 898 5916.

Fæðubótarefni

Ég;-12 kg/ 8 vikur. Þú;??? Allt er hægt með Herbalife!! Sigurborg, s. 865 8607.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Nudd

Nudd við streitu og vöðvabólgu, einnig heilun og ilmolíur. Svarað er fyrir hádegi í síma 846 9517.

Góður ferðanuddbekkur óskast, br. 75-80 Uppl. í síma 5545927, eftir kl. 17

Nudd og heilun fyrir stressaða og stirða. hugurogheilsa.com & S. 866 0007.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Mjög fallegt og vel með farið sófasett 3+1+1 frá Exó með alcantara áklæði. Einnig 8 borðstofustólar með sama áklæði. Upplýsingar í símum 5888544/ 8631309

Til sölu stofuskápur, 3+2+1 sófasett + 2 sófaborð, borðstofuborð/6 stólar. Friðrik s. 896 4111.

Til sölu hjónarúm + 2 náttborð frá Ingvari og Gylfa, ca. 15 ára. Sími 869 3963.

Stillanlegt Tempur rúm, 135x200, til sölu. Þráðlaus fjarstýring og nudd. S. 568 1638 & 862 2930.

Til sölu hjónarúm, hornsófi og glerskápar. Nánari uppl. á www.itm.is/thorg/husgogn

Til sölu 2 leðurhægindastólar. Verð 3.500 kr. stykkið. Uppl. í s. 565 5504.

Sófi úr Sætum sófum 3+1 og stofuskápur úr Míru. Selst á góðu verði. Uppl. í s. 690 3351.

Góð veggsamstæða (hillur, skápar og skúffur) verð 30 þús., einnig fallegt hjónarúm með góðum dýnum, verð 60 þús. Uppl. í síma 557 9023.

Heimilistæki

Vertu með í sendingu frá USA á 42" Panasonic Plasma skjám frá USA Ótrúlegt verð 199.900 kr. Nánari uppl. á www.simnet.is/plasma eða gsm 659 8056.

Gefins

Stóll, lítill leðursófi, sófaborð, svefnbekkur, þurrkari m. barka. Sími 869 3963.

Barnavörur

RÓBERT BANGSI
...og unglingarnir

Virðisaukalausir dagar frá fimmtudegi til sunnudags. Einungis opið í Hlíðasmára sunnudaginn 20/03. Róbert Bangsi ...og unglingarnir Hlíðasmára 12, Hverafold 1-3 & Firði Hafnarfirði. Sími 555 6688.

Virðisaukalausir
dagar í dag föstudag og laugardag. Ný sending frá Diesel og Lego frá 0 - 12 ára. Munið fullt á afsláttarslánum.

Barnarúm og skiptiborð í stíl og fleira til sölu. Uppl. í s. 452 4677.

Dýrahald

Amerískir Cocker Spaniel hvolpar til sölu. Ættb. frá HRFÍ, heilbrigðisskoðaðir. Uppl. í s. 862 7957.

Enskir Springer Spaniel hvolpar undan íslenskum meisturum. Heilbrigðissk. ættbókarf. hjá HRFÍ. Einungis áhugas. S. 868 0019 & www.spaniel.is

Alþjóðleg hundasýning Íshunda verður haldin helgina 23. og 24. apríl n.k. í reiðhöll Gusts Kópavogi. Skráningu líkur 22. mars. Upplýsingar um sýninguna er að fá á ishundar.is eða á skrifstofu félagsins í síma 577 2474.

30% Vetrarafsláttur !
Allar gæludýravörur með 30% afsl. Full búð af nýjum vörum. Opið alla daga. Tokyo, Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Rottweiler hvolpar til sölu, 180.000. Hafið samband í síma 866 8367.

Ýmislegt

Feng Shui.
Ráðgjöf, einkahugræktarþjálfun, fyrirtækjaráðgjöf. Nánari uppl. á www.fengshui.is eða í s. 698 7695, jkt@centrum.is

Fermingargjöf! iPod og iPod Mini til sölu ódýrt! Mini kr. 23950. 891-8006

Sultan Mansken Ikea-dýna. Stíf m. gormum. B. 140xL.200cm. Lítið notuð. Kr. 10.000. S. 695 8408.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2004. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

Ásgeir Gunnarson kennir á Peugeot 407, árgerð 2005. Tek einnig í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. Sími 568 7327/862 1756.

Bifhjóla -og ökukennsla Eggerts Vals. Er byrjaður í bifhjólakennslunni. S. 893 4744.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðalög

Spennandi stang- og skotveiðiferðir til Suður-Grænlands í júlí og ágúst. Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar S.: 511 1515

Ævintýraferðir Hestaferðir við allra hæfi. Skoðið www.steinsholt.is. Sími 4866069

Árshátíðin í Cambridge
Vor í Cambridge!! Ætlar þú að halda árshátíðina þína erlendis? Cambridge býður upp á allt; glæsilegar verslanir, flott veitingahús og allt sem þarf. Einnig getum við útvegað golf á glæsivöllum inn í árshátíðarpakkanum, sem og miða á knattspyrnuleik. Cambridge er aðeins 40 mín. frá London og aðeins 30 mín. frá Stansted-flugvelli. Hafðu samband núna: haffi@weststar-marketing.com eða í síma 00441638741874 & 00447748424233

Vantar ferðafélaga í 4 vikna húsbílaferð um USA í lok maí frekari upplýsingar kristinnsig@heimsnet.is

Gisting

Gisting og bílar. Hótelíbúðir frá kr. 5500, bílaleigubílar 2500. Hótel Atlantis Grensásvegi 14. S. 588 0000.

Fyrir veiðimenn

www.sportvorugerdin.is

Lax og Silungsveiði!
Fjölbreytt úrval lax og silungsveiðileyfa. Veiðiþjónustan Strengir. www.strengir.is ellidason@strengir.is S 567-5204 og 660-6890.

Lax og silungur
Yfir 40 Lax og silungsveiðiár í Öllum verðflokkum. Frekari upplýsingar Lax-á ehf. S. 557 6100 veidileyfi@lax-a.is www.lax-a.is

Laxá á Refasveit. Eigum til lausar stangir . Uppl. í síma. S. 898 3440, 824 5406 & 893 0630.

Hestamennska

Lóðir fyrir litla hestabúgarða til sölu. Byggja má hús og hesthús. Frábært útsýni, góðar reiðleiðir. Uppl í s. 899 5530.

Kerruleiga. 2ja, 3ja og 5 hesta kerrur. GSM 898 1713.

Ljósmyndun

Mjög lítið notuð Canon EOS 10D stafræn myndavél til sölu á hálfvirði (80 þús). Uppl. í s 896 9670 eða á frank04@ru.is

Ýmislegt

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Sumarhús á Spáni. Höfum úrval af góðum íbúðum til leigu/sölu á Alicante svæðinu. Uppl. ís. 567 1596/694 7196/ e.mail.gumsig@terra.es

3ja herb. íbúð við Mar Menor á Spáni til leigu. Leigist í viku eða lengri tíma. Gott aðgengi fyrir fatlaða. Stutt á ströndina og þjónustu. Uppl. í síma 699 5601.

Nýjar stórglæsilegar leiguíbúðir með öllum tækjum. Langtímaleiga. 2ja herbergja í Reykjavík. Sjá heimasíðu Átthaga ehf. www.atthagar.is

Til leigu 98fm 4 herb. íbúð á 4 hæð við Hjarðarhaga (107RVK). Uppl. í síma 6958787 LAUS STRAX

Frábær 2ja herb.íbúð á 2.hæð við KR-völlinn til langtímaleigu. thorvaldur1@hotmail.com

Til leigu falleg 4ra herbergja risíbúð á góðum stað í Hafnarfirði, langtímaleiga, laus frá '04. apríl. Uppl. í s. 845 2946.

Herb. á sv. 105, búið húsgögnum. allt í eldhúsi, þvottavél, Stöð2, Sýn. S. 895 2138.

Kósý 2ja herbergja íbúð á 1.hæð á Laugaveginum, sérinngangur, sérbílastæði. Verð 65 þús. + hiti og rafmagn. 3 mán. trygging + 1 mán. fyrirfram. S. 695 6007.

Húsasmiður óskar eftir góðu herbergi eða lítilli íbúð á Reykjavíkursvæðinu. Uppl. í s. 661 8405.

Til leigu 2ja herb. 75 ferm. íbúð í Selásnum frá 1. apríl. Hentugt fyrir par eða 2 einstaklinga. Leiga 69 þús. á mán með rafmagni og hita. Upplýsingar í síma 697 7811.

Nýstandsett stúdíóherbergi í Hafn. með aðgang að öllu. S. 823 6465.

Húsnæði óskast

Ábyrgt félag í þjónustu almennings óskar eftir stórri húseign á höfuðborgarsvæðinu til leigu/kaupleigu,10 til 20 Herbergi. 200 til 1000 Fermetrar. Hvort heldur er íbúðar eða atvinnuhúsnæði. Jafnvel húsnæði í eigu fjárfestingafélags sem hyggst eiga eignina í góðan tíma t.d 5 til 20 ár. Við leitum að tryggum leigusamningi. Greiðslugeta 0-250 þús.pr.mán öruggar greiðslur. Nánari upplýsingar í síma 661-9660 og netfang: fjarfesting@hotmail.com

Einstæð og reglusöm móðir óskar eftir góðri íbúð sem fyrst. Greiðslugeta ca 65 þús á mánuði . Uppl. í síma 868-4989

Málarameistari óskar eftir stórri íbúð eða einbýli í Rvk., gjarnan með bílskúr. Má þarfnast lagfæringar. Langtímaleiga. S. 898 5191.

Snyrtilegur og reglusamur karlm. óskar eftir 2 herb. íbúð á stór-höfuðborgarsv. verð 50 til 60þ. upplýs. Kristinn 663 0817

Mjög reglusöm ekkja óskar eftir íbúð til leigu. S. 891 8727.

Óska eftir 2ja herbergja, helst bjartri íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Reglusemi og slikvísar greiðslur. Uppl. í síma 660 8890.

Vantar litla íbúð fyrir erlendan starfsmann, helst nærri Síðumúla. Uppl. í síma 660 8890.

Reglusöm stúlka óskar eftir íbúð á leigu, langtíma. Helst sem allra fyrst, Greiðslugeta allt að 45000kr.pr.mán. Hafið samb. í s:6616025, Anna.

Par með 1 barn óskar eftir 3ja-4ra herb. íbúð. Reglusemi, reykleysi, meðmæli. S. 699 8217.

Lítil 2ja-3ja herb. íbúð óskast til lengri eða skemmri tíma í eða nálægt 101. S. 698 2668.

Óska eftir 2ja til 3ja herb. íbúð. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í síma 698 4062.

23ja ára reglusöm kvk óskar eftir íbúð á leigu, skilv. gr. meðm. ef óskað. S. 695 6296.

Sumarbústaðir

Fallegur bústaður á fallegum stað
Til sölu glæsilegur nýbyggður sumarbústaður í landi Kalastaða í Hvalfirði, ca. 40 mínútna akstur frá Reykjavík. Bústaðurinn er 75 fm að grunnfleti með ca. 30 fm svefnlofti, á tæplega hektara, skjólgóðu, kjarrivöxnu landi. Mjög er vandað til bústaðarins, gólfefni eru gegnheill hlynur og flísar. Veröndin er stór, með góðum skjólveggjum í kringum heitan pott (hitaveita). Er til sýnis um helgina, s. 663 2712.

Sumarbústaður m. heitum potti til leigu í nágr. Flúða. Uppl. í s. 486 6683, 898 6683 Guðbjörg.

Heilsárshús
70 fm sumarbústaðir + 12 fm verkfæraskúr með bílskúrshurð til sölu í Grímsnesi. Húsið er fullbúið að utan, einangrað, plastað og rafmagnsgrind komið að innan. Vatn komið að húsi og rafmagn tengt í töflu. Stutt í alla þjónustu, verslun í Minniborg, golf, sund, veiði ofl. S. 698 6675 & 893 6675.

Til leigu sumarhús m/heitum potti í Eyjafirði. 20 mín akstur frá Akureyri. Laus yfir páskana. S. 663 8889.

Glæsilegur sumarbústaður í Hvalfirði (heitur pottur) til leigu. S. 663 2712.

Atvinnuhúsnæði

Til sölu 274 fm. m/innkeyrsludyrum við Ármúla . V. 23 millj. Uppl. í s. 899 6122

Reglusöm einstæð móðir óskar eftir íbúð sem fyrst. Öruggar greiðslur í boði. Greiðslugeta 50 þ. á mán. S. 846 5591, Halla.

Óska eftir 300-1000 fm lagerhúsn. Innkeyrsludyr nauðsynl. Reykjav. og nágr. Langtímaleiga. Uppl. í s. 892 0808.

Gisting

Gistiheimili Halldoru Hvidovre/Köben Ódýr og góð gisting www.gistiheimilid.dk 0045-24609552

ATVINNA

Atvinna í boði

10-11 Fullt starf !
10-11 óskar eftir duglegu starfsfólki í verslanir sínar í fullt starf. Vinnutími ca frá kl. 8 til 17.00. Umsækjendur skulu vera fæddir '85 eða fyrr.
Áhugasamir geta sett inn umsókn á vefslóðinni www.10-11.is eða fyllt út umsóknareyðublöð í verslununum sjálfum.

Óskum eftir starfsfólki á kvöldvaktir !!
Við hjá Skúlason leitum að fólki 18 ára og eldri við úthringingar, fjölbreytt og skemmtileg verkefni að fara að stað. Fast tímakaup og mikil vinna í boði. Almenn tölvukunnátta æskileg. Hafðu samband í síma 575 1500 og leggðu inn umsókn.
Skúlason ehf, Laugavegi 26, s. 575 1500, www.skulason.is

FUNI
DALVEGI 28 • 201 KÓPAVOGI
SÍMI 515 8700 • FAX 564 1622
www.funi.is • funi@funi.is

Blikksmiður eða laghentur maður óskast.
Í reykröradeild Blikkás-Funa. Óskað er eftir laghentum, stundvísum og reglusömum starfsmanni sem gott vald hefur með að taka sjálfstæðar ákvarðanir. Starfið felst að mestu í uppsetningavinnu á reykrörum og eldstæðum. Mikil vinna framundan. Upplýsingar gefur Sigtryggur í síma 515 8703.

KATLA góður vinnutími! Verksmiðjustarf
Óskum eftir að ráða fólk til starfa í verksmiðju okkar að Kletthálsi 3 á svæði 110 í Reykjavík, til hefðbundinna verksmiðjustarfa, góð vinnuaðstaða og góður vinnutími 8-16. Við erum framsækið fyrirtæki í örum vexti, með fjölbreytta starfsemi og getum boðið möguleika á framtíðarstarfi. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Þeir sem hafa áhuga vinsamlegast sendi upplýsingar um sjálfa sig (fyrri störf og þess háttar) á netfangið katla@katla.is.

Viltu aukatekjur 25 þús+? og vinna með góðu fólki? Hafðu þá samband. Fanney s. 698-7204.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Stafsmann vantar til ræstinga á selfossi um er að ræða kvöldræstingu eftir kl 19 sími. 8630083 eða rh@rh.is

Starfsfólk óskast til afleysinga í ræstingum og bónvinnu kvöldvinna.sími 8630080

Röska menn vantar á hjólbarðaverkst. Uppl. í s. 568 3080 og á staðnum. Barðinn, Skútuvogi 2.

Gröfumaður
Vanur gröfumaður óskast á gröfu. Uppl. í s. 892 2927.

Sumarvinna
Vantar duglegt fólk í garðslátt og hreinsun á görðum á aldrinum 15-25 ára. Hægt er að sækja um á www.gardlist.is

Tekjuleið. Ef þú ert að leita að leið til að ná þér í tekjur þá erum við með lausnina, hvort sem þú býrð hérlendis eða erlendis. www.simnet.is/world

Áfyllingar í verslunum Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. óskar eftir að ráða starfsmenn til framtíðar í áfyllingar í verslanir. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst og þarf að hafa bílpróf. Áhugasamir sendi umsóknir til Ölgerðarinnar eða á netfangið ee@egils.is.

Rafvirkjar óskast sem fyrst til starfa. Rafmax. Upplýsingar í síma 893 7004.

Baðvarsla Árbæjarlaug.
Óskum eftir að ráða starfsmann á kvennaböð í Árbæjarlaug. Um er að ræða vaktarvinnu. Augl. veiti r forstöðumaður í s. 510 7600 eða 695 5125.

Vanan sjómann og kokk vantar á bát sem rær frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 863 9357.

Óskum eftir Naglafræðing á nýja snyrtistofu í Kópavogi. Uppl. í s. 820 0802 & 564 5455.

Hexa ehf óskar eftir vönum saumakonum til starfa sem fyrst, fjölbreytt starf í boði. Upplýsingar hjá Þórhildi síma 567-0880

Óska eftir duglegum samstarfsaðila sem gerir miklar tekjukröfur. www.ubifree.ws

Hjólbarðarverkstæði
Vanur Starfsmaður Óskast á Hjólbarðaverkstæði Sigurjóns Hátúni 2a uppl í Síma 5515508

Hress, áræðanleg og dugleg stúlka óskast sem au-pair til New York. Um er að ræða umsjón með 4 börnum 7-13 ára og heimilisstörf. Undir 21 árs ekki æskilegt. Upplýsingar í síma 845 8561

Húsgagnaverslun í Kópavogi auglýsir eftir helgarstarfsfólki sem fyrst, 25 ára og eldra. Uppl. í s. 554 6300.

Óska eftir gröfumönnum og verkamönnum í Reykjavík. Mjög mikil vinna framundan. Uppl. í síma 695 2399 & 695 0556.

Atlantsolía leitar eftir hressum starfsskrafti til aðstoðar á bensínstöð fyrirtækissins á Sprengisandi. Vinnutími 9-14 eða 14-19. Hentugt með skóla. Uppl. í s. 825 3132.

TILKYNNINGAR

Ýmislegt

Skólamót! Fyrrum nemendur Guðmundu Jóhannsdóttur úr Múla- og Gufudalssveitum. Laugardaginn 29. maí er áætluð samkoma fyrrum nemenda í Flókalundi. Nánari upplýsingar í síma 898 1253 eða á netfóng eliasjoh@visir.is og flokalundur@flokalundur.is

Einkamál

OKKUR VANTAR
PÍPARA / SMIÐ

Til starfa hið fyrsta í krefjandi og skemmtilegu umhverfi hjá fyrirtæki með metnað!

Kröfur:
- Heiðarleiki
- Reynsla í viðhaldsvinnu
- Hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð

Spennandi tækifæri fyrir réttan aðila

Umsóknir sendist til Fréttablaðsins merkt: **"Handlaginn '05"**

Eða sendið tölvupóst á **handlaginn@handlaginn.is** (ath. uppl. ekki gefnar í síma)

HANDLAGINN

Efling-stéttarfélag

Félagsfundur verður haldinn þriðjudaginn 22. mars kl. 18:30 í Kiwanishúsinu við Engjateig.

Dagskrá:
1. Sameining lífeyrissj. Framsýnar og Lifeyrissj. Sjómanna.
2. Ávinnsla lífeyrisréttinda
3. Önnur mál

Félagar mætum vel og stundvíslega

Stjórn Eflingar-stéttarfélags

EFLING STÉTTARFÉLAG
Stendur með þér!

Útboð

Útboð á bifreiðum frá Varnarliðinu verður dagana 18. til 21. mars. Bifreiðarnar verða til sýnis á plani Bílasölunnar Hrauns við Reykjanesbraut gegnt álverinu. Hægt er að skila inn tilboðum á vefslóðunum www.bilhraun.is og geymslusvaedid.is
Uppl. í síma 565 4599 og 565 2727.

Stangaveiðimenn ath.

Nýtt námskeið í fluguköstum hefst sunnudaginn **20. mars í TBR húsinu Gnoðavogi 1, kl. 20.**

Kennt verður 20. mars, 3., 10., 17. og 24. apríl. Við leggjum til stangir. Skráning á staðnum gegn greiðslu (ekki kort), mætið tímalega. Munið eftir inniskóm. Þetta er síðasta námskeið vetrarins.

K.K.R., S.V.F.R. OG S.V.H.

HÓLL
www.holl.is

Tákn um traust
595 9000
Beinn sími

Björn Daníelsson, hdl. og lögg. fasteignasali

Byggingaréttur til sölu!
fyrir ca. 30 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu. Áhugsamir endilega hafið samband.

Fyrir traustan viðskiptavin Hóls
óskum við eftir ca. 600 fm opnu rými ásamt 2-300 fm skrifstofuhúsnæði. Verður að vera í Reykjavík.

Allar upplýsingar veitir Franz Jezorski, hdl. í síma 893-4284 Hóll fasteignasala.

Viltu spara?
Til sölu glæsilegt parhús 45 mín. frá Rvk. 125m² með bílskúr til afhendingar núna allir veggir úr steini, tilbúið undir tréverk. **Verð 16,5 millj.**

S. 5643052/6976900. Pétur.

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
533 4300
Salómon Jónsson lögg. fasteignasali

SMÁRINN FASTEIGNASALA
564 6655
Vilhjálmur Bjarnason lögg. fasteignasali

NJÁLSGATA 100
Milli kl 16:00 og 17:00

Falleg 4ja herbergja íbúð 83 fm að stærð á góðum stað í miðbæ Reykjavíkur. Gólfefni íbúðar eru gegnheilt parket og korkflísar. Góð sprautulökkuð viðarinnrétting í eldhúsi. Stórt leiksvæði og góður róluvöllur við húsið. **Verð 18 millj.**

Allar nánari upplýsingar veitir Ólafur H. Haraldsson í s. 693 4868. Verið velkomin.

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
533 4300
Salómon Jónsson lögg. fasteignasali

SMÁRINN FASTEIGNASALA
564 6655
Vilhjálmur Bjarnason lögg. fasteignasali

OPIÐ HÚS AÐ BÁRUGRANDA 1, ÍBÚÐ 101
í dag, laugardag milli kl. 16 og 17

Falleg 86,6 fm 3-4 herbergja íbúð ásamt 24 fm merktu stæði í bílgeymslu á þessum skemmtilega stað. Aðeins 4 íbúðir í stigaganginum. Húsið var málað sumarið 2004. **Verð kr. 19,8 millj.** Verið velkomin.

Allar upplýsingar gefur Steinunn í síma 862-2969

ÓKEYPIS AÐGANGUR
100% Spánn
Kynning á fasteignum
Laugardag og sunnudag
19. og 20. mars
kl. 12–17
Gullhamrar
við Nóatún
Grafarholti
Norður-Costa Blanca • Suður-Costa Blanca • Costa Calida • Costa Almeria
sales@atlasiceland.com
Sími: 696 1960
www.atlasinternational.com
ATLAS INTERNATIONAL

www.hakot.is
HÁKOT
Sími 431 4045
Fax 431 3179
Daníel Rúnar Eiríksson
Löggilt fasteignasala

ÞINGHOLT
Sími 590 9500
Borgartún 20, 105 Reykjavík
Ella Lilja Sigursteinsdóttir lögg. fasteignasali

SUMARHÚS – KYNNING
Laugardaginn 19. mars milli kl 10 og 16
Kynning á
sumarhúsum verður
að Esjumel 7
116 Reykjavík.
Verið velkominn.

Draumahús 530 1800

Opin Hús Suðurnes

Alltaf föst söluþóknun

Skoðaðu fjögur heimili á einum eftirmiðdegi

Helgarbíltúr um opin hús er frábær leið til að fá yfirsýn yfir hvaða íbúðir eru í boði í þínum verðflokki.

Svona gengur það fyrir sig:
Ferðin hefst kl.14:00 og hvert heimili er sýnt í 30 mínútur. Þú getur hitt okkur á hvaða heimili sem er í ferðinni. Jafnvel geturðu keyrt framhjá þeirri eign sem þú vilt skoða áður en ferðin hefst. En eftir að ferðin er hafin má ekki missa af opnunartímanum á þeim heimilum sem þú vilt skoða. Frekari upplýsingar um eignirnar, ásamt hringmyndum, eru á **www.draumahus.is.**

Helgarbíltúrinn okkar er ólíkur venjulegu opnu húsi:
Draumahúsabíltúrinn er skilvirk og þægileg leið fyrir kaupendur og seljendur, því við höfum fundið út að kaupendur geta á mjög stuttum tíma komist að niðurstöðu um hvort þeir hafi áhuga á ákveðinni eign eða ekki. Ef þú skoðar eign sem þér líst vel á og vilt skoða hana betur, þá skipuleggur þú aðra heimsókn með seljandanum, oft seinna sama dag. Síðan er hægt að gera tilboð í eignina á skrifstofu Draumahúsa í Mörkinni 4, frá 9:15 til 17:00 virka daga.

Þú sem kaupandi ert líka seljandi:
Draumahús bjóða seljendum fasta lága söluþóknun, kr.199.000 með virðisaukaskatti. Draumahús spara seljendum yfir 200 milljónir á ári í söluþóknun. Athugið að sölupróssentur sem gefnar eru upp af öðrum fasteignasölum eru án virðisaukaskatts til að villa um fyrir seljendum. Við prósentur þeirra bætast 24,5% og í sumum tilfellum einnig önnur föst gjöld.

Hafðu samband í síma 530-1800 eða með tölvupósti á **draumahus@draumahus.is** til að panta söluskoðun á þína eign.

hausverk / SÍA

Draumaeignir

Fífumói 5d - 230 Keflavík

8.500.000
Algerlega endurnýjuð 3ja herb. 55 fm íbúð á 1. hæð með suðaustur svölum. Falleg ljós innrétting í eldhúsi og stáltæki.



Hátún 27 - 230 Keflavík

24.900.000
142 fm. parhús á 2 hæðum með suðvestlægum garði og svölum. 45 fm. bílskúr fylgir húsinu. Samtals 187 fm.

Melbraut 9 - 250 Garður

16.000.000
Bjart og gott 139,2 fm. 4ra - 5 herbergja einbýlishús á einni hæð ásamt 44 fm. tvöföldum bílskúr. Stór ræktaður garður.



Stafnesvegur 8 - 250 Sandg.

19.900.000
170 fm. parhús á 2 hæðum með vestlægum garði og svölum. 39 fm. bílskúr fylgir húsinu. Samtals 209 fm. með stórri verönd og heitum potti.

Draumahús ehf. • Brynjólfur Hjartarson hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar • Mörkin 4 • 108 Reykjavík sími: 530 1800 • fax: 530 1801 • www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

Draumahús 530 1800

Opin Hús

Alltaf föst söluþóknun

Skoðaðu sex heimili á einum eftirmiðdegi

Helgarbíltúr um opin hús er frábær leið til að fá yfirsýn yfir hvaða íbúðir eru í boði í þínum verðflokki.

Svona gengur það fyrir sig:
Ferðin hefst kl.13:00 og hvert heimili er sýnt í 20 mínútur. Þú getur hitt okkur á hvaða heimili sem er í ferðinni. Jafnvel geturðu keyrt framhjá þeirri eign sem þú vilt skoða áður en ferðin hefst. En eftir að ferðin er hafin má ekki missa af opnunartímanum á þeim heimilum sem þú vilt skoða.

Frekari upplýsingar um eignirnar, ásamt hringmyndum, eru á **www.draumahus.is.**

Helgarbíltúrinn okkar er ólíkur venjulegu opnu húsi:
Draumahúsabíltúrinn er skilvirk og þægileg leið fyrir kaupendur og seljendur, því við höfum fundið út að kaupendur geta á mjög stuttum tíma komist að niðurstöðu um hvort þeir hafi áhuga á ákveðinni eign eða ekki. Ef þú skoðar eign sem þér líst vel á og vilt skoða hana betur, þá skipuleggur þú aðra heimsókn með seljandanum, oft seinna sama dag. Síðan er hægt að gera tilboð í eignina á skrifstofu Draumahúsa í Mörkinni 4, frá 9:15 til 17:00 virka daga.

Þú sem kaupandi ert líka seljandi:
Draumahús bjóða seljendum fasta lága söluþóknun, kr.199.000 með virðisaukaskatti. Draumahús spara seljendum yfir 200 milljónir á ári í söluþóknun.

Athugið að sölusprósentur sem gefnar eru upp af öðrum fasteignasölum eru án virðisaukaskatts til að villa um fyrir seljendum. Við prósentur þeirra bætast 24,5% og í sumum tilfellum einnig önnur föst gjöld.

Hafðu samband í síma 530-1800 eða með tölvupósti á **draumahus@draumahus.is** til að panta söluskoðun á þína eign.

Draumaeignir

Austurberg 8 - 111 Rvk

Kl. 17.00-17.20

17.600.000
Vel skipulögð og björt 4ra herbergja íbúð á annarri hæð ásamt sér geymslu í kjallara og bílskúr. Sameignlegt þvottahús og þurrkherbergi í kjallara. Ólafur og Elísabet taka á móti gestum.



Álfaborgir 25 - 112 Rvk

Kl. 13.00-13.20

14.600.000
Góð 2ja herb. 67 fm íbúð á 2. hæð með sérinngangi og ágætis útsýni. Frábær staðsetning. Málfríður tekur á móti gestum.

Álfhólsvegur 2A - 200 Kóp

Kl. 14.00-14.30

35.400.000
Mjög bjart og fallegt 7 herb. 177,3 fm raðhús ásamt 37,6 fm bílskúr afar vel viðhöldnu húsi. Fimm svefnherb. Nýleg eldhúsinnrétting. Fallegur suðurgarður og pallur. Rauðeik á gólfi. Eign í góðu ástandi. Margrét tekur á móti gestum.

Klapparhlíð 11 - 270 Mos

Kl. 16.00-16.20

14.300.000 LAUS STRAX!
Rúmgóð, björt og falleg 2ja herb. 66,7 fm íbúð með sérinngangi af svölum á 2. hæð í nýlegu fjölbýli. Eldhús opið í stofu. Innréttingar eru úr Mahogny og Merbau parket á gólfum. Þvottahús er innan íbúðar. Ingþór tekur á móti gestum.

Laufrimi 8 - 112 Rvk

Kl. 14.00-14.20

18.300.000
Mjög björt og góð 3ja til 4ja herbergja 88,7 fm. íbúð á jarðhæð með sér garði og sér inngangi í Permaformhúsi. Eldhús er opið í stofu. Íris tekur á móti gestum.

Stararimi 37 - 112 Rvk

Kl. 13.00-14.00

53.500.000
Stórglæsilegt og vandað 5 herb. einbýli á einni hæð með tvöföldum bílskúr. Húsið er innréttað á afar smekklegan máta og mikið verið endurnýjað á s.l ári. Mjög rúmgóð 4 svefnherbergi, stór stofa/borðstofa með arni, mikilli lofthæð og útgengi út á góða timburverönd og glæsilegan garð.

...meira en þú þarft þegar þú selur fasteign

Draumahús

Söluverð á eign	0 - 100.000.000
Söluþóknun óháð verði eignar	159.839
Ýmis söluþóknunargjöld	0
(t.d. skoðunargjald, umsýslukostnaður ofl.)	
Samtals án vsk	159.839
Vsk (24,5%)	39.161
FAST VERÐ!	**199.000**
ÞÚ SPARAR:	238.618

Aðrar fasteignasölur, raundæmi:

Söluverð á eign	17.000.000
Söluþóknun (Kynntu þér mismunandi prósentur)	1,95% 331.500
Ýmis söluþóknunargjöld	20.000
(Kr. 0 til 50.000,- mismunandi eftir fasteignasölum)	
Samtals án vsk	351.500
Vsk (24,5%)	86.118
Samtals með vsk	437.618

hausverk / SIA

SJÓNARHORN

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Kuldanum sagt stríð á hendur.

Vissir þú ...

... að lengstu fíflakeðju í heimi gerði lið sextán þorpsbúa í Good Easter í Bretlandi sem hnýtti saman fífla í 2.212 kílómetra keðju árið 1985?

... að syðsti hluti nokkurs hafs er á 87° suður og 151° vestur undan Scott-jökli, 320 kílómetra frá suðurpólnum?

... að egg kjarrhænu einnar í Ástralíu var níutíu daga að klekjast en venjulegur klaktími er 62 dagar?

... að Vatíkanið er minnsta land í heimi en íbúafjöldi þess var um það bil 911 árið 2003?

... að elsti starfandi skemmtigarður heims er Bakken í Klampenborg í Danmörku sem var opnaður árið 1583?

Frábært sumarhús til leigu á einum besta stað Spánar, Torrevieja Alicante.

Íbúðin er mjög vel staðsett, stutt í verslanir, stórmarkaði og veitingastaði. Góð sundlaug er í sameiginlegum garði aðeins nokkra metra frá íbúðinni.

Nánari upplýsingar á heimasíðunni www.simnet.is/torrevieja eða í síma 860 8660.

Yfirhafnir á hálfvirði

Vattúlpur, dúnúlpur, ullarkápur, húfur og hattar

S: 588 5518
Opnunartími Mörkinni 6
mán. – fös. 10 – 18
lau. 10 – 16

KOPPHÚSIÐ

Tilvalin fermingargjöf

BRILLIANT

Laugavegi 49 - 551 7742 | Kringlunni - 588 9944 | Smáralind - 564 4120 | www.brilliant.is

Ódýrari fermingargjafir á www.skola.is

- Fræðsluefni
- Tómstundavörur
- Föndurvörur
- Myndlistarvörur
- Hannyrðavörur
- Skólavörur
- Skrifstofuvörur
- Búnaður
- Húsgögn



Skólavörubúðin

Smiðjuvegi 5, Kópavogi • S. 58 50 500 • www.skola.is

Hátíðarfatnaður íslenskra karlmanna

Ný sending
pantanir óskast sóttar

Hátíðarföt
með vesti
100% ull
skyrta,
klútur
og næla

kr. 36.900

Allar stærðir
46 - 64
98 - 114
25 - 28

Hátíðarfatnaður íslenskra karlmanna hefur notið mikilla vinsælda frá því farið var að framleiða hann.
Færst hefur í vöxt að karlmenn óski að klæðast búningnum á tyllidögum, svo sem við útskriftir, giftingar, á 17. júní, á Þorrablótum, við opinberar athafnir hérlendis og erlendis og við öll önnur hátíðleg tækifæri.

galleri sautján

laugavegi 91 s.511 1717 - kringlunni s.568 9017

VÍSINDAVEFUR
HÁSKÓLA ÍSLANDS

TOLLUNDMAÐURINN Höfuðið á Tollundmanninum er sérstaklega vel varðveitt og á því sjást meðal annars dagsgamlir skeggbroddar. Tollundmaðurinn fannst í mýri árið 1950 og var sennilega hengdur um 220 f. Kr.

Hvernig rotnar mannslíkaminn?

HVAÐ GERIST EIGINLEGA ÞEGAR LÍKAMI ROTNAR?
Svar: Fræðin um niðurbrot líkama eftir dauða hafa verið nefnd „taphonomy“ á ensku. Breytingar sem verða í mannslíkamanum eftir dauðann eru mismunandi eftir aðstæðum í umhverfi líksins. Niðurbrotið (e. decomposition) er mismunandi eftir því hvort líkið er grafið í jörðu og hver umbúnaður þess er svo sem kista, eða hvort það liggur í vatni ellegar er úti undir beru lofti.

Fjölbreyttir greftrunarsiðir

Greftrunarsiðir eru og hafa verið með ýmsu móti. Sums staðar eru líkin varðveitt með því að spýta inn í þau efnum sem tefja rotnun og nefnist það smurning (e. embalming). Alkunn er til dæmis viðleitni forn-Egypta til að varðveita líkama hástéttarfólks með því að fjarlægja innyfli en varðveita aðra hluta líkamans, með smurningu og þornun svo þeir hafa geymst sem „múmíur“ til okkar daga.

Tvenns konar niðurbrot vefja

Niðurbrot vefja eftir dauðann verða annars vegar fyrir niðurbrot efnakljúfa, sem eru fyrir hendi í vefjafrumum (e. autolysis) en hins vegar vegna rotnunar fyrir tilstilli gerla (e. putrefaction). Við það bætist að lík þeirra sem deyja á víðavangi eða drukkna verða fyrir ágangi frá umhverfinu, svo sem skordýrum, marflóm, fuglum og fleiru.

Niðurbrot efnakljúfa

Þegar dauðann ber að stöðvast efnahvörf í frumum líkamans. Efnakljúfum líkamsfrumna er haldið í skefjum til þess að starfa skipulega í örsmáum bólum í frymi lifandi frumna en þegar lífið slokknar losna þessi efni úr læðingi og taka að brjóta frumurnar niður.

Rotnun vegna gerla hefst í þörmum

Gerlar sem eiga sér bústað í manninum taka að fjölga sér strax eftir andlátið. Sú starfsemi byrjar í þörmum þannig að gerlarnir dreifa sér frá innyflum eftir æðum sem þeir nota sem brautir til þess að fara um allan líkamann. Gerlarnir framleiða efni sem brjóta niður vefi og má greina það á niðurbroti blóðs, sem veldur grænleitri upplitun. Á öðrum degi eftir andlát sést því grænleit slikja á kviðvegg látins manns. Samtímis því að brjóta niður vefi mynda gerlarnir loft. Þeir eru hitakærir og því verður niðurbrot örara ef lík er í heitu umhverfi eftir andlátið en sé líkaminn kældur niður hægist öll starfsemi gerla og þar með niðurbrot vefja. Við niðurbrotið koma fram daunillar lofttegundir til dæmis brennisteinsvetni og er þá talað um nálykt.

Mjúkvefir brotna fyrst niður

Þar sem lík liggur óvarið í röku og heitu umhverfi brotna mjúkvefir hratt niður, fyrst innyfli, þá heili, nýru, vöðvar, leg og blöðruhálskirtill en síðast bein og tennur. Ef skordýr ná að komast að líki stuðlar það að mun hraðara niðurbroti mjúkvefja. Verður það einkum ef maðkaflugur ná að verpa víum sínum í líkamsop eða sár að lirfur þeirra (maðkarnir) nærast á vefjum. Bein og tennur varðveitast mun lengur en mjúkvefir en smám saman verða harðir vefir einnig að dufti.

Líkamar frá bronsöld hafa varðveist

Samkvæmt framanskráðu er ekki unnt að alhæfa um það hvenær líkami er orðinn að dufti eftir greftrun en líkami sem er djúpt í moldu án kistu getur verið 10-12 ár að brotna niður þar til beinagrindin ein er eftir. Í rökum, súrum jarðvegi getur kalkhluti beina og tanna tærst tiltölulega fljótt en svo sem kunnugt er finnast oft ævaforn bein, sem varðveist hafa í þurru umhverfi eða sterkum kistum. Afar heillegir líkamar manna, sem fundust í mómýrum á Jótlandi reyndust vera frá bronsöld og höfðu varðveist vel til okkar daga sökum þess að jarðvegurinn hafði að geyma sútunarsýru, sem sútað hefur hold þeirra sem þar voru grafnir. Sýran leysti hins vegar upp kalkið í beinum líkamans svo eftir var mjög vel varðveitt holdið.

Þess má geta að í íslenskum lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu frá 1993 segir í 29. grein að grafir skuli friðaðar í 75 ár.

Gunnlaugur Geirsson, prófessor í réttarlæknisfræði við HÍ.

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem nefnast. Meðal spurninga sem þar hefur verið glímt við undanfarið eru til dæmis: Hverjir voru helstu guðir Súmera, hvað er eiginlega vitlausa beinið, er löglegt að framleiða djarfar fullorðinsmyndir á Íslandi, hvernig er best að byggja upp gott sjálfstraust, hvað var spánska veikin, hvað er Genfarsáttmálinn og er bannað að borða sitt eigið hold? Hægt er að lesa svörin við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum með því að setja efnisorð inn í leitarvél vefsins á slóðinni www.visindavefur.hi.is.

VELKOMIN Í GALLERÍ FOLD Í DAG

Við verðum með opið hús í Gallerí Fold við Rauðarárstíg í dag og bjóðum alla unnendur listaverka velkomna. Listamenn koma í heimsókn og kynna verk sín og starfsmenn frá KB banka og VÍS veita upplýsingar um vaxtalaus listmunalán og listmunatryggingar.

Öll börn sem koma með foreldrum sínum fá **páskaegg frá Mónu** meðan birgðir endast.

Þeir sem ganga frá umsóknum um listamunalán í dag fá **grafíkverk eftir Kristján Davíðsson að gjöf.**

Sjáumst í Gallerí Fold!

Opið laugardag, kl. 11.00-17.00

LISTMUNASALA fold ART GALLERY

Gallerí Fold • Rauðarárstíg 14-16 • sími 551 0400

BÚSÁHALDAV

Vnr.41330755

Pottur 2.617 ~~3.490~~

BREMEN pottur með loki, 24x17 cm.

Vnr.41330761

Pottur 1.868 ~~2.490~~

STRASB pottur með loki 20x9,5 cm.

Vnr.40028300

Hitakanna 1.868 ~~2.490~~

COLUMBUS hitakanna
1 ltr, hvít.

Vnr.41330765

Panna 2.617 ~~3.490~~

STRASB panna með loki, 28x4,5 cm.

Vnr.41330759

Pottur 1.492 ~~1.990~~

STRASB pottur með loki 16x7,4 cm.

Vnr.42266721

Eldhúsvog 4.492 ~~5.990~~

SOEHNLE eldhúsvog CINA, hvít.

Vnr.41383176

Hnífapör 2.617 ~~3.490~~

Steikarhnífapör, 12 stk, stál.

Vnr.49961650

Pottur 1.492 ~~1.990~~

ROASTER pottur.

Vnr.41112156

Barnasett 893 ~~1.190~~

DAN Bangsimon barnasett.

Vnr.41101206

Eldföst mót 1.492 ~~1.990~~

Eldföst mót, hringlaga, 3 stk.

Vnr.41101202

Eldföst mót 1.868 ~~2.490~~

Eldföst mót, ferköntuð, 3 stk.

Vnr.41101215

Skálar 742 ~~990~~

Skálar hringlaga, 3 stk. í setti, hvítt.

EISLA Í BYKO!

Búsáhöld

25%

afslátturr

af öllum búsáhöldum*

* Gildir ekki með öðrum tilboðsvörum

	Virkir dagar	Laugard.	Sunnud.
Breiddin-Verslun Sími: 515 4200	8-19	10-18	11-17
Timburverslun-Breidd Sími: 515 4100	8-18	10-16	
Lagmadeild-Breidd Sími: 515 4040	8-18	10-16	
Leigumarkaður BYKO Sími: 515 4020	8-19	10-18	11-17
Hringbraut Sími: 562 9400	8-19	10-18	11-17
Hafnarfjörður Sími: 555 4411	8-18	9-15	

BYKO

BYGGIR MEÐ ÞÉR

Aðalsímanúmer: 515 4000

	Virkir dagar	Laugard.	Sunnud.
Akranes Sími: 433 4100	8-18	10 -14	
Akureyri, Glerártorg Sími: 460 4800	8-18^{30}	10-17	
Akureyri, Furuvöllum Sími: 460 4860	8-18	10-14	
Reyðarfjörður Sími: 470 4200	8-18	10-14	
Suðurnes Sími: 421 7000	8-18	9-15	
Selfoss Sími: 480 4600	8-18	10-16	12-16



ALRÍKISLÖGREGLAN ELTIR GÖTUSTRÁKA

Mara Salvatrucha, einnig þekkt sem MS 13, er nú talið hættulegasta glæpagengi Bandaríkjanna og Mið-Ameríku. Bandaríska alríkislögreglan hefur stofnað sérsveit til höfuðs genginu. ***Trausti Hafliðason*** kynnti sér herferð sérsveitarinnar og starfsemi gengisins.

Bandarísk löggæsluyfirvöld tilkynntu í vikunni að meira en hundrað meðlimir hins alræmda götugengis Mara Salvatrucha, eða MS 13, hefðu verið handteknir. Málið hefur vakið gríðarmikla athygli í Bandaríkjunum enda er þetta í fyrsta skiptið í sögunni sem bandaríska alríkislögreglan (FBI) hefur stofnað sérsveit sem beinir spjótum sínum að einu ákveðnu götugengi.

Mara Salvatrucha var stofnað á níunda áratugnum á götum Los Angeles af innflytjendum sem flýðu borgarastyrjöldina í El Salvador. Gengið hefur fært út kvíarnar þannig að nú telur það á bilinu 40 til 50 þúsund meðlimi. Af þeim eru um tíu þúsund í 33 ríkjum í Bandaríkjunum en hinir eru í Mið-Ameríkulöndunum.

Smygla dópi, vopnum og fólki

Ástæðan fyrir því að stofnuð hefur verið sérsveit undir forystu Roberts F. Clifford, yfirmanns hjá FBI, er gríðarlegur vöxtur gengisins undanfarin tvö ár. Mara Salvatrucha þykir óvenju harðsnúið gengi sem auk þess að tengjast flestri þeirri glæpastarfsemi sem hugsast getur hefur einnig verið talið tengjast hryðjuverkamönnum.

Aðgerðir lögreglunnar teygðu sig frá Hollywood til austurstrandar Bandaríkjanna. Meirihluti þeirra sem voru handteknir var í New York og Washington en einnig voru menn handteknir í Los Angeles, Baltimore, Denver, Miami og Dallas. Einn hinna handteknu er fyrrverandi hermaður í her El Salvador sem talinn er vera einn af stofnendum gengisins.

„Þegar starfandi eru í landinu glæpasamtök sem smygla eiturlyfjum, vopnum og fólki yfir landamærin hljótum við að líta á þau sem ógn við öryggi landsins," sagði Michael J. Garcia, yfirmaður í bandaríska varnarmálaráðuneytinu á blaðamannafundi í Washington þegar tilkynnt var um handtökurnar.

Streyma ólöglega til Bandaríkjanna

Markmið sérsveitarinnar, sem var stofnuð seint á síðasta ári, er að uppræta götugengið fyrir fullt og allt. Alríkislögreglan hyggst vinna bæði með staðbundnum löggæsluyfirvöldum og ýmsum stofnunum samfélagsins til þess að ná markmiði sínu. Það er því ljóst að um gríðarlega umfangsmikið verk er að ræða.

„Aldrei fyrr höfum við séð götugengi ná þvílíkri útbreiðslu á jafn stuttum tíma," sagði Clifford. Hann sagði að undanfarin ár hefði Mara Salvatrucha verið skotmark lögreglunnar í Los Angeles. Hundruð meðlima gengisins hefðu verið handtekin á hverju ári en þrátt fyrir það væri starfsemi gengisins enn í fullum blóma. Eitt vandamálið sem bandarísk löggæsluyfirvöld eiga við að etja er að þegar meðlimir gengisins hafa verið handteknir hafa þeir verið sendir úr landi, enda flestir ólöglegir innflytjendur. Þetta hefur hins vegar leitt til þess að genginu hefur vaxið fiskur um hrygg í Mið-Ameríku og meðlimum þess fjölgað mikið. Nú er talið að allt að 40 þúsund meðlimir gengisins séu í löndum Mið-Ameríku. Þessi mikli vöxtur gengisins í Mið-Ameríku hefur orðið til þess að sífellt nýir meðlimir þess streyma ólöglega yfir landamærin til Bandaríkjanna.

Handsprengjur á hundraðkall

Eftir borgarastyrjöldina í El Salvador ganga ýmis hergögn þar kaupum og sölum. Handsprengjur kosta kringum hundrað krónur og M16-hríðskotabyssur fást fyrir tíu til fimmtán þúsund krónur.

RÁÐIST GEGN GLÆPAGENGI Michael Garcia, yfirmaður í bandaríska varnarmálaráðuneytinu, svarar spurningum á blaðamannafundi í Washington í vikunni. Þá var tilkynnt að bandarísk löggæsluyfirvöld hefðu skipulagt umfangsmikla herferð gegn glæpagenginu Mara Salvatrucha, sem einnig gengur undir nafninu MS 13.

Talið er að vopn, eiturlyf og ólöglegir innflytjendur séu flutt með lestum frá Chiapas-héraði í Mexíkó, sem liggur við landamæri Gvatemala, og norður að landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó. Í minnisblaði frá bandaríska dómsmálaráðuneytinu kemur fram að gengið hafi komið sér upp bækistöðvum víða við landamærin og eru landamærin við borgina Laredo í Texas sérstaklega nefnd.

Nú er svo komið að Mara Salvatrucha veður uppi í El Salvador, Gvatemala og Hondúras, þannig að þarlend stjórnvöld vita ekki sitt rjúkandi ráð. Í desember síðastliðnum stóð gengið á bak við fjöldamorð í borginni San Pedro Sula í Hondúras. Rúta með 28 farþegum var stöðvuð og allir skotnir til bana, þar á meðal börn. Ricardo Maduro, forseti Hondúras, sagði að árásin hefði verið gerð í þeim tilgangi að vara stjórnvöld við því að íhlutast um mál gengisins, en undanfarin tvö ár hefur lögreglan í Hondúras handtekið um tvö þúsund meðlimi þess.

Yfirvöld í Mið-Ameríkuríkjunum hafa gagnrýnt bandarísk stjórnvöld fyrir að vísa liðsmönnum Mara Salvatrucha frá Bandaríkjunum án þess að láta ákærur eða nokkur skjöl um afbrot viðkomandi fylgja. Þetta hefur orðið til þess að þegar glæpamennirnir koma aftur til síns heima sleppa þeir við refsingu og byrja strax að vinna að því að koma sér aftur norður til fyrirheitna landsins. Reyndar er þetta ekki alltaf svo einfalt því margir meðlimir í genginu óttast mjög að vera vísað úr landi því í Mið-Ameríku er annað gengi sem tekur oft á móti þeim – þó varla sé það opnum örmum. Það gengi ber spænska heitið Sombra Negra sem þýðir Svarti skugginn. Sombra Negra er gengi harðsvíraðra lögreglu- og hermanna sem hafa það eitt að markmiði að myrða meðlimi glæpagengja. Þetta eru menn sem vilja láta hart mæta hörðu og eru orðnir langþreyttir á máttleysi löggæsluyfirvalda.

Tengsl við al-Kaída

Auk þess að vera vægðarlausir glæpamenn hafa ýmsir haldið því fram að Mara Salvatrucha hafi átt samskipti við liðsmenn al-Kaída. Varnarmálaráðherra Hondúras sagðist hafa heimildir fyrir því að foringjar gengisins í Hondúras hefðu hitt liðsmenn al-Kaída og Tony Saca, forseti El Salvador, sagði að leyniþjónustan þar í landi hefði upplýsingar sem bentu til hins sama. Í kjölfarið á þessum fréttum var bandaríska þinginu ekki alls fyrir löngu tilkynnt að hið flókna net smyglleiða sem Mara Salvatrucha hefði komið sér upp gæti hæglega verið notað til að koma hryðjuverkamönnum til Bandaríkjanna.

Clifford sagði í síðustu viku að engin sönnunargögn væru fyrir því að Mara Salvatrucha og al-Kaída hefðu haft samskipti. Hann tók jafnframt fram að slík tengsl væru ólíkleg en þó væri ábyrgðarlaust af yfirvöldum að hunsa möguleikann.

Búist er við því að á næstu mánuðum verði hundruð meðlima Mara Salvatrucha handtekin. ■

Hrottalega grimmir strákar frá El Salvador

Mara Salvatrucha-gengið á rætur sínar að rekja til níunda áratugarins þegar borgarastyrjöldin í El Salvador geisaði. Meira en hundrað þúsund manns létust í styrjöldinni og milljón manna flutti til Bandaríkjanna, stór hluti ólöglega.

Flestir innflytjendanna fóru til Kaliforníu og settust að í Los Angeles, sem oft hefur verið nefnd höfuðborg götugengjanna. Þeir komu sér þaki yfir höfuðið í spænskumælandi hverfum borgarinnar. Þar urðu þeir hins vegar fyrir aðkasti mexíkóskra gengja og annarra. Sér til varnar stofnuðu þeir sér því sitt eigið gengi. Við Pico Union í Los Angeles varð sem sagt til gengið Mara Salvatrucha sem þýðir einfaldlega gengi drengja frá El Salvador. Gengið gengur einnig undir heitinu MS 13.

Mara Salvatrucha átti síðan eftir að vaxa hraðar en nokkurn óraði fyrir og nú er svo komið að það telur um 50 þúsund meðlimi víðs vegar um Mið-Ameríku og í Bandaríkjunum á jafn ólíkum stöðum og Alaska og Flórída. Mara Salvatrucha er því ólíkt öðrum götugengjum í Bandaríkjunum að því leyti að það teygir anga sína til annarra landa og hefur náin tengsl við El Salvador.

Mara Salvatrucha er glæpagengi með stóru G. Gengið smyglar eiturlyfjum í stórum stíl frá Mexíkó til Bandaríkjanna og hefur tengsl við stóra eiturlyfjahringi í Suður-Ameríku. Gengið smyglar einnig fólki og vopnum yfir landamærin og stelur þúsundum bíla í Bandaríkjunum á hverju ári. Samkvæmt upplýsingum frá saksóknara í Orange-sýslu í Kaliforníu er talið að um 80 prósentum allra bíla í El Salvador hafi verið stolið í Bandaríkjunum. Meðlimir Mara Salvatrucha hafa einnig verið dæmdir fyrir fjölmörg morð í Bandaríkjunum, sem og mútur, nauðganir, fíkniefnasölu, innbrot, rán og ólöglega sölu vopna og fleira. Þeir hafa jafnvel gengið svo langt að leggja „skatt“ á fíkniefnasölu og vændi sem stundað er á svæðum sem þeir ráða yfir.

Nýlegt dómsmál í Virginíu, þar sem meðlimur Mara Salvatrucha var dæmdur fyrir morð, veitti ákveðna innsýn í starfsemi gengisins. Í vitnaleiðslum kom fram að meðlimir gengisins eiga beinlínis refsingu yfir höfði sér, ráðist þeir ekki á meðlimi úr öðrum gengjum. Þannig upplýsti eitt vitnið að ef meðlimur Mara Salvatrucha gerðist uppvís að því að ráðast ekki gegn óvininum kæmu foringjar MS 13 upp sérstökum dómstóli götunnar. Viðkomandi væri síðan dæmdur til að þola harðar barsmíðar í 13, 26 eða 39 sekúndur.

Meðlimir Mara Salvatrucha eru alræmdir fyrir að nota handsprengjur, sveðjur og hríðskotabyssur gegn óvinum sínum. Eitt af vörumerkjum þeirra er að skera eistun undan mönnum sem þeir telja sig eiga sókótt við og gefa hundunum sínum þau. Gengið sýnir lögreglunni enga virðingu og hafa meðlimir þess meðal annars tekið þrjá bandaríska alríkislögreglumenn af lífi. ■

Merktir genginu

Allir meðlimir Mara Salvatrucha eru húðflúraðir og flestir í bak og fyrir. Algengast er að þeir séu með bókstafinn „M“ húðflúraðan á sig eða „MS“. Talan „13“ er einnig algengt húðflúr sem og spænska orðið „sureno“ eða styttingin á því „sur“. Sureno þýðir sá að sunnan. Margir meðlimir gengisins eru einnig með orðin „Salvadorian Pride“, sem þýðir stolt El Salvador, húðflúrað á líkama sinn.

HÚÐFLÚRAÐIR Ónafngreindur meðlimur Mara Salvatrucha.

Eliot Ness 21. aldar

Robert F. Clifford heitir maðurinn sem stjórnar sérsveit bandarísku alríkislögreglunnar (FBI) sem vinnur að því að uppræta götugengið Mara Salvatrucha. Að vissu leyti er hann að feta í fótspor hins fræga Eliot Ness, sem á fyrri hluta síðustu aldar elti mafíósann Al Capone uppi og kom honum í fangelsi.

Clifford hefur unnið fyrir alríkislögregluna í sautján ár og er mikilsvirtur innan stofnunarinnar. Hann hefur að mestu unnið í málum sem snerta hryðjuverk og hryðjuverkasamtök. Hann vann meðal annars að öryggismálum á Ólympíuleikunum í Aþenu. Á meðan hann var í Grikklandi komst hann á slóð hryðjuverkasamtakanna „17. nóvember,“ sem framið hafa fjöldamörg hryðjuverk í Evrópu. Upplýsingarnar sem hann náði leiddu til þess að síðla árs 2002 voru nítján meðlimir hryðjuverkasamtakanna handteknir.

Nokkur leynd hefur hvílt yfir sérsveitinni, sem á næstu mánuðum mun einbeita sér að því að ná lykilmeðlimum Mara Salvatrucha. Hún var stofnuð fyrir tveimur mánuðum. Clifford hefur lítið viljað tjá sig um sérsveitina sjálfa. Á blaðamannafundi nýverið vildi hann ekki einu sinni svara því hversu margir væru í sveitinni.

NÁÐI CAPONE Eliot Ness var maðurinn sem kom mafíósanum Al Capone bak við lás og slá. Biómyndin The Untouchables var gerð eftir sögu Ness.

Ólíkindatól og einlægir rokkarar

Örn Elías Guðmundsson og **Ragnar Kjartansson** tylltu sér niður á kaffihúsi á Ísafirði og tóku upp spjall. ***Bergsteinn Sigurðsson*** hleraði samtalið og skráði niður.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

RAGNAR KJARTANSSON OG ÖRN ELÍAS GUÐMUNDSSON Ragnar og Örn kynntust á Innipúkahátíð fyrir að verða tveimur árum síðan og náðu strax vel saman. Ragnar var fljótur að stökkva á tækifærið þegar Örn nefndi hugmyndina um að halda rokkhátíð á Ísafirði fyrir ári síðan. Myndin er tekin á Gráa kettinum.

Á kaffihúsinu Langa Manga á Ísafirði sitja Ragnar Kjartansson og Örn Elías Guðmundson ásamt hliðarsjálfum sínum Rassa Prump og Mugison. Fjórmenningarnir eru staddir vestur á fjörðum til að kynna Aldrei fór ég suður – Rokkhátíð alþýðunnar, sem haldin verður í annað sinn um helgina. Örn og Ragnar eru potturinn og pannan í hátíðarundirbúningum í ár rétt eins og í fyrra.

Hugmyndina að hátíðinni fékk Örn þegar hann var fullur (það er algengur inngangur í frásögnum hans) ásamt föður sínum í London. Ragnar slóst seinna í hópinn ásamt hljómsveit sinni Trabant og boltinn fór að rúlla. Það er ekki langt síðan Ragnar og Örn kynntust á Innipúkahátíð í Reykjavík, en þeir ná vel saman og Ragnar segist strax hafa orðið hrifinn af þessum „laptop Elvis," eins og hann kallar Mugison.

Sín hvor hliðin á sama peningnum

Til marks um hversu vel þeir Ragnar og Örn Elías ná saman sömdu þeir lagið Gúanóstelpan mín, hátíðarlag Aldrei fór ég suður, í félagi en Örn á afar erfitt að vinna með öðrum og er „sjúklega meðvitaður" ef hann veit af fólki í grenndinni þegar hann er að semja. „Ég var einu sinni í hljómsveit þar sem var hlegið að hugmyndum manns og sagt að lögin væru illa samin. Þá gafst ég upp á hljómsveitardæminu og á bágt með að vinna með öðrum núna án þess að verða bara reiður. En þetta er að lagast, ég er farinn að geta unnið með Pétri vini mínum og Rúnu kærustunni minni og það var gaman að semja þetta lag með Ragga."

Ólíkindatólið Ragnar hefur hins vegar ekkert við hljómsveitarformið að athuga, er bæði í Trabant og „sparihljómsveitinni" Funerals. Hann fær útrás fyrir sólóistann í myndlistinni en segir hljómsveitirnar frekar vera félagslegan vettvang fyrir sig. „Ég hef verið í svona hljómsveitum þar sem það var gert grín að manni; ég var uppnefndur Valgeir Guðjónsson ef lögin mín féllu í grýttan jarðveg. En svo lendir maður kannski í hljómsveit þar sem maður fær mikið til baka og það hleðst utan á hugmyndina. Þannig er þetta í Trabant, þar sem skapast oft ótrúleg orka sem rífur mann áfram eins og maður sé í orgíu. Þetta fer aldrei yfir á það stig að vera yfirþyrmandi; það leiðinlegasta á æfingum er ef einhver er ekki í stuði, þá gerist ekki neitt. Það gerist svo sem oft í Trabant, biddu fyrir þér, en þegar orkan kemur er þetta geðveikt."

Að hafa efni á prinsippum

Það kemur óneitanlega spánskt fyrir sjónir að sjá Örn og Ragnar spila lagið um gúanóstelpuna umkringda lógóum frá Símanum, Flugfélagi Íslands og Íslandsbanka, styrktaraðilum hátíðarinnar. „Jú, það er kannski rétt," kinkar Örn kolli, „en þetta gerir okkur kleift að gera svo mikið fyrir svo marga, sem er auðvitað bara flott." Ragnar segir að það sé til marks um tíðarandann að fyrirtæki séu orðin miklu opnari fyrir því að setja peninga í listir, þar á meðal tónlist sem hvarvetna annars staðar þætti vera á jaðrinum.

„Það eru risin upp ofurveldi sem eiga drungalega mikið af peningum og komnir til sögunnar svona velunnarar listanna í anda Medici-ættarinnar í Flórens. Þetta er auðvitað gott að mörgu leyti, en verður kannski til þess að maður er feimnari við að vera með stæla. Ég sem síður reiðilegt baráttulag ef það er hætta á að það komi illa við fyrirtækið sem styrkir mig."

> **Ég hitti mann sem sagði mér að það hefði eyðilagt lagið fyrir sér að heyra það spilað í jólaauglýsingu frá einhverjum banka. Þetta hafi verið uppáhalds ríðulagið sitt en nú gat hann ekki riðið við það án þess að hugsa um yfirdráttinn.**

Örn segir að staðan sé einfaldlega sú að maður verði að hafa efni á að hafa prinsipp. „Ég seldi lag í auglýsingu og var virkilega komplexaður yfir því. Ég hitti mann sem sagði mér að það hefði eyðilagt lagið fyrir sér að heyra það í jólaauglýsingu frá einhverjum banka. Þetta hafi verið uppáhalds ríðulagið sitt en nú gat hann ekki riðið við það án þess að hugsa um yfirdráttinn," segir Örn og hlær. „En án gríns, þá eyðileggur maður vissulega ákveðinn anda í laginu með þessu, en á móti kemur að ég átti fyrir salti í grautinn í tvo mánuði og notaði þann tíma til að taka upp tónlistina fyrir Næsland. Það er búið að innræta manni að það sé ekki flott að selja tónlistina sína í auglýsingar, en þetta er líka spurning um hvort maður þurfi að hækka yfirdráttinn eða ekki. Maður þarf að hafa efni á að eiga svona prinsipp."

Ragnar bendir á muninn á myndlist og tónlist í þessum efnum. „Þegar maður selur myndlistarverk stendur það enn sem sjálfstætt verk, en í músík er verið að kaupa lag inn í eitthvað annað sem getur auðvitað gjörbreytt því."

Klíkuskapurinn hættur að vera vandræðalegur

Erni finnst að feitir ríkisstyrkir til einstakra tónlistarmanna eigi ekki að þó vera valkostur fyrir tónlistarmenn. „Hverjir eru það sem myndu útdeila slíkum styrkjum? Það er alltaf eitthvað klíkumynstur í gangi á Íslandi og það er fyrir löngu hætt að vera vandræðalegt. Ég held að enginn geti sagst aldrei hafa fengið neitt út á það að þekkja einhvern. Þetta er orðið partur af þjóðarvitundinni og einu skiptin sem maður kippir sér upp við þetta er þegar maður sér stjórnmálamenn redda einhverjum úr klíkunni sinni vinnu. Hættan er hins vegar sú að þetta taki allt pönkið úr tónlistinni."

Ragnar tekur undir þetta og segir að ef til vill megi rekja það til klíkumeðvirkni hins fámenna Íslands að það eru fá pólitísk bönd starfandi. „Mér finnst ótrúlega virðingarvert að gera pólitíska tónlist en ég skil að menn séu hræddir við að vera með stæla ef þeir ætla að sækja um styrk í tónlistarsjóð menntamálaráðuneytisins. Mér fannst rappið lofa miklu sem vettvangur fyrir pólitíska tónlist en það hefur snúist upp í það að menn gera ekkert nema að kalla hver annan hálfvita." „Mér finnst að yrkisefnin mættu vera pólitískari," samsinnir Örn. „Nóg geta tónlistarmenn baktalað hvorn annan."

> **Öddi er orðinn ofurmannlegi og vinalegi gaurinn og við í Trabant erum flippuðu týpurnar sem spiluðu á Bessastöðum og erum geðveikt klikkaðir. En þetta er auðvitað rulla sem við höfum leikið okkur með; Trabant eru óttalegir sirkusapar, en hafa fulla innistæðu fyrir tónlistinni.**

Rassa finnst að ríkið eigi hins vegar að styrkja tónlistargeirann. „Það er enginn skortur á íþróttamannvirkjum, en ef þú ert í tónlist er það stöðugt basl að finna æfingahúsnæði." Örn bætir því við að forgangsröð stjórnvalda í þessum efnum sé fáránleg. „Ég tók þátt í þessu Parísarrugli á vegum menntamálaráðuneytisins. Þar voru peningarnir ekki sparaðir, en þetta reyndist vera allsherjar brandari. Tónlistarmenn mættu á eigin forsendum til að spila fyrir embættismenn sem var boðið en ekki fólk sem kom gagngert til að hlusta á tónlistina. Tónlistin var algjört aukaatriði." Ragnar segir það oft hjákátlegt að fylgjast með stjórnmálamönnum, sem hafa lítið vit á hvað er að gerast í íslensku tónlistarlífi, hampa tónlistarmönnum á tyllidögum. „Einn ráðherra sem lætur þessi mál sig varða hélt þar til fyrir skömmu að Smekkleysa væri hljómsveit!"

Tommy Lee í fósturstellingu

Ragnar og Örn hafa báðir verið kenndir við „krúttkynslóðina" svokölluðu. Þeir segja að þetta helgist af ákveðinni þörf hjá fólki til að stimpla allt. „Öddi er orðinn ofurmannlegi og vinalegi gaurinn og við í Trabant erum flippuðu týpurnar sem spiluðu á Bessastöðum og erum geðveikt klikkaðir. En þetta er auðvitað rulla sem við höfum leikið okkur með; Trabant eru óttalegir sirkusapar, en hafa fulla innistæðu fyrir tónlistinni."

Örn viðurkennir að hann sé jafnvel farinn að gangast upp í hlutverki einlæga rokkarans. „Ég stóð í röð fyrir utan Kaffibarinn um daginn og dyravörðurinn spurði hvort ég vildi ekki koma fram fyrir. Mér leist ekkert illa á það en fór fljótlega að hugsa að ég ætti bara að standa í röðinni eins og annað fólk. Ég held að það hafi verið ofurmeðvitund og hræsni sem réð þessu frekar en viljinn til að vera alþýðuhetja og maður fólksins."

„Ég held að þetta með krúttkynslóðina sé tilraun til að svipta mann kúlinu," segir Ragnar. „Það er verið að reyna að draga úr okkur tennurnar og gera okkur meinlaus. Ég skil þetta samt ekki alveg, það var einhver grein í DV um daginn þar sem furðulegasta fólk var kallað krútt, til dæmis Urður í Gusgus, einhver mesti sóðakjaftur sem ég þekki. Þetta er ágætur brandari og hvað getur maður svo sem gert. Ég man reyndar eftir viðtali við Tommy Lee, úr Mötley Crüe, þar sem hann sagðist alltaf leggjast í fósturstellinguna þegar hann hlustaði á Sigur Rós. Ef það er eitthvað sem má kalla sigur krúttkynslóðarinnar þá er það Tommy Lee í fósturstellingunni." ■

Aldrei fór ég suður – rokkhátíð alþýðunnar

Aldrei fór ég suður – rokkhátíð alþýðunnar fer fram í annað sinn hinn 26. mars. Fyrsta og síðasta regla hátíðarinnar er að það má enginn græða á henni og allan ágóða skal láta renna til góðgerðarmála.
Tónleikarnir verða haldnir í frystiklefanum í Edinborg, stærsta timburgrindahúsi landsins. Tæplega þrjátíu listamenn koma fram á hátíðinni og komust fleiri að en vildu. Flytjendur eru bæði heima- og aðkomumenn og geta allir búist við að fá að heyra eitthvað nýtt eða eitthvað gamalt. Meðal þeirra sem koma fram eru Mugison, Trabant, Hjálmar, Nine Elevens, Írafár, Strengjasveit Tónlistarskóla Ísafjarðar, Þórir og síðast en ekki síst Djazzband Villa Valla.
Svo gripið sé til orða Mugisons: „Það geta allir rekið ættir sínar vestur og ættu því að fletta í símaskránni, bjalla í frænku og frænda, fá að gista, skella tannburstanum í brjóstvasann, pakka vonda skapinu í tösku og senda á Akureyri, klæða sig í góða skapið og bara kýla á'ða..."

30-60%

afsláttur af völdum leikföngum

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

FRÉTTABLAÐIÐ/BÁRA KRISTINSDÓTTIR

HEITIR REITIR Þessar myndir eru hluti af sýningu Báru í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

Heitir reitir Báru

Bára K. Kristinsdóttir ljósmyndari er heilluð af gróðurhúsum. Í vetur hefur hún flakkað með myndavélina milli gróðurhúsa og séð hvernig birta, hiti og kuldi endurspegla fegurð og framandleika, auk þess að minna á drauminn um Edensgarðinn. ***Þórdís Lilja Gunnarsdóttir*** hitti Báru á heitum reit.

Í svarbláu íslensku vetrarlandslagi lýsa upp himinn skammdegis heitgljóandi gróðurhús á víð og dreif um sveitir landsins. Inni í þeim skilur þunnt gler á milli veðurfars mörsugs og sólmánaðar. Fæstir veita þeim mikla athygli, aðra en að sjá hið augljósa: ljósið, auk þess að njóta afurða gróðurhúsanna árið um kring. Gróðurhús eru einmitt viðfangsefni ljósmyndarans Báru K. Kristinsdóttur, sem nú sýnir afrakstur gróðurhúsaferða um Suðvesturland í haust og vetur.

„Það má segja að sýningin hafi komið á undan efninu, en ég hafði lengi hugsað um gróðurhúsin," segir Bára, sem nú heldur sjöttu einkasýningu sína í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. „Ég vildi búa til fallegar myndir sem vektu með fólki tilfinningar. Gróðurhús eru heillandi heimur. Nálægt okkur en samt svo fjarlæg. Íslendingar gera sér sjaldan ferð í gróðurhús en eiga þó flestir glaðværar minningar um gróðurhúsið í Eden. Í gróðurhúsum er annar heimur, hlýr og rakur. Notalegur og leyndardómsfullur í senn. Hulin veröld."

Sýning Báru kallast Heitir reitir, sem vísar til jarðfræðilegs tilstillis þess að hérlendis eru gróðurhús fjölmörg. Myndirnar eru 26 talsins, hver annarri dulúðlegri, forvitnilegar og dreymandi.

„Ég valdi árstíma þegar gróðurhús eru ekki í háblóma heldur dvala og hvíld. Mér fannst meiri dulúð yfir húsunum, mikil rotnun í beðunum, sérstakir litir, grafarþögn og algjör hvíld. Ég mundi þó ekki kalla andrúmsloftið draugaeða dauðalegt, því þar var alltaf eitthvert líf líka. Ég tók bæði myndir að utan og inn, og svo að innan og út. Andstæðurnar eru miklar. Úti geysar vetrarhríð en inni er maður staddur í hitabeltisloftslagi. Mér fannst framandi að sjá bananatré og hitabeltisplöntur teygja sig mót takmarkaðri birtu vetrarins."

Bára þvældist með myndavélina gróðurhúsa á milli, allt frá Kleppjárnsreykjum í Borgarfirði til Flúða í Árnessýslu. Hún fékk í veganesti strangar umgengnisreglur sem þurfti að virða með tilliti til lífveranna í gróðurhúsunum.

„Með tilkomu mikillar grænmetisræktunar er viss hætta á sýklafaraldri, svo ég gætti þess að fara ekki úr einu gróðurhúsi í annað. Þannig er bannað að fara beint úr rósahúsi yfir í agúrkuhús, því sú ræktun er viðkvæm. Maður varð að skipta um skófatnað og annað til að gera allt sem réttast," segir Bára, sem tók myndirnar á 4x5 tommu myndavél, sem er gamaldags og stór, rétt eins og menn notuðu í gamla daga.

„Myndirnar eru allar teknar á filmu og kóperaðar beint á pappír, svo þetta var mikil handavinna. Þær eru alfarið unnar eftir gamalli tækni og hafa aldrei farið inn í tölvu, sem er sérstakt á tímum stafrænnar tækni. Þá voru þær allar stækkaðar og sendar til New York á eitt fárra framköllunarverkstæða í heiminum sem enn vinna eftir þessari aðferð. Þetta var því frekar þunglamalegt í vinnslu en fyrir vikið hefur útkoman meiri vigt."

Á myndunum leitast Bára við að sýna mun á vetri og sumri, inni og úti, í heimi gróðurhúsanna. Hún segir verkefnið hafa vaxið í höndum sínum.

„En það er ekki sama hvert maður fer. Til eru ný og fín gróðurhús sem ekki hafa eins mikinn sjarma og þau eldri og slitnari. Ég tók fullt af myndum í þeim nýjustu en gat ekki notað eina einustu því þær skorti sjarma, eins og mosa í glerjum og fúnar spýtur. Sums staðar leið manni eins og á annarri plánetu og víða gekk maður á laufum og rómantískum rósablöðum. Ég held það sé eftirsóknarvert að vinna í gróðurhúsum, það er svo gott að koma þar inn og finna kyrrðina sem fylgir jurtunum. Held líka að fólkið sem dundar við að næra lífið sé notalegt og gott," segir Bára sem viðurkennir að hafa blómstrað með myndavélina að vopni innan um rósir, paprikur, tómata og fíkjutré.

„Ég held það sé mannbætandi fyrir hinn venjulega Íslending að ylja sér í gróðurhúsi. Gróðurhúsaáhrifin eru bara pósitíf þar inni," segir hún hlæjandi og ber ljóst þess vitni.

Sýning Báru í Ljósmyndasafni Reykjavíkur stendur til 22. maí. Opnunartími er frá 12 til 19, og 13 til 17 um helgar.

*Á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Keflavík, Hveragerði og Selfossi. Safnkortsafsláttur er í formi punkta.

ÁHRIFAVALDUR

... ÁGÚSTU SKÚLADÓTTUR LEIKSTJÓRA

Gaulier gaf töfra í poka

ÁGÚSTA SKÚLADÓTTIR
Fékk töfra í töfraskjóðu í haldgott veganesti frá trúðnum Gaulier.



PHILIPPE GAULIER
Er mestur áhrifavalda í lífi Ágústu þegar kemur að leiklist og sköpun.

Franski grímu- og trúðakennarinn minn, Philippe Gaulier, reyndist mikill áhrifavaldur þegar ég nam af honum töfra leikgleðinnar í leiklistarskóla hans í Lundúnum upp úr 1990. Þá lærði ég hversu nauðsynlegt er að við segjum hvort öðru sögur, munum eftir áhorfendum og snertum við þeim á sviði. Þessi lexía hefur verið mér veganesti síðustu fimmtán ár í starfi; nú síðast í verkinu Klaufar og kóngsdætur, úr ævintýrum H.C. Andersen, í Þjóðleikhúsinu. Ekki var nóg með að leikhópurinn skemmti sér konunglega við að æfa sýninguna, skapa og setja saman, heldur var gleðin alls ráðandi þegar hún skilaði sér til áhorfenda á öllum aldri, því fyrr lifnar leiksýningin ekki við.

Philippe Gaulier er ótrúlegur listamaður og stóðu dyr hans alltaf opnar. Allir gátu gengið inn til hans, jafnt reyndir og óreyndir, frægar kvikmyndastjörnur, virðulegir Shakespeare-leikarar sem og ungur leiklistarnemi frá Íslandi. Philippe er opinskár og einlægur, og maður gat treyst á að hann segði heiðarlega til um hvenær hlutirnir voru að virka og hvenær ekki. Uppskrift að góðri útkomu var leikgleði og léttleiki, jafnvel þótt maður færi með Shakespeare eða gríska harmleik.

Philippe gaf mér dýrmætt veganesti, töfra í poka sem ég hef borið með mér í töfraskjóðu sem alltaf má nota til að finna tæki og tól sem hrein opinberun er að vinna að. Ég hef hitt hann nokkrum sinnum í gegnum árin og hann er alltaf jafn dásamlega uppörvandi og mikill innblástur.

SJÓNVÖRP ▶ DVD SPILARAR ▶ HEIMABÍO

SJÁIÐ ALLT ÚRVALIÐ Á HEIMASÍÐUNNI WWW.SM.IS

AÐEINS KR. 6.999
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI

VAXTALAUST!

EÐA KR. 83.990
STAÐGREITT

JVC AV32H40

32" 100Hz BREIÐTJALDSSJÓNVARP með Natural Flat myndlampa, 2x20w Nicam stereó hljóðkerfi, Hyper Sound, 3 Scart tengjum og RCA/SVHS að framan, heyrnartólstengi, textavarpi með 720 síðna minni, fjölkerfa móttöku og fjarstýringu.

GRUNDIG T555211

21" SJÓNVARP með flötum Black Matrix myndlampa, RCA tengi að framan, 2x RCA að aftan og fjarstýringu.

TILBOÐ ▶ 16.990
FULLT VERÐ kr. 22.990

UNITED UTV4121

21" SJÓNVARP með Nicam Stereó, textavarpi, Scart tengi og fjarstýringu.

TILBOÐ ▶ 18.990
FULLT VERÐ kr. 24.990

DVD VIDEO MEÐ **KARAOKE**

DVD/CD/CDR/CDRW/VCD/SVCD/JPEG/MP3

UNITED DVD5067

DVD SPILARI fyrir öll kerfi með KARAOKE fyrir tvo hljóðnema, Dolby Digital AC3, DTS, NTSC yfir í Pal, RCA, Scart, Coax og Optical tengi og fjarstýringu.

VERÐ ▶ 6.990
FRÁBÆRT VERÐ

DVD VIDEO Spilar DVD, DVD-R/RW, CD-R/RW, VCD/SVCD, MP3 og JPEG

UNITED DVH5085

HEIMABÍÓKERFI með DVD sem spilar öll kerfi, CD spilara, 5x15w magnara, 30w bassa-hátalara, 5 litlum umhverfishátölurum, RDS útvarpi með stöðvaminnum og fjarstýringu.

TILBOÐ ▶ 14.990
FULLT VERÐ kr. 19.990

DVD VIDEO

PHILIPS MX2500

Fyrirferðalítið og nett HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DVD spilara, 400w (5x30w og 1x50w RMS) Digital magnara, 5 hátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, Digital Coaxal út, Scart (með RGB), 2 RCA inngöngum og 1 RCA útgangi, FM útvarpi með stöðvaminnum og fjarstýringu. Spilar MP3 og JPG.

TILBOÐ ▶ 24.990
FULLT VERÐ kr. 29.990

HUGVERKASMIÐJA

Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2005

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. Tónborg, Kópavogi. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. KF Húnvetninga, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.

AXL ROSE Söngvari Guns n' Roses árið 2002 á fyrstu tónleikaferð sveitarinnar um Bandaríkin í níu ár.

Rokksveitin Guns n' Roses naut gríðarlegra vinsælda um allan heim undir lok níunda áratugarins eftir útgáfu Appetite for Destruction. Biðin eftir fyrstu plötu sveitarinnar síðan 1994, Chinese Democracy, hefur breyst í söguna endalausu og veltir fólk fyrir sér hvort hún líti nokkurn tímann dagsins ljós. *Freyr Bjarnason* skoðaði feril Guns n' Roses.

Dýrasta plata sem aldrei hefur komið út

Rokksveitin Guns n' Roses naut gríðarlegra vinsælda um allan heim undir lok níunda áratugarins eftir útgáfu plötunnar Appetite for Destruction árið 1987. Slagarar á borð við Sweet Child o' Mine, Paradise City og Welcome to the Jungle hljómuðu ótt og títt í eyrum rokkþyrstra unglinga og svo virtist sem ekkert gæti stöðvað sveitina. Söngvarinn Axl Rose, gítarleikararnir Slash og Izzy Stradlin, Duff McKagan bassaleikari og Steven Adler trommari höfðu heiminn í hendi sér en smám saman misstu þeir taktinn.

Biðin eftir fyrstu plötu Guns n' Roses síðan 1993, Chinese Democracy, hefur breyst í söguna endalausu og nú er svo komið að fólk er farið að velta fyrir sér hvor hún muni nokkurn tímann líta dagsins ljós.

Heimsfrægðin kallar

Guns n' Roses gaf út sína fyrstu EP-plötu árið 1986 og í kjölfarið skrifaði hún undir samning við útgáfurisann Geffen. Ári síðar gaf sveitin út plötuna Appetite for Destruction og fór í tónleikaferð til að fylgja henni eftir. Platan fór þó ekki að seljast að ráði fyrr en ári síðar þegar MTV fór að spila lagið Sweet Child o' Mine ótt og títt. Brátt fór platan og smáskífan í efstu sæti vinsældalista um allan heim og Guns n' Roses var orðin ein stærsta hljómsveit heims. Smáskífulagið Welcome to the Jungle, sem hafði komið út á undan Sweet Child o' Mine, var endurútgefið og í þetta skiptið sló það rakleiðis í gegn. Paradice City fylgdi vinsældunum síðan vel á eftir. Undir lok ársins 1988 gaf Guns n' Roses út stuttskífuna Lies sem hafði að geyma fjögur glænný lög í kassagítarútgáfum, þar á meðal Patience, sem náði miklum vinsældum.

Tvær plötur í stað einnar

Árið 1990 hófu meðlimir Guns n' Roses upptökur á nýrri plötu sem átti að fylgja eftir vinsældum Appetite for Destruction. Í október þetta ár var trommarinn Adler rekinn vegna eiturlyfjafíknar og í stað hans var Matt Sorum fenginn til liðs við sveitina. Á meðan á upptökunum stóð var Dizzy Reed jafnframt bætt við sem hljómborðsleikara. Þegar upptökum var lokið hafði svo mikið efni verið tekið upp að platan varð að tveimur tvöföldum plötum sem fengu nafnið Use Your Illusion I og Use Your Illusion II. Komu þær út í september 1991, ári á eftir áætlun.

SLASH Gítarleikarinn Slash fékk nóg og yfirgaf Guns n' Roses árið 1996.

Plöturnar sýndu að Guns n' Roses var ekki bara stór loftbóla heldur metnaðarfull sveit sem gat samið fleira en bara hefðbundna rokkslagara. Á plötunum mátti heyra fallegar ballöður, blúslög, 10 mínútna löng epísk rokklög og texta þar sem kafað var djúpt inn í sálarkimana. Lög á borð við Don't Cry, November Rain, Live and Let Die, Civil War, Knockin' on Heaven's Door og You Could Be Mine vöktu þar mesta athygli og festu Guns n' Roses enn frekar í sessi sem risa í tónlistarheiminum.

Nevermind kemur út

Snemma árið 1992 urðu vatnaskil í rokkinu þegar platan Nevermind með Nirvana kom út og fór beint á toppinn. Skyndilega var það sem Guns n' Roses hafði staðið fyrir orðið hallærislegt. Allt glysið sem samanstóð af uppblásnu hári, skartgripum, fáklæddum yngismeyjum og óraunsæju andrúmsloftinu var nú orðið úrelt og í staðinn kom grunge-senan með náungum sem höfðu aðrar hugsjónir í forgrunni. Rokkið hafði þurft á nýjum hljómi að halda í nokkurn tíma og þarna var hann kominn.

Axl Rose brást við þessum breytingum með því að breytast í hálfgerðan harðstjóra og fór að haga sér á sífellt undarlegri máta.

Biðin eftir Chinese Democracy

Izzy Stradlin tók pokann sinn í lok árs 1991 og þar með missti Guns n' Roses sinn besta lagahöfund. Tökulagaplatan The Spaghetti Incident? leit dagsins ljós árið 1993 og naut hún nokkurra vinsælda en náði þó ekki að hækka frægðarsól sveitarinnar á nýjan leik. Lítið heyrðist til Guns n' Roses á næstunni og árið 1995 gaf Slash út plötuna It's Five O'Clock Somewhere með hliðarverkefni sínu Slash's Snakepit.

Rose hafði dregið sig út úr sviðsljósinu og eyddi öllum sínum tíma í hljóðveri við upptökur á nýrri plötu. Hann fékk ýmsa tónlistarmenn til að djamma með sér en engin lög urðu til. Slash var orðin langþreyttur á stefnuleysi Guns n' Roses og sagði bless og þar með var Rose orðinn einn eftir af upphaflegu meðlimunum. Ekkert heyrðist í hljómsveitinni fyrr en 1999 þegar fyrsta frumsamda lagið hennar í átta ár, Oh My God, kom út og skömmu síðar kom út tvöföld tónleikaplata til að stytta biðina eftir nýrri plötu. Árið 2000 fór Rose með nýja liðsmenn í fyrstu tónleikaferð sveitarinnar í næstum sjö ár og átti nýja platan, sem hafði fengið vinnuheitið Chinese Democracy, að koma út þá um sumarið. Ekkert varð þó af því og enn á ný þurfu aðdáendur sveitarinnar að bíða eftir nýju efni. Rose hætti við tónleikaferð um Evrópu og lagðist í dvala á nýjan leik.

Enginn ræður við Rose

Undanfarin ár hafa stjórnendur Geffen og síðar Interscope beitt öllum ráðum til að fá Rose til að ljúka við gerð plötunnar, þeirrar fyrstu með frumsömdu efni síðan 1991. Eftir gífurlegan tækjakostnað, laun til hvers upptökustjórans á fætur öðrum og svo framleiðis var reikningurinn á endanum kominn í rúmar 750 milljónir króna og er nú talað um „plötuna“ sem þá dýrustu sem aldrei hefur komið út.

Kunnugir segja að Rose þjáist af fullkomnunarárátt og mikilmennskubrjálæði og nú er svo komið að Chinese Democracy er ekki lengur á stefnuskránni hjá Interscope og skrúfað hefur verið fyrir allt fjármagn til söngvarans. Virðast forsvarsmenn fyrirtækisins hafa sætt sig við að gullkálfurinn muni ekki mjólka meira fyrir þá.

Aðdáendur sveitarinnar bíða því enn eftir nýju plötunni, ef hún kemur þá nokkurn tímann út. Þó geta þeir huggað sig við þá staðreynd að aðrir fyrrverandi meðlimir Guns n' Roses eru önnum kafnir með nýrri sveit, Velvet Revolver. Þar hefur þeim loks tekist að endurvekja gömlu töfrana, sem flestir héldu að væru horfnir og kæmu aldrei aftur. ■

BREYTTUR HEIMUR **KVENRÉTTINDABARÁTTA**

Fæðing femínismans

Það að konan eigi að hafa sama rétt og karlmaðurinn hljómar ef til vill sem sjálfsagður hlutur í eyrum flestra í dag. Barátta kvenna fyrir sjálfstæðum tilverurétti sínum verður þó að teljast ný af nálinni.

Á 18. öldinni kom sú kenning fram, að konur væru stétt í samfélaginu sem hefði verið bæld niður og verðskuldaði frelsun. Var þetta í samræmi við hugleiðingar manna um réttindi „manns og borgara“. Árið 1792 komu út tvær bækur sem falla undir þessa hugmynd og verða að teljast fyrsti vísirinn að femínisma. Önnur bókin er Decloration de Droits de la Femme et de la Citoyenne eftir franska rithöfundinn Olympe de Gouges. de Gouges, sem féll fyrir fallöxinni árið 1793 fyrir að verja konunginn, lét hafa eftir sér að fyrst konur mættu stíga upp á aftökupallinn ættu þær einnig að mega stíga upp í dómarasætið. Hin bókin var Vindication of the Rights of Women eftir Mary Wollstonecraft, sem lést árið 1797 af barnsförum. Hún, líkt og de Gouges hafnaði hefðinni, þar sem konur voru lofaðar fyrir dyggðir sínar. Í staðinn vildi hún viðurkenna lesti þeirra og kenndi kúgun karla um.

Femínismi komst aftur í hámæli á sjöunda áratug 20. aldarinnar, þegar tvær heimsstyrjaldir höfðu sýnt fram á þörf fyrir framlag kvenna í þeim störfum sem höfðu áður eingöngu verið skipuð eða ætluð körlum. Það var franski rithöfundurinn Simone de Beauvoir sem hrinti af stað hinum nýja femínisma þegar hún sagði: „Ég fór að huga að sjálfri mér og í forundran áttaði ég mig á því að það fyrsta sem ég hafði að segja um sjálfa mig var: Ég er kona.“

Þótt margar konur fögnuðu hinum nýja femínisma voru líka aðrar sem töldu sig meðal annars glata ákveðinni tillitssemi karla og miklu óformlegu valdi. Aðrar konur bentu á að með því að fara út á vinnumarkaðinn ykist álagið til helmings, því samfara fullu starfi þyrftu þær einnig að sinna heimilishaldinu. Þær konur sem ákváðu að helga sig eiginmönnum og börnum fundu því fyrir tvöföldum þrýstingi: kúgun karla og háði kynsystra sinna.

EMMELINE PANKHURST Var fremst í flokki í baráttunni fyrir kosningarétti kvenna á Bretlandi í upphafi síðustu aldar.

BYGGT Á BÓKINNI HUGMYNDIR SEM BREYTTU HEIMINUM **SEM KOM ÚT HJÁ EDDU FYRIR SKÖMMU.**

Dragsúgur og draugagangur

Skámáni frá Spáni

KRISTINN R. ÓLAFSSON
SKRIFAR FRÁ MADRID

Einræðisherrar eru aldrei góðir gengnir og ávallt illir aftur fengnir. En taka stundum uppá því að ganga aftur sem aðrir draugar. Jafnvel þeir sem löngu eru komnir undir græna torfu. Eða undir marmarahellu í gólfum háreistra grafhvelfinga. Einsog Francisco Franco á Spáni. Hann liggur undir einni slíkri við háaltari basilíkunnar í Dal hinna föllnu, hins faraóska kaþólskfasíska mannvirkis sem hann neyddi pólitíska fanga til að sprengja inní granítfjall skammt norðan Madrídar í tvo áratugi eftir spænska borgarastríðið 1936-39. Liggur undir hellunni en þó ekki alveg grafkyrr þessa dagana. Því veldur stytta: sú síðasta af honum hér í Madríd en hún var fjarlægð af almannafæri í vikunni. Þar mátti sjá Franco ríða fögrum fáki, með einhvern plaggvöndul í hendi, og hafði sú bronssteypta reið hans staðið í 45 ár fyrir framan umhverfisráðuneytið á Torgi Jóhannesar af Krossi. Síðari ár hafði þó lítið borið á honum þar, horfnum í borgarlandslagið, horfnum Spánverjum úr huga. Nema nokkrum hægriofsamönnum með blóm handa honum annnaðslagið. Kommum með rauðar málningarskvettur á hann stundum. Og dúfum með drit yfir hann sífellt. En aðfaranótt fimmtudags, að fengnu leyfi til að fjarlægja skraut af torginu vegna endurbóta á því, mættu menn með tól og tæki, krana og flutningabíl, að fjarlægja styttuna. Þetta var gert að fyrirskipan þróunarráðuneytisins en það mun teljast eigandi hennar. Mennirnir skáru hana með logsuðutækjum af stalli, brugðu stroffum undir og lyftu síðan einræðisherranum með hrossið í klofinu uppá bílinn, breiddu dúk yfir hann sem lík á morðstað, og fluttu hest og herra í lögreglufylgd í geymslu. Og Franco á varla aftur kvæmt á torgið.

FRANCO Enn er verið að afmá vegsummerki einræðisherrans alræmda.

„Tími til kominn láta helvítið hverfa“ sögðu sumir fagnandi.

„Hversvegna er verið að þurrka út sögulegar menjar?“ spurðu aðrir undrandi.

„Franco, Franco...!“ æptu ennaðrir, fáeinir, sem birtust á staðnum um nóttina, heilsuðu fasistakveðju, sungu gamla fasistasöngva. Daginn eftir söfnuðust einir 700 slíkir aftur saman við styttulausan stöpulinn, endurtóku kveðjur og söngva og slógust við lögguna: þeir (fáu) sem enn sjá sjö augunum eftir einræðinu.

Íhaldsmenn í Lýðflokknum, í stjórnarandstöðu síðan í fyrravor, kölluðu stjórnarliða sósíalista róttæklinga sem mændu á fortíðina í stað þess að horfa til framtíðar.

Fleiri Francoar finnast enn á almannafæri í landinu. Systurstytta þeirrar madrísku stendur ennþá á aðaltorginu í Santander á N-Spáni. Skjótt brotthvarf er boðað. Sú þriðja er í Guadalajara, borg rétt austanvið Madríd. Hún hverfur líka bráðlega. Í haust samþykkti Spánarþing einnig, með jái allra nema Lýðflokksmanna sem sátu hjá, að hvetja ríkisstjórnina til að láta fjarlægja allar menjar um einræði Francos af opinberum byggingum og almannafæri fyrir 2008. Stjórnin segist sömuleiðis ætla að skoða málefni Dals hinna föllnu og hvernig virða megi minningu þeirra lýðveldismanna sem þar þrælkuðu og/eða eru grafnir þar í óþökk ættingja.

Að lýðræði endurreistu á Spáni á síðari hluta áttunda áratugarins voru fjölmörg tákn einræðisstjórnarinnar tekin burt. Og stræti og torg fengu aftur þau nöfn sem þau höfðu borið fyrir borgarastríðið. En ekki þó öll. Í Madríd munu enn vera um 170 götur með nöfnum tengdum einræðisstjórninni. Lýðflokksmenn hafa stýrt borg og héraði um árabil og hafa ekki viljað hrófla við þeim. En það er þó einkum í Galisíu, á NV-Spáni, þar sem teikn Francos finnast enn. Þar fæddist hann. Og þar hafa íhaldsmenn ráðið lengstum síðustu áratugi, með Manuel Fraga, fyrrverandi ráðherra í stjórnum Francos, nú á níræðisaldri, í broddi fylkingar.

Í haust verða 30 ár liðin síðan Franco lagði upp laupana 22. nóvember 1975. Þá lauk nær 40 ára einræði hans og lýðræði var endurreist á Spáni. Samt leikur hann semsagt nokkuð lausum hala þessa stundina. Veldur dragsúg og draugagangi. Vekur gamlar minningar, gamlar irringar. ■

Skemmtilegar

Intel Pentium 4 3,2 GHz
512mb DDR2 vinnsluminni
160 GB harður diskur
256MB ATI Radeon 9550 8x AGP skjákort

89.900
Borðtölva, lyklaborð og mús

Packard Bell *imedia 5330*

Intel Pentium 4 3,20 GHz Hyper Threading örgjörvi
800MHz Front Side Bus flýtiminni 1024Kb
512 MB DDR2 vinnsluminni, 400MHz dual channel
160 GB Eide HDD 7200 rpm harður diskur
DVD RW Multidrive Dual Layer skrifari (8,5GB)
4 usb 2.0 IEEE 1394 Fire Wire, Media Bay (kortalesari)
256MB ATI Radeon 9550 8X AGP, TV out
10/100 netkort, MS Works 7, Lyklaborð og mús fylgja
Windows XP Home stýrikerfi, 2 ára ábyrgð á tölvunni

Packard Bell *E2310*

Celeron M 1,3 GHz örgjörvi (340)
400mhz front side bus, 512kb flýtiminni
256 MB DDR vinnsluminni stækkanlegt
15 skjár, 40GB harður diskur
DVD+-R/RW skrifari, Intel 855 64mb skjákort tv-out
Usb 2,0 tengi, 56k. V.92. 10/100 netkort
Stereo Hljóðkort, Windows XP Home stýrikerfi
2,8kg, MS Works 7.0
Li-ion battery allt að 2,5 klst
2 ára ábyrgð

79.900
DVD skrifari

FUJITSU SIEMENS COMPUTERS *M1405*

Pentium M 1,6 GHz örgjörvi (M 725) Dothan
400mhz front side bus, 40GB harður diskur
2mb flýtiminni, 256 MB DDR vinnsluminni stækkanlegt,
15" skjár, DVD+-R/RW skrifari , WIFI b og g staðall
Intel extreme 64mb skjákort tv-out
Usb 2,0 tengi, 10/100 netkort, Stereó hljóðkort,
Firewire tengi, 2 ára ábyrgð, MS Works 7.0,
Windows XP Home stýrikerfi

109.900
Centrino
Verð áður kr. 129.900
20.000 kr.
AFSLÁTTUR

12.900
Prentar á CD diska

EPSON

Prentari, PR200. Prentari með 5760 x 1440 punkta upplausn, prentar beint á cd diska, Tekur allt að 120 blöð í einu, 15 bls á mín. í svörtu og 15 í lit, ljósmynd 36 sek. USB og parallel tengdur, „Single Ink" kerfi 6 hylki.

19.900
9600x2400 dpi
Verð áður kr. 23.900
16%
AFSLÁTTUR

Canon

Prentari, IP5000. Bleksprautuprentari með 9600x2400 punkta upplausn og 1pl Micro nozzels. Duplex prentun, prentar á geisladiska, 5 hylkja kerfi, hraði 25 bls í svart hvítu og 17 í lit. 0,86 bls á mín í ljósmyndaprentun, prentar borderless, pictbridge samhæfður, 35dB.

Íslenskt tal
Fullt af aukaefni m.a 2 stuttmyndir, mistök, ósýnd atriði o.fl.

1.895
The Incredibles



Stakar seríur fáanlegar í nýrri útgáfu á lægra verði. Stútfullar af aukaefni.

2.995
Friends - hver sería

3.495
Campionship M 5

4.495
Gran Turismo 4

4.995
Singstar party

4.995
Brothers in arms

Friends complete collection. Sería 1-10. Stútfullt af aukaefni og "easter eggs"

24.995
Friends sería 1-10

1.995
Ghost recon 2

1.995
Need for speed

1.995
FIFA 2004

1.995
Donald duck



2.495
Driver 3

2.495
Ratchet&clank

2.495
Spiderman 2

2.495
Rayman 3

Virkar á gömlu og nýju PS2

4.995
PS2 stýri

995
DVD fjarstýring

Alveg eins og original

3.495
8mb minniskort

995
PS2 stýripinni

3.295
Dual shock stýripinni

fermingargjafir

18.900
4 milljón pixla

SONY DSCP-73
Stafræn myndavél, DSCP73. 1,5" LCD skjár. 4 milljón pixla, 3x optical / 4 x digital zoom, hleðslutæki fylgir og 32mb Memory Stick,

69.900
Aukahlutapakki að verðmæti 12.900 kr. fylgir
Verð áður kr. 79.900
10.000 kr. AFSLÁTTUR

SONY
Stafræn Mini DV, DCRHC30. 2,5" hybrid touch snertiskjár, digital inn/út analog inn/út, 10x optiskt zoom 5 lux, hristivörn, nightshot lux, 7 Lux, digital effectar, tekur ljósmyndir á memory stick. Aukahlutapakki að verðmæti 12.900 fylgir með.

12.900

SONY
Hjómtæki, CMTEP313. 2x10w magnari, stafrænt útvarp með 24 rása minni, segulband, geislaspilari og fjarstýring.

7.995

SONY
Ferðatæki, CFDV8. Vandað ferðatæki frá SONY. Segulband, útvarp og geislaspilari.

7.995
DVD spilari

PHILIPS
DVD spilari, DVP520. Spilar MP3, DVD-R, DVD-R/-RW, VCD, SVCD. DTS, DTS-ES, S-VHS, ljósleiðara og digital hljóð coax úttengi.

SANYO
Heimabíókerfi, DCTS780. 300 W RMS. 6 X50 W. Spilar: VCD, SVCD, DVD+R/+RW, MP3 og JPEG. Hægt að skoða ljósmyndadiska. Innbyggt FM útvarp.

22.900
Heimabíó

MP3 spilari

14.900
512 mb

Packard Bell
MP3 spilari/útvarp, AUDIOKEY512. 512 Mb í minni. LCD skjár. Innbyggt útvarp.Spilar MP3/WMA. USB tengt.

MP3 spilari

6.990
MP3 spilari

vivanco
MP3 spilari, provmax2128. Skiftanlegt minniskort ,128 mb fylgir með. Hægt að fá kort upp í 1GB.

4.995

HITACHI
Ferðageislaspilari, DAP760. 45 sek. hristivörn. Dynamic Bass Boost bassastilling

2.995

BaByliss
Hárklippur, BA7465E. Hleðsluvél m/ öflugum mótor. 39 mm breiður hnífur með 10 lengdarstillingum 0 – 30 mm. 30 mínútna notkun á hleðslu.

4.995

Panasonic
Rafmagnsrakvél, ES4025. Tvöfaldur rakhnífur og bartskeri. 8.800 mótorhreyfingar á mínútu. 21 mínútna notkun á hleðslunni. Nýtist bæði með og án snúru.

3.495
Keramik sléttujárn

BaByliss
Keramik sléttujárn, BA2025CE. Vinsælasta sléttujárnið. Lítið og meðfærilegt keramik járn sem er fljótt að hitna. Keramik plöturnar slitna minna en venjulegar plötur og fara auk þess betur með hárið.

BaByliss
Hárblásari, BA5800E. 2300W hárblásari með snöggkælingu. Öflug 2300 watta hárþurrkun sem færð er niður í 1800W til að forma hárið. Lítill stútur fylgir.

3.995
2300W

Þetta er aðeins brot af því vöruúrvali sem við bjóðum. Líttu við á www.elko.is

ELKO

EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ

STÓRMARKAÐUR MEÐ RAFTÆKI – VIÐ SMÁRATORG Í KÓPAVOGI – SÍMI 544 4000

Aðal frétt vikunnar

Jaliesky Garcia aftur í landsliðið.

Viggó Sigurðsson er búinn að gera upp málin við Jaliesky Garcia, sem er kominn aftur í íslenska landsliðið fyrir æfingaleikina gegn Pólverjum um páskanna.

sport

sport@frettabladid.is

VILHJÁLMUR HALLDÓRSSON: VALINN Í LANDSLIÐIÐ EN EKKI Á LISTA VIGGÓS

Hélt að mig væri að dreyma

Þegar Viggó Sigurðsson tilkynnti landsliðshóp sinn fyrir vináttulandsleikina gegn Pólverjum um páskana brá einum handboltamanni mikið. Sá er seinheppinn með eindæmum og heitir Vilhjálmur Ingi Halldórsson, leikmaður Vals. Hann hafði talað við Viggó í upphafi vikunnar þar sem landsliðsþjálfarinn tjáði honum að hann væri í landsliðinu. Þegar Vilhjálmur las fréttir af fundinum brá honum verulega í brún því allir fjölmiðlar greindu frá því að hann hefði misst sæti sitt í liðinu. Skal svo sem engan undra því nafn hans var ekki á lista yfir leikmenn og því gátu fréttamenn ekki vitað betur.

„Mér krossbrá þegar ég las í blöðunum að ég væri ekki í landsliðinu og hugsaði bara hvað er að gerast? Ég vissi ekki alveg hvort mig hefði verið að dreyma símtalið við Viggó eða ekki en svo mundi ég að það var hringt úr númerinu hans þannig að það gat ekki annað verið en þetta hefði verið hann," sagði Vilhjálmur en HSÍ leiðrétti þessi leiðu mistök ekki fyrr en rúmum sólarhring eftir blaðamannafundinn. Vilhjálmur reyndi strax á miðvikudagskvöldið að ná í Viggó til þess að fá svör við því hvað væri í gangi. Það gekk frekar illa og náði Vilhjálmur ekki í Viggó fyrr en á fimmtudagsmorgun.

„Þetta var ekkert sérstaklega auðvelt símtal en ég spurði bara hvað ég hefði eiginlega gerst en þá sagði Viggó mér að það hefðu bara orðið mistök. Mér var mikið létt við þær fréttir," sagði Vilhjálmur, sem verður vonandi skráður á skýrslu í einhverjum leikjum gegn Pólverjum um páskana.

> Við gleðjumst með ...

... franska liðinu Lyon í Meistaradeildinni í fótbolta sem var enn á ný afar heppið með dráttinn í Meistaradeildinni og væntanlega á leiðinni inn í undanúrslitin. Lyon dróst gegn PSV.

> Við hrósum ...

... íslenska sundfólkinu sem er nú að keppa í fyrsta á Íslandsmeistaramótinu í nýju lauginni í Laugardal. Þrjú Íslandsmet féllu strax í undanrásum á fyrsta degi og það er ljóst að nýja laugin er að nýtast okkar fólki vel til að ná enn betri árangri en áður.

LEIKIR GÆRDAGSINS

1. deild karla í handbolta

FRAM–FH 22–21 (12–11)

Mörk Fram: Jón B. Pétursson 10, Hjálmar Vilhjálmsson 4, Stefán Stefánsson 3, Ingólfur Axelson 3, Þorri Gunnarsson 1, Guðjón Drengsson 1.

Mörk FH: Guðmundur Pedersen 6, Hjörtur Hinriksson 5, , Arnar Pétursson 3, Heiðar Arnarsson 2, Hjörleifur Þórðarson 1, Valur Arnarsson 1, Jón Helgi Jónsson 1, Pálmi Hlöðversson 1, Brynjar Geirsson 1.

STJARNAN–SELFOSS 31–34

Mörk Stjörnunar: Arnar Freyr Theódórsson 14, Gunnlaugur Garðarsson 5, Kristján Kristjánsson 5, Björn Óli Guðmundsson 3, Davíð Ketilsson 2, Gísli Björn Björnsson 1, Jakob Sigurðarson 1.

Mörk Selfoss: Ívar Grétarsson 7, Ramunas Mikalonis 4, Ramunas Kalendauska 4, Ómar Vignir Helgason 3, Haraldur Þorvarðarson 3, Atli Kristinsson 3, Gylfi Már Ágústsson 2, Hörður Gunnar Bjarnason 2, Jón Pétursson 1, Karl Fróðason 1.

AFTURELDING –GRÓTTA/KR 23–22(9-11)

Mörk Aftureldingar: Einar Ingi Hrafnsson 5, Daníel Jónsson 4, Hilmar Stefánsson 4, Hrafn Ingvarsson 4, Ásgeir Jónsson 2, Ernir Hrafn Arnarson 2, Vladislav Troufan 2.

Mörk Gróttu/KR: Davíð Ágústsson 5, David Kekelia 4, Kristján Geir Þorsteinsson 4, Kristinn Björgúlfsson 3, Þorleifur Árni Björnsson 2, Daníel Grétarsson 1, Davíð Daníelsson 1, Hörður Gylfason 1, Kormákur Friðriksson 1.

STAÐAN

FRAM	10	8	0	2	267–240	16
FH	**10**	**7**	**0**	**3**	**274–227**	**15**
AFTURELD.	10	5	0	5	266–273	10
GRÓTTA/KR	**10**	**4**	**1**	**5**	**238–243**	**9**
STJARNAN	10	3	1	6	270–287	7
SELFOSS	**10**	**1**	**1**	**8**	**255–297**	**3**

Deildabikar karla fótbolta:

KEFLAVÍK–ÞRÓTTUR 2–3

1–0 Guðmundur Steinarsson (3.), 1–1 Halldór Hilmisson (5.), 1–2 Davíð Logi Gunnarsson (75.), 2–2 Guðmundur Steinarsson (81.), 2–3 Dusan Jaic (89.).

VÖLSUNGUR–FH 1–3

0–1 Atli Viðar Björnsson (52.), 0–2 Atli Viðar Björnsson (54.), 0–3 Atli Viðar Björnsson (57.), 1–3 Hermann Aðalgeirsson (88.).

Eiður Smári mætir Bæjurum

Eiður Smári Guðjohnsen og félagar hans í Chelsea mæta Bayern München í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar en dregið var í gær. Á Ítalíu verður risaslagur á milli erkifjendanna í Inter og AC Milan.

FÓTBOLTI Í gær var dregið í átta liða og undanúrslit Meistaradeildar Evrópu í fótbolta. Eiður Smári Guðjohnsen og félagar hans í Chelsea mæta þýska liðinu Bayern München en Bæjarar slógu Arsenal út í sextán liða úrslitum. Það verður borgarslagur í Mílanó þar sem AC Milan og Internazionale mætast. Lyon, spútniklið keppninnar, mætir PSV og liðin sem mættust í úrslitaleiknum árið 1985, Liverpool og Juventus, mætast. Sigurvegarar leiks Liverpool og Juventus mæta síðan sigurvegaranum úr leik Chelsea og Bayern München og sigurvegarinn úr leik Milan-liðanna leikur við sigurvegara viðureignar Lyon og PSV. Úrslitaleikurinn fer síðan fram í Istanbúl í Tyrklandi 25. maí næstkomandi.

Forráðamenn og leikmenn Bayern München voru hæstánægðir eftir dráttinn í gær og vonast til að taka „enska tvennu" en liðið sló Arsenal út í sextán liða úrslitum.

„Þetta er frábær dráttur. Chelsea er eitt stærsta lið Evrópu í augnablikinu og ég hlakka mjög til þessara leikja. Við viljum komast í úrslitaleikinn og það þýðir að við verðum að vinna Chelsea. Við þurfum að eiga tvo toppleiki en ég veit að við getum unnið Chelsea," sagði Oliver Kahn, markvörður Bæjara.

AC Milan og Internazionale mættust einnig í undanúrslitunum 2003 en þá komst AC Milan áfram á mörkum skoruðum á útivelli og vann að lokum titilinn. Carlo Ancelotti, þjálfari AC Milan, var ekki sáttur og sagði Internazionale síðasta liðið sem hann hefði viljað mæta. „Við vildum allir sleppa við annan grannaslag. Ég man að það var mikil pressa þegar liðin mættust fyrir tveimur árum, mun meiri heldur en venjulega, en ég vona að við séum orðnir þroskaðri og getum unnið betur úr álaginu sem fylgir þessum leikjum."

Barátta Liverpool og Juventus vekur upp tuttugu ára gamlar minningar um úrslitaleik liðanna á Heysel-leikvanginum í Brüssel þar sem 39 áhorfendur létu lífið í óeirðum og ensk félög fengu í kjölfarið fimm ára bann. „Ég veit ekki af hverju en ég hafði það á tilfinningunni að við myndum mæta Liverpool. Þegar ég var þjálfari hjá Roma töpuðum við fyrir þeim og nú fæ ég möguleika á því að koma fram hefndum. Leikmenn Liverpool eru hættulegir í skyndisóknum, sérstaklega á Anfield, og við þurfum að ná okkar besta til að komast áfram," sagði Fabio Capello, þjálfari Juventus. ■

EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN Sést hér skora gegn Barcelona í sextán liða úrslitum Meistaradeildinnar en hann og félagar hans mæta Bayern München í átta liða úrslitum keppninnar.

Þjálfaranámskeið ÍSÍ

www.isisport.is

Almennur hluti 1b

Helgina 1. – 3. apríl verður **Þjálfari 1b – almennur hluti** haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Námskeiðið er framhald af þjálfaranámskeiði 1a – almennum hluta.
Námskeiðið sem er samræmt fyrir allar íþróttagreinar er 20 kennslustundir, að meginhluta bóklegt, og er ætlað leiðbeinendum barna í íþróttum. Haldið verður áfram að fjalla um þroskaferli barna, þ.e. vaxtarþroska og hreyfiþroska. Einnig er fjallað um undirstöðuatriði kennslufræði, mikilvægi rétt mataræðis, fyrstu viðbrögð við íþróttameiðslum og fleira.

Verð á námskeiðið er **kr. 8.000,-** Skráningar þurfa að berast á netfangið **namskeid@isisport.is** eða í síma **514-4000** í síðasta lagi miðvikudaginn 30. mars.

Almennur hluti 1c

Helgina 8. – 10. apríl verður **Þjálfari 1c – almennur hluti** haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Námskeiðið er framhald af þjálfaranámskeiði 1b – almennum hluta. Námskeiðið sem er samræmt fyrir allar íþróttagreinar er 20 kennslustundir, að meginhluta bóklegt, og er ætlað leiðbeinendum barna í íþróttum. Haldið verður áfram að fjalla um starfsemi líkamans og íþróttameiðs og einnig verður kynning á notkun tölvu- og upplýsingatækni við þjálfun. Þátttakandi verður að hafa lokið almennum hluta 1b til að komast á þetta námskeið. Námskeiðinu lýkur með skriflegu próf.

Verð á námskeiðið er **kr. 8.000,-** Skráningar þurfa að berast á netfangið **namskeid@isisport.is** eða í síma **514-4000** í síðasta lagi miðvikudaginn 6. apríl.

Frekari upplýsingar má finna á **www.isisport.is**

Þeir sem hafa lokið Grunnstigi ÍSÍ eru gjaldgengir á Almennan hluta 1b. Þjálfaramenntun íþróttahreyfingarinnar fæst metin til eininga í framhaldsskólum samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla.

Þjálfaranámskeið ÍSÍ

Lokaumferð 1. deildar karla í handbolta í gær:

Fram í úrslitakeppnina

HANDBOLTI Fram tryggði sér sæti í úrslitakeppni DHL-deildar karla í handbolta eftir nauman 22–21 sigur á FH í lokaumferð 1. deildarinnar í Framheimilinu í gærkvöldi. Vonin er þó ekki úti hjá FH því liðið spilar umspil við liðið í sjöunda sæti í úrvalsdeildinni um áttunda og síðasta sætið inn í úrslitakeppnina.

Leikurinn í gær var æsispennandi allan tímann og aldrei meira en 1-2 marka munur á liðunum. FH-ingar byrjuðu ívið betur í leiknum og höfðu frumkvæðið framan af, en heimamenn í Fram sigu fram úr og voru einu marki yfir í hálfleik, 12-11.

Síðari hálfleikurinn bauð upp á sömu spennu og það voru heimamenn sem lönduðu sigrinum á lokasekúndunum með marki Jóns B. Péturssonar átta sekúndum fyrir leikslok. Heimir Ríkarðsson, þjálfari Fram, var yfir sig ánægður í leikslok. „Þetta var rosalegur leikur tveggja sterkra liða. Varnarleikurinn var góður og markverðirnir báðir í stuði. Ég held að það hafi sýnt sig í dag að liðin í 1. deildinni eru hörkugóð og að mínu mati verðskulda þau mun meiri athygli en þau hafa fengið," sagði Heimir. ■

Í ÚRSLITAKEPPNINA Ingólfur Axelsson og félagar hans í Fram unnu FH í lokaleik 1. deildar karla í gær. Hér sækir Ingólfur hart að marki FH, en hann skoraði 3 mörk í leiknum í gær.

Verðstríð alla daga

Hátalarakerfi
5x50W RMS magnari ásamt 5 hátölurum og 80 W RMS bassahátalara

Dolby Digital/DTS Þannig getur þú notið hljómgæða kvikmynda sem eru teknar upp í Dolby Digital og DTS til fullnustu!

Fjölkerfa DVD spilari sem spilar DVD diska frá öllum svæðum. Spilar einnig SVCD/ DVD-R/DVD-R W/JEPG og MP-3

SONY®
DAV SB100
Heimabíókerfi

Útvarp
Hlustaðu á útvarpið í brjáluðum gæðum

Svona virkar heimbíó

Að hafa hljóðið í lagi þegar horft er á bíómynd skiptir öllu máli!
Með því að hafa DVD spilara , stafrænt útvarp og netta en öfluga hátalara með sér bassa er heimabíóstæðan orðin að heildar hljómtæki heimilisins.

1-4. Hátalarar
5. Miðjuhátalari
6. Bassahátalari

SURROUND



•FYLGIR

DIGITAL dts SURROUND
mp3
DVD VIDEO
VIDEO CD

2.499**
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
29.988 STAÐGREITT

Vaxtalaust heildarverð: kr. 31.883

VISA MasterCard

**Miðað við jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

Stafræn tökuvél

BT Bestu kaupin

3.299
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
39.988 STAÐGREITT

Vaxtalaust heildarverð: kr. 41.528

Panasonic MiniDv videóvél NVGS17B

NightView 0 LUX
Það skiptir ekki máli þótt birtan sé engin - þú nærð samt góðum upptökum.

800x aðdráttur
Með 800x digital og 24x optical aðdrætti nærðu öllum smáatriðum sem þú vilt.

CCD Myndflaga
800.000 pixla CCD myndflagan tryggir þér betri myndgæði en þú átt að venjast

Stafræn myndavél

4.1 megapixlar

16.999
~~21.999~~

SONY®
Cybershot DSC-P43

Hleðslurafhlöður
Öflug hleðslurafhlöður tryggja þér allt að 450 myndir í hverri hleðslu.

Litaskjár
Vandaður 1,5" litaskjár þar sem allar stillingar birtast

Aðdráttur
Með 3x digital aðdrætti nærð þú smáatriðunum sem skipta máli í fullum gæðum.

Hreyfimyndataka
Taktu upp hreyfi-myndir með hljóði í MPEG movie VX.

BT

BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

VILTU VINNA!

SENDU SMS SKEYTIÐ BT RUGL Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
SVARAÐU EINNI SPURNINGU MEÐ SMS SKEYTI BT A, B EÐA C Á NÚMERIÐ 1900.
12. HVER VINNUR.
AÐALVINNINGUR ER 42" MEDION PLASMASJÓNVARP

Aukavinningar: Sony MP3 • Toshiba fartölva • Medion borðtölva með flatskjá • Panasonic heimabíó • Samsung GSM símar • USB minnislykill með MP3 • Playstation tölvur • Kodak stafrænar myndavélar • 70 mínútur spilið • Epson ljósmyndaprentarar • Mustek DVD spilarar • Bíómiðar fyrir 2 á Danny the Dog • Kippu af Coca Cola • Tölvuleikir • DVD myndir • VHS myndir • Geisladiskar og margt fleira!

*Aðalvinningur verður dreginn út úr öllum innsendum SMS skeytum • 99 kr/skeytið

ÞETTA ER RUGL! ALDREI GLÆSILEGRI VINNINGAR.

ÍSLANDSMÓTIÐ Í SUNDI Fer fram í Laugardalnum um helgina.

Íslandsmótið í sundi:

Metin byrjuð að falla

SUND Íslandsmeistaramótið í sundi í 50 metra laug hófst í Laugardalnum í gær þar sem mættir eru til leiks um 200 keppendur sem etja kappi alla helgina. Fór mótið vel af stað og þrjú met litu strax dagsins ljós í fyrsta hlutanum. Anja Ríkey Jakobsdóttir úr Ægi setti fyrsta metið á mótinu þegar hún synti 50 metra baksund á 30,69 sekúndum og bætti með því met Kolbrúnar Kristjánsdóttur frá árinu 1999, sem var 30,76.

Jón Oddur Sigurðsson setti met í 50 metra bringusundi og synti á 29,13, en skömmu síðar mætti Jakob Jóhann Sveinsson til leiks og bætti nokkura mínútna gamalt met hans um tvo hundraðshluta þegar hann synti á 29,11 sekúndum. ■

HM í kvennafótbolta:

Í undanriðli með Svíþjóð

FÓTBOLTI Í gær var dregið í riðla í undankeppni Heimsmeistaramóts kvenna í knattspyrnu sem fram fer í Kína árið 2007. Íslenska liðið hafnaði í riðli með Portúgölum, Tékkum, Svíum og Hvít-Rússum. Þetta verður fyrsta verkefni Jörundar Áka Sveinssonar með kvennalandsliðið, sem hefur komist í umspil í tveimur síðustu undankeppnum.

Þá er einnig búið að draga í riðla í undankeppni EM U-19 ára landsliða kvenna og þar hafnaði íslenska liðið í riðli með Rússlandi, Bosníu Hersegóvínu og Georgíu. ■

Heimavellirnir drjúgir

Guðmundur Guðmundsson, fyrrverandi landsliðsþjálfari í handbolta, hallast að sigri Hauka gegn ÍR-ingum í lokaumferð DHL-deildarinnar í kvöld og að liðið tryggi sér þannig deildarmeistaratitilinn.

HANDBOLTI Fjórir hörkuleikir eru á dagskrá í kvöld og ljóst að mótanefnd HSÍ hefur unnið gott starf fyrir mótið með upprröðun sinni á leikjum. Liðin í efstu tveimur sætunum, Haukar og ÍR, mætast innbyrðis á Ásvöllum í hreinum úrslitaleik, liðin í 3. og 4. sæti mætast einnig innbyrðis, HK og ÍBV, og það sama á við um 5. og 6. sætið þar sem KA tekur á móti Val. Það er ekki síður mikið í húfi hjá liðunum í 7. og 8. sæti þar sem Þórsarar fá Víking í heimsókn í leik sem gæti mögulega gefið sæti í úrslitakeppninni.

„Þetta er mjög skemmtileg lokaumferð og þótt að mótafyrirkomulagið hafi verið mikið gagnrýnt þá sést núna vel hvað getur boðið upp á. Það er gríðarlega spenna og það sést að þó að þetta mótafyrirkomulag hafi sína galla þá hefur það einnig sína kosti," segir Guðmundur Guðmundsson en hann býst við mjög jöfnum leik á Ásvöllum í kvöld.

GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON

„Ég hreifst mjög af ÍR-ingum í bikarúrslitunum þar sem liðið spilaði með hjartanu. Ef þeir ná að framkalla það aftur þá er aldrei að vita en ég hallast sem frekar að sigri Hauka þar sem þeir eru á heimavelli," segir Guðmundur. Fyrri leik liðanna í Austurbergi fyrir rúmum tveimur vikum lauk með stórum sigri Hauka, 24-31, og segir Guðmundur að sá leikur gæti gefið Haukum sálfræðilegt forskot.

„Haukar hafa verið með yfirhöndina gegn ÍR í gegnum tíðina og haft betur í þeirra rimmum í úrslitakeppninni. En það má ekki gleyma að ÍR braut ákveðið blað með bikarsigrinum. Nú er spurningin hvort leikmenn liðsins nái að fylgja því eftir það fylgir oft ákveðið spennufall slíkum sigri. En liðin hafa mjög áþekkan mannskap og ég held að þetta verði mikill spennuleikur," segir Guðmundur.

VINNA ÞEIR DEILDINA? Guðmundur Guðmundsson spáir því að Vignir Svavarsson og félagar í Haukum muni fara með sigur af hólmi í miklu spennuleik gegn ÍR í kvöld.

Guðmundur spáir að ekki verði síðri spenna í leik HK og ÍBV. „Það er svo skrítið með HK að þeir voru ósannfærandi í bikarúrslitunum og hafa ekki verið á réttu róli eftir hann. En það býr engu að síður mjög mikið í þessu liði og þeir hagnast af því að vera á heimavelli," segir Guðmundur. Lið ÍBV hefur hinsvegar verið í miklu stuði og fikrað sig upp töfluna á síðustu vikum.

„Ef Roland er í stuði er ÍBV mjög hættulegt öllum liðum en þeir sönnuðu að þeir geta vel unnið án hans. Markvarslan mun ráða miklu í þessum leik og ef Björgvin Páll Gústavsson finnur sig þá er HK í góðum málum. Ég held að HK hafi betur í þessum leik."

Í viðureign KA og Vals segist Guðmundur halda að heimavöllurinn muni gera útslagið. „KA-liðið hefur verið misjafnt en ég hallast að þeirra sigri því þeir hafa verið sterkir á heimavelli," segir Guðmundur. Hann býst við ánægju á tveimur vígstöðvum á Akureyri.

„Þórsararnir hafa á köflum komið mér á óvart í vetur og eru með betra lið en ég átti von á. Víkingar hafa ekki mikla breidd og mega illa við því að vera án lykilmanns eins og Bjarka Sigurðssonar. Án hans standa þeir höllum fæti og því spái ég Þórsurum sigri."

vignir@frettabladid.is

STAÐAN FYRIR LOKAUMFERÐINA

HAUKAR	**13**	**8**	**1**	**4**	**402-378**	**17**
ÍR	13	8	0	5	404-398	16
ÍBV	**13**	**7**	**1**	**5**	**397-359**	**15**
VALUR	13	7	0	6	356-363	14
HK	**13**	**7**	**0**	**6**	**411-386**	**14**
KA	13	5	2	6	373-389	12
VÍKINGUR	**13**	**4**	**0**	**9**	**351-382**	**8**
ÞÓR	13	4	0	9	370-410	8

DAGSKRÁ LAUGARDAGINN 19. MARS

9:00 BÍLAÞÁTTUR
Í umsjón Leós M. Jónssonar.
Fréttir kl. 10.

10:00 LAUGARDAGSMORGUNN
Í umsjón Eiríks Jónssonar.

12:00 FRÉTTIR FRÁ FRÉTTASTOFUNNI
HÁDEGISÚTVARPIÐ
Í umsjón Kristjáns Hjálmarssonar
og Þórarins Þórarinssonar.

13:00 SÖGUR AF FÓLKI
Í umsjón Róberts Marshall.
Fréttir kl. 15.

15:00 FÓKUS
Í umsjón ritstjórnar Fókuss (e).

16:00 VIÐTALSÞÁTTUR
SIGURÐAR G. TÓMASSONAR
Fréttir kl. 17.

17:00 FRJÁLSAR HENDUR
Í umsjón Illuga Jökulssonar (e).

18:00 ÚR SÖGUSAFNI HITCHCOCKS
Konfekt & kærleikur og Öðru sinni.
Hjalti Rögnvaldsson les.

18:30 FRÉTTIR STÖÐVAR 2

19:00 Bílaþáttur (e) | 19:55 Laugardagsmorgunn (e)
21:45 Hádegisútvarpið (e) | 22:30 Sögur af fólki (e) | 00:25 Fókus (e)
01:20 Viðtalsþáttur Sigurðar G. Tómassonar (e) | 02:15 Frjálsar hendur (e) | 03:10 Úr sögusafni Hitchcocks: Konfekt & kærleikur og Öðru sinni (e) | 03:35 Bílaþáttur (e) | 04:30 Laugardagsmorgunn (e)
06:20 Hádegisútvarpið (e) | 07:05 Sögur af fólki (e)



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

16 17 18 **19** 20 21 21

Laugardagur

LEIKIR

- 16.30 **HK** og **ÍBV** mætast í Digranesi í DHL-deild karla í handbolta.
- 16.30 **Þór Ak.** og **Víkingur** mætast í Höllinni Akureyri í DHL-deild karla í handbolta.
- 16.30 **Haukar** og **ÍR** mætast á Ásvöllum í DHL-deild karla í handbolta.
- 16.30 **KA** og **Valur** mætast í KA-heimilinu í DHL-deild karla í handbolta.
- 17.00 **Stjarnan** og **ÍBV** mætast í Reykjaneshöllinni í A-deild deildarbikars kvenna í fótbolta.
- 17.00 **ÍS** og **Keflavík** mætast í Kennaraháskólanum í úrslitakeppni 1. deildar kvenna í körfubolta.
- 17.15 **Huginn** og **KS** mætast í Boganum í 4. riðli B-deildar deildarbikars karla í fótbolta.

SJÓNVARP

- 09.30 **Barist fyrir gott málefni** á Sýn. Bein útsending frá hnefaleikaveislu á Broadway.
- 11.30 **NBA-boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Indiana Pacers** og **Los Angeles Lakers** í NBA-deildinni í körfubolta.
- 12.00 **Formúla 1** á RÚV. Útsending frá tímatökum í Malasíukappakstrinum í Formúlu 1.
- 12.10 **Upphitun** á Skjá einum.
- 12.40 **Enski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Blackburn** og **Arsenal** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 13.15 **HM fatlaðra í alpagreinum** á RÚV.
- 13.45 **HM fatlaðra í alpagreinum** á RÚV.
- 13.45 **Íslenski körfuboltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Keflavíkur** og **ÍR** í úrslitakeppni Intersportdeildarinnar í körfubolta.
- 14.20 **Íslenski handboltinn** á RÚV. Bein útsending frá leik **Hauka** og **ÍBV** í DHL-deild kvenna í handbolta.
- 14.40 **Á vellinum með Snorra Má** á Skjá einum.
- 15.00 **Enski boltinn** á Skjá einum. Bein útsending frá leik **Manchester United** og **Fulham** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 15.45 **NBA-boltinn** á Sýn. Útsending frá leik **Miami Heat** og **Los Angeles Lakers** í NBA-deildinni í körfubolta.
- 16.00 **Handboltakvöld** á RÚV.
- 16.20 **Íslenski handboltinn** á RÚV. Bein útsending frá leik **Hauka** og **ÍR** í DHL-deild karla í handbolta.
- 17.10 **Enski boltinn** á Skjá einum. Bein útsending frá leik **Bolton** og **Norwich** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 18.00 **Motorworld** á Sýn.
- 18.30 **Fótbolti um víða veröld** á Sýn.
- 19.00 **Hnefaleikar** á Sýn. Útsending frá bardaga **Erik Morales** og **Carlos Hernandez**.
- 20.20 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Deportivo La Coruna** og **Barcelona** í spænsku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 22.30 **Bandaríska mótaröðin í golfi** á Sýn.
- 23.00 **Íslenski körfuboltinn** á Sýn. Útsending frá leik **Keflavíkur** og **ÍR** í úrslitakeppni Intersportdeildarinnar í körfubolta.
- 00.30 **Hnefaleikar** á Sýn. Útsending frá bardaga **Erik Morales** og **Miguel Antonio Barrera**.
- 02.00 **Hnefaleikar** á Sýn. Bein útsending frá bardaga **Erik Morales** og **Manny Pacquiao**.
- 02.30 **Formúla 1** á RÚV.
- 03.00 **Formúla 1** á RÚV. Útsending frá tímatökum í Malasíukappakstrinum í Formúlu 1.
- 06.30 **Formúla 1** á RÚV. Bein útsending frá Malasíukappakstrinum í Formúlu 1.

Einar Bollason segir Gunnar Einarsson skipta miklu máli fyrir Keflavík:

ÍR-ingar eiga eftir að koma á óvart

KÖRFUBOLTI Undanúrslitarimma Keflavíkur og ÍR í Úrvalsdeild karla í körfuknattleik hefst í dag. Fyrsti leikur liðanna er í Keflavík og liðið sem fyrr vinnur þrjá leiki kemst í sjálf úrslitin.

Keflvíkingar hafa heimavallarréttinn í viðureigninni, eftir að hafa verið með bestan árangur allra liða í deildarkeppninni og kemur það til með að reynast liðinu mikilvægt í úrslitakeppninni því ár og dagar eru síðan liðið tapaði síðast á heimavelli. Fréttablaðið ræddi við Einar Bollason, körfuboltasérfræðing og fékk hann til að spá í spilin fyrir rimmuna.

„Þessi viðureign verður athylisverð og ég held að þarna gætum við verið að horfa fram á óvænt úrslit. Ég held að ÍR-ingarnir eigi eftir að koma á óvart og vinna í Keflavík, gott ef þeir stela ekki fyrsta leiknum í Keflavík. Mér finnst vera eitthvað óvænt í skýjunum um þessar mundir, ekki síst eftir þessa frábæru fyrstu umferð þar sem þrjár af fjórum viðureignum fara í oddaleik og í fjórðu rimmunni urðu ein óvæntustu úrslit sem litið hafa dagsins ljós á síðustu árum. Ég er ekki frá því að þetta hafi verið skemmtilegasta fyrsta umferð sem ég hef séð í körfunni frá upphafi.

Nú held ég bara að tími ÍR sé kominn og að þeir stimpli sig inn sem alvöru spútniklið. Þeir eru með skemmtilegt lið, frábæra Kana og ég held að ef að Gunnar Einarsson nær sér ekki alveg af meiðslum sínum sem hann hlaut á móti Grindavík, þá gætum við verið að horfa fram á að ÍR taki þetta. Þeir eiga eftir að veita Keflvíkingum mikla keppni í þessu einvígi og ef þeir ná að mótívera sig og eru nógu hungraðir gætum við verið að horfa fram á óvænta hluti. Ef Gunnar Einarsson hins vegar getur leikið af fullum krafti spái ég að Keflavík taki þetta í oddaleiknum á heimavelli 3-2, en þetta verða rosalegir leikir," segir Einar Bollason. Fyrsti leikur liðana verður háður í Keflavík klukkan 14 í dag.

baldur@frettabladid.is

GUNNAR EINARSSON Lykilmaður í einvíginu að mati Einars Bollasonar.



ÁRVOR
Sportbátar

www.velasalan.is
Skoðið úrvalið á heimasíðu okkar og tryggið ykkur bát fyrir sumarið.
VÉLASALAN
Ánanaust 1 - Sími 580 5300
velasalan@velasalan.is

!
Talstöðin
FM 90,9
ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

Íshestar
Sörlaskeiði 26
IS-220 Hafnarfirði
Sími: +354-555-7000
www.ishestar.is
info@ishestar.is
ÍS HESTAR
KÚREKAFERÐIR
HJÁ ÍSHESTUM Í HAFNARFIRÐI

CLINT EASTWOOD SPECIAL
UPPLIFÐU ALVÖRU KÚREKAÆVINTÝRI - HEITASTA FERÐIN Í DAG!
Klukkutíma hestaferð (eða gönguferð) í frábæru umhverfi.
Línudanskennsla og dansinn stiginn í hlöðunni.
Skeifukast að hætti "Villta Vestursins" - skipt í lið.
Ljúffengur kvöldverður í veitingasal Jósala.
Erum með hesta sem henta bæði vönum og óvönum "kúrekum".
Hjálmar, stígvél, vettlingar og allur hlífðarfatnaður á staðnum.
MATSEÐILL:
Grilluð svínarif (spareribs)
Marineraðir kjúklingaleggir
Maísstönglar
Sveitasalat
Bakaðar kartöflur
Grillsósur
VALINN VERÐUR:
Bestu knapinn - "Clint Kvöldsins"
Best klæddi kúrekinn
(Verðlaun í föstu og fljótandi formi!)
VERÐ AÐEINS 4.900 KR.
fyrir allan pakkann og innifalið er 1 bjór eða gos.
PANTANIR Í SÍMA 555 7000.

STUÐ MILLI STRÍÐA : Lögleysa á Guantanamo

FREYR BJARNASON SKRIFAR UM FANGABÚÐIR BANDARÍKJAMANNA Á KÚBU

MYND: HELGI SIGURÐSSON

Fangabúðirnar sem Bandaríkjamenn settu upp í Guantanamo á Kúbu eftir hryðjuverkaárásirnar 2001 hafa ætíð verið umdeildar. Þar eru grunaðir hryðjuverkamenn geymdir án dóms og laga eins lengi og stjórnvöldum hentar, sem auðvitað væri brot á mannréttindalögum hér á Vesturlöndum. En þar sem búðirnar eru staðsettar á Kúbu er erfitt að setja yfir þær lög. Fangaverðirnir hafa einnig verið harðlega gagnrýndir fyrir slæma meðferð á föngunum og svo virðist sem margir þeirra komi fram við þá eins og hverjar aðrar skepnur.

Það er ótrúlegt að vita til þess að jafnupplýst þjóð og Bandaríkjamenn eiga að vera skuli haga sér á þennan hátt og brjóta þau sömu lög og þjóðin sjálf hefur alla tíð reynt að hafa í heiðri. Sumir telja það allt í lagi að beita hvaða brögðum sem er til að hafa uppi á hugsanlegum hryðjuverkamönnum eða koma í veg fyrir hugsanleg hryðjuverk. Þannig er málum aftur á móti ekki háttað í dag. Menn eru ekki lokaðir inni svo mánuðum eða árum skiptir án dóms og laga fyrir eitthvað sem þeir eru grunaðir um. Slíkt er meira í ætt við nornaveiðarnar fyrr á öldum. Ennþá verra er það þegar fangaverðir misnota vald sitt með þeim hætti sem hefur komist í fréttirnar að undanförnu og skömm er að. Eru taldar miklar líkur á að fangar hafi jafnvel verið pyntaðir til dauða. Vald getur svo auðveldlega haft í för með sér spillingu sem virðist ekki vera á margra færi að standast. Ríkt eftirlit þarf að vera til staðar með þeim sem fara með slíkt vald því annars er voðinn vís. ■

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

PÚ OG PA

Eftir SÖB

KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell

BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott

Disney presents a PIXAR film
THE INCREDIBLES
FRÁ FRAMLEIÐENDUM LEITIN AÐ NEMO
THE INCREDIBLES
BÚÐU ÞIG UNDIR HIÐ ÓTRÚLEGA!
ÓSKARSVERÐLAUN:
TEIKNIMYND ÁRSINS 2004
TRYGGÐU ÞÉR EINTAK Á DVD EÐA VHS!
MEÐ ÍSLENSKU TALI
SAM MYNDBÖND



MÓÐUR VIKUNNAR
> MARTA SMARTA FER YFIR MÁLIN

Chanel-veira á ferð

Tími táningsáranna er liðinn. Ég uppgötvaði það þó ekki fyrr en nýlega þrátt fyrir að vera búin að plokka burt gráu hárin um nokkurt skeið. Nú hef ég lagt plokkarann á hilluna því þetta ævintýri hefði bara endað á einn veg. Með blettaskalla. Það voru þó ekki gráu hárin sem sögðu mér að aldurinn væri að færast yfir heldur óstjórnleg löngun í ekta Chanel-tösku með löngu gylltu bandi. Fyrir nokkrum árum fannst mér svona töskur einungis vera fyrir miðaldra húsmæður eða eilífðar „eitís"-píur sem drukku Tab í baðkeravís og nældu stærstu axlapúðunum í vængjaleðurjakkann. Chanel-taskan er þó langt frá því að vera eitthvað „eitís"-fyrirbæri því hún átti fimmtugsafmæli í febrúar. Allan síðasta áratug hefur það verið innprentað í minn litla heila að allt sem gerðist á níunda áratugnum sé slys. Ég trúði því að þau hryðjuverk sem framin voru í tískuheiminum á þeim tíma yrðu ekki endurvakin. Smám saman hefur þessi tíska níunda áratugarins þó smogið inn í tísku nútímans. Þetta hefur þó gerst svo löturhægt að við höfum látið blekkjast og varla tekið eftir þessum áhrifum. Ég veit ekki hvort þetta sé máttur tískublaðanna eða hvort ég sé búin að hanga of mikið inni á tískusíðum internetsins, en sannleikurinn er sá að ég er búin að sættast við þennan áratug. Það er svo sem ekkert skrítið við það þar sem ég var barn á þessum tíma og lifði níunda áratuginn ekki til fulls með tilheyrandi Tab-drykkju, herðapúðum og uppastælum. Á þessum tíma lifði ég mig inn í ástríðufull samskipti á milli Barbí og Ken á milli þess sem ég horfði á Lilla og vini hans í Brúðubílnum. Um þessar mundir er hugurinn kominn á flug og ég er farin að safna fyrir ekta Chanel-tösku. Ég læt mig dreyma um að hrasa um Chanel-gersemar í sumarfríinu. Eina vandamálið þessa stundina er hvort ég eigi að fá mér hefðbundna og klassíska í svörtum lit eða hvort ég eigi að splæsa í afmælisútgáfuna sem er eldrauð að lit í stíl við sportbílana í Miami Vice-sjónvarpsþáttunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.Ó.L.

RÓSÓTTAR Bómullarskyrtur frá French Connection sem fást í Kultur.

GLITRANDI Eplabolur frá verslununni Zara í Smáralind.

BLÓMABRÓDERÍ Stígvél úr Karen Millen lífga upp á tilveruna.

SKRAUTLEGIR Appelsínugulir eyrnalokkar úr TopShop.

HIPPAFÍLINGUR Pilsið fæst í Zara í Smáralind.

ELEY KISHIMOTO Hönnun Eley Kishimoto fæst í versluninni KRON.

Appelsínugulur er liturinn

Gerir innrás í vor- og sumartískuna.

FLJÚGA BLEIKU FIÐRILDIN Fiðrildahálsmen úr versluninni TopShop.

Það er ekkert meira „retro" en appelsínuguli liturinn en hann kemur með trukki og dýfu inn í vortískuna. Tískuspekúlantar segja að appelsínugulur sé litur ársins. Það er eflaust rétt, hátískuhönnuðirnir eru að minnsta kosti ákaflega hrifnir af honum. Þeir nota hann bæði einan og sér og svo kemur hann vel út í mynstrum. Það er þó tæplega hægt að mæla með því að vera í appelsínugulu frá toppi til táar nema viðkomandi sé að sverma eftir hlutverki í Ávaxtakörfunni.

Sumarið verður mjög blómlegt, sérstaklega þegar kemur að mynstrum. Bæði gróf og fín blómamynstur ganga. Ekki er nauðsynlegt að fjárfesta í nýrri flík fyrir sumarið ef þú átt einhverja fyrir. Þegar blómamynstur eru annars vegar má tjalda því sem til er og ganga bæði fín og gróf blómamynstur. Það er mikið um rósóttar hálfgegnsæjar skyrtur, rósótta kjóla og pils með æpandi mynstri. Einnig ber töluvert á grafískum og hippalegum mynstrum. Þar er appelsínuguli liturinn algerlega á heimavelli. Þegar þessar flíkur eru skoðaðar nánar kemur í ljós að það er eins og maður hafi séð þetta allt áður. Það er líka rétt því margt af þessu er alveg klippt og límt upp úr „seventís"-tískunni. Skartið á ekki bara að vera gyllt og bronsað. Emaleraað skart er flott með þessari tísku og er það gjarnan mjög litríkt. Það er mikið fiðrildaþema í gangi og þá á ekki bara að leggja þau sem borðskraut á fermingarhlaðborðin heldur er mjög mikið um fiðrildaskart, bæði í formi eyrnalokka og hálsmena. Þessar dúlleríspælingar gera það að verkum að það er hægt að vera ferskur og flottur án þess að það kosti fólk aleiguna.

martamaria@frettabladid.is

LITRÍKIR OG LIFANDI Þessir fást í Bertie í Kringlunni.

AFTURHVARF TIL HIPPATÍMANS Stuttur jakki með áberandi mynstri frá verslunni Zara í Smáralind.

VEGLEG TASKA Úr versluninni Zara.

STRANDFÍLINGUR Toppur úr Karen Millen.

Frísklegar kinnar

Sarah Jessica Parker með ferskjulitan kinnalit.

FERSKJULITUR kinnalitur frá MAC. Hann fæst í Debenhams í Smáralind.

Ferskjulitaður kinnalitur er einn af þeim hlutum sem eru algerlega ómissandi. Hann fer vel við flestar húðtegundir og fær hverja konu til að geisla af þokka. Fallegt er að skyggja andlitið með sólarpúðri og setja örlítið af ferskjulita kinnalitnum ofan á kinnbeinin. Það verður þó að gæta þess að nota hóflega af kinnalitnum því enginn vill líta út eins og jólatré í júní. Flottu og frægu konurnar í hinni stóru Ameríku hafa tekið ástfóstri við ferskjulitan kinnalit, þar á meðal Sarah Jessica Parker sem allar alvöru konur vilja líkjast.

Hin eina sanna lagerútsala!

Hin árlega lagersala mjög þekktra merkja er núna um helgina, 18.-20. mars 2005.

- Ótrúlegt úrval & Ótrúleg verð -

Verðdæmi:
Buxur **2.000**
Bolir **1.000**
Skór **500**

Útsalan verður haldin að Guðríðarstíg 6-8 í Grafaholti, gengið inn að ofan.

Opnunartími:
Föstudagur 16:00 - 19:00
Laugardagur 12:00 - 17:00
Sunnudagur 13:00 - 16:00

Fullt af góðum skóm og fatnaði á ótrúlegu verði.

> NANNA ÓSK JÓNSDÓTTIR ER FRAMKVÆMDASTÓRI FÉLAGS VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐINGA OG HEFUR YFIRUMSJÓN MEÐ DANSSTÚDÍÓI WORLD CLASS.

Dreymir um hvítar og aðsniðnar buxur

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

>>>

Uppáhaldshönnuðir? Prada, Roberto Cavalli, Kimoro Lee hjá Baby Phat, Selma Ragnarsdóttir og Ameríska fatamerkið Ecko Red.

Hverju ertu mest svag fyrir? Ég er mikið fatafrík. Ég held mest upp á skó og töskur, en svo er ég alltaf hrifin af gallabuxum.

Hvaða flík keyptir þú þér síðast? Ég keypti mér hlébarðapils úr satínefni og ljósan topp með gylltum þráðum sem er opinn í bakið. Toppinn keypti ég í Morganbúðinni í Lundúnum en ég hnaut um pilsið á Spáni.

Hvað finnst þér mest sjarmerandi í vor-og sumartískunni? Léttur aðsniðinn fatnaður og allir þessir mjúku litir.

Hvað ætlar þú að kaupa þér fyrir vorið? Ætli ég kaupi mér ekki hvítar aðsniðnar buxur með uppábroti sem eru lágar í mittið. Það er mjög fallegt að vera með ökklaband við þessar buxur og sumarskórnir fá svo sannarlega að njóta sín við þær. Buxurnar eru kannski ekki sérlega hentugar á Íslandi en það er önnur saga.

Uppáhaldsverslun? Ég versla mjög mikið erlendis og þá eru Mango-verslanirnar í mestu uppáhaldi hjá mér. Þegar ég fer til Bandaríkjanna fer ég alltaf í Guess-verslanirnar.

Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði? Það er mjög misjafnt. Ætli ég kaupi ekki mest þegar ég fer í frí erlendis. Annars fer það bara eftir skapinu hvað ég kaupi mikið og eyði miklum peningum.

Uppáhaldsflík? Tveir hvítir jakkar frá Baby Phat. Annar er úr hvítu leðri með rauðum saumum en hinn er úr kanínuskinni. Ég vona að ég verði ekki grýtt af dýraverndunarsinnum.

Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér? Ætli það séu ekki þessar blessuðu pokabuxur sem ég átti þegar ég var 16 eða 17 ára. Þær voru í anda Duran Duran-tímabilsins.

Menntun er lífið sjálft

- hp þegar gæði, hugvit og gott verð fara saman

HP Compaq nx9020
skólafartölvan

Intel© Celeron© M 360 (1,4Ghz)
15" skjár með upplausn 1024 x 768
256MB DDR vinnsluminni
60GB harður diskur
DVD +/- geislaskrifari
Þráðlaust netkort
Microsoft Windows XP Pro stýrikerfi

hp deskjet 5740 litaprentari - fylgir með
Allt að 23 bls/mín í svörtu
Allt að 18 bls/mín í lit
Prentar ljósmyndir á jaðar pappírs

Afborgun á mánuði
kr. 3.480*
Tilboðsverð kr. 139.900

HP Compaq dc7100
heimilistölvan

Intel Pentium 4 540 (3,2GHz)
1GB DDR400 vinnsluminni
160GB SATA diskur með SMART forvarnarábyrgð
16x DVD +/- „dual layer" geislaskrifari
128MB ATI 300SE PCI-E skjákort
Harman-Kardon hátalarar
Þráðlaust HP lyklaborð með skrunmús
8 USB tengi þar af tvö að framan
Microsoft Windows XP Home stýrikerfi
3ja ára HP ábyrgð á vinnu og varahlutum

L1740 - 17" TFT skjár
1280*1024 upplausn með 13ms viðbragðstíma
500:1 skerpu og bæði DVI og VGA inngangur
Innbyggður 2ja port USB hub
og snúningur á alla kanta

hp deskjet 5740 litaprentari - fylgir með
Allt að 23 bls/mín í svörtu
Allt að 18 bls/mín í lit
Prentar ljósmyndir á jaðar pappírs

Afborgun á mánuði
kr. 3.978*
Tilboðsverð kr. 159.900

HP PSC 1315
skólafjölnotatækið

Skanni - Prentari - Ljósritun
Auðvelt í notkun, tengi fyrir myndavél framan á prentara,
mjög einfalt stjórnborð

Afborgun á mánuði
kr. 311*
Tilboðsverð kr. 12.500

SD 128mb minniskort andvirði kr. 3.490 fylgir með

HP Photosmart M407
nett stafræn myndavél og minniskort

4.23MP upplausn, 18x aðdráttur
(3x linsa, 6x stafrænn), 16 MB minni,
stór 1.8" litaskjár

Afborgun á mánuði
kr. 832**
Tilboðsverð kr. 22.900

SD 128mb minniskort að andvirði kr. 3.490 fylgir með

HP Photosmart R507
stafræn myndavél sem fer vel í vasa og minniskort

4.1MP upplausn, 21x aðdráttur
(3x linsa, 7x stafrænn), 32MB minni,
Panorama myndataka, fjarlægir
rauð augu í myndavél

Afborgun á mánuði
kr. 1.023**
Tilboðsverð kr. 29.900

20 ÁR Á ÍSLANDI
+++1985-2005+++
OPIN KERFI
www.ok.is

* Tölvulán í 48 mán. fyrir námsmenn m.v. 9,5% vexti skv. vaxtatöflu S24 þann 11.03.2005
** Græjulán í 48 mán. m.v. 13,5% vexti skv. vaxtatöflu S24 þann 11.03.2005
M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar

Kynntu þér málið á fartolvur.is og s24.is

invent

HP Business Partners, sölu- og þjónustuaðilar:

HP Búðin	Reykjavík	sími: 568 5400
Samhæfni	Reykjanesbæ	sími: 421 7755
Tölvuþjónustan	Akranesi	sími: 430 7000
TRS	Selfossi	sími: 480 3300
Stefna	Akureyri	sími: 464 2288

Sjá einnig www.ok.is

HP Retail Partners, söluaðilar

Oddi	Reykjavík	sími: 515 5105
Office1	Reykjavík	sími: 550 4100
Penninn	Reykjavík	sími: 540 2000
Tölvun	Vestmannaeyjum	sími: 481 1122
NetX	Egilsstaðir	sími: 471 2011
Tölvusmiðjan	Egilsstaðir	sími: 470 2220
	Neskaupsstaður	sími: 470 2220
Snerpa	Ísafjörður	sími: 520 4000
Bókav. Þórarins Stefánssonar	Húsavík	sími: 464 1234

S24 ...og þú hagnast

Kl. 22.00
*Sjálfur **Megas** verður með tónleika í Stúdentakjallaranum í kvöld þar sem hann fer örugglega á kostum eins og honum er einum lagið. Meistarinn verður sextugur innan fárra vikna og gæti verið að hita sig upp í kvöld fyrir afmælistónleika.*

menning

menning@frettabladid.is

Hugstolinn í Færeyjum

Nú um helgina verður sýningin Hugstolinn, eða Spellbound – The Raven Rhapsody eins og hún er nefnd á ensku, sýnd í Færeyjum.
Færeyjar eru fyrsti viðkomustaður sýningarinnar á sýningarferðalagi til Norðurlanda. Framhald ferðalagsins verður í haust þegar hópurinn heldur til Grænlands og Álandseyja.
Hugstolinn er tónlistarleikhús (musical drama) eftir franska leikstjórann Janick Moisan við tónlist íslenskra og norrænna tónskálda. Sýningin er hugverk hennar, byggð á upplifun hennar á náttúru Íslands, sögnum og dulhyggju norðurslóða. Flytjendur óperunnar eru altsöngkonan Marta Hrafnsdóttir, Sigurður Halldórsson á selló og Daníel Þorsteinsson á píanó.
Í tengslum við sýningarferðalagið verður unnið að gerð heimildarmyndar. Stephané Labat, doktor í mannfræði og sérfræðingur í shamanisma, mun ásamt aðstoðarmönnum festa sýninguna á filmu og líf þátttakenda á ferðalaginu um Færeyjar, Grænland og Álandseyjar.

EKKI MISSA AF...

... sýningu á verki **Rúríar**, Archives – Endangered Waters, sem sýnt er í Listasafni Íslands. Verkið vakti mikla athygli á Feyneyjatvíæringnum árið 2003.

... **myndasögumessunni** í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu, þar sem tugir íslenskra, skandínavískra og norður-amerískra myndasöguhöfunda og myndlistarmanna koma saman.

... **Draumleik** eftir Strindberg í uppfærslu **Leikfélags Reykjavíkur** og **Nemendaleikhússins** á stóra sviði Borgarleikhússins.

Útilokað að láta sér leiðast

Dixielandhljómsveitin Sparibuxurnar hans afa skorar á fólk að reyna að láta sér leiðast í Iðnó í kvöld. Margir kannast við hljómsveitina frá því á menningarnótt og 17. júní, en víst er að hún spilar eldfjöruga tónlist sem einungis afburðaþunglyndum fýlupokum getur leiðst að hlusta á.

Hljómsveitin varð til fyrir um það bil tveimur og hálfu ári að frumkvæði Johns Gear trompetleikara, sem jafnframt syngur með hljómsveitinni.

Auk hans verður hljómsveitin í kvöld skipuð þeim Samúel J. Samúelssyni á básúnu, Steinari Sigurðarsyni á sópransaxófón, Hlyni Benediktssyni á banjó, Stefáni Erni Arnarssyni á kontrabassa og Finni Magnússyni á trommur.

FRÉTTABLAÐIÐ/THORSTEN HENN

SPARIBUXURNAR HANS AFA Spilar ekta Dixieland í Iðnó í kvöld, þar sem spuninn ræður ríkjum. Sammi í Jagúar spilar með þeim að þessu sinni.

„Á Íslandi eru til aðrar dixiehljómsveitir en þær spila allar eftir nótum. Hjá okkur er þetta allt saman spuni, þótt við styðjumst við grófan hljómagang."

John Gear hefur búið hér á landi frá árinu 1996. Hann kennir tónmennt í Smáraskóla í Kópavogi, en segist reyndar hafa komið fyrst til landsins í þeim erindagerðum að fara í jeppaferðir upp um fjöll og firnindi.

Sem lítill strákur á Englandi ólst hann upp við dixielandtónlist, sem nýtur mikilla vinsælda þar víða á hverfiskránum.

„Þegar ég var svona tíu ára fór pabbi með mér á dixiekvöld. Ég var þá byrjaður að læra á trompet og hann sagði mér að taka trompetið með mér."

Ekkert var sjálfsagðara en að strákurinn fengi að grípa í trompetið á dixiekvöldinu með hinum hljóðfæraleikurunum.

„Þetta er það sem strákar gera á Englandi. Þetta er mjög oft gert svona."

Innan skamms ætlar hljómsveitin að halda út fyrir landsteinana. Meiningin er að heimsækja pabba Johns, sem verður áttræður á næstunni.

„Við ætlum að fara til Englands til þess að spila á afmælinu hans." ■

Samið fyrir snillinga

Sigrún Eðvaldsdóttir kemur fram í Salnum í Kópavogi í kvöld ásamt píanóleikaranum James Lisney. Þau ætla að flytja þar verk eftir Franz Schubert, André Previn, Camille Saint-Saëns og Dímítrí Sjostakovitsj. Öll þessi verk eiga það sameiginlegt að tónskáldin hafa tileinkað þau frábærum fiðluleikurum, sannkölluðum snillingum sem hafa verið í fremstu röð fiðluleikara.

Sigrún segist þó ekki hafa átt í neinum óskaplegum erfiðleikum með að tileinka sér þessi verk og æfa þau.

„Nei, það hefur bara verið gaman að æfa þau. En þetta eru dálítið krefjandi verk," viðurkennir hún samt. „Svo er ég líka með alveg fantagóðan píanóleikara og það hjálpar mikið til í æfingaferlinu."

Sigrún kynntist James Lisney píanóleikara fyrst úti á Englandi þegar hún bjó þar fyrir tólf árum.

„Við byrjuðum þá að spila saman. Hann hafði heyrt mig spila á plötu áður en hann hitti mig svo hann vissi hvernig ég spilaði."

Hann hefur komið nokkrum sinnum til Íslands. Meðal annars héldu þau Sigrún tónleika í Gamla bíói árið 1999.

„Það er svo dýrmætt að rækta samband við svona góðan píanóleikara, því þetta er svo lítið land."

Sigrún er með þekktustu fiðluleikurum landsins, en engu að síður er það ekki oft sem færi gefst til að heyra í henni á einleikstónleikum.

„Já, það er orðið dálítið langt síðan ég gerði þetta síðast. Samt er maður alltaf að einhvern veginn, en þetta er algerlega mitt eigið verkefni og mér finnst virkilega gaman að takast á við það."

SIGRÚN MEÐ FIÐLUNA SÍNA Hún ætlar að flytja fjögur verk á tónleikum í Salnum í Kópavogi. Verkin eiga það sameiginlegt að tónskáldin hafa tileinkað þau miklum fiðlusnillingum.

Verkin á tónleikunum eru afar ólík innbyrðis.

„Fyrstu þrjú verkin eru gleðiverk, æðislega skemmtileg og fjörug, en svo kemur langt hlé. Við þurfum að hvíla okkur vel í hléinu til þess að vera tilbúin fyrir allt annars konar átök, því þá kemur Sjostakovitsj. Hann er svo þungur og dramatískur, en þetta er samt brjálæðislega flott verk."

Hugmyndin að þessum tónleikum kviknaði á síðasta ári þegar Sigrún heyrði fiðlusónötu eftir Saint-Saëns á tónleikum.

„Ég hafði þá aldrei heyrt þessa sónötu og bara varð að fá að spila hana einhvern tímann. En þá þurfti að finna eitthvað til að flytja sem passaði við hana og þá duttum við niður á þessa snilldarhugmynd. Svo fannst okkur sérstaklega gaman að hafa nýjasta verkið með, sem er eftir André Previn og samið árið 1997. Þetta er verk sem hann samdi fyrir konuna sína sem er alger snillingur, Anne-Sophie Mutter. Það er svo rómantískt eitthvað." ■

SÝNINGAR LAUGARDAGS- OG SUNNUDAGSKVÖLD • ATHUGIÐ AÐ SÝNINGAFJÖLDI ER TAKMARKAÐUR

Næst

„Algjör draumur"
MK Mbl

„ ..ein skemmtilegasta leiksýning sem ég hef séð"
KHH Kistan.is

Leikendur:
Aðalbjörg Þóra Árnadóttir
Atli Þór Albertsson
Björn Ingi Hilmarsson
Guðjón Davíð Karlsson
Guðmundur Ólafsson
Guðrún Ásmundsdóttir
Halldór Gylfason
Halldóra Geirharðsdóttir
Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir
Jóhannes Haukur Jóhannesson
Oddný Helgadóttir
Ólafur Steinn Ingunnarson
Orri Huginn Ágústsson
Pétur Einarsson
Sara Dögg Ásgeirsdóttir
Theodór Júlíusson

Draumleikur
eftir August Strindberg
Leikstjóri: Benedikt Erlingsson Leikmynd: Gretar Reynisson

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3 • 103 Reykjavík
Miðasala 568 8000 • www.borgarleikhus.is

Alþýðulög og meistarastykki

Tríó Reykjavíkur verður með tónleika í Hafnarborg á morgun þar sem Sigurgeir Agnarsson sellóleikari spilar með því sem gestur tónleikanna.

Tríóið er venjulega skipað þeim Guðnýju Guðmundsdóttur fiðluleikara, Gunnari Kvaran sellóleikara og Peter Maté píanóleikara, en á þessum tónleikum kemur Sigurgeir í staðinn fyrir Gunnar, sem ætlar að taka sér frí vegna anna við mikilvægt verkefni á öðrum vettvangi.

„Það stendur mikið til hjá Gunnari. Hann er að fara að spila allar Bach-svíturnar í lok mánaðarins og vill einbeita sér að því," segir Sigurgeir, sem hefur starfað sem aðstoðarleiðari í sellódeild Sinfóníuhljómsveitar Íslands undanfarin tvö ár.

Á efnisskrá tónleikanna verða Fimm lög í þjóðlegum stíl eftir Robert Schumann, fyrir selló og píanó. Verkið var samið árið 1849 og tilheyrir flokki ljóðrænna smámynda og þótt yfirborðið kunni að virka einfalt er margt hér að finna sem stingur góðlátlega í eyru. Þá verðu flutt sónatína fyrir fiðlu og selló eftir franska tónskáldið

TRÍÓ REYKJAVÍKUR Sigurgeir Agnarsson sellóleikari leikur á þessum tónleikum með þeim Guðnýju Guðmundsdóttur og Peter Maté.

Darius Milhaud. Lítið hefur heyrst eftir hann hér á landi, en hann var uppi á árunum 1892 til 1974. Hann hafði mjög sérstakan stíl og samdi mikinn fjölda tónverka af flestum stærðargráðum. Sónatínan er ópus 324 og var samin árið 1953.

Að lokum verður flutt eitt af stóru tríóum tónbókmentanna, tríó í Es-dúr ópus 100 eftir Franz Schubert.

„Það hljómar klisjukennt að kalla þetta eitt af stórvirkjum tríóbókmenntanna, en það er nú samt alveg satt," segir Sigurgeir. „Þetta er langt og mikið verk, sem er tær snilld í rauninni." ■

GÓÐAR GJAFIR

Ferming 2005

SHARP

SHARP XL-MP100H
HLJÓMTÆKJASTÆÐA
Fermingartilboð kr. 21.900

CELESTRON
DH 60AZ
STJÖRNUKÍKIR
Fermingartilboð kr. 12.900

SAMSUNG
SAMSUNG LW15M23C
LCD SJÓNVARP
Fermingartilboð kr. 59.990

SHARP
SHARP HT-CN400DVH
HEIMABÍÓ
Fermingartilboð kr. 26.900

Pioneer
PIONEER DCS-222
HEIMABÍÓ
Fermingartilboð kr. 49.900

SHARP

SHARP XL-S10H
HLJÓMTÆKJASTÆÐA
Fermingartilboð kr. 10.900

QONIX
QONIX PRA-2000
ÚTVARP
3 LITIR – svart, hvítt og viður
Fermingartilboð kr. 6.990

Pioneer
PIONEER DV-370
DVD SPILARI
Fermingartilboð kr. 13.900

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

NÝJA LEIKJATÖLVAN FRÁ NINTENDO

Nintendo DS er mögnuð leikjatölva

- Tveir skjáir - sá neðri er snertiskjár.
- Tvíóma hátalarar (Stereo)
- Nettenging svo hægt sé að spila leiki gegnum netið.
- Allt að 16 geta spilað suma leiki saman, þráðlaust
- Innbyggt spjallforrit með fjórum spjallrásum, allt að 16 geta spjallað í einu.

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

DRAUMLEIKUR
e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.
Í kvöld kl 20, Su 20/3 kl 20, Lau 9/4 kl 20,
Su 10/4 kl 20 *Síðustu sýningar*

HÍBÝLI VINDANNA
leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarasögum Böðvars Guðmundssonar
Fi 7/4 kl 20, Fö 8/4 kl 20, Lau 16/4 kl 20,
Su 17/4 kl 20, Fi 21/4 kl 20, Fö 22/4 kl 20,
Lau 30/4 kl 20

HÉRI HÉRASON
e. Coline Serreau
Lau 23/4 kl 20, Fö 29/4 kl 20

LÍNA LANGSOKKUR
e. Astrid Lindgren
Lau 2/4 kl 14 - **Aukasýning**
Su 3/4 kl 14 - **Aukasýning**
Lokasýningar

HOUDINI SNÝR AFTUR
Fjölskyldusýning um páskana.
Mi 23/3 kl 20, Fi 24/3 kl 15, Fi 24/3 kl 20,
Lau 26/3 kl 15, Lau 26/3 kl 20

LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA
- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI
Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið
- kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN

SEGÐU MÉR ALLT
e. Kristínu Ómarsdóttur
Í kvöld kl 20, Su 20/3 kl 20, Fö 1/4 kl 20

AUSA eftir Lee Hall
Í samstarfi við LA.
Su 20/3 kl 20, Su 3/4 kl 20
- ***Ath: Miðaverð kr. 1.500***

AMERICAN DIPLOMACY
eftir Þorleif Örn Arnarsson. Í samstarfi við Hið lifandi leikhús.
Fi 31/3 kl 20, Fö 1/4 kl 20
Síðustu sýningar

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.
Í kvöld kl 20 - **UPPSELT,**
Su 20/3 kl 21 **BREYTTUR SÝNINGARTÍMI!**
Mi 23/3 kl 20, Fi 24/3 kl 20,
Fö 1/4 kl 20 - **UPPSELT,**
Lau 2/4 kl 20 **UPPSELT,**
Fi 14/4 kl 20, Fö 15/4 kl 20 - **UPPSELT**

SVIK
eftir Harold Pinter
Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA
Í kvöld kl 20, Lau 2/4 kl 20, Lau 9/4 kl 20
Síðustu sýningar

15:15 TÓNLEIKAR - SÓLÓ
Tinna Þorsteinsdóttir Í dag kl 15.15

Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna
- gildir ekki á barnasýningar

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudaga

■ TÓNLEIKAR

Píanói breytt í slagverkshljómsveit

„Ég hef í nokkur ár haft mikinn áhuga á þessu fyrirbæri sem er kallað prepared piano,“ segir Tinna Þorsteinsdóttir píanóleikari. Hún ætlar að flytja nokkur tuttugustu aldar píanóverk á tónleikum í Borgarleikhúsinu í dag, og bera tónleikarnir yfirskriftina „Hið vel undirbúna píanó“.

Undirbúningurinn felst í því að ýmiss konar hlutir eins og til dæmis skrúfur, boltar, plast, gúmmí og strokleður eru settir á milli strengjanna í hljóðfærinu, þannig að hljómurinn verður allt annar en sá sem venjulega kemur úr píanói.

„Ég hef verið að koma mér upp kittinu mínu, sem er safn af skrúfum og alls konar furðulegu dóti til að nota við þetta. Það er voða gaman fyrir píanóleikara að fást við önnur hljóð en venjulega. Píanóið verður þá eins konar slagverkshljómsveit.“

Á tónleikunum flytur hún verk eftir John Cage, Christian Wolff, Morton Feldman, Helmut Lachenmann og Giacinto Scelsi.

„Ég byrja á verkinu eftir Lachemann, sem er óhefðbundnasta verkið. Þar er tónskáldið að spyrja sig hvernig maður á að spila á þetta hljóðfæri, og þar geri ég eiginlega allt annað en að spila á nótnaborðið. Ég er að berja það

TINNA ÞORSTEINSDÓTTIR Hefur gaman af að líta á píanóið sem framandlegt fyrirbæri sem hægt væri að spila á með margvíslegum hætti.

að utan og gera alls konar hluti.“

Í næstu tveimur verkum, sem eru eftir Cage og Wolff, spilar hún reyndar á nótnaborðið, en þá koma ekki nein hefðbundin píanóhljóð út úr hljóðfærinu vegna þess hve vel hún hefur undirbúið það.

„Síðan þoka ég mig loks ofurhægt yfir í venjulega tónlist, ef það má kalla hana það. Það verður spurning hvað hljómar eðlilega eftir allt hitt.“

Tinna segist hafa óskaplega gaman af því að útvíkka hljóðheim píanósins, sem hún segir vera mjög lærdómsríkt fyrir píanóleikara og víkka svolítið sjóndeildarhringinn.

„Mér finnst til dæmis gaman að ímynda mér hvað myndi gerast ef píanó væri sett fyrir framan einhvern sem kæmi úr öðrum heimi. Hann sæi ekkert endilega strax fyrir sér hvernig ætti að spila á þetta stóra hljóðfæri.“ ■

Bland í poka

TÓNLIST

FINNUR TORFI STEFÁNSSON

Liene Circene
Sinfóníuhljómsveit Íslands

Niðurstaða: Liene Circene lék einleikshlutverkin af glæsibrag með öruggri tækni og góðum tóni. Hljómsveitin var óhrein á stöku stað framan af en óx ásmegin er á leið.

Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands sl. fimmtudagskvöld voru flutt verk eftir Engelbert Humperdinck, Pjotr Tsjækofskí, Franz Liszt, Cesar Franck, Anatoly Liadov og Gustav Holst. Hljómsveitarstjóri var Owain Arvel Hughes frá Bretlandi og einleikari á píanó Liene Circene frá Lettlandi.

Af upptalningunni hér að ofan má sjá að efnisskráin var fjölbreytt. Hvað telst klassísk tónlist er stöðugum breytingum háð og ræðst af því sem samstaða er um á hverjum tíma. Nýtt verk getur ekki talist klassískt því reynsla er ekki komin á endingu þess. Tónlistarsagan sýnir að mjög algengt er að tónverk fái engar eða lélegar undirtektir í upphafi, þótt síðar sannfærist menn um að þau séu klassísk. Hið öfuga er jafnalgengt. Það eru því góð rök fyrir því að halda tónverkum í endurskoðun, þ.á m. þeim sem telja má á jaðri hins klassíska. Segja má að þetta hafi öðrum þræði verið viðfangsefnið á þessum tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar því sum af verkunum sem þarna voru flutt eru ef till vill ekki örugg um langlífi, enda þótt þau séu vel þekkt.

Forleikur Humperdincks að óperunni Hans og Grétu er ekki sérlega bragðmikill en lætur þekkilega í eyrum. Vel má vera að hann endist enn um hríð því byggingin er góð og samfelld. Það verður hins vegar ekki sagt um Dauðadans Franz Liszt, sem er heldur sundurlaust verk. Það er kallað konsertmeistaramúsík þegar ytra byrði og skraut kæfir lítið innihald. Dauðadans er slík tónlist og gildir um það sem sum önnur verk hins mikla píanóleikara að þau eru fyrst og fremst flutt vegna þess að píanótækni Liszts er skyldufag í píanóskólum heimsins.

EINLEIKARINN Liene Circene lék einleik á píanó með Sinfóníuhljómsveit Íslands á fimmtudaginn.

Sú var tíðin að menn settu út á Tsjækofskí, afgreiddu hann á klæðskeramáli og sögðu að saumarnir sæust í verkum hans auk þess sem hann væri útkjálkamaður. Tónlist hans hefur fyrir löngu hrist allt slíkt af sér. Ástæðan er einföld. Hún er samin af ósvikinni snilligáfu eins og mátti heyra í þáttunum úr ballettsvítunni Þyrnirós sem þarna voru fluttir. Í brúðardansinsum í fimmta þætti er laglína af því tagi sem smýgur inn í sál manns þegar í æsku og dvelur þar. Þegar hún heyrist síðar á lífsleiðinni er það eins og að hitta elskaðan nákominn ættingja.

Les Djinn eftir Franck virðist skorta skýrleika og virkni a.m.k. framan af. Ekki fer þó milli mála að töluvert gutlar á höfundinum. Hið krómatíska tónamál hans er heillandi og meginlaglínan í píanóinu er frumleg og falleg. Ekkert slíkt verður sagt um tónaljóðin tvö, Baba Jaga og Töfravatnið, eftir Liadov. Hér er allt einfalt skýrt og einkar þekkilegt, en í heild heldur lítið við að vera fyrir hlustandann. Miðbikið á ballettinum úr óperunni Perfect Fool eftir Holst hljómaði einnig heldur tíðindalítið. Upphafið og endirinn er að sama skapi hressilegur og áheyrilegur með svipuðum hætti og hinar frægu Plánetur hans, en þó engin viðbót þar við.

Liene Circene lék einleikshlutverkið í bæði Liszt og Franck af glæsibrag með öruggri tækni og góðum tóni. Fróðlegt gæti verið að heyra hana leika verk sem meira reyndu á túlkunarhæfileika. Hljómsveitin var óhrein á stöku stað framan af en spilaði að öðru leyti vel og óx ásmegin er á leið. Hljómsveitarstjórinn þekkti verkin vel og stjórnaði af sannfæringu. Best hljómaði Holst. Þar voru töluverð tilþrif á köflum. ■

Ekki missa af þessari

„...við höfum eignast nýtt leikskáld... sem hefur allt sem þarf, tilfinningu fyrir drama og leikrænni uppbyggingu...“
S.A. Viðskiptablaðið

„..Elma Lísa var ótrúlega mögnuð í túlkun sinni. “
V.S. Fréttablaðið

HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ

Í kvöld, 19/3 kl. 20
Sun 20/3 kl. 20

Allra síðustu sýningar

Miðasala í síma 555 2222
eða á www.hhh.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

16 17 18 **19** 20 21 22

Laugardagur

TÓNLEIKAR

- 15.00 **Skakkamanage** kemur fram í Smekkleysu Plötubúð.
- 15.15 Einleikstónleikar **Tinnu Þorsteinsdóttur** píanóleikara verða á Nýja sviðinu í Borgarleikhúsinu í tónleikaröðinni 15:15. Þar flytur hún verk eftir nokkra meistara 20. aldarinnar, þá John Cage, Christian Wolff, Morton Feldman, Helmut Lachenmann og Giacinto Scelsi.
- 16.00 **Sigrún Eðvaldsdóttir**, konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Íslands, og James Lisney píanóleikari halda tónleika í Salnum í Kópavogi þar sem þau flytja verk eftir Schubert, Previn, Saint-Saëns og Sjostakovitsj.

- 20.00 Tónlistarmaðurinn **Phil Elvrum**, áður þekktur sem The Microphones en starfar nú undir nafninu Mount Eerie, kemur fram á tónleikum í Klink og Bank ásamt **Þóri, Woelv** og **Gavin Portland**.
- 21.30 **Siggi Björns** spilar á Sölku Völku, Húsavík.

- 22.00 **Megas** heldur tónleika í Stúdentakjallaranum. Frítt inn.
- 23.00 Hljómsveitirnar **Kimono** og **Skakkamanage** spila á Grand Rokk.

- Finnska rokktríóið **22 Pistepirkko** er millilent á Íslandi og heldur tónleika á Nasa. Upphitunarböndin eru **Singapore Sling** og nýja stelpubandið **Brite Light**. Uppúr miðnæti stígur síðan Jónsi á stokk með hljómsveit sinni **Í svörtum fötum** og heldur ball.

OPNANIR

- 11.00 **Helga Sigurðardóttir** heldur einkasýningu á vatnslitaverkum í Listsýningarsal Saltfiskseturs Íslands í Grindavík.

SKEMMTANIR

- 22.00 Hljómsveitin **Sérsveitin** heldur uppi fjöri í Vélsmiðjunni á Akureyri.
- 23.00 **Geirmundur Valtýsson** og hljómsveit skemmtir gestum **Kringlukráarinnar**.
- Hljómsveitin **Traffic** leikur í Fjörukránni Hafnarfirði.
- **Dj Metro** á Café Victor.
- **Tveir snafsar** spila framundir morgun á Celtic Cross.
- Dúettinn **Halli** og **Kalli** skemmtir í Ara í Ögri.
- **Hermann Ingi jr.** skemmtir gestum á Catalinu.
- Hljómsveitin **Sixties** leikur fyrir dansi í Klúbbnum við Gullinbrú.
- Hljómsveitin **Sent** verður að spila á Lundanum í Vestmannaeyjum.

FYRIRLESTRAR

- 11.00 **James Grieg** spyr hvort Biblían sé trúverðug í fyrirlestri sínum á Carpe Diem, Rauðarárstíg 18.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Leikfélag Mosfellssveitar

Ævintýrabókin
barnaleikrit eftir Pétur Eggertz
í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ
Leikstjóri Ingrid Jónsdóttir

3. sýning Sunnud. 20.mars kl. 14:00
4. sýning Sunnud. 03.apríl kl. 14:00
5. sýning Sunnud. 10.apríl kl. 14:00
6. sýning Sunnud. 17.apríl kl. 14:00
7. sýning Sunnud. 24.apríl kl. 14:00

Leikritið segir frá hinum ýmsu persónum ævintýranna sem allir þekkja svo vel þó á annan hátt en í hinum raunverulegu ævintýrim. Persónur eru m.a. Mjallhvít, Rauðhetta og úlfurinn, Prinsessan á bauninni, Öskubuska, Stígvélaði kötturinn og fl.

Miðasala í síma 5 66 77 88
Miðaverð kr. 1500,-



birta
SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »

KRINGLUKRÁIN UM HELGINA



- Fjölbreyttur sérréttamatseðill öll kvöld vikunnar
- Tilboðsmatseðill fyrir Leikhúsgesti
- Hópamatseðill
- Sérsalur fyrir hópa

Borðapantanir í síma 568-0878

Geirmundur Valtýsson um helgina

www.kringlukrain.is

„Til hamingju Ilmur" /AB Fréttablaðið

„Ilmur Kristjánsdóttir er hreint frábær í þessu hlutverki" /EB DV

Ausa er einþáttungur
Miðaverð aðeins kr. 1.500
Börn 12 ára og yngri fá frítt í fylgd forráðamanna

LEIKFÉLAG AKUREYRAR

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3 • 103 Reykjavik
Miðasala 568 8000 • www.borgarleikhus.is

Afmælishelgi

Mangó grill eins árs

af því tilefni bjóðum við:

4 hamborgarar, franskar, sósa og 2L Pepsi Max = 1000 kr.
Sótt

Sérstakt afmælistilboð á nautasteik, bakaðri kartöflu og bearnaise 1500kr
borðað á staðnum

Sérstakt afmælistilboð á lambasteik, bakaðri kartöflu og bearnaise 1500 kr.
borðað á staðnum

Eldbökuð 16" Pizza með tveimur áleggstegundum 1000kr.
Sótt

Fjölbreyttur matseðill

Mangó grill
Suðrænir straumar

Brekkuhúsum 1 Grafarvogi

FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikarahjónin **David Duchovny og Tea Leoni** eru að íhuga að flytja úr húsi sínu í Malibu vegna nýs nágranna. Nýi nágranninn er enginn annar en **Britney Spears** og segir Duchovny að staðurinn hafi yfirfyllst af ljósmyndurum síðan söngkonan flutti inn fyrir tveimur mánuðum ásamt eiginmanni sínum, **Kevin Federline**.

„Britney flutti inn og síðan hefur allt verið brjálað hérna. Ég var að labba á veitingastað um daginn og þar fyrir utan voru ljósmyndarar sem tóku mynd af mér. Ég spurði þá hvað væri í gangi og þeir svöruðu því að þeir væru að bíða eftir Britney. Það gat nú líka ekki verið að þeir væru að bíða eftir mér," sagði Duchovny.

Fermingargjafir fyrir hestafólk

HESTAR & MENN

Full búð af nýjum vörum og spennandi tilboðum

Hnakkatilboð 1

Þór

Alhliða hnakkur með yfirdýnu, uppbyggður á sama hátt og Sport 2000. Hnakknum fylgir Professional Choice teygjugjörð Saga Collection ístöð og einfaldar Webbers ístaðsólar

Verð áður 105.780 **Tilboðsverð 84.990**

Afsláttur 20.790

Hnakkatilboð 2

Sport 2000

Vandaður hefðbundinn alhliða hnakkur, 8 ára reynsla. Hnakknum fylgir Professional Choice teygjugjörð Saga Collection ístöð og einfaldar Webbers ístaðsólar

Verð áður 115.780 **Tilboðsverð 89.990**

Afsláttur 25.880

Hnakkatilboð 3

NÝTT

Sport 2000 stuttur

Þessi alhliða spaðalausi hnakkur hefur svo sannalega slegið í gegn. Hnakknum fylgir Professional Choice teygjugjörð Saga Collection ístöð og einfaldar Webbers ístaðsólar

Verð áður 135.780 **Tilboðsverð 109.990**

Afsláttur 25.790

Gjafakort

HESTAR & MENN

Munið okkar vinsælu gjafakort

Lynghálsi 4 • 110 R. S: 567 3300 • www.hestarogmenn.is

OPIÐ ALLA HELGINA

LAUGARDAG 10-16 OG SUNNUDAG 12-15

TÓNLIST

DADDI DISKÓ Daddi ætlar að bjóða upp á skemmtilega helgi á Hótel Búðum.

Dansþyrstir djammarar á Hótel Búðum

Daddi Diskó verður með fyrirlestur um næstu helgi á Hótel Búðum á Snæfellsnesi í tengslum við diskóhelgina Bárðarboogie sem þar verður haldin.

„Ég ætla mér að reyna að fylla Búðirnar aftur. Ég gerði það síðast í haust og fyllti þá hótelið af dansþyrstum djömmurum," segir Daddi. „Þarna verð ég með fyrirlestur þar sem ég tvinna saman sögu staðarins og Snæfellsnessins. Ég hef sett saman misábyggilega kenningu um að þegar Helgu dóttur Bárðar Snæfellsáss rak vestur um höf til Grænlands hafi hún í raun ekki endað í Bröttuhlíð hjá Eiríki rauða heldur farið upp með vesturströndinni að Diskóeyju, sem er til, þar sem hún kynntist töfralækni sem er faðir Travolta-ættarinnar. Helga, sem er sögð hafa haft göróttar mjaðmahreyfingar, hefur vænt-anlega kennt lækninum þessi nýju vísindi sem líklegast hafa borist mann af manni, kynslóð eftir kynslóð, og endað sem grunnur þess sem John Travolta gerði ódauðlegt í

Saturday Night Fever," segir hann.

Að sögn Dadda býr Snæfellsnesið yfir kjöraðstæðum til að lyfta sér á kreik. „Kosturinn við Hótel Búðir er að þetta er einn magnaðasti staður landsins. Diskótónlistin réði ríkjum á Búðum í gærkvöld og ekkert lát verður á djúttinu í kvöld en þar verður líka boðið upp á frábæran mat, meðal annars boogie-wonderlamb," segir hann. ■

The Bourne Supremacy sigursæl

Það var mikið um dýrðir þegar kvikmyndablaðið Empire gerði upp kvikmyndaárið í London á sunnudaginn. Flestar stjörnurnar gerðu sér far um að mæta í Guildhall-höllina þó verðlaunin verði seint talin með þeim virtustu í heimi. Þetta var í tíunda sinn sem þessi hátíð fór fram og eru verðlaunin veitt samkvæmt kosningu lesenda blaðsins. Bárust yfir 12.000 atkvæði þetta árið. Afhent voru verðlaun í flokki breskra mynda og alþjóðlegra auk þess sem tveir kvikmyndagerðarmenn voru heiðraðir fyrir framlög sín á undanförnum árum.

Uppvakningagamanmyndin Shaun of the Dead var valin besta breska kvikmyndin en spennutryllirinn The Bourne Supremacy besta alþjóðlega kvikmyndin. Þá hirti Kate Winslet verðlaun sem besta breska leikkonan fyrir Eternal Sunshine of the Spotless Mind, en franska leikkonan Julie Delpy hlaut verðlaunin sem besta alþjóðlega leikkonan fyrir leik sinn í Before the Sunset. Delpy lét hafa eftir sér seinna um kvöldið að franskan hjá Beyoncé á Óskarsverðlaununum hefði verið skelfileg og minnt hana á kínversku. Paddy Considine var valinn besti breski leikarinn fyrir Dead Man's Shoe en Matt Damon hlaut alþjóðlegu verðlaunin fyrir Bourne Supremacy og fékk þar með sín fyrstu verðlaun fyrir leik í kvikmynd.

Damon þakkaði vini sínum Kevin Smith, sem seinna um kvöldið var heiðraður fyrir framlag sitt til sjálfstæðrar kvikmyndargerðar. Hann sagðist ætla að geyma verðlaunin á áberandi stað til þess að minna sig á að einhverjum líkaði vel við hann á Bretlandi. Quentin Tarantino var heiðraður sem kvikmyndagerðarmaður áratugarins og sagði hann Empire vera uppáhaldskvikmyndatímaritið sitt, sem kom kannski ekki á óvart í ljósi aðstæðna. Þá var leikstjórinn Brad Bird heiðraður fyrir framlag sitt til breskra kvikmyndahúsa en hann er leikstjóri kvikmyndarinnar The Incredibles sem sló svo eftirminnilega í gegn á síðasta ári. ■

JULIE DELPY Franska leikkonan Julie Delpy fékk verðlaun fyrir besta leik í aðalhlutverki og sagði seinna um kvöldið að franskan hjá Beyoncé hefði minnt sig meira á kínversku en frönsku.

Besti nýliðinn: Freddie Highmore fyrir Finding Neverland
Besta breska myndin: Shaun of the Dead
Besta alþjóðlega myndin: Bourne Supremacy
Besti breski leikarinn: Paddy Considine fyrir Dead Man's Shoe
Besti alþjóðlegi leikarinn: Matt Damon fyrir The Bourne Supremacy
Besti breski leikstjórinn: Matthew Vaughn fyrir Layer Cake
Besti alþjóðlegi leikstjórinn: Sam Raimi fyrir Spiderman 2

■ TÓNLIST

Finnskt rokktríó á Íslandi

Finnska rokktríóið 22 Pistepirkko heldur tónleika á Nasa á laugardagskvöld. Tónlistarunnendur ættu að þekkja þessa hljómsveit vel, enda er þetta í þriðja sinn sem hún heldur tónleika hér á landi.

Hljómsveitin var stofnuð í smábænum Utajärvi í Norður-Finnlandi 1982 og þarna eru því engir nýgræðingar á ferð. Nýjasta plata 22 Pistepirkko heitir Drops & Kicks og þykir hún vera prýðisgripur.

22 PISTEPIRKKO Finnska rokktríóið heldur tónleika á Nasa á laugardagskvöld. Singapore Sling og Brite Light hita upp.

Singapore Sling og stelpubandið Brite Light hita upp. Miðaverð er 1.500 kr. og þeir sem kæra sig um geta verið áfram á Nasa eftir tónleikana því upp úr miðnætti stígur hljómsveitin Í svörtum fötum á stokk og heldur ball. ■

Páskaeggja bingó

Árlegt páskaeggjabingó
Sjálfstæðisfélags
Mosfellinga verður haldið 19. mars nk.
kl. 14 í Lágafellsskóla

Veglegir vinningar að vanda.
Allir velkomnir.
Gleðilega páska!

Stjórnin

birta
» BETRI SJÓNVARPSDAGSKRÁ

STÖÐ 2 BÍÓ

HIGH NOON. Endurgerð kvikmyndar um lögreglustjórann Will Kane sem þarf að útkljá gömul mál.

6.00 Pokemon 4 **8.00** Taking Care of Business **10.00** I-95 **12.00** Nancy Drew **14.00** Pokemon 4 **16.00** Taking Care of Business **18.00** I-95 **20.00** Nancy Drew **22.00** Blue Collar Comedy Tour: The Movie **0.00** High Noon (Bönnuð börnum) **2.00** 3000 Miles to Graceland (Stranglega bönnuð börnum) **4.05** Blue Collar Comedy Tour: The Movie

AKSJÓN

7.15 Korter **13.00** Bravó e. **14.00** Samkoma í Fíladelfíu. **16.00** Bravó e. **18.15** Korter **21.00** Bravó **22.15** Korter

OMEGA

7.00 Blandað efni **9.00** Jimmy Swaggart **10.00** Billy Graham **11.00** Robert Schuller **12.00** Maríusystur **12.30** Blandað efni **13.00** Fíladelfía **14.00** Kvöldljós **15.00** Ísrael í dag **16.00** Acts Full Gospel **16.30** Blandað efni **17.00** Samverustund (e) **18.00** Robert Schuller **19.00** Jimmy Swaggart **20.00** Billy Graham **21.00** Believers Christian Fellowship **22.00** Kvöldljós **23.00** Robert Schuller **0.00** Nætursjónvarp

POPP TÍVÍ

14.00 Sjáðu (e) **16.00** Game TV (e) **17.00** Íslenski popp listinn (e)

Í TÆKINU

MEL LEIKUR Í BIRD ON A WIRE Á SKJÁEINUM KL. 21.00 Í KVÖLD.

Með samvaxin nýru

Mel Columcille Gerard Gibson, eða Mel Gibson, fæddist 3. janúar árið 1956 í Peekskill í New York-ríki í Bandaríkjunum. Foreldrar hans, Hutton og Ann Gibson, fæddust í Ástralíu og var Mel sjötti af ellefu börnum þeirra.

Þótt Mel hafi fæðst í Bandaríkjunum fluttist fjölskylda hans fljótlega til New South Wales í Ástralíu. Eftir miðskóla fór Mel í háskólann í New South Wales og lærði líka í áströlskum leiklistarskóla með leikurum eins og Judy Davis og Geoffrey Rush.

Eftir háskólann lék Mel aðeins á sviði og í nokkrum sjónvarpsþáttum. Árið 1979 var hann valinn til að leika í Mad Max og í myndinni Tim. Mad Max gerði Mel frægan um allan heim og hlaut hann áströlsku kvikmyndaverðlaunin fyrir hlutverk sitt í Tim.

Árið 1980 giftist hann Robyn Moore en þau kynntust í gegnum stefnumótaþjónustu. Þau enn saman í dag og eiga þau sjö börn saman. Árið 1984 lék Mel í fyrsta sinn í amerískri mynd í The Bounty og árið 1987 kom stóra tækifærið í Lethal Weapon. Eftir það hafa allir vegir verið greiðir fyrir Mel og vann hann til dæmis tvö Óskarsverðlaun fyrir hlutverk sitt og leikstjórn í Braveheart árið 1995 en hann ætlaði ekki að taka því hlutverki upphaflega því hann hélt að hann væri of gamall.

Mel er með samvaxin nýru og heldur sig því algjörlega frá áfengi.

Þrjár bestu myndir MELS: **Lethal Weapon** – 1987. **Braveheart** – 1995. **The Passion of the Christ** – 2004.

20.30 *Gaman*

Spaugstofan. Siggi, Randver, Örn, Pálmi og Karl Ágúst slá á létta strengi og gera grín að þjóðfélaginu.

21.35 *Bíó*

American Wedding. Jim og Michelle ætla að gifta sig og því koma vinir þeirra saman á ný.

15.00 *Enski boltinn*

Manchester United – Fulham. United þarf að spýta í lófana til að halda í við Chelsea í leik dagsins.

SJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin okkar **8.01** Brandur lögga **8.13** Bubbi byggir **8.23** Brummi **8.35** Fræknir ferðalangar **9.02** Ævintýri H.C Andersens **9.28** Gæludýr úr geimnum **9.57** Siggi og Gunnar **10.03** Stundin okkar **10.32** Krakkar á ferð og flugi **11.00** Kastljósið **11.30** Óp

12.00 Formúla 1 **13.15** HM fatlaðra í alpagreinum skíðaíþrótta **14.20** Íslandsm. í handbolta. Bein útsending frá leik Hauka og ÍBV í DHL-deild kvenna. **16.00** Handboltakvöld **16.20** Íslandsm. í handbolta. Bein útsending frá leik Hauka og ÍR í DHL-deild karla. **18.00** Táknmálsfréttir **18.10** Geimskipið Enterprise

18.54 **Lottó**

19.00 **Fréttir, íþróttir og veður**

19.40 **Laugardagskvöld með Gísla Marteini** Í þættinum frumflytur Selma Björnsdóttir lagið If I Had Your Love eftir Vigni Snæ Vigfússon og Þorvald Bjarna Þorvaldsson sem verður framlag Íslendinga í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva í Kiev 21. maí. Stjórn upptöku: Egill Eðvarðsson.

▶ **20.30** **Spaugstofan**

21.00 **Banvæn ást** (Crazy/Beautiful) Bandarísk bíómynd frá 2001 um fátækan strák sem verður ástfanginn af baldinni þingsmannsdóttur. Leikstjóri er John Stockwell og meðal leikenda eru Kirsten Dunst, Jay Hernandez og Bruce Davison.

22.40 **Í Drungadal** (Sleepy Hollow) Bandarísk spennumynd frá 1999. Sagan gerist um aldamótin 1800 og segir frá því þegar lögreglumaðurinn Ichabod Crane er sendur í afskekkt þorp til að rannsaka morð sem höfuðlaus riddari er sagður hafa framið. Leikstjóri er Tim Burton og meðal leikenda eru Johnny Depp, Christina Ricci, Miranda Richardson, Michael Gambon, Casper Van Dien, Christopher Lee og Christopher Walken. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára.

0.25 Skólaskipið (Bönnuð innan 12 ára.) Meðal leikenda eru Jeff Bridges, Caroline Goodal, John Savage, Scott Wolf, Jeremy Sisto og Ryan Phillippe. **2.30** Formúla 1 **3.00** Formúla 1 **6.30** Formúla 1

7.00 Barnatími Stöðvar 2 (Svampur, Snjóbörnin, Leirkarlarnir, Í Erlilborg, Sullukollar, Barney 4 – 5, Með Afa, Engie Benjy 1 + 2, Beyblade, Iceage)

12.00 Bold and the Beautiful **13.45** Joey (5:24) **14.10** Eldsnöggt með Jóa Fel IV **14.40** Genius – A night for Ray Char **15.45** Idol – Stjörnuleit **16.20** Sjálfstætt fólk (e) **16.55** Oprah Winfrey **17.40** 60 Minutes I 2004

18.30 **Fréttir Stöðvar 2**

18.54 **Lottó**

19.00 **Íþróttir og veður**

19.15 **Whose Line Is it Anyway? 3** (Hver á þessa línu?) Kynnir er Drew Carey og hann fær til sín ýmsa kunna grínista.

19.40 **Divine Secrets of the Ya-Ya** (Leyndarmál systrafélagsins) Siddalee er frægt leikskáld en nýjasta verk hennar fer senn fyrir augu almennings. Af því tilefni veitir hún viðtal og ræðir m.a. um bernsku sína sem var ekki alltaf ánægjuleg. Mamma Siddalee heyrir af viðtalinu og tekur því illa. Aðalhlutverk: Ellen Burstyn, Sandra Bullock, Ashley Judd, Fionnula Flanagan. Leikstjóri: Callie Khouri. 2002. Bönnuð börnum.

▶ **21.35** **American Wedding** (Bandarískt brúðkaup) Gleðin er enn við völd en fram undan er viðburður sem breytir öllu. Jim og Michelle ætla að ganga í hjónaband og af því tilefni sameinast vinirnir á nýjan leik. Unga parið vill að allt fari vel fram en með hliðsjón af vinahópnum verður það að teljast ósennilegt. Aðalhlutverk: Jason Biggs, Alyson Hannigan, Seann William Scott, Eddie Kay Thomas. Leikstjóri: Jesse Dylan. 2003. Bönnuð börnum.

23.15 The Paper **1.05** 48 Hours (Stranglega bönnuð börnum) **2.40** Captain Corelli's Mandolin (Bönnuð börnum) **4.45** Fréttir Stöðvar 2 **5.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SKJÁREINN

11.20 Þak yfir höfuðið – fasteignasjónvarp **12.10** Upphitun (e) **12.40** Blackburn – Arsenal **14.40** Á vellinum með Snorra Má

▶ **15.00** Man. Utd – Fulham **17.10** Bolton – Norwich

19.00 **Fólk – með Sirrý (e)** Sirrý tekur á móti gestum í sjónvarpssal og slær á létta jafnt sem dramatíska strengi í umfjöllunum sínum um það sem hæst ber hverju sinni.

20.00 **Law & Order: Criminal Intent** Stórmáladeildin fær til meðhöndlunar flókin og vandmeðfarin sakamál. Með hin sérvitra Robert Goren fremstan meðal jafningja svífast meðlimir hennar einskis við að koma glæpamönnum af öllum stigum þjóðfélagsins á bak við lás og slá.

21.00 **Bird on a Wire** Gamansöm spennumynd með Mel Gibson og Goldie Hawn í aðalhlutverkum. Rick Jarmin fékk hjálp frá FBI til þess að fara huldu höfði eftir að hann vitnaði gegn félögum sínum. Fimmtán árum síðar rekst hann á fyrrum unnustu sína og allt sem hann hefur unnið að síðast liðin 15 ár fer að hrynja.

22.55 **The Swan (e)** Veruleikaþættir þar sem sérfræðingar breyta nokkrum ósköp venjulegum konum í sannkallaðar fegurðardísir!

23.40 Jack & Bobby – lokaþáttur (e) **0.25** Just Cause **1.55** Tvöfaldur Jay Leno (e) **3.25** Óstöðvandi tónlist

ERLENDAR STÖÐVAR

SKY NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

CNN INTERNATIONAL
Fréttir allan sólarhringinn.

FOX NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

EUROSPORT
14.15 Biathlon: World Cup Khanty-Mansiysk Russia **14.45** Cycling: Pro-tour Milan – San Remo **16.30** Cross-country Skiing: World Cup Falun Sweden **17.30** Curling: World Championships (women) Scotland **19.00** Fight Sport: Fight Club **22.00** Xtreme Sports: Yoz Mag **22.30** Freestyle Skiing: World Championship Ruka Finland **23.00** News: Eurosportnews Report **23.15** Tennis: WTA Tournament Indian Wells **0.45** News: Eurosportnews Report

BBC PRIME
12.00 Doctors **14.00** Teletubbies **14.25** Tweenies **14.45** Fimbles **15.05** Bill and Ben **15.15** The Story Makers **15.55** The Really Wild Show **16.20** Blue Peter Flies the World **16.45** S Club 7 Special: Boyfriends & Birthdays **17.10** Top of the Pops **17.40** I'd Do Anything **18.40** Casualty **19.30** Ian Wright – Surviving the Kalahari **20.30** Hitch **21.30** Happiness **22.00** Shooting Stars **22.30** Linda Green **23.30** Top of the Pops **0.00** Building the Impossible **0.50** Dance Masterclass

ANIMAL PLANET
12.00 Predator Bay **13.00** Untamed Earth **15.00** The Crocodile Hunter Diaries **16.00** Crocodile Hunter **17.00** Pet Star **18.00** King of the Jungle **19.00** In the Wild With **20.00** Cousins **21.00** Ferocious Crocs **22.00** The Jeff Corwin Experience **23.00** A Herd of Their Own **0.00** Predator Bay **1.00** Untamed Earth

NATIONAL GEOGRAPHIC
12.00 The Last Flight of Bomber 31 **13.00** The Court-Martial of Billy Mitchell **15.00** Mystery of the Dakar **16.00** Air Crash Investigation **17.00** Zambezi Troop **18.00** Battlefront **19.00** Seconds from Disaster **20.00** Search for the Lost Fighter Plane **21.00** Reach for the Sky **23.30** Battlefront **0.00** Hostile Waters

DISCOVERY
12.05 A Racing Car is Born **13.00** Ray Mears' World of Survival **14.00** Myth Busters **15.00** Extreme Landspeed **16.00** Son of God **17.00** We Built This City **18.00** Nazi Grand Prix **19.00** Extreme Engineering **20.00** American Chopper **21.00** Rides **22.00** Birth of a Sports Car **23.00** Trauma – Life in the ER **0.00** Amazing Medical Stories **1.00** Mind, Body and Kick Ass Moves

MTV
12.30 Pimp My Ride Weekend Music Mix **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Advance Warning **17.00** Dance Floor Chart **18.00** European Top 20 **19.00** Pimp My Ride **20.00** Viva La Bam **20.30** The Assistant **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Dirty Sanchez **22.30** MTV Mash **23.00** Just See MTV **2.00** Chill Out Zone **4.00** Just See MTV

VH1
12.00 Fabulous Life Top 40 **13.00** Leonardo & Gisele Fabulous Life Of **13.30** The Brat Pack Fabulous Life Of **14.00** Fantabulous Homes **15.00** Playboy Mansion Cribs **15.30** Hugh Hefner Fabulous Life Of **16.00** Miami Fabulous Life Of **16.30** Hilton Sisters Fabulous Life Of **17.00** The Beckhams Fabulous Life Of **17.30** The Princes Fabulous Life Of **18.00** Celebrity Superspenders **19.00** Fabulous Life Top 40 **20.00** Leonardo & Gisele Fabulous Life Of **20.30** The Brat Pack Fabulous Life Of **21.00** Fantabulous Homes **22.00** Viva la Disco

CLUB
12.15 The Stylists **12.45** Anything I Can Do **13.10** Hollywood One on One **13.35** Spectacular Spas **14.05** The Race **14.55** Weddings **15.20** Fantasy Open House **15.45** Matchmaker **16.15** Cheaters **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** The Stylists **18.20** Anything I Can Do **18.45** The Race **19.40** The Roseanne Show **20.25** Matchmaker **20.50** Hollywood One on One **21.15** What Men Want **21.40** Cheaters **22.25** City Hospital

E! ENTERTAINMENT
12.00 101 Juiciest Hollywood Hookups **13.00** Life is Great with Brooke Burke **14.00** Jackie Collins Presents **15.00** The E! True Hollywood Story **19.00** Life is Great with Brooke Burke **20.00** Jackie Collins Presents **21.00** E! Entertainment Specials **0.00** Fashion Police **0.30** Life is Great with Brooke Burke **2.00** The E! True Hollywood Story

CARTOON NETWORK
12.05 The Grim Adventures of Billy & Mandy **12.30** Looney Tunes **12.55** Tom and Jerry **13.20** The Cramp Twins **13.45** Johnny Bravo **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** The Powerpuff Girls **15.00** Codename: Kids Next Door **15.25** Dexter's Laboratory **15.50** Samurai Jack **16.15** Megas XLR **16.40** The Grim Adventures of Billy & Mandy **17.05** Courage the Cowardly Dog **17.30** Scooby-Doo **17.55** Tom and Jerry **18.20** Looney Tunes **18.45** Ed, Edd n Eddy

JETIX
12.05 Braceface **12.30** Lizzie Mcguire **12.55** Totally Spies **13.20** Digimon I **13.45** Inspector Gadget **14.10** Iznogoud **14.35** Life With Louie **15.00** Three Friends and Jerry II **15.15** Jacob Two Two **15.40** Ubos **16.05** Goosebumps **16.30** Goosebumps

MGM
13.10 Safari 3000 **14.40** Town Without Pity **16.25** Rebecca's Daughter **18.00** War Party **19.35** Inside Out **21.00** Eureka **23.10** Legacy of Blood **0.40** What Happened Was...

VIÐ MÆLUM MEÐ...

LAUGARDAGSKVÖLD *Sjónvarpið kl.* **19.40**

Selma fer alla leið

Leikstjóri myndbandsins við Eurovision-lagið í ár er Guðjón Jónsson.

Í kvöld verður mikið um dýrðir hjá Gísla Marteini Baldurssyni þegar framlag Íslands til söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva verður loksins frumflutt og er það engin önnur en Selma Björnsdóttir sem mun keppa aftur fyrir Íslands hönd. Selmu fór síðast í Eurovision árið 1999 í Ísrael með lagið All Out of Luck og lenti þar í öðru sæti eftir harða baráttu við nágranna okkar Svía. Nú ætlar Selma að sjálfsögðu að koma með sigurinn heim.
Lagið sem Selma syngur í kvöld heitir If I Had Your Love og er eftir þá Vigni Snæ Vigfússon og Þorvald Bjarna Þorvaldsson.

Selma Björnsdóttir

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:
„My girlfriend still doesn't know why her sweaters are always stretched out."

Svar: Edward D. Wood, Jr. úr kvikmyndinni Ed Wood frá árinu 1994.

TALSTÖÐIN FM 90,9

9.00 Bilaþáttur, umsjón Leó M. Jónsson. **10.03** Laugardagsmorgunn, umsjón Eiríkur Jónsson.
12.10 Hádegisútvarpið – Fréttatengt efni í umsjón Kristjáns Hjálmarssonar og Þórarins Þórarinssonar. **13.00** Sögur af fólki, umsjón Róbert Marshall **15.03** Fókus e.
16.00 Viðtalsþáttur Sigurðar G. Tómassonar e. **17.03** Frjálsar hendur Illuga Jökulssonar e. **18.00** Úr sögusafni Hitchcocks, Konfekt og kærleikur

RÁS 1 FM 92,4/93,5

7.05 Samfélagið í nærmynd **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.15** Af heimaslóðum **11.00** Í vikulokin
12.20 Hádegisfréttir **13.00** Laugardagsþátturinn **14.00** Til allra átta **14.30** Á vegum myndlistarinnar **15.20** Með skaffinu **15.45** Íslenskt mál **16.10** Orð skulu standa **17.00** Rökkurrokk
18.00 Kvöldfréttir **18.28** Rölt á milli grafa **19.00** Íslensk tónskáld **19.30** Stefnumót **20.15** Flugufótur **21.05** Fimm fjórðu **22.25** Ég er innundir hjá meyjunum
23.10 Danslög

RÁS 2 FM 90,1/99,9

7.05 Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan
12.20 Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.08** Handboltarásin
18.00 Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** PZ-senan **22.10** Næturgalinn
2.03 Næturtónar

BYLGJAN FM 98,9

9.00 Gulli Helga
12.00 Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson **16.00** Henný Árna
18.30 Kvöldfréttir **19.00** Bjarni Ólafur - Danspartý Bylgjunnar

ÚTVARP SAGA FM 99,4

12.40 MEINHORNIÐ
13.00 FRELSIÐ **14.00** Torfi Geirmundsson hársnyrtir – þáttur um hár og hárhirðu **15.00** Áfengisforvarnarþáttur
16.00 Endurflutningur frá liðinni viku.

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radió / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying

02.00 *Íþróttir*

Hnefaleikar. Fjaðurvigtarkapparnir Erik Morales og Manny Pacquiao mætast í beinni útsendingu á Sýn í kvöld.

SÝN

9.30 Barist fyrir gott málefni **11.30** NBA (Indiana – LA Lakers)
13.45 Intersport-deildin. Bein útsending frá fyrsta leik Keflavíkur og ÍR í undanúrslitum.**15.45** NBA (Miami – LA Lakers) **18.00** Motorworld
19.00 **Hnefaleikar** (Erik Morales – Carlos Hernandez) Útsending frá hnefaleikakeppni í Las Vegas. Á meðal þeirra sem mættust voruErik Morales og Carlos Hernandez en í húfi voru heimsmeistaratitlar WBC-og IBF-sambandanna í fjaðurvigt (super). Áður á dagskrá 31. júlí 2004.
20.20 **Spænski boltinn** (Deportivo – Barcelona) Bein útsending frá leik Deportivo La Coruna og Barcelona. Börsungar hafa þægilega forystu á toppnum og flestir telja að þeir eigi titilinn vísan. Heimamenn stefna á sæti í Meistaradeildinni og þurfa því nauðsynlega á öllum stigunum að halda.
22.30 **Inside the US PGA Tour 2005** (Bandaríska mótaröðin í golfi) Vikulegur fréttaþáttur þar sem fjallað er um bandarísku mótaröðina í golfi ánýstárlegan hátt. Hér sjáum við nærmynd af fremstu kylfingum heims og fáumgóð ráð til að bæta leik okkar á golfvellinum. Ómissandi þáttur fyrirgolfáhugamenn.
23.00 Intersport-deildin (Keflavík – ÍR) **0.30** Hnefaleikar (Erik Morales – MA Barrera) ▶**2.00** Hnefaleikar. Bein útsending frá hnefaleikakeppni í Las Vegas. Á meðal þeirra sem mætast eru fjaðurvigtarkapparnir Erik Morales og Manny Pacquiao. **5.00** Dagskrárlok

TCM
20.00 Shaft **21.45** The Last Run **23.20** Alfred the Great **1.20** A Patch of Blue **3.05** The Barretts of Wimpole Street

HALLMARK
12.15 Bridesmaids **13.45** Shattered City **15.15** Breathing Lessons **17.00** By Dawn's Early Light **18.45** Just Cause **19.30** The Hound of the Baskervilles **21.00** Ruby's Bucket of Blood **22.30** On The Beach

BBC FOOD
12.00 Chef at Large **12.30** Sophie's Weekends **13.30** Ready Steady Cook **14.00** Soul Food **14.30** The Great Canadian Food Show **15.00** Can't Cook Won't Cook **15.30** Dinner in a Box **16.30** Ready Steady Cook **17.00** James Martin Delicious **17.30** Worrall Thompson **18.00** Food Source **18.30** Tamasin's Weekends **19.00** Jancis Robinson's Wine Course **19.30** The Thirsty Traveller **20.00** The Italian Kitchen **20.30** Rocco's Dolce Vita **21.00** Neven Cooks **22.00** Who'll Do the Pudding? **22.30** Ready Steady Cook

DR1
12.00 Stjernekigger **13.15** Muppet Show **13.40** Andersen – historien om en digter **14.30** Ungefair **15.00** Boogie Listen **16.10** Rundt om Mandalaen **16.40** Fçr sçndagen **16.50** Held og Lotto **17.00** Cirkeline flytter til byen **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** HåndboldEkstra **18.35** SportNyt **18.45** HåndboldEkstra **19.30** Midt om natten **21.35** Columbo **22.45** The Monkey's Mask **0.15** Boogie Listen

SV1
12.55 Skidor: Svenska Skidspelen **14.00** Antikrundan **15.00** Konståkning: VM Moskva **17.00** BoliBompa **17.01** Disneydags **18.00** Livet enligt Rosa **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Wild Kids **20.00** Ulveson och Herngren **20.30** Kalla spår **21.15** Daniel Deronda **22.05** Rapport **22.10** Wonderland **23.55** Sändningar från SVT24

AFMÆLISTILBOÐ

HOLE IN ONE 3 ÁRA - LÖNG OPNUNARHELGI

RAM Driver FX TI 450
RAM driverinn sem slegið hefur í gegn. Þú slærð lengra og beinna með þessum.
Verð: 9.900,-
verð áður: 16.800,-

Hálfsett m/poka
Vandað byrjendasett karla og kvenna. Hentar einnig vel sem fermingargjöf.
Verð: 11.900,-
verð áður: 16.800,-

Létt golfkerra
Létt golfkerra úr áli sem léttir þér sporin í sumar.
Verð: 2.900,-
verð áður: 4.500,-

Bjargvætturinn
18° og 21°. Nauðsynleg viðbót í safnið. Þessi á eftir að bjarga þér oft úti á velli.
Verð: 3.900,-
verð áður: 6.400,-

Legend wedge
52°,56° og 60°. Traust kylfa í í stutta spilið sem við seljum núna á einstaklega góðu verði.
Verð: 3.900,-
verð áður: 5.800,-

TILBOÐ ÚR SPORTDEILDINNI

Hlaupahjól
Hlaupahjól með mótor. Skemmtileg fermingargjöf.
Verð: 6.900,-
verð áður: 9.900,-

Tómstundaborð
Þetta er einnig tilvalið borðstofuborð í sumarbústaðinn
Verð: 39.900,-
verð áður: 49.500,-

Box-sett
Box-sett með boxpúða, hönskum, sippubandi og höggteljarari
Verð: 9.900,-
verð áður: 14.800,-

Hole in One GOLFVERSLUN

SPORT DEILDIN

Löng opnunarhelgi
Mánu - föstu.....10 - 18
Laugardaga..... 10 - 16
Sunnudaga..... 12 - 16

Hole in One & Sportdeildin • Bæjarlind 1-3 • 201 Kópavogur • Sími: 577 4040 • www.holeinone.is

HRÓSIÐ

... fær Kristín Ingólfsdóttir prófessor fyrir að ná fyrst kvenna kjöri til rektors Háskóla Íslands.

INNI ÚTI

Te er allra meina bót. Það er fátt betra en að sötra á ljúffengu jurtatei, svörtu, grænu eða hvítu. Ótal rannsóknir sýna að tedrykkja er gífurlega holl fyrir líkama og sál og á víst að koma í veg fyrir ótrúlegustu hluti eins og krabbamein, hjartaáföll og alzheimer. Auk þess er te yndislega gott og ljúft og notalegt í maga.

Mokkajakkar eru í hæsta móti móðins og fínir fyrir kuldalegt veðurfar á klakanum. Strákar eru eiginlega svalari en stelpur í mokkajökkum þó svo að sumar stelpur geti púllað lúkkið. Jakkinn þarf helst að vera ansi þröngur og fallegur í sniðinu. Liturinn skiptir litlu sem engu máli en þó eru jarðlitirnir fallegastir.

Gæludýr eru eitt það besta sem fólk getur fengið sér og enginn ætti að fara á mis við það að annast eitt lítið kríli. Gæludýr lífga þvíllíkt upp á tilveruna hjá eigandanum að fýldasta fólk hressist við. Það er meira að segja hægt að hafa örlitla skemmtun út úr fiskum. Svo eru dýr svo ótrúlega fyndin og skemmtileg.

Gosdrykkir er óhollir og ógeðslegir og aðeins góðir í gífurlegu hófi. Helst ætti maður bara að sleppa þessu rugli og fá sér te í staðinn. Þetta klessist bara á tennurnar, býr til holur í tönnunum og ógeðslega skán.

Skíðagallar. Eflaust eiga einhverjir eftir að skella sér á skíði um páskana. En er þá málið að skella sér í skíðagallann? Er það? Neeeei....skíðagallar eru ekkert svakalega flottir. Það er eitthvað hræðilega hallærislegt við skíðagalla og þeir minna helst á tísku níunda áratugarins. Skíðabuxur eða snjóbuxur og smart úlpa við er málið.

Sterk ilmvatns- eða rakspírastybba er einstaklega óaðlaðandi og leiðigjörn. Oft fer fólki í kringum ilmvatnsspreðarann að gruna að hann sé að reyna að yfirgnæfa einhverja aðra ólukkulykt og ekki eru það nú góð skilaboð. Ilmvatnsnotkun er best í hófi til þess að kæfa ekki samferðarfólkið. Það sem fæstir vita líka er að margir eru með ofnæmi fyrir ilmvatni.

STRÁKARNIR: BORGA FÓLKI FYRIR ALLS KONAR FÍFLAGANG

Skatturinn tekur sinn hlut

Sigurvegarar í dagskrárliðnum Allt fyrir aurinn í sjónvarpsþættinum Strákarnir, sem sýndur er á Stöð 2, gætu þurft að greiða skatt af vinningunum samkvæmt lögum um tekju- og eignaskatt frá árinu 2003.

Í dagskrárliðnum getur fólk unnið tugi þúsunda króna standist það undarlegar áskoranir drengjanna. Dagskrárliðurinn hefur vakið talsverða athygli, ekki síst í ljósi þess hvað fólk er tilbúið að leggja á sig fyrir aurinn. Þannig hafa áskoranirnar meðal annars falist í því að synda í Tjörninni í Reykjavík, drekka bjór í Þjóðarbókhlöðunni, sleikja kavíar af gólfinu í Kringlunni, borða hamborgara á hlaupabretti og svo mætti lengi telja.

Í lögum um tekju- og eignaskatt frá árinu 2003 segir meðal annars að verðlaun séu skattskyldar tekjur. Viðurkennd happdrætti og getraunir á borð við Happdrætti Háskóla Íslands, Happdrætti DAS og Lottó eru þó undanþegin slíkum lögum, sem og *verðlitlir vinningar í almennum happdrættum og keppnum.*

LÖG UM TEKJU- OG EIGNARSKATT FRÁ ÁRINU 2003:

Skattskyldar tekjur teljast með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, hvers konar gæði, arður, laun og hagnaður sem skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir ekki máli hvaðan þær stafa eða í hvaða formi þær eru, svo sem: [...]

4. Verðlaun og heiðurslaun, vinningar í happdrætti, veðmáli eða keppni. Beinar gjafir í peningum eða öðrum verðmætum, þar með talin afhending slíkra verðmæta í hendur nákominna ættingja, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða. Undanskildar eru þó tækifærisgjafir, enda sé verðmæti þeirra ekki meira en almennt gerist um slíkar gjafir svo og verðlitlir vinningar í almennum happdrættum og keppnum.

Samkvæmt upplýsingum frá fulltrúa Ríkisskattstjóra eru verðlitlir vinningar taldir vera pizzur og bolir sem tíðkast meðal annars sem vinningar hjá útvarpsstöðvum. Það ber þó að taka fram að það er alltaf matsatriði hvað telst til verðlítilla vinninga en benda má á að fjörutíu þúsund krónur eru tæplega helmingur af atvinnuleysisbótum.

Heimir Jónasson, dagskrárstjóri innlendrar dagskrár, telur að vinningarnir séu skattskyldir. „Þetta er ákveðið ferli hjá okkur því við erum með eins konar yfirlýsingarform sem fólk skrifar undir. Yfirlýsingin er þá þess eðlis að aðilinn hafi móttekið peninginn sem vinning og að rétt sé að greiða af honum til skatts. Það er bara eins og gengur og gerist. Þetta er að mínu mati ósköp eðlilegt," segir Heimir. ■

STRÁKARNIR Pétur, Sveppi og Auddi fá fólk út í hin ýmsu uppátæki gegn greiðslu en skatturinn vill fá sinn hluta af verðlaununum.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Blaðamannafélag Íslands og Félag fréttamanna héldu sameiginlegt Pressukvöld á kaffihúsinu Ljóta andarunganum á fimmtudagskvöld þar sem umdeild ráðning **Auðuns Georgs Ólafssonar** í starf fréttastjóra Útvarps var rædd. Þrátt fyrir eldfimt umræðuefnið þótti fundurinn bragðdaufur, aðallega vegna þess að allir viðstaddir virtust vera sammála um að vera andsnúnir ráðningunni. Það var því oftar en ekki slegið á létta strengi og þannig vakti það til dæmis athygli viðstaddra að **Broddi Broddason**, fréttamaður hjá RÚV, var með heilmiklar umbúðir aftan á hálsinum og mátti ljóst vera að eitthvað hafði verið skorið í kappann. Sjálfur skýrði Broddi umbúðirnar á þann veg að hann hefði farið í aðgerð og látið fjarlæga úr sér reynsluna og setja framsóknargen í staðinn þannig að hann væri vongóður um að hreppa stjórnendastöðu hjá RÚV í framtíðinni.

Enn sem komið er er **Jóhann Hauksson**, fráfarandi dagskrárstjóri Rásar 2, eini fréttamaðurinn sem sagt hefur upp störfum hjá RÚV í kjölfar ráðningar Auðuns Georgs. Jóhann sagðist á fundinum ekki geta mælt með því við nokkurn mann að segja starfi sínu lausu. Hann hafi hins vegar verið í sérstakri stöðu og hann hafi „komið lagi á kónginn og stokkið svo fram af múrnum". Það er því ljóst að í hugum þeirra sem standa í fremstu víglínu í deilunni er um stríðsástand að ræða og líkingamálið sem gripið er til er eftir því.



Lárétt: 1 aumi, 6 maki, 7 ofn, 8 tónn, 9 fugl, 10 karlm.nafn, 12 reið, 14 rám, 15 svik, 16 píla, 17 hjal, 18 gat.
Lóðrétt: 1 hæg ganga, 2 snæða, 3 fimmtíu og ein, 4 api, 5 stefna, 9 drykk, 11 bjálfi, 13 loka, 14 fataefni, 17 skóli.

Lausn

Lárétt: 1 lélegi, 6 ati, 7 ón, 8 la, 9 örn, 10 óli, 12 ill, 14 hás, 15 læ, 16 ör, 17 mas, 18 rifa.
Lóðrétt: 1 lall, 2 éta, 3 li, 4 górilla, 5 inn, 9 óli, 11 dári, 13 læsa, 14 hör, 17 ma.

[VEISTU SVARIÐ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Kristín Ingólfsdóttir.
2. Lyfjaverksmiðju.
3. Robert Blake.

Baktería að gefa út bækur

Veröld heitir nýstofnað bókaforlag sem hefja mun almenna bókaútgáfu síðar á þessu ári. Mennirnir á bak við Veröld eru þaulkunnir bókaútgáfu hjá Vöku-Helgafelli, þeir Ólafur Ragnarsson og Pétur Már Ólafsson.

„Þeir sem einu sinni hafa starfað við bókaútgáfu fá gjarnan bakteríu að gefa út bækur. Þegar maður hefur fullt af hugmyndum um góðar bækur finnst manni einnig eðlilegt að stökkva af stað og sjá þær verða að veruleika. Bókaútgáfa er óhemju skemmtileg atvinnugrein og fátt eins gaman og að sjá bók verða til," segir Pétur Már, en saman eiga þeir Ólafur hátt í fjörutíu ára reynslu í bókaútgáfu.

„Ólafur stofnaði bókaútgáfuna Vöku árið 1981 og réði mig í sex vikna verkefni 1991. Þrettán árum seinna hætti ég hjá fyrirtækinu, en hann tveimur árum fyrr. Við höfum alltaf átt afbragðsgott samstarf og á milli okkar ríkir fullkomið traust, auk þess sem okkur finnst óhemjugaman að starfa saman," segir Pétur Már glaður og fullur bjartsýni.

VERALDARVANIR Í BÓKAÚTGÁFU Bókaútgefendurnir Ólafur og Pétur Már á bókamessunni í London í vikunni sem leið.

„Vissulega er bókaútgáfa áhættumikill rekstur en þegar maður telur sig hafa góðar hugmyndir og vita nokk hvað maður er að gera er ástæðulaust að gera það ekki. Ef maður sér tækifærin og ónýtta möguleika, á maður þá að liggja í láginni eða stökkva til og gera sjálfur? Í mínum huga er það engin spurning."

Að sögn Péturs er útgáfulisti Veraldar að skýrast og mótast. „Við erum búnir að tryggja okkur útgáfurétt á ýmsum erlendum bókum og þessa dagana að ganga frá samningum við íslenska höfunda. Meira verður ekki gefið upp að sinni, en við lofum spennandi útgáfu." ■

Cappuccinovélar!

DIVA

Kaffi- og cappuccinovél, rauð, blá, ljósgul, svört eða krómuð. Verð frá kr. 55.900,-.

GIADA

Cappuccinovélin frá Isomac, margar gerðir.
Verð frá kr. 22.900,-.

Verslunin KAFFIBOÐ
Á horni Grettisgötu og Barónsstígs.
Sími: 562 1029
www.kaffibod.is

Búsáhöld Kringlunni

www.toyota.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 27806 03/2005

Við bjóðum aðeins 9 eintök

af sjálfskiptum Corolla Sedan á þessu botnverði um helgina.
Vindskeið og álfelgur að verðmæti 124.600 kr. fylgja með hverju eintaki.

Fyrstur kemur - fyrstur fær

Settu í fluggírinn. Sjálfskiptur Corolla Sedan er bíll sem þig hefur lengi dreymt um að eignast.

Opið í dag kl. 12 - 16 og á morgun, sunnudag, kl. 13 - 16.

TODAY **TOMORROW** **TOYOTA**

Toyota, Nýbýlavegi 4-8, sími 570 5070

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Ath! 25% afsláttur!
Allar EGO kvittanir veita 25% afslátt í Laugarásbíó
LAUGARÁS BÍÓ
EGO Meira fyrir peninginn

BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

Ómálefni

Algengt er að andstæðingar í stjórnmálum hér á landi saki hver annan um það að vera ómálefnalegir þegar tekist er á um menn og opinber málefni. Þá er sagt: „Það er með ólíkindum að ekki sé hægt að ræða þetta mál málefnalega“. Eða (til dæmis niðri á þingi): „Það verður að gera þá lágmarkskröfu að andstæðingar þessa frumvarps (eða eitthvað) ræði málið á málefnalegum nótum, hæstvirtur forseti.“ Þið skiljið hvað ég er að fara. Í stjórnmálum segja menn ekki við hvern annan „þú ert vitleysingur“ eða „þú ert eitthvað skrýtinn“, heldur segja menn: „þú ert ómálefnaleg(ur)“.

MÆLIKVARÐINN á það hvenær menn eru málefnalegir og hvenær ómálefnalegir er hins vegar dálítið þokukenndur. Þannig lendi ég oft í því heima hjá mér að ég er að horfa á einhvern umræðuþátt og finnst einhver bara vera nokkuð málefnalegur, þannig séð, en þá gerist það oft að andstæðingurinn segir samt að hann sé ómálefnalegur og að það eigi nú ekki að líðast að ræða málið „með þessum hætti“ og svo framvegis. Þá verð ég mjög undrandi og tuldra við sjálfan mig, yfir matnum, „hva, hann var ekkert ómálefnalegur. Þetta var bara satt og rétt sem hann var að segja“.

ÞAÐ held ég nú. Auðvitað getur verið að sumir séu ómálefnalegir á köflum, en þeir sem eru það segja þá bara á móti að það sé þeirra réttur, eða eitthvað svoleiðis, að fá að „segja hug sig allan“ eða „tala hreinskilnislega“. Þannig frasar eru oft notaðir til þess að réttlæta það að menn segi eitthvað algerlega órökstutt og út í loftið og ef menn eru snjallir í þessu geta þeir jafnvel aukið fylgi sitt umtalsvert.

STUNDUM finnst mér reyndar líka – og þetta hefur mér fundist ansi oft upp á síðkastið – að það sé ekkert endilega málið að vera málefnalegur, og nú þykist ég sjá fyrir mér einhverja lesendur súpa hveljur og hugsa: „hvað er maðurinn að segja? Ekki málið að vera málefnalegur? Ha? Guð minn almáttugur!“ En ég meina þetta. Alveg satt. Mér finnst ekki endilega alltaf málið að vera málefnalegur.

TÖKUM dæmi. Segjum að einhver brjótist inn í húsið hjá manni og maður standi þjófinn að verki. Þá er viðbúið að maður byrsti sig, steyti hnefann, og segi kannski: „hvern djöfulinn ert þú að gera hér!“ Í þessari stöðu fyndist mér frekar furðulegt ef þjófurinn myndi segja: „Hey, rólegur maður. Reynum bara að ræða þetta málefnalega.“

ÞJÓFURINN hefur engan málstað. Og svona finnst mér þetta oft vera í þjóðmálunum líka. Einhver gerir eitthvað alveg fáránlegt, eins og nýjustu afrek í mannaráðningum hjá hinu opinbera eru dæmi um og fleira. Margir verða reiðir og byrsta sig. Steyta hnefann. Og ekki frekar en við þjófinn telja menn einhverja sérstaka ástæðu til þess að ræða málið málefnalega. Þið fattið. Menn vilja bara frekar segja: „Komdu þér út!“ Og ekkert meira með það. Punktur. ■

Borðleggjandi

FAGER kerti 15 sm

FAGER rammi 13x18 sm

TINDRA kert 42 stk.

ELOGE seírvettur 50 stk. 33x33 sm

FAGER rammi 13x18 sm

SYNTES ELOGE diskur Ø 26 sm

FAGER kertadiskur Ø13 sm

FAGER vasi 30 sm

FLORERA skál Ø15 sm

FLOTE flotkerti 25 stk.

TRÄNS ELOGE bolli

FAGER vasi 37 sm

TREVLIG kökudiskur á fæti Ø31 sm

FLORERA sandur 1 kg

Kjúklingarif
með BBQ sósu og frönskum

490,-
IKEA® Restaurant

IKEA®

Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | Mánudaga - föstudaga kl. 10:00 - 18:30 | www.IKEA.is

© Inter IKEA Systems B.V. 2005
IKE 27740 03.2005